

20-23

24

40

Maturinn á ekki að kosta hvítuna úr augunum eða fyllingar úr tönnum



Prjónastofan KIDKA á Hvammstanga áradarnum hjá ferðamönnum



Nýjungar úr gærum

Bændablaðið

24. tölublað 2017 • Fimmtudagur 14. desember • Blað nr. 505 • 23. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is

Lambið er komið á kort ferðamanna

Öflug markaðssetning undir merkjum markaðsstofunnar Icelandic lamb í árslok 2016 hefur greinilega komið lambakjöti á kortið hjá erlendum ferðamönnum.

Í nýrri könnun, sem Gallup gerði fyrir Icelandic lamb, borða um 52% þeirra erlendu ferðamanna sem hingað koma íslenskt lambakjöt á veitingastöðum. Eins hefur gengið vonum framfar að kynna merki Icelandic lamb og 29% erlendra ferðamanna þekkja merkið og hafa af því jákvæða mynd. – Sjá bls. 2



Innflutningur á eggjum: Vals sem stíga skal rólega

Formaður Félags eggjabænda segir að frjáls innflutningur á eggjum sé áhyggjuefni fyrir eggjaframleiðendur og óvíst hvaða áhrif hann muni hafa.

„Við erum ekki að gefast upp og verðum bara að gera enn betur. Næsta skref er að skipuleggja okkur vel ef við ætlum að standa þetta af okkur. Við erum alltaf að bæta það sem við erum að gera og höfum verið að breyta húsunum og bæta aðbúnað fuglanna í samræmi við yfstrustu kröfur um dýravelferð. Heilbrigði fuglanna er gott og eggjaframleiðsla hér er án allra lyfja eða aukaefna. Óheftur innflutningurinn er því vals sem þarf að stíga rólega þrátt fyrir að öll landamæri séu að opnast þegar að verslun og viðskiptum kemur.“ /VH – Sjá bls. 2



Ekki má banna innflutning á hráu kjöti samkvæmt úrskurði EFTA-dómstólsins sem er á skjön við íslensk lög:

Ólöglegt er að markaðssetja smitað kjöt á Íslandi

– Salmónellusmituðu kjöti verður að farga og kamfýlóbactersmitað kjöt verður að hitameðhöndla eða frysta fyrir markaðssetningu

Formenn búgreinasamtaka á Íslandi hittast á fundi fyrir skömmu til að ræða úrskurð EFTA-dómstólsins um að ólöglegt væri að banna innflutning á fersku kjöti til Íslands.

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir að þungt hljóð hafi verið í mönnum á fundinum. Sérstaklega þeim sem eru í hvíta geiranum, svína-, kjúklinga- og eggjaframleiðslu. „Í máli þeirra kom fram að óheftur innflutningur á kjöti og eggjum muni hafa mikil áhrif á afkomu greinanna þar sem samkeppnisstaða þeirra versni til muna. Formaður Félags eggjabænda sagði á fundinum að ef ekkert verði að gert muni eggjaframleiðsla að mestu leggjast af í landinu. Formaður kjúklingabænda benti einnig á að tollur af ferskum kjúklingum er lægri en á frystum og slíkt þarf með hvati til að flytja þá inn.“

Bannað að markaðssetja sýkt kjöt

Samkvæmt lögum má ekki gera meiri eftirlitskröfur með innfluttu kjöti en gert er við innlent kjöt. Sindri segir að samkvæmt íslenskum lögum megi ekki setja á markað salmónellusmitað kjöt og að ef slíkt smit komi upp hérlendis, til dæmis í kjúklingaeldi, sé öllum fuglunum fargað. Komi upp kamfýlóbactersýking má heldur ekki setja kjötið á markað nema það hafi verið hitameðhöndlað eða fryst áður.

Sindri segir að samkvæmt niðurstöðu EFTA-dómstólsins megi flytja inn ógerilsneydda mjólk til landsins en ekki markaðssetja hana, alveg eins og ekki megi setja ógerilsneydda innlenda mjólk á markað.

„Ég tel því edlilegt að spyrja hvort hið sama gildi ekki um hrátt innflutt kjöt komi í ljós að það sé smitað

af salmónellu eða kamfýlóbakter. Edlilegast væri þá að hráu salmónellusmituðu kjöti yrði fargað og beri kjötið í sér kamfýlóbakter þyrfti að hitameðhöndla það eða frysta áður en það er sett á markað alveg eins og gert er með innlent kjöt. Það hlýtur að gilda það sama hvort sem er.“

Lítið um sýkingar hér á landi

Víða erlendis er lítið svo á að salmónella og kamfýlóbakter sé landlæg og því lítið að gert og víða er ekki skimað fyrir kamfýlóbactersýkingum. Til samanburðar má geta þess að tíðni kamfýlóbakter-tilfella í eldi á Íslandi er undir 5% en hefur mælst allt að 75% í verslunum í Bretlandi. Hér á Íslandi fer slík vara ekki í verslanir án frýstingar eða hitameðhöndlunar, eins og áður segir.

Ráðherra verður að semja upp á nýtt

„Pólitísk afstaða okkar hvað varðar úrskurð EFTA-dómstólsins er sú að viðskiptafrelsi virðist yfirtrompa allt. Þættir eins og lýðheilsa, matvælaöryggi og heilsa búfjár virðist ekki skipta þar neinu máli.

Dómurinn er í sjálfu sér furðulegur vitandi það að fyrir nokkrum árum komst upp um að það var verið að selja hrossakjöt sem nautakjöt innan Evrópusambandsins og í vor komst upp um að mikið af eggjum í löndum Evrópusambandsins innihéldu skordýraeitrið fipronil sem er bannað að nota við matvælaframleiðslu.

Ef niðurstaðan er sú að samningarnir eru svona lögfærðilega niðurnjörvaðir og

ferkantaðir þá er það mitt mat að ráðherra landbúnaðarmála verði einfaldlega að nestu sig vel og fara til Brussel og semja upp á nýtt. Ef ekki þá verðum við að skoða með hvaða hætti við getum varið lýð- og búfjárheilsu í landinu sem best og taka upp öflugra eftirlit með innflutningnum eftir því sem við á og má.“

Enginn tryggingarsjóður vegna búfjárjúkdóma

Að lokum bendir Sindri á að í Evrópusambandinu sé tryggingarsjóður sem bæti tjón bænda af völdum búfjárjúkdóma en slíkur sjóður er ekki til hér á landi. „Það er því eitthvað sem við verðum að hugsa til hér á landi til að jafna samkeppnisstöðu íslenskra bænda og kollega þeirra í Evrópusambandinu.“ /VH

FRÉTTIR

Þriðjungur erlendra ferðamanna þekkir nú þegar vörumerki Icelandic lamb samkvæmt könnun Gallup:

Um 52% ferðamanna borða íslenskt lambakjöt

Rúmlega tvær milljónir erlendra ferðamanna heimsækja Ísland í ár ef af líkum lætur. Þrátt fyrir mikla fjölgun erlendra ferðamanna var hún lengi vel ekki að skila sér í aukinni sölu á lambakjöti. Ný könnun Gallup sýnir að á þessu er að verða mikil breyting.

Óflug markaðssetningu undir merkjum markaðsstofunnar Icelandic lamb í árslok 2016 hefur greinilega komið lambakjöti á kortið hjá erlendum ferðamönnum. Senn lýkur fyrsta heila starfsárinu, en ein af meginstöðum markaðssetningarinnar er að vinna ávallt undir einu merki og kynna það. Í nýrri könnun sem Gallup gerði fyrir Icelandic lamb kemur í ljós að það hefur gengið vonum fram.

Tæpla 800 erlendir ferðamenn sem hafa nýlega verið á landinu svöruðu könnuninni sem gerð var í byrjun desember. 29% þeirra þekkja merkið og hafa af því jákvæða mynd.

„Við erum að ljúka fyrsta ári af tíu ára verkefni og bjuggumst við því að hafa náð til 5–10% erlendra ferðamanna á þessum tímabili. En að 30% þeirra þekki merkið fer langt fram úr okkar

þjörtustu vonum,“ segir Svavar Halldórsson, hugmyndasmiður og framkvæmdastjóri Icelandic lamb.

Samfélagsmiðlaherferð gengur vonum fram

„Árið hefur mótast nokkuð af því að þetta er nýtt verkefni og við erum að fara nýjar leiðir við markaðssetningu á íslenskum sauðfjárafurðum,“ segir Svavar. Icelandic lamb rekur öflugan samfélagsmiðlaherferð sem hefur skilað um 40 milljón sneringum. Um 50 myndbönd eru í dreifingu á vefnum.

„Við settum okkur markmið um 10 milljón sneringar í upphafi árs. Þannig að þetta er fjórfalt. Ein besta birtingarmyndin á árangur eru deilingar á efninu en þær voru um 26 þúsund á fyrstu 11 mánuðum ársins. Einstaka myndbönd hafa fengið allt að sjö þúsund deilingar sem er verulega gott.“

Herferðin hefur verið verðlaunuð af FÍT, tilnefnd til evrópsku ADCE verðlaunanna og norrænu Emblu-verðlaunanna.

„Þetta er auðvitað mikil viðurkenning á því sem við erum að gera.“



Svavar Halldórsson.

Helmingur erlendra ferðamanna borðar lambakjöt

Samkvæmt könnun Gallup borða um 52% þeirra erlendu ferðamanna sem hingað koma íslenskt lambakjöt á veitingastöðum. Icelandic lamb er í samstarfi við rúmlega hundrað veitingastaði um að setja íslenskt lambakjöt í öndvegi.

„Þetta er miklu hærra hlutfall en við reiknuðum með þótt við höfum alveg vitað að verkefnið gengi vel. Við erum að sjá söluaukningu að jafnaði upp á um 25% hjá samstarfsstöðunum okkar, sums staðar meira en annars

staðar minna,“ segir Svavar. Í könnun Gallup var einnig spurt að því hversu margir erlendu ferðamanna hefðu keypt lambakjöt úti í búð. 12% reyndust hafa gert það en 88% aldrei. Það er því ljóst að þar eru sóknarfæri.

Fjöldahreyfing á bak við lambið

Í heildina er Icelandic lamb í samstarfi við um 150 aðila innanlands. Meirihlutinn eru veitingastaðir en líka afurðastöðvar, smásöluverslanir, hönnuðir, ullarvinnslufyrirtæki og aðrir sem vinna verðmæti úr íslenskum sauðfjárafurðum. Tvisvar á ári eru veittar viðurkenningar til samstarfsaðila, í mars til veitingastaða og verslana en í desember fyrir handverk og hönnun. Þetta hefur vakið athygli og verið hvarfing til samstarfsaðila um að gera enn betur. „Þetta skiptir miklu máli í þeirri viðleitni okkar að búa til fjöldahreyfingu á bak við íslenska lambið. Við erum í samstarfi við eina íslenska Michelin veitingastaðinn en líka við nokkra af betri skyndibitastöðum landsins og allt þar á milli. Hið sama á við í hönnun og handverki. Þar eru samstarfsaðilarinnir af öllum stærðum og gerðum en eiga það sameiginlegt að vinna með íslenskar sauðfjárafurðir.“

Verkefni í útlöndum lofa góðu

„Þótt við höfum einkum beint sjónum okkar að erlendum ferðamönnum á Íslandi, rekið öflugan samfélagsmiðlaherferð og leitað samstarfs við innlenda aðila þá tökum við líka þátt í samstarfsverkefnum með völdum kaupendum í útlöndum, vinnum að vörubrúun og komum að alls kyns stefnumótun í samvinnu við bændur,“ segir Svavar.

„Núna erum við að vinna að verkefni í Japan sem hefur skilað töluverðri sölu strax á fyrsta ári – yfir tvö hundruð tonn á finu verði.“

Á dögunum fór sérstök japönsk heimasíða í loftið og allt samfélagsmiðlaefnið hefur verið þýtt á japönsku. Svipað verkefni er í vinnslu í Þýskalandi og fyrsti afakstur þess verður sýnilegur í sölu snemma á næsta ári. Icelandic lamb kemur líka að verkefnum í Kanada, Bandaríkjunum og víðar. Allt snýst þetta um að finna íslensku lambakjöti stað á vel borgandi sörvörumörkuðum.

„Fyrsta árið hefur gengið mun betur en við vonuðum og líklegt að við sjáum árangurinn í herra afurðaverði til bændra á komandi misserum,“ segir Svavar. – „Til þess er jú leikurinn gerður. Við förum full af eldmóði inn í nýtt ár.“ /HKr/IL

Niðurstöður EFTA-dómstóls um innflutning á hráum landbúnaðarafurðum geta haft margþættar og alvarlegar afleiðingar:

Eggjaframleiðendur áhyggjufullir

Niðurstaða EFTA-dómstólsins um að ólöglegt sé að banna innflutning á fersku kjöti, eggjum og mjólk getur haft víðtæk áhrif hér á landi, ekki síst hvað varðar framleiðslu á eggjum.

Þorsteinn Sigmundsson, eggjabóndi og formaður Félags eggjaframleiðenda, segir að undanfarin ár hafi gengið sérlega vel hjá eggjaframleiðendum. „Unga fólkið okkar og túristarnir borða mikið af eggjum og salan því verið mjög góð og búin í góðum rekstri. Við erum alltaf að bæta það sem við erum að gera og höfum verið að breyta húsunum og bæta aðbúnað fuglanna í samræmi við ýrstru kröfur um dýravelferð. Heilbrigði fuglanna er gott og með því besta sem gerist í heiminum og eggjaframleiðsla hér á landi er algerlega án allra lyfja eða aukaefna. Auk þess sem við erum með gott fóður, vatn og heilbrigð og góð dýr.“



Þorsteinn Sigmundsson.

Mikil áskorun

„Ég neita því ekki að eggjaframleiðendur hrukku í kút þegar þeir heyrðu niðurstöðu EFTA-dómstólsins um að samkvæmt lögum yrði að gefa allan innflutning á hráum eggjum frjálstan á sama tíma og verið er að breyta tollalögum um innflutning á landbúnaðarafurðum. Tollasamningurinn sem tekur gildi

1. maí er eggjaframleiðendum frekar óhagfelldur, sérstaklega þegar kemur að eggjavinnslu, eggjamassa, rauðum og hvítum og eggjaafurðum sem notaðar eru til iðnaðar til dæmis í majones og sósugerð.

Þorsteinn segir að gangi hvoru tveggja eftir sé það óneitanlega mikil áskorun fyrir landbúnaðinn í landinu að fá svona mikla samkeppni og breytingar sem ekki sé víst hvaða afleiðingar munu hafa. „Það er þó ekki þannig að við séum að gefast upp og við verðum bara að gera enn betur og ekki neinn uppgjafartónn í okkur. Næsta skref er því að skipuleggja okkur vel ef við ætlum að standa þetta af okkur.“

Egg eru viðkvæm ferskværa

„Egg eru fersk vara ekki síður en ávextir, grænmeti og ófrosið kjöt sem hefur takmarkað geymsluþol, auk þess sem þau eru viðkvæm fyrir

hnjaski. Við sjáum því fram á að ef verslunin fer að flytja egg inn sjálf mun hún setja sölu þeirra í forgang og fram fyrir egg sem framleidd eru hér á landi.“

Að sögn Þorsteins hefur verið sama verð á eggjum frá framleiðendum í fimm ár. „Salan hefur gengið vel og gengið verið stöðugt þannig að við höfum ekki þurft á verðhækkun að halda.“

Íslensk eggjabú lítill

Annad sem vert er að íhuga í sambandi við innflutning á ferskum eggjum er að erlendis þykja eggjabú með nokkur hundruð þúsund eða jafnvel milljón varphænum lítill. Búin hér eru því smábú í þeim samanburði.

„Eggjabú hér á landi eru mun minni og því erfitt að keppa við erlendu búin þegar kemur að hagkvæmni og þegar kröfur til þeirra

eru allt öðruvísi en hér. Auk þess sem í Evrópu, og ég tala ekki um Bandaríkin og Asíu, þar sem gilda allt aðrar reglur um lyfjanotkun, dýraaðbúnað og dýravelferð.

Innflutningurinn hefur víðtæk áhrif

Þorsteinn bendir á að íslenskur landbúnaður velti milli 50 og 60 milljörðum á ári. „Í framhaldi af því má svo velta fyrir sér hvað verður um alla fôðurbirgjana, afurðastöðvarnar, tækjasalana, þjónustugreinar og afleiðustörfin sem tengjast landbúnaðinum ef farið verður að flytja inn landbúnaðarafurður, mjólk, kjöt og egg í stórum stíl.

Óheftur innflutningurinn er því vals sem best er að stíga rólega þrátt fyrir að heimurinn sé að breytast og öll landamæri að opnast þegar kemur að verslun og viðskiptum.“ /VH

Bændablaðið Breytingar á verðskrá

Verðskrá Bændablaðsins tekur breytingum um áramót.

Dálksentimetri á hefðbundnum auglýsingum hækkar úr 1.500 kr. án vsk. í 1.550 krónur. Hækkunin nemur 3,3%. Ástæður breytinga á verðskrá blaðsins er hækkun vísitölu neysluverðs og launavísitölu.

Áskriftargjöld verða 10.500 krónur á ári og eldri borgarar fá áfram 50% afslátt. Smáauglýsing með mynd mun kosta 5.500 krónur m. vsk. og textaútgýsing 2.250 kr. Verð á smáauglýsingu á bbl. is verður áfram 990 kr. + vsk. og verð á vefauglýsingum tekur ekki breytingum.

Tímargjald fyrir uppsetningu auglýsinga verður óbreytt, 8.200 kr. + vsk. og niðurfellingargjald 15% af bruttóverði auglýsingar.

Fyrsta blað eftir áramót kemur út 11. janúar. /TB

Meðalskilaverð til bændra fyrir sauðfjárafurðir 340 til 400 krónur á kíló:

Verið að skoða möguleika á hækkunum

Meðalskilaverð til bændra fyrir lambakjöt eftir síðustu sláturtíð er á bilinu 340 til 400 krónur á hvert kíló samkvæmt upplýsingum frá sláturleyfishöfum.

Talsmenn afurðastöðvanna segja að verið sé að skoða mögulega hækkun afurðaverðsins en að engin ákvörðun um slíkt hafi verið tekin.

Bændablaðið leitaði til nokkurra sláturleyfishafa um hvert meðalskilaverð til bændra hafi verið fyrir lambakjöt eftir sláturvertíðina í haust.

Samkvæmt svörum sem blaðið fékk er meðalskilaverðið á bilinu 340 til 399 krónur fyrir kíló eftir síðustu sláturvertíð. Hæst var verið hjá Kaupfélagi Skagfirðinga, 399 krónur fyrir kíló. Hjá Sláturfélagi Suðurlands var verið 389,5 krónur fyrir kinda- og ærkjöt en hjá



Meðalskilaverðið fyrir lambakjöt til bændra er á bilinu 340 til 399 krónur fyrir kíló eftir síðustu sláturvertíð. Mynd /HKr.

Fjallalambi hf. 375 krónur en 340 krónur hjá Norðlenska.

Eiður Gunnlaugsson hjá Kjarnafæði sagði að ekki væri búíð að reikna út meðalskilaverð hjá þeim til bændra.

Samkvæmt svörum frá öllum afurðastöðvum sem haft var samband við er í skoðun hvort grundvöllur sé fyrir því að hækka skilaverðið en að engin ákvörðun hafi verið tekin um slíkt enn.

Björn Víkingur Björnsson, framkvæmdastjóri Fjallalamb, sagði að í tengslum við möguleikann á að hækka skilgjaldið skipti mestu hvaða verð fengist fyrir vörna innanlands og utan og Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska, sagði að aðstæður til hækkana væru betri en óttast var.

/VH



Einkorna áburður:

Hin fullkomna pakkalausn



Bestu óskir um gleðileg jól og
farsælt komandi ár.

Pökkum viðskiptin á árinu.

Notaðu minni áburð með Yara



Sláturfélag Suðurlands svf. • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 6000 • yara@yara.is • www.yara.is

FRÉTTIR

Hættulegar efnavörur í matvöruverslunum:

Merkingum ábótavant í 85% tilvika

Merkingar á hættulegum efnavörum koma til skila upplýsingum um eðli hættunnar og hvernig eigi að bregðast við eða komast hjá henni og skulu þær vera á íslensku. Þeir sem setja á markað vörur sem innihalda hættuleg efni eru ábyrgir fyrir því að umbúðir varanna séu rétt merktar.

Seljendum er óheimilt að hafa í sölu hættulegar vanmerktar vörur. Þetta er megininntakið í reglum um merkingar hættulegra efna sem gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins og öðluðust fullt gildi þann 1. júní 2017 eftir langt aðlögunartímabil. Það þýðir að merkingar samkvæmt eldri reglum skulu nú alfarið heyrta sögunni til.

60 vörur skoðaðar

Umhverfisstofnun stóð nýlega fyrir eftirlitsverkefni með merkingum á vörum sem innihalda hættuleg efni og náði umfang þess til algengra neysluvara fyrir almenning eins og uppþvottavélaefna, uppþvottalaga, stíflueyða, uppkveikilaga og salernis-, uppþvottavéla-, bletta-, ofna- og grillhreinsa. Farið var í 12 matvöruverslanir á höfuðborgarsvæðinu, Akranesi og Akureyri og skoðað úrtak með 60 vörum í ofangreindum vöruflokkum sem þar voru í sölu, til að athuga hvort merkingar þeirra væru í samræmi við reglur.

Oft vantar íslenskar merkingar

Einungis 15% varanna sem lentu

í úrtaki reyndust standast allar kröfur um merkingar. Algengasta frávikðið var að vörurnar vantaði algerlega íslenskar merkingar, eða í 38% tilvika. Um 42% varanna voru merkt á íslensku samkvæmt núgildandi reglugerð en með einhver misalvarleg frávik. Þá reyndust þrjár vörur (5%) vera merktar samkvæmt eldri reglum.

Langflestir bregðast vel við

Öllum birgjum sem ábyrgir voru fyrir vörum sem báru ófullnægjandi merkingar var sent bréf þar sem krafist var viðeigandi úrbóta. Langflestir brugðust við á fullnægjandi hátt innan frestsins sem gefinn var, en í nokkrum tilfellum kom þó til eftirfylgni. Voru þeim birgjum send áform um áminningu, en þar sem þeir brugðust við kröfum stofnunarinnar innan tilsettra tímamarka kom ekki til frekari eftirfylgni.

Þörf á lagfæringum

Niðurstöður eftirlitsins gefa til kynna að merkingum á efnavörum hér á landi sé verulega ábótavant og að þörf sé á átaki til lagfæringa hjá birgjum sem bera ábyrgð á því að þessar vörur séu rétt merktar. Umhverfisstofnun mun áfram fylgjast náið með merkingum hættulegra efnavara á markaði og standa fyrir eftirliti til að fylgja því eftir að farið sé að reglum hvað þetta varðar. Þetta kemur fram á vef Umhverfisstofnunar. /MPÞ

Breytingar í Seglbúðum í Landbroti:

Ábúendur hætta sauðfjárbúskap

– Sláturhúsið í biðstöðu

Sauðfjábændurnir í Seglbúðum í Landbroti hafa hætt búskap með sauðfé.

Ábúendurnir, Erlendur Björnsson og Þórunn Júlíusdóttir, tóku í gagnið lítið handverkssláturhús steinsnar frá íbúðarhúsinu fyrir um þremur árum. Þar sláturðu þau sínum lömbum og unnu, auk þess sem þau keyptu lömb af nágannabæjum sínum til slátrunar og sláturðu fyrir aðra. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær þar verður sláturáðftur.

Erlendur segir að það hafi verið talsvert högg fyrir þau þegar Matvælastofnun lokaði hjá þeim vinnslunni og stöðvaði sölu í tvær vikur í byrjun árs 2016, að hans sögn vegna misskilnings. „Það má segja að þá hafi viðskiptamódelið sem

við lögðum upp með að einhverju leyti brugðist. Svo hefur það ekki verið til að bæta stöðuna hvernig þróunin í greininni hefur verið að undanförmu. Rekstur afurðastöðva er erfður, en við vorum að greiða um þriðjungi hærra verð en gengur og gerist.

Við sláturðum í haust öllum okkar gripum en keyptum ekkert af bændum,“ segir Erlendur.

Erlendur býr ennþá með hross í Seglbúðum en Þórunn starfar í Reykjavík sem leikskólustjóri. Hann er með ferðapjónustu í Landbrotinu; bæði silungsveiði í hluta Grenlækjar og rekur fjögurra herbergja gistihús. „Ég einbeiti mér nú að því sem gengur vel hér, en við finnum jákvæða strauma í ferðapjónustunni.“ /smh

Erfðamengisúrval úr íslenskum kúm:

3.300 DNA-sýni farin í greiningu

Þann 4. desember sl. voru fyrstu DNA-sýnin úr nautgripunum, sem ætlað er að mynda grunnerfðahóp í erfðamengisúrvali, send til Danmerkur í greiningu. Um var að ræða 3.078 vefjasýni úr kúm og kvígum sem safnað hefur verið nú á haustdögum á búum víða um land.

Þá voru einnig send sæðissýni úr 275 nautum á Nautastöð BÍ, sem fædd eru á árabílinu 1990–2012 og hafa ýmist lokið eða eru langt komin í afkvæmaprófunum. Ráðgert er að

senda sæðissýni úr rúmlega 220 nautum til viðbótar í þessari viku en Nautastöðin hefur tiltækt sæði úr tæplega 500 af þeim 550 nautum sem sett voru í afkvæmaprófun á framangreindu tímabili. Greiningin sem gerð verður á þessum sýnum nær yfir 54.000 einbasabreytileika (SNP) í erfðamengi gripanna og fer hún fram hjá Eurofins Genomics í Árósum, sem átti hagstæðasta tilboðið í þennan hluta verkefnisins um uppbyggingu erfðamengisúrvals í íslenskrum nautgripum. /BHB



Handhafar Icelandic Lamb Award of Excellence árið 2017 voru Héléne Magnússon fyrir Prjónakerlingu, Sigurður Már Helgason fyrir gærukollinn Fuzzy, Fræðasetur um forystufé og hönnunarkerkið WETLAND. Mynd / Geirix

Icelandic lamb veitir viðurkenningar fyrir handverk og hönnun:

Prjónakerling, gærukollur, Fræðasetur um forystufé og Wetland hlutu verðlaun

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar, afhenti þriðjudaginn 12. desember viðurkenninguna Icelandic Lamb Award of Excellence 2017. Eru verðlaunin til þeirra sem hafa skarað fram úr í handverki og hönnun úr sauðfjárafurðum.

Við athöfn í listamiðstöðinni Mengi í Reykjavík hlutu fjórir viðurkenningar, en þeir eru:

- Héléne Magnússon fyrir Prjónakerlingu.
- Sigurður Már Helgason fyrir gærukollinn Fuzzy.
- Fræðasetur um forystufé.
- Hönnunarkerkið WETLAND.

Viðurkenningin er veitt af markaðsstofnunni Icelandic lamb og er þetta í fyrsta sinn sem þessi viðurkenning er veitt fyrir handverk og hönnun úr íslenskum sauðfjárafurðum, en fyrr á þessu ári voru veittar sambærilegar viðurkenningar til veitingastaða.

Framvegis verður þetta árviss viðburður.

Markmið að auka skilning á gæðum hráefnisins

Í tilkynningu frá Icelandic lamb kemur fram að meginmarkmið viðurkenningarinnar sé að auka skilning og þekkingu á gæðum hráefnisins, vekja almenna athygli á möguleikum þess í hönnun og vinnslu undir merkjum Icelandic Lamb. Einnig að veita samstarfsaðilum verðlaun fyrir vel unnin störf.

Markaðsstofan Icelandic Lamb er í samstarfi með um 150 innlendum aðilum; veitingastöðum, verslunum, framleiðendum, afurðastöðvum, listamönnum og hönnuðum.

„Samstarfið er mjög mikilvægt til að auka verðmætasköpun úr íslenskum sauðfjárafurðum. Þeim er veitt viðurkenning er þykja hafa skarað fram úr. Þetta er hugsað sem hvatning til frekari verðmætasköpunar, nýsköpunar og vörubrúnar á íslenskum sauðfjárafurðum.“

Fimm manna dómnefnd valdi handhafa viðurkenninganna að þessu sinni. Í henni sátu Emma Eyþórsdóttir, dósent við Landbúnaðarháskóla Íslands, Sunneva Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Handverks og hönnunar, Rúna Thors, fagstjóri vöruhönnunar við Listaháskóla Íslands, Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri Icelandic lamb, og Ninja Ómarsdóttir, verkefnastjóri hjá Icelandic lamb,“ segir í tilkynningunni.

Helstu verkefni Icelandic lamb snúa að markaðssetningu til erlendra ferðamanna á Íslandi og inn á sérvalda markaði í útlöndum. Þetta er meðal annars gert með öflugri verðlaunaherferð á samfélagsmiðlum og samstarfi við um 150 aðila í veitingarekstri, verslun, hönnun og fleiru. Tilgangurinn er að stuðla að því að íslenskum sauðfjárafurðum sé skapaður veglegur sess með sérstöku merki til að auðkenna íslenskar sauðfjárafurðir með tilvísun til uppruna, gæða, hreinleika og sérstöðu.

Lífland keypti um tvö hundruð tonn af byggkorni frá Laxárdal

– Eru með um 160–200 hektara undir bygg

Það er ekki á hverju hausti sem íslenskt byggkorn er selt í stórum skömmtum til íslenskra fæðingamynda enda framboðið óreglulegt og oftast er ræktendur nota það fyrst og fremst fyrir eigin búskap. Nýverið gekk Lífland frá samningi um kaup á um 200 tonnum af íslensku gæðakorni frá svinabændunum í Laxárdal í Skeiða- og Gnúpsverjahreppi.

Bændurnir í Laxárdal hafa undanfarnir ár staðið að umfangsmikilli kornræktun í landi Gunnarsholts á Rangárvöllum, auk þess sem þar er fullkomin þurrkstöð fyrir kornið.

Uppskeran er mest til eigin nota sem svinafóður, en umframframleiðsla hafa þeir selt. Uppskeyra í haust var með besta móti í Gunnarsholti, eða um 3–4,5 tonn af þurru byggkorni af hektaranum og uppskárú feðgarnir í Laxárdal rúm 650 tonn alls.

Jóhannes Baldvin Jónsson, deildarstjóri ráðgjafar og vörubrúnar hjá Líflandi, segir kornið úr Gunnarsholti hafa verið með góða fyllingu og rúmþyngd sambærilega við það sem best verður á kosið í innfluttu byggkorni. Hann segir vægi hráefna af íslenskum uppruna óvenju hátt um þessar mundir í fóðurgerðinni. „Lífland keypti til viðbótar við bygggið nokkra tugi tonna af höfrum og grasköggjum af íslenskum ræktendum þetta haustið. Við notum líka talsvert af íslensku fiskimjöli til fóðurgerðar og því má segja að vægi hráefna af íslenskum uppruna sé nú með mesta móti hjá okkur.“

Ég hef starfað í þessum fóðurgeira



Frá kornþreskingu í landi Gunnarsholts síðastliðið haust. Mynd / Lífland

í tæp fimm ár og þetta er það mesta sem ég hef séð af innlendu byggkorni á markaði,“ segir Jóhannes.

Um 160–200 hektara undir bygg

Björgvin Harðarson, svinabóndi í Laxárdal, segir að þeir hafi byrjað á að kaupa bygg af bændum og Landgræðslunni í kringum aldamótin. „Það gekk ágætlega en bæði var magnið ekki nægilega mikið þannig að það tæki því að fjárfesta í betri móttökubúnaði og svo voru gæði byggsins ofbreytileg. Við byrjuðum því árið 2007 að rækta sjálf korn í Gunnarsholti og settum bygg í um 30 ha fyrsta árið. Síðan óx ræktun byggsins samfara því að við byggðum stórt síló heima þar sem hægt var að koma fyrir allri uppskerunni, eða 450 tonnum. Mest höfum við skorið upp af um 300 ha. Það var bæði bygg og hveiti. Núna síðustu ár höfum við verið með um 160 til 200 ha í byggi og um 40 ha í neyju. En neyjuna notum við í fóður án þess að kreista olíuna úr og hún er möluð heil þannig að dýrin fá alltaf ferskt malað fóður bæði úr neypjunni

og bygginu,“ segir Björgvin.

Setja upp eigin kjötvinnslu

„Í fyrsta settum við aftur niður hveiti og uppskárú í haust. Það gekk ágætlega og höldum við því eitthvað áfram. En eftir því sem líðið hefur á ræktunina hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að úða akrana með varnarefnum gegn augnflekk og illgresi. Bæði eykur það uppskeruna og ræktunaröryggið ásamt því að gæði kornsins verður meira. Í dag fer 70 til 80 prósent af fóðrinu í svinin, okkar framleiðsla og íslenskt fóður.“

Við höfum verið að selja afurðir okkar beint en hingað til hefur það mest verið í hálfum skrokkum. Mest af því er til einstaklinga en einnig á veitingastaði og kjötvinnslu í Reykjavík.

Kjötvinnsla á Selfossi hefur unnið kjöt fyrir okkur, en hún hætti starfsemi í ágúst síðastliðinn. Við ákváðum þá að setja upp okkar eigin vinnslu sem verður opnuð fyrri part næsta árs. Þar verður hægt að fá svinakjöt beint frá býli, alið á íslensku föðri,“ segir Björgvin Harðarson í Laxárdal. /smh



DEUTZ-FAHR FixMaster MP 235 rúllusamstæðan

FixMaster 335 rúllusamstæðan er þriðja kynslóð af rúllusamstæðum frá Deutz-Fahr og var hönnuð með 3 markmið að leiðarljósi: Að hanna og framleiða rúllusamstæðu sem eykur afköst við rúllun; að hanna og framleiða rúllusamstæðu sem tryggir einsleitir og vel lagaðar rúllur og síðast en ekki síst að framleiða áreiðanlega rúllusamstæðu sem hægt er að treysta á.

FixMaster 335 uppfyllir þetta allt og meira til, enda búið að ráðast í gagngerar endurbætur frá síðustu kynslóð og ná allt að 30% aukningu í afköstum vélarinnar.

- 2,3 m sópvinda með 14 hnífa söxun og drop floor stíflulosunarbúnaði
- Netbinding ● 18 valsa rúlluvél með smyrjanlegum legum ● Rúllustærð (b x h) 122 x 125 cm ● Sjálfvirk Beka Max smurkerfi á keðjum
- Sjálfvirk Beka Max smurkerfi á legum ● Stór flotdekk 500/45-22,5
- CCI 50 stjórnþolva með 5,6" litaskjá

Listaverð: 9.170.000 kr. án vsk.

Tilboðsverð: 8.436.000 kr. án vsk.



DEUTZ-FAHR CompacMaster skjaldbakan

CompacMaster sambyggða rúllu- og pökkunarvél frá DEUTZ-FAHR er einstök þegar kemur að rúllun og pökkun í hæðóttu landslagi. Rúllan fer ekki úr bagga-hólfinu fyrr en fullpökkuð og engin hættu á að eitthvað misfarist við færslu milli rúllunar og pökkunar.

CompacMaster vélar eru einstaklega léttbyggðar eða ca.3,5 tonn og aldrei nema 1 rúlla í einu á vélinni. Þar með er hægt að nota aflminni vélar við rúllun og pökkun en á öðrum samstæðum.

- 2,3 m sópvinda með 14 hnífa söxun og drop-floor stíflulosunarbúnaði
- Netbinding ● 18 valsa rúlluvél með smyrjanlegum legum, miðlægir smurbakkar ● Rúllustærð (b x h) 122 x 125 cm ● Sjálfvirk Beka Max smurkerfi á keðjum ● Stór flotdekk 500/45-22,5 ● CCI 50 stjórnþolva með 5,6" litaskjá

Listaverð: 7.630.000 kr. án vsk.

Tilboðsverð: 6.999.000 kr. án vsk.

Líkt og undanfarin ár bjóðum við nú bændum að tryggja sér örugga afhendingu á vélum fyrir næsta sumar með því **að staðfesta pöntun fyrir 5. janúar 2018**. Til þess að verðlauna þá sem sýna fyrirhyggju og panta vélar í forsölu þá bjóðum við sérstakan afslátt á verði rúllubindivéla og rúllusamstæðna:

8% afsláttur af rúllubindivélum og rúllusamstæðum.

Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.

Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara kostar 5.100 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.

Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294–2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilundur Hansen vilundur@bondi.is – Auglýsingastjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – Sími: 563 0303 – Netfang auglýsinga: augl@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Ég lifi í draumi

Ég lifi í draumi dreg hvergi mörkin dags og nætur sveiflast aðeins ósjálfrátt.

Í hægum gangi á fullt í fangi með að finna það

sem oftast reynist öflug átt.

Það er líkt og ég sé laus úr öllum viðjum Lentur hringsólandi á vegi miðjum.

Ég lifi í draumi dreg hvergi mörkin dags og nætur

Sveiflast aðeins ósjálfrátt.

Þetta er fyrsti hluti af falletu ljóði Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar við afar hugljúft lag Eyjólf Kristjánssonar sem ber nafnið „Ég lifi í draumi“.

Þessar ljóðlínur koma ósjálfrátt upp í hugann þegar hugsað er til margra háleitra hugmynda sem stjórnmalmennt á Íslandi reyna nú að hrinda í framkvæmd. Þær hugmyndir eru margar hverjar afar hugljúfar eins og textinn góði. Það er þó æði oft sem hrint er í gang framkvæmdum á kostnað almennings þar sem stjórnmalmennt „í hægum gangi eiga fullt í fangi með að finna það, sem oftast reynist öflug átt“.

Það er dapurlegt að fylgjast með hvernig popúlisma er óspart beitt til að vinna hugmyndum fylgi, oftar en ekki á illa ígrunduðum forsendum. Jafnvel svo að í framkvæmdinni öskra þversagnirnar á þá sem fylgjast með og reyna að skilja röksemdafærsluna sem að baki liggur. Ansi oft er þá verið að stefna þróuninni í „öfuga átt“, eins og segir í textanum. Þetta á við allt of margar pólitískar ákvarðanir.

Háleit eru markmiðin með þátttöku Íslands við að draga úr loftmengun á heimsvísu. Eitt af fyrstu embættisverkum okkar nýja ástkæra forsætisráðherra var að fljúga til Parísar í reykspúandi þotu til að kynna umheiminum að Íslendingar ætli sko að ganga lengra en flestar aðrar þjóðir í að draga úr útblæstri koltvísyrings.

Á sama tíma og ráðherrann boðar þetta fagnaðararindi er verið að leggja lokahönd á byggingu kísilmálmverksmiðju við Húsavík. Það mun samkvæmt minnisblaði PCC Bakki Silicon hf. brenna um 40.000 tonnum af kolum og koxi árlega og 40.000 tonnum af timburkurli til að framleiða kísilmálm. Af sama meidi er kísilmálmverksmiðja United Silicon í Helgúvík. Álverin í landinu og járnblendiverksmiðja brenna líka ógrynni af kolum, koxi og timbri til að framleiða 800.000 tonn af áli.

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru flutt inn 124.992 tonn af kolum á árinu 2016 og rúm 14.083 tonn af koxi.

Á sama tíma er verið að loka gróðrarstöðinni Barra á Fljótsdalshéraði. Framkvæmdastjórnin segir fyrirtækið hafa gefist upp á svikum lofordum um aukna skógrækt og kolefnisbindingu.

Ísland reidir sig nú æ meir á innflutning ferðamanna. Til þess eru einkum notaðar þotur sem brenna steinolíu. Af slíku þotuelsneyti voru flutt inn 654.278 tonn á árinu 2016. Á sama tíma voru flutt inn 135.794 tonn af bensíni og 340.844 tonn af dísilolíu. Verulegur hluti af dísilólíunni fer á skip, jarðvinnutæki, flutningatæki og landbúnaðartæki. Bílafloki almennings er því ekki hálfdrættingur á við flugið. Af þessu má líka sjá að langstærsti loftmengunarvandinn á Íslandi liggur hjá stóriðjunni og fluginu.

Áfram munum við þó trúlega eins og skáldið sagði, lifa í draumi og draga hvergi mörkin dags og nætur. Sveiflast aðeins ósjálfrátt... – væntanlega eftir nýjustu vinsældavísitölum.

Með bestu óskum um gleðileg jól og áramót og með kærri þakklæti fyrir ánægjuleg samskipti á líðandi ári.

Hörður Kristjánsson

Meira kjöt á beinin

Sindri Sigurgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is



Við höfum fengið nýja ríkisstjórn sem nú er að stíga sín fyrstu skref. Um leið og nýjum ráðherrum er óskað til hamingju með embættin og þess óskað að störf þeirra verði landi og þjóð til heilla, er þeim sem á brott hverfa óskað velfarnaðar við ný verkefni, innan eða utan þings.

Ég held að það sé á engan hallað þegar ég vona að hin nýja stjórn geti fært með sér meiri pólitískan stöðugleika en hér hefur ríkt undanfarin misseri.

Stjórnarsáttmáli hinnar nýju stjórnar er umfangsmikill og þar segir meðal annars:

„Landbúnaður á Íslandi á að vera leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum. Lögð verður áhersla á nýsköpun og vörubrúun til að stuðla að byggðafestu, auka verðmætasköpun og nýta tækifæri sem byggjast á áhuga á matarmenningu með sjálfbærni og gæði að leiðarljósi. Meginmarkmiðið er að landbúnaður á Íslandi sé sjálfbær og vernd búfjárstofna sé tryggð.“

Eitt af fyrstu verkefnum ríkisstjórnarinnar verður að bregðast við vanda sauðfjárbænda til skemmri og lengri tíma. Samhliða nýrri kynslóð landbúnaðarsamninga verða innleiddir sérstakir aðlögunarsamningar um nýja starfsemi til sveita. Með þeim verður rudd braut fyrir bændur til að byggja upp nýjar búgreinar eða hasla sér völl á öðrum sviðum.

Slíkir aðlögunarsamningar til búhátta-breytinga verða tímabundnir og háðir skilyrðum um byggðafestu, verðmætasköpun og búsetu viðkomandi jarðar og geta stuðlað að nýsköpun, náttúruvernd og nýjum áherslum í rannsóknunum og menntun.

Forsenda þess að landbúnaður geti nýtt tækifæri framtíðarinnar er jafnvægi í framleiðslu, skilvirkt eftirlit og

nýsköpun. Ríkisstjórnin ætlar að tryggja betur rétt neytenda til upplýsinga um uppruna, framleiðsluhætti, lyfjanotkun og umhverfisáhrif.

Ríkisstjórnin mun ráðast í aðgerðir til að þróa lífhagkerfið enn frekar, grænar lausnir og aðferðir til að draga úr umhverfisáhrifum matvælaframleiðslu með hvötum og stuðningi sem miði meðal annars að kolefnisjöfnun greinarinnar. Efla þarf sérstaklega lífrænan landbúnað.“

Svo mörg voru þau orð um landbúnaðinn. Það er ekki auðvelt að vera á móti neinu af þeim, stóra spurningin er eins og ávallt, hvernig náum við þessu fram og mun ríkisstjórnin tryggja nauðsynlega fjármuni til þess? Það á eftir að koma í ljós. Síðan er auðvitað mjög mikil vinna eftir við að útfæra verkefnið og sum eru alveg óútfærð. Það er til dæmis óljóst við hvað er átt með nýrri kynslóð landbúnaðarsamninga og sérstaka aðlögunarsamninga um nýja starfsemi til sveita.

Þessi mál verða væntanlega hluti af áherslum ríkisstjórnarinnar við endurskoðun búvörusamninganna 2019 og þá verður vonandi skýrara við hvað er átt. Taka má undir áform í loftslagsmálum, m.a. fyrirheit um að ganga til samstarfs við sauðfjárbændur um kolefnisjöfnun greinarinnar. En til að þar náist árangur þarf meira að koma til en að færa til fjármuni innan núverandi stuðnings. Jafnframt eru góð orð um að bregðast við vanda sauðfjárbænda í bráð og lengd. Niðurstöður þess þurfa að liggja fyrir nú fyrir árslok svo nýr ráðherra landbúnaðarmála þarf að ganga fram af ákveðni og festu í því máli. Nóg hefur verið beðið hingað til.

Tollbreytingar fram undan

Stefnan í milliríkjavíðskiptum passar ekki alveg við hugmyndir um vernd búfjárstofna og uppbyggingu innanlands. Þar er hvatt til enn aukinnar fríverslunar.

Nú er það svo að búið er að afnema

alla tolla í landinu nema af ákveðnum landbúnaðarvörum sem treysta á tollverndina til að geta starfað.

Aðeins um 11% af tollskránni bera einhvern toll yfirleitt. Annar innflutningur er tollfrjáls, sama hvaðan hann kemur. En það er ekki allt. Með gildistöku nýs tollasamnings við ESB þann 1. maí næstkomandi verða aðeins 260 tollnúmer sem bera einhvern toll, þegar flutt er inn frá Evrópusambandinu. Það er aðeins 3% tollskrárinnar.

Þetta er heldur ekki allt. Í þessum sama samningi er kveðið á um mjög stækkaða tollkvóta sem ESB fær hingað inn. Það er er um að ræða hluta af þessum 260 númerum sem áður greinir en það magn sem flutt er inn með þessum kvótum ber ekki toll. Því til viðbótar er veruleg ógn fólgin í niðurstöðu EFTA dómstólsins frá 14. nóvember. Þar sem dómstóllinn dæmdi að ekki mætti takmarka innflutning á hráu ófrosnu kjóti sem og ógerilsneyddum eggjum og mjólk. Dómstóllinn gaf ekkert fyrir rök Íslands um vernd búfjárstofna eða lýðheilsu. Markaðurinn er ofar öllu öðru. En ríkisstjórnin þarf að svara hvernig þetta allt saman fer saman við þau markmið sem hún hefur sett sér. Bændur þurfa á þeim svörum að halda.

Ein þjóð í alvöru samfélagi

Í stjórnarsáttmálanum eru jafnframt áhugaverð áform um uppbyggingu í samgöngum, fjarskiptum og raforkudreifingu sem og í byggðamálum almenn. Sannarlega er þar ekki vanþörf á og vonandi verða þessi fyrirheit að veruleika. Við erum ein þjóð og verðum að muna að sanngirni þarf að gæta gagnvart landsmönnum öllum hvað varðar innviði og opinbera þjónustu. Án þess erum við ekki alvöru samfélag.

En við spyrjum að leikslokum. Að því sögðu óska ég öllum lesendum Bændablaðsins gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þökk fyrir samfylgdina á því sem er að líða. Gleðilega hátíð.

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Fjallasýn frá Grundarfirði. Fjallgarðurinn frá Kaldnasborgum (986 metrar) að Mýrarhyrnu (588 metrar) getur verið hrikalegur á að líta, ekki síst þegar hann skryðist vetrarbrýnjan.

Mynd / HKR.

Jóla- og handverksmarkaðurinn í Heiðmörk

Jólamarkaður Skógræktarfélags Reykjavíkur í Heiðmörk við Elliðavatn verður opinn í síðasta skiptið fyrir jól um næstu helgi frá klukkan tólf til fimm, báða dagana.

Markaðurinn er haldinn ár hvert af Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Þar myndast iðulega ljúf jólastemning og heimsókn á markaðinn er orðin ómissandi hluti af aðventuhefðinni hjá mörgum fjölskyldum.

Jólmarkaðurinn er haldinn í Elliðavatnsbænum og við hann í Heiðmörk og mynda skógurinn og vatnið sannkallaða vetrarparadís, sem gestir geta notið þess að ganga um. Að sögn Söru Riel hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur er jólasjógurinn á Hólmsheiði þar sem fólk getur fundið og sagað sitt jólatré sjálft. Á staðnum eru sagir sem viðskiptavinir fá afnot af og skógarhöggsmenn aðstoða gesti við að finna jólatré og pakka þeim inn í net. Það kostar jafn mikið að höggva sitt eigið tré og að kaupa þau sem eru þegar hoggin, en þau eru til sölu bæði við Elliðavatnsbæinn og á Hólmsheiði.

„Skógræktarfélag Reykjavíkur selur að sjálfsgöðu íslensk jólatré af ýmsum gerðum, en fyrir hvert keypt tré eru 50 ný gróðursett. Auk þess verða mismunandi vörur úr skóginum í boði. Öll trén eru af löndum sem Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur umsjón með; Heiðmörk, Hólmsheiði og Reynivellir.

Furan er sú tegund sem við seljum mest af en það fer þó jafnt og þétt af öllum tegundum.

Einnig má benda á að við höfum á þriðja ár selt tré sem við köllum „Einstök tré“. Þetta eru tré sem eru furðuleg í laginu, hafa marga toppa eða eru á einhvern hátt óvenjuleg,“ segir Sara.

Verð á trjám er á bilinu frá 5.000 krónum (0–1 metri) til 16.000 króna (2,5–3 metrar), eldiviður kostar 2.500 kr. og greinabúnt 1.500 kr.

Jóla- og handverksmarkaður

„Skógræktarfélag Reykjavíkur heldur utan um handverksmarkað þar sem sérstök áhersla er lögð á einstakt handverk, unnið úr náttúrulegum efnum, auk þess sem mat- og snyrtivara er þar til sölu,“ segir Sara og hvetur fólk til að fylgjast með viðburðasiðu Heiðmerkur á Facebook, þar sem úrvalið sé mismunandi eftir helgum, nýtt fólk, nýjar vörur hverja helgi.

„Það eru þó einstaka aðilar sem eru allar helgar. Við erum með þó nokkra bása sem eru



Við gamla Elliðavatnsbæinn í Heiðmörk myndast iðulega ljúf jólastemning á aðventuhelgunum.

Myndir / smh



Frá handverksmarkaðnum.



Kakósopinn er ljúfur á Kaffihúsinu.

til góðgerðarmála; Zontaklúbbur Reykjavíkur, Zontaklúbburinn Embla, Fríðuhús og Tógó eru aðilar sem starfa sem góðgerðarsamtök og rennur allur ágóði til starfsemi þessarar félagasamtaka.

Vörurnar eru af ýmsu tagi, ullarvörur, keramikvörur, handgerð kerti, útskornir munir, hnifar, gærur, brúður og bangsar, leikföng úr tré, jólavörur af ýmsu tagi, myndir, barnaföt, sultur, saft, tvíreykt hangilæri, grafið ærkjöt, grafin og reykt bleikja, sósur af ýmsu tagi, bakkelsi og svo mætti lengi telja.“

Viðamikil menningardagskrá

„Félagið rekur notalega kaffistofu þar sem lagt er upp úr því að verðlag sé hagstætt þannig að flest allir ættu að hafa ráð á að fá sér kakó eða kaffisopa og með því. Viðamikil menningardagskrá er allar helgar, bæði fyrir börn og fullorðna.

Menningardagskráin fyrir næstu helgi verður þannig að á laugardaginn 16. desember klukkan 13.00 hefst upplestur á kaffistofunni, þar sem Unnur Jökulsdóttir les upp úr bók sinni Undur Mývatns, en hún er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Klukkan 14.00 hefst Barnastund í Rjóðrinu við varðeld og les Gunnar Helgason upp úr barnabókinni Amma er best.

Jólasveinarnir munu láta sjá sig, syngja og tralla með börnunum. Klukkan 15.30 hefst tónleikar á Kaffistofu, ætla tvíburasysturnar Gyða og Kristín Anna Valtýsdóttir að syngja fyrir gesti.

Daginn eftir, á sunnudeginum 17. desember, klukkan 13.00 les Kristín Eiríksdóttir upp úr bókinni sinni Elín – ýmislegt, en hún er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Klukkan 14.00 hefst Barnastund í Rjóðrinu við varðeld og les Sigrún Eldjárn upp úr barnabókinni Afram Sigurljóð.

Síðan hefst tónleikar klukkan 15.30 á Kaffistofu og munum við tilkynna það þegar nær dregur hver stigur á svið,“ segir Sara að lokum. /smh



Notaleg upplestrarstund í Rjóðrinu.



Á markaðnum getur fólk keypt hoggin tré, eldivið og greinabúnt.

MÆLT AF MUNNI FRAM

192

Heldur kuldalegur var kveðskapur síðasta vísnaþáttar. En þar sem veðurfar er frekar önuget það sem af er desember, þá byrjar þessi þáttur með hálfgerðum aftökum. **Páll Guðmundsson** frá Holti í Ásum orti á útmánuðum næstu tvær vísur:

*Stabbinn grennist, geilar víkka
gengur senn á heyjafordann.
Hokurbóndans brúinir sikka,
blæs af Grænlandsjökklum norðan.*

*Bítur kjúkur kyljan hörð,
kælir búki þínum,
ennhá strjúka el um jörð
jötunlúkum sínum.*

Á harðindavetri orti **Ingibjörg Björnsdóttir** um Gönguskörð:

*Tíðin ýtum tjáist hörð,
telst því lítil gleðin.
Illt er að líta upp í Skörð
eru þau hvít og freðin.*

Þessi vísa **Höskuldur Einarssonar** frá Vatnshorni lýsir e.t.v. betur áthagaást frekar en vetrarhörkum í Skorradal:

*Kalla ég hátt í kaldri tíð
kveðju norður á heiðar.
Fimmtugur einn í frosti og hríð
fer þar sinnar leiðar.*

Traust vinátta var með þeim **Höskuldi** og **Sigurði** frá Brún í Svartárdal. Miklar vísnalettur voru með þeim meðan lífið leyfði. Síðasta vísa sem **Höskuldur** orti til **Sigurðar** varð til að morgni þess dags sem **Sigurður** lést:

*Illt þó finnst allt mitt grín
eftirminnilega
þegin kynni þín og mín
þakka ég innilega.*

Eftir **Sigurð** allan orti **Höskuldur**:

*Brúnar rætur, blóm og fræ
bjartar nætur kvað hann,
eg í sætið engan fæ
er mér bætir skaðann.*

*Þó að allt sé kvitt og klárt
er kemur að hínsta brottflutningi,
getur maður saknað sárt
Svartdælings úr Húnaþingi.*

Nú verður kynntur til sögu nýr hagyrðingur í þessum vísnaþáttum. **Guðmundur Sigurjónsson**, uppallinn á Valbjarnarvöllum í Mýrasýslu, nú starfandi sem viðskiptafræðingur hjá Lykli fjármögnun, og stýrir þar fyrirtækjaviðskiptum. Foreldrar **Guðmundar**, **Sigurjón Jóhannsson** og **Inga Guðmundsdóttir** búa enn á Valbjarnarvöllum, undir áttrett bæði tvö. **Guðmundur** er augljóslega enginn byrjandi á Braga-völlum. Hér á eftir fer bragur sem hann nefnir „Annir á aðventu“. Á þessum árstíma mætti kalla brag **Guðmundar** sannkallað súkkulaði fyrir sauðfjábændur:

*Hrútarin bros 'úti bæði
bisperrtir hlaupa um krær.
Ærmar fá ekkert næði
eltast þeir sífellt við þær.*

*Móðir og másandi reyna
mökín að klára sem fyrst.
Tekst það með eina og eina
ekkert er daðrað og kysst.*

*Allt þett 'af gleði þeir gera,
glampar á velsköpuð tól.
Himneskt er hrútur að vera
í hátíðarstemningu um jól.*

Meira af Guðmundi síðar. **Ingólfur Ómar Ármannsson** sendi þættinum líka gullkorn sem glatt getur bændur á aðventunni:

*Þó að myrkur byrgi bólin
birtir senn við helgan yl.
Bráðum koma blessuð jóln
og bændur fara að hleypa til.*

*Með jóla og nýársóskum,
Árni Geirhjörtur.*

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com

FRÉTTIR

Byggðaráð Norðurlands: Stuðningur við frumúttekt á smávirkjunum

Byggðaráð Norðurlands styður að farið verði í frumúttekt á smávirkjunum en erindi frá framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga varðandi afstöðu sveitarfélagsins þar um var tekin fyrir á fundi byggðaráðs á dögunum.

Um er að ræða frumúttekt á smávirkjanakostum á Eyþings-svæðinu af stærðargráðunni 50 kW til 10 MW.

Markmið verkefnisins er að kanna möguleika á aukinni sjálfbærni í raforkunotkun með smávirkjunum og vinna greinargerð sem gefur áhugasömum virkjanaaðilum yfirsýn yfir virkjanakosti á svæðinu. Verkið felst í að metnir verða 50–60 kostir og mun úttektin innihalda kortlagningu vatnsfalla samkvæmt loftmyndakorti og áætlað vatnasvið. Helstu kennistærdir verða metnar, s.s. rennsli, fallhæð afl og framleiðsla og mat lagt á miðlunarmöguleika. Einnig verður horft til líklegra umhverfisáhrifa og mat lagt á tengingar við dreifikerfi.

Smávirkjanir eru allar virkjanir sem eru undir 10 MW og þurfa að jafnaði ekki í umhverfismat.

Meirihluti byggðaráðs styður að farið verði í frumúttekt á smávirkjunum og samþykkir verkefnið.

Óli Halldórsson formaður byggðaráðs lagði fram bókun þar sem hann setti fyrirvara á að sveitarfélög, þeirra samtök eða stofnanir séu að vinna undirbúningsvinnu af þessu tagi fyrir áhugasama virkjunaraðila.

„Undanfarið hafa einkafjárfestar verið að sækja á náttúruauðlindir til minni virkjana víða um land, sumar hverjar mjög umdeildar vegna umhverfisáhrifa. Þetta hefur verið bæði í landi í ríkis- og einkaeigu. Það er ekki hlutverk sveitarfélaga að hvetja sérstaklega til virkjunarfjárfestinga af þessu tagi. Eðlilegra er að gera frekar þá sjálfsgöðu kröfu til ríkisrekinnar orku- og raforkuflutningsfyrirtækja að fundnar verði viðunandi leiðir til að afhenda orku sem nýtist atvinnulífi um land allt,“ segir í bókun Óla. /MPB



Jon Georg Dale úr Framfaraflokknum tók við stöðu landbúnaðar- og matarráðgjafa Noregs fyrir tveimur árum í ríkisstjórn Ernu Solberg. Hér var hann í opinberri heimsókn á Indlandi fyrr á árinu.

Matvælaframleiðsla í Noregi hefur aldrei verið meiri

Jon Georg Dale, landbúnaðar- og matarráðgjafi Noregs, lítur björtum augum til framtíðar þegar kemur að norskrri matvælaframleiðslu. Segir hann meðal annars að lykilhlutverk þegar kemur að samkeppnishæfni greinarinnar séu fjárfestingar og nútímavæðing.

Í viðtali við Bændablaðið segir Jon Georg það jafnframt mikilvægt að leyfa sköpunarkrafti bóndans að leika lausum hala til að stuðla að nýsköpun og að gera umhverfi greinarinnar aðlaðandi fyrir unga bændur til að þeir velji sér framtíð innan landbúnaðar.

Jon Georg Dale tók við stöðu landbúnaðar- og matarráðgjafa Noregs fyrir tveimur árum í ríkisstjórn Ernu Solberg. Hann er meðlimur í Framfaraflokknum og hafði áður en hann settist á þing reynslu af sveitarstjórnarstörfum í Mæri- og Raumsdal þar sem hann ólst jafnframt upp. Jon á óðalsrétt að ættarsveitabænum Dale í Dalsfirði og er kjötiðnaðarmaður að mennt. Áður en hann sneri sér að pólitíkinni starfaði hann meðal annars hjá afurðastöðvafyrirtækinu Nortura.

Matvælaframleiðsla í hæstu hæðum

Árið 2017 eru 40.500 sveitabærir í rekstri í Noregi með tæplega 44 þúsund ársverk. Í norska búnaðarlagasamningnum er 14,5 milljörðum norskra króna úthlutað til landbúnaðar, tæplega 200 milljörðum íslenskra króna.

„Undanfarin fjögur ár höfum við náð okkar helstu markmiðum þegar kemur að stefnu í landbúnaðarmálum og við sjáum það að matvælaframleiðsla í Noregi hefur aldrei verið meiri eins og nú. Nýliðun eykst stöðugt og ungt fólk hefur meiri áhuga en áður á að starfa við landbúnað sem er mjög jákvætt. Við sjáum einnig að vilji þeirra sem eru í framleiðslunni

til að framleiða meira er stór og allt helst þetta vel í hendur, það er samkeppnishæft rekstrarumhverfi og jákvæðni í garð greinarinnar, jafnt innan hennar sem utan,“ segir Jon Georg og bætir við:

„Tekjur í landbúnaði eru að aukast og á tímabilinu frá 2014 til 2018 munu bændur hér í Noregi fá tekjuaukningu sem er meira en helmingi stærri en hjá öðrum hópum í samfélaginu. Sé litið á alla þessa þætti þá munum við halda áfram eftir sömu stefnumörkun og hefur verið og halda þessari góðu vinnu áfram sem búið er að byggja undir.“

Skilningsleysi gagnvart beingreiðslum

Jon Georg viðurkennir þó að ýmis erfið mál hafi komið inn á borð í sinni ráðherratíð eins og gengur og gerist. Það séu þá helst kjaramál bænda sem hafi verið umdeild, stefna í rándýraveiðum, offramleiðsla sauðfjárbænda og sú ákvörðun að þurfa að útrýma hreindýrastofninum á ákveðnum svæðum á hálendinu vegna taugasjúkdóms.

„Það hefur verið ýjað að því á vettvangi fjölmiðla að stuðningur ríkisins við fjárfestingar innan sauðfjárræktarinnar sé mikilvægasta ástæða þess að það sé offramleiðsla og að ríkið eitt og sér beri eitt ábyrgð á stöðunni. Þetta er því miður alvarleg einföldun á ástandinu og sýnir svo ekki verður um villst að ákveðið skilningsleysi ríkir gagnvart því af hverju við erum með það fyrirkomulag að vera með beingreiðslur þegar kemur að fjárfestingum,“ útskýrir Jon Georg og segir jafnframt:

„Fjárfesting í landbúnaði er framkvæmd með aukna framleiðslu í huga yfir margra ára tímabil. Frá árinu 2016 sjáum við að færri fjárfestingabeingreiðslur eru greiddar til sauðfjárbúa, úr 18% árið 2015 í 11% árið

2016. Stuðningurinn er einnig á niðurleið á þessu ári en Innovasjon Norge (Nýsköpunarmiðstöð Noregs), hefur veitt styrki til eins sauðfjárbús, þar sem bændurnir höfðu ekki slíkan búskap áður, en árið 2016 voru veittir 7 styrkir til sambærilegra verkefna. Eg hef talað fyrir því að nauðsynlegt sé að skoða nýjar nálganir í vörupróun, halda áfram þeirri vinnu að betra aðgengi sé að vörunni í verslunum og að hafa virka markaðssetningu til að auka sölu á lambakjöti.“

Styrkja kornrækt og plöntuframleiðslu

Bendir norskri landbúnaðar-ráðgjafi einnig á að hægt væri að líkja stuðningi við sauðfjárbændur saman við styrki til mjólkurbænda. Árið 2016 fór um 80% af styrkjum til fjárfestinga í hefðbundnum landbúnaði til mjólkur- og sauðfjárbænda. Rúmlega 80% af styrkjum sem Innovasjon Norge veitti til mjólkurbænda það ár leiddi til aukinnar framleiðslu.

„Við munum halda áfram að styrkja grassvæði fyrir kýr og sauðfé og hvetja til meiri notkunar á úthögum. Einnig verður áhersluatriði hjá okkur að örva enn frekar kornrækt og plöntuframleiðslu þar sem best skilyrði eru til þess. Það eru miklar fjárfestingar í norsku landbúnaði og sjáum við það til dæmis á því að meira en einn þriðji af kúum í Noregi eru nú mjólkkaðar með róbótum og það er hæsta hlutfall í heiminum. Við munum endurnýja, fjárfesta og taka nýja tækni í notkun. Með því að leyfa sköpunarkrafti bóndans að leika lausum hala til að ná sem bestri haggræðingu í rekstrinum ásamt nýsköpun er ákveðnum markmiðum náð fyrir greinina í heild. Okkar hlutverk er meðal annars að gera umhverfið aðlaðandi fyrir unga bændur að velja sér framtíð innan landbúnaðar.“ /ehg



Vilko á Blönduósi: Lífræn framleiðsla á kryddum

Vilko ehf. á Blönduósi fékk í haust vottun til framleiðslu á lífrænum kryddum. Vottun sem þessi er ekki einungis vottun til að framleiða lífrænt vottaðar matvörur heldur einnig viðurkenning á að Vilko sé með framleiðsluferli sitt í góðu lagi.

Fram kemur á heimasíðu Vilko að allt húsnæði fyrirtækisins hafi verið tekið út, allar skráningar í gæðakerfi, framleiðsluskýrslur, vottanir birgja, ferli sýnatöku og fleira. Auk vottunar fáist með

þessu framtaki einnig endurskoðun á öllu framleiðsluferli þess.

Kári Kárasón, framkvæmdastjóri Vilko á Blönduósi, segir að vottunin sé ekki bara vottun á lífrænni vöru Vilko heldur allri framleiðslu Vilko, því ef aðrir hlutar vinnslunnar væru ekki í lagi fengist ekki lífræn vottun. Kári þakkar starfsfólki fyrir þolinmæði sína í ferlinu sem og Uppbyggingarsjóði SSVN fyrir framlag þess til vörupróunar sem leiddi til vottunar. /MPB

Loka Gestastofunni á Þorvaldseyri

Fjölskyldan á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum hefur ákveðið að loka Gestastofunni sem hefur verið rekin við bæinn undanfarin tæp sjö ár.

Hún var opnuð ári eftir að gos hófst í Eyjafjallajökli og þar gátu gestir fræðst um eldgos og upplifað það upp að vissu marki hvernig líf undir eldfjalli getur verið, því kvikmynd um gosið og hvernig bærinn reis síðan úr öskunni var þar sýnd.

Mikill fjöldi ferðamanna hefur heimsótt Gestastofuna á þessum árum og segir Ólafur Eggertsson, bóndi á Þorvaldseyri, að þetta hafi verið góður tími. „Þetta var bara

komið gott samt og tími til kominn að fara að sinna búskapnum að fullu og ýmsum hliðum hans. Vinnan á Gestastofunni hefur nefnilega lagst mjög á heimilisfólkið og það er erfið að fá starfsfólk.“

Aðalbúgreinin á Þorvaldseyri er kúabúskapur, auk nautakjöt-framleiðslu, en bærinn er einnig mjög kunnur fyrir bygg- og repjurækt. „Við erum með alls konar starfsemi í kringum þessa ræktun og mikil eftirspurn eftir þessum afurðum. Við framleiðum korn og mjól, repjuolíu og fleira – og erum með ýmislegt á þróunum sem við ætlum nú að sinna að fullu,“ segir Ólafur. /smh

Ánægðir viðskiptavinir skipta okkur miklu máli

Við erum ótrúlega stolt af niðurstöðum heysýna

„Heysýnin komu virkilega vel út, ríkuleg af stein- og snefilefnum, m.a. kalki, fosfór og selen. Ég er einnig mjög ánægður með hátt próteininnhald í heyjum.“

Jóhannes Eyberg, Hraunhálsi í Helgafellssveit



GRÆÐIR
áburður



FÓÐURBLANDAN
...gæði í hverri gjöf!



Landsvirkjun er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk fyrirtækisins er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi.

Orka til framtíðar

Jarðvarmastöðin á Þeistareykjum er nýjasta aflstöð Íslendinga. Hún var gangsett 17. nóvember 2017, en áttatíu árum fyrr var elsta aflstöðin, Ljósafossstöð, gangsett. Margt hefur breyst á þessum tíma. Uppbygging raforkukerfisins hefur verið ein af forsendum velmegunar og lífskjara á Íslandi og hér hefur orðið til einstæð þekking á sviði endurnýjanlegrar orku.

Við allan undirbúning og framkvæmdir við Þeistareyki hefur markmiðið verið að reisa hagkvæma og áreiðanlega virkjun sem tekur mið af umhverfi sínu og náttúrunni. Þegar virkjun er reist er mikilvægt að vandað sé til allra verka, bæði til að lágmarka umhverfisáhrif vegna framkvæmdanna en líka til að tryggja að framkvæmdin skili þjóðinni arði til lengri tíma.

Landsvirkjun hefur frá upphafi unnið endurnýjanlega orku. Vitundarvakning um umhverfis- og loftslagsmál á heimsvísu hefur aukið verulega verðmæti slíkrar raforku. Skynsamleg ráðstöfun fjármuna hjá fyrirtækinu hefur einnig gert það að verkum að hægt verður að greiða hærri fjárhæðir í arð til eiganda fyrirtækisins, íslensku þjóðarinnar. Við erum stolt af því.

Við óskum landsmönnum öllum gæfu á nýju ári og þökkum farsælt samstarf á liðnum árum.



FRÉTTIR



Á vef umhverfisráðuneytisins segir að loftgæðaáætlunin taki til þeirra þátta er varða loftgæði utandyra.

Umhverfisráðuneytið:

Hreint loft til framtíðar

Fyrirverandi umhverfis- og auðlindaráðherra gaf út fyrir skömmu fyrstu almennu áætlunina um loftgæði fyrir Ísland og ber hún heitið Hreint loft til framtíðar. Áætlunin gildir fyrir árin 2018 til og með 2029 og er meginmarkmið hennar að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.

Á vef ráðuneytisins segir að loftgæðaáætlunin taki til þeirra þátta er varða loftgæði utandyra. Í áætluninni koma fram mælanleg markmið, upplýsingar um loftgæði og tímaáætlun, aðgerðir og stefnumörkun til að bæta loftgæði. Við vinnslu áætlunarinnar var tekið mið af Landsáætlun um loftgæði, sem var gefin út af Umhverfisstofnun árið 2010 og skýrslunni Hreint loft, betri heilsa – Umfjöllun um

loftgæði og heilsufar á Íslandi ásamt tillögum til úrbóta, sem var gefin út af velferðarráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti í apríl 2013.

Samkvæmt áætluninni er stefnt að því að fækka árlegum ótímabærum dauðsföllum af völdum loftmengunar á Íslandi, fækka árlega fjölda daga þar sem svifryk fer yfir skilgreind heilsufarsmörk af völdum umferðar úr 7 til 20 skiptum niður í engin skipti fyrir árslok 2029 og að ársmeðaltal brennisteinsvetnis verði áfram undir skilgreindum mörkum.

Áætlun um loftgæði er sett í samræmi við breytingar sem gerðar voru á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir 2013 vegna innleiðingar á Evróputilskipun 2008/50/EB um gæði andrúmslofts og hreinna loft í Evrópu. /VH



Danska þingið samþykkti fyrr á þessu ári að danskir bændur geti, að uppfylltum skilyrðum, fengið leyfi til að rækta kannabis sem nota á í lækningaskyni.

Hamphlaðan í Danmörku:

Kannabisgróðurhúsið verður í Óðinsvéum

Ákveðið hefur verið að gróðurhús Det danske cannabis-projekt, Spectrum Cannabis Danmark, verði staðsett í Óðinsvéum á Jótlandi. Í gróðurhúsinu verður fyrsta löglega hampræktin í Danmörku.

Danska þingið samþykkti fyrr á þessu ári að danskir bændur geti, að uppfylltum skilyrðum, fengið leyfi til að rækta kannabis sem nota á í lækningaskyni.

Þann 1. janúar 2018 næstkomandi taka gildi lög í Danmörku sem leyfa sjúklingum að nota, undir eftirliti lækna, kannabis til að lina þjáningar.

Húsnæði ræktunarstöðvarinnar og rannsóknarstöðvar henni tengdri verður 40.000 fermetrar að flatarmáli. Fyrirtækið Spectrum Cannabis er í eigu kanadísks fyrirtækis, Canopy Growth, og

hins danska Danish Cannabis.

Fáist öll tilskilin leyfi til reksturs gróðurhússins getur fyrirtækið boðið vöru sína, þurrkuð blóm, hampolíu og hamp í hylkjum í upphafi árs 2019. Þangað til mun það flytja inn hamp til lækninga frá Kanada.

Strangar öryggiskröfur eru gerðar í kringum framleiðsluna og engu minni en gerðar eru til banka, sprengiefnagæmslu eða öryggisfangelsis.

Borgarstjórnin í Óðinsvéum segist vera hæstánægð með að fá starfseminna til borgarinnar og treysti því að fyrirtækið muni standast allar kröfur sem gerðar verða til þess. Talsmenn Spectrum Cannabis Danmark segja að Óðinsvé sé tilvalinn staður fyrir starfseminna. Gert er ráð fyrir að starfsmenn fyrirtækisins verði 125. /VH

Opinn fundur á Hellu um markaðssetningu á lambakjöti 6. janúar: „Viljum blása bændum bjartsýni í brjóst“

– segir Ásmundur Friðriksson, þingmaður á Suðurlandi

„Við ætlum að boða bændur til fundar á þrettándanum þar sem fjallað verður um nýjungar í markaðssetningu á lambakjöti og enda fundinn á veglegri hádegisveislu, bændum að kostnaðarlausu,“ segir Ásmundur Friðriksson þingmaður, sem hefur að eigin frumkvæði skipulagt viðburð í Íþróttahúsinu á Hellu 6. janúar næstkomandi. Hann heldur því fram að það séu mikil tækifæri að auka virði lambakjöts og nefnir dæmi máli sínu til stuðnings.

„Þegar ég velti fyrir mér hvernig hægt væri að koma því við að bændur nytu aukinna tekna af þeim gæðum sem þeir framleiða varð til hugmyndin að fundi þar sem við blásum bændum bjartsýni í brjóst. Í samstarfi við IKEA, Kjötkompaníið, Markaðsráð kindakjöts, Bændablaðið og sauðfjárbændur á Suðurlandi verður haldinn fundur í Íþróttahúsinu á Hellu laugardaginn 6. janúar 2018 kl. 10.30. Að loknum erindum verður fundargestum boðið í mat með léttnum veitingum, öllum að kostnaðarlausu,“ segir Ásmundur. Á fundinum verður sagt frá því hvernig fyrirtæki ná að hámarka verðmæti landbúnaðarafurða og eins hvernig stórverslun nær að selja gríðarlegt magn af lambakjöti á hagstæðu verði fyrir neytendur. Þá munu forsvarsmenn sauðfjárbænda halda erindi um markaðssetningu sauðfjárafurða.

10.000 manns njóta veitinga í IKEA

„Ég hef kynnt mér hvernig Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA, og hans starfsfólk hefur náð ótrúlegum árangri í meðferð landbúnaðarafurða og sölu þeirra í IKEA-versluninni á Íslandi. Þar eru allt upp í 10 þúsund manns á dag sem njóta veitinga þegar mest er. IKEA hefur selt afurðir sem hafa verið lítt vinsælar og því ódýrar, til dæmis lambaskanka. Skankarnir hafa verið í boði í mörg ár en nú leitar IKEA leiða til að nýta fleiri hluta lambsins. Þórarinn mun fara yfir það



Ásmundur Friðriksson hefur mikla trú á íslenska lambakjötinu og boðar bændur á fund til þess að ræða nýjar leiðir í markaðssetningu. Mynd / TB

á fundinum en líka segja frá því að bakarið í IKEA notar lambafitu ásamt oliu til djúpsteikingar og notast við gamlar ómmuuppskriftir á kökum sem renna út eins og heitar lummur,“ segir Ásmundur.

Lambakjöt sem lúxusvara

Veisluþjónusta og verslanir Kjötkompanísins í Hafnarfirði, sem Jón Örn Stefánsson rekur, hefur náð góðum árangri í sínu markaðsstarfi og selur vandaðar steikir og fjölbreyttar gæðavörur í sínu kjötborði, að sögn Ásmundar. „Salan gengur eins og enginn sé morgundagurinn! Kjötkompaníið verslar aðeins hágæða kjöt frá afurðastöðvum og fær sérvalda lambahryggi sem eru á bilinu 3,3–3,5 kg. Vinsælasti rétturinn hjá Kjötkompaníinu er Lambakonfekt, kótelettur sem seldar eru á 5.990 kr. kíló og seljast mjög vel. Kjötborðið í verslunum þeirra er sannkallað augnakonfekt og fólk dáleiddist af því að sjá hvernig hægt er að bera kjöt fram og hreinlega borðar kjötið með augunum,“ segir Ásmundur.

Bændur þurfa að njóta velgengni

„Þórarinn og Jón Örn munu segja frá því hvernig þeir hafa ásamt sínu

starfsfólki markaðssett lambakjöt og landbúnaðarafurðir með gríðarlega góðum árangri. Annar með því að ná sem hagkvæmstu verði fyrir neytendur en hinn stílar á dýra gæðavöru. En það magnaða er að báðir eru að gera frábæra hluti og rektur þeirra gengur mjög vel. Ég tel það mikilvægt að slík velgengni skili sér í betra verði til bænda,“ segir Ásmundur. Auk þeirra Þórarins og Jóns Arnars mun Oddný Steina Valsdóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, ávarpa fundinn og Svavar Halldórsson mun fara yfir kynningar- og markaðsmál.

Skráning á bbl.is

Ásmundur segist búast við miklum fjölda bænda á fundinn. „Það verður boðið upp á mögnuð erindi sem eiga eftir að blása bændum von í brjóst um bættna hag. Þá verður fundarmönnum boðið í mat af Kjötkompaníinu og IKEA þar sem þeir kynna afurðir frá eldhúsum fyrirtækja sinna og bjóða léttan drykk með matnum.“

Sá háttur verður hafður á að bændur þurfa að skrá sig til leiks á fundinn á vef Bændablaðsins, bbl.is. Gert er ráð fyrir góðri aðsókn en sætafjöldi er takmarkaður svo það borgar sig að skrá sig sem fyrst. /TB

Innflutningur á spæni:

Fótur af klaufdýri finnst í innfluttum spæni

Lifland hefur innkallað spæni frá Staben í Svíþjóð eftir að fótur af klaufdýri fannst í einum bagga síðdegis á mánudag. Líklega er um fót af dádýri að ræða.

Dýrahæ geta borið með sér smitefni og sem varúðarráðstöfun hefur fyrirtækið innkallað alla sendinguna af spæninum og stöðvað dreifingu.

Lifland tilkynnti Matvælastofnun síðla mánudags um að alifuglabóndi hefði fundið fót af klaufdýri í innfluttum spæni sem hann var að dreifa í tómu alifuglahúsi.

Spænininn fjarlægður

Á heimasíðu Mast segir að spænininn hafi verið fjarlægður og húsið þvegið og sótthreinsað. Í kjölfarið og í samráði við stofnunina brást Lifland við og stöðvaði dreifingu á spæni úr viðkomandi gámi. Hringt var í þá aðila sem vitað var að hefðu keypt úr gáminum og varan innkölluð.

Ein hestavörverslun á höfuðborgarsvæðinu hafði fengið spæni úr viðkomandi sendingu sem hún hafði í almennri sölu. Nokkurn tíma tók að hafa uppi á öllum kaupendum, en í morgun náðist í þann síðasta. Aðeins sex eigendur höfðu borið spænin undir hross



Sænsk dádýr með alla fjóra undir sér.

og einn þeirra undir sauðfé að auki. Hafa þeir nú hreinsað viðkomandi stúr samkvæmt leiðbeiningum frá Matvælastofnun.

Litlar líkur á smiti

Hverfandi líkur eru taldar á að smit hafi borist í dýr hér á landi við þetta atvik, en þó verður eftirlit með heilsufari dýranna sem komust í snertingu við spænin aukð næstu vikurnar.

Matvælastofnun hefur óskað eftir upplýsingum frá

dýraheilbrigðisyfirvöldum í Svíþjóð um sjúkdómastöðu í hjartardýrum þar í landi. Samkvæmt fyrstu svörum er ekki vitað um alvarlega smitsjúkdóma í þeim.

Samkvæmt upplýsingum frá sænska fyrirtækinu er framleiðslulínan lokuð og með þannig tækjabúnaði að fóturinn sem fannst hafi ekki getað farið þar í gegn, því telur fyrirtækið að honum hafi verið komið fyrir og að um skemmdarverk sé að ræða í verksmiðjunni. Málið er rannsakað sem slíkt í Svíþjóð. /VH

Bændablaðið

á bbl.is og líka á Facebook

Næsta blað kemur út 11. janúar



Gleðileg jól



Íslenskt lambakjöt er unnið
eftir einstökum hefðum og er
náttúruleg og hrein afurð.

Þess vegna er erfðabreytt
fóður bannað í sauðfjárrækt.



Þessi auglýsing er kostuð af
Landssamtökum sauðfjárbænda.

FRÉTTIR

Ullarþvottastöð Ístex á Blönduósi tekur í notkun tvo nýja blöndunarklefa: Ætlunin að auka gæði og verðmæti framleiðslunnar

Ullarmóttaka og þvottastöð Ístex á Blönduósi er nú að taka í notkun tvo nýja blöndunarklefa sem ætlað er að auka og jafna gæði ullarinnar til muna sem og verðmæti framleiðslunnar.

Sigurður Sævar Gunnarsson framkvæmdastjóri segir að auk uppsetningar þessara klefa hafi verið bætt við geymslupláss til að taka við ull frá bændum. Þaðan fer ullin í tæta og síðan í þvott og þurrkun. Eftir þurrkun er ullin tætt aftur og fer þaðan inn í fyrnefnda klefa þar sem henni er blandað til að hún verði jafnari að gæðum áður en henni er pakkað í ballapressu. Þaðan kemur ullin tilbúin til flutnings og frekari vinnslu í 300 kílóa böllum.

Kom til Ístex úr olíuðnaðinum

Sigurður tók við sem framkvæmdastjóri Ístex í haust. Hann segist ekki hafa starfað í þessum geira áður. Hingað kom hann frá Texas í Bandaríkjunum þar sem hann stýrði fyrirtæki sem sá um málningavinnu á búnaði fyrir olíuðnaðinn.

Ístex rekur spunaverksmiðju í Mosfellsbæ þar sem lopi og annað band er framleitt úr ullinni. Þar er ekki nein ullarþvottastöð, en um árabíl var sá þáttur í starfsemi í Hveragerði áður en ullarþvotturinn var fluttur á Blönduós 2004.

Blöndunarklefarir eiga að skila jafnari gæðum

Sigurður segir tækifæri felast í ullariðnaðinum, en til að fá þar samilegt verð fyrir afurðirnar verði að tryggja jöfn gæði framleiðslunnar. Ástæðan fyrir uppsetningu blöndunarklefanna á Blönduósi sé m.a. tilkomin vegna kvartana frá erlendum kaupendum.

„Með þessu fáum við jafnari framleiðslu og líka betri vöru. Þarna getum við verið að keyra um 5 til 6 tonn í gegn í hvern klefa og þá vitum við að öll sú ull er af sama gæðaflokki. Jafnframt þessum breytingum er gæðakerfi styrkt og tölvuátt. Þá hefur Sunna Jökulsdóttir textílverkfræðingur verið ráðin sem gæða- og þróunarstjóri.

Til að gera þetta þurftum við að fara í talsverðar framkvæmdir á Blönduósi. Einna seinlegast hefur verið að styrkja rafkerfið í verksmiðjunni. Nú er þessu öllu að verða lokið og prófanir að fara fram. Við verðum að fara rólega af stað og höfum ekki getað tekið við allri ull eins hratt og áður. Við þökkum



Sigurður Sævar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ístex.

Myndir / HKr.



Svona koma ullarballarnir frá Blönduósi.

fyrir þolinmæði bænda á meðan við náum fullum afköstum.“

Um 750 tonn af ull kom inn árlega í stöðina á Blönduósi

Sigurður segir að í gegnum þvottastöðina á Blönduósi fari um 750 tonn af ull á ári. Starsti hlutinn er hvít ull. Hann segir að mikill verðmunur sé milli flokka og geti þá skipt miklu máli hvernig bændur skili frá sér ullinni. Fyrir lakasta flokkinn er Ístex að greiða 60 krónur á hvert kíló, en 492 krónur fyrir mestu gæðin. Ofan á það leggst svo beingreiðsla frá ríkinu til bænda.

Grófir ullarhnoðrar skemma fyrir

Verðflokkarnir taka bæði mið af því hvort ullin er mislit eða ekki og eins finleika ullarinnar. Ef gróf hnakkahár og gróf lærull er í ullinni þá fellur hún mjög í verði. Segir Sigurður að erfitt sé að hreinsa þessi grófu hár úr á vinnsluferlinu nema að handhreinsa það í upphafi. Ef svona ull fer í gegnum ferlið þá veldur það víða erfiðleikum. Þetta skipti miklu máli, sér í lagi varðandi ull sem er seld erlendis.

Sigurður segir að vissulega hafi bændur misjafna aðstöðu til

að flokka og hreinsa ull sem þeir senda frá sér.

„Það sem skiptir miklu máli er virkt ullarmat og ef menn geta klippt frá grófa, skítuga og/eða gallaða ull. Það kostar

mikla fjármuni ef hún fer með í gegnum vinnsluna. Það hefur því bein áhrif á framvinduna í vinnslu hráefnisins, bæði hversu auðveld hún er í vinnslu og einnig endanlegt verð sem hægt er að fá fyrir ullina.“

Flestir bændur senda frá sér góða ull

Segir Sigurður að yfirleitt séu bændur að senda frá sér góða ull. Því betur sem vandað er til verka í upphafi, þeim mun meiri hagræði sé það fyrir alla sem að ullarframleiðslunni koma.

Þá þurfi menn líka að vera meðvitaðir um að vafasamt sé að senda slæma ull með bilum kannski þvert yfir landið til vinnslu á Blönduósi ef hún skilar sér svo sem lélegt hráefni áfram. Bæði sé af því mikill kostnaður og kolefnismengun, auk þess sem léleg ull gæti verðfellt aðra ull sem henni er blandað saman við. „Ávinningurinn er því augljós við að vandað sé til verka.“

Mikil sérstaða íslensku ullarinnar

Sérstaða íslensku ullarinnar er talsverð á heimsvísu. Hún hefur sérstakan karakter vegna þelsins og togsins. Það er vegna þess að þelið er t.d. mun finna og liggur á grófleika sem vöntun er á. Togið er hins vegar mun grófara sem hækkar meðaltalsgrófleika íslensku ullarinnar. Þessi blanda þykir samt óvenjuleg og er sögð henta vel í teppagerð. Tæplega helmingur af þeirri ull sem hér er framleitt er seld úr landi. Megnið af þeirri ull fer til Bretlands.

Mörg tækifæri og áskoranir á markaði

„Það er fullt af skemmtilegum tækifærum í sölu á íslenskrri ull. Aðalatriðið er að passa upp á gæðin og leggja áherslu á séreinkennin.“

Ullarverð 2018 - kr./kg. Verðskrá A

Flokkur	Ístex	Áætl. beingreiðsla	Áætl. heildarverð
H-Lamb	492	708	1.200
H-2 Lamb	405	683	1.088
H-1 flokkur	405	683	1.088
H-2 flokkur	113	455	568
M-Svart	336	607	943
M-Grátt	336	607	943
M-Mórautt	336	607	943
M-2 flokkur	60	152	212

Ullarverð 2018 - kr./kg. Verðskrá B

Flokkur	Ístex	Áætl. beingreiðsla	Áætl. heildarverð
H-Lamb	566	708	1.274
H-2 Lamb	466	683	1.149
H-1 flokkur	466	683	1.149
H-2 flokkur	130	455	585
M-Svart	386	607	993
M-Grátt	386	607	993
M-Mórautt	386	607	993
M-2 flokkur	69	152	221

Magnið er takmarkað og ef menn sérhæfa sig í framleiðslu á gæðaull, þá eru menn tilbúnir að borga fyrir það ágætt verð. Flokkunin í upphafi skiptir því verulegu máli. Vegna smáðar okkar er líka auðvelt að markaðssetja ullina í sögulegu samhengi.

Þjóðverjar kunna t.d. vel að meta þá sögu að íslenskir bændur þekki allar sínar kindur með nafni. Fyrir þá skiptir uppruninn, vottun og öll meðferð bóndans á fénu mun meira máli en t.d. hjá breskum kaupendum sem gera minni kröfur. Því eru að skapast tækifæri í Þýskalandi og á talsvert af lopapeysum en þar ríkir þó líka ákveðin stöðnun miðað við fjölgun ferðamanna. Ein skýring gæti verið sú að fjölgun asískra ferðamanna hefur þar áhrif, þar sem þeir eru meira að sækjast eftir kaupum á þekktri alþjóðlegri merkjavöru. Eigi að síður er innlendi markaðurinn og þá líka til ferðamanna nokkuð sterkur og meiri dreifing í sölu yfir allt árið,“ segir Sigurður Sævar Gunnarsson.

Gengi krónunnar og ullarverð erlendis flækir stöðuna

Sigurður segir að hátt gengi

íslensku krónunnar hjálpi ekki til við útfletning. Á móti þá eru innkaup á erlendum hjálparefnum og tækjum hagstæðari. Gengið sé þó að ná meira jafnvægi miðað við fyrri hluta ársins. Þar hefur hátt gengi spilað saman á neikvæðan hátt með ástralskrri ull sem flætt hefur inn á Bretlandsmarkað. Því þurfi að horfa til annarra markaða eins og í Þýskalandi.

„Við höfum samt búið svo vel að hafa sterkan innanlandsmarkað. Salan hefur aukist mikið á síðustu tíu árum þó sá vöxtur hafi minnkað síðustu tvö ár. Ferðamenn kaupa talsvert af lopapeysum en þar ríkir þó líka ákveðin stöðnun miðað við fjölgun ferðamanna. Ein skýring gæti verið sú að fjölgun asískra ferðamanna hefur þar áhrif, þar sem þeir eru meira að sækjast eftir kaupum á þekktri alþjóðlegri merkjavöru. Eigi að síður er innlendi markaðurinn og þá líka til ferðamanna nokkuð sterkur og meiri dreifing í sölu yfir allt árið,“ segir Sigurður Sævar Gunnarsson. /HKr.



Jón Haraldsson framleiðslustjóri í vélasal Ístex í Mosfellsbæ.



JÖTUNN

Óskum öllum landsmönnum
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári
með þökk fyrir viðskiptin á því liðna.

JÖTUNN
BYGGINGAR

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

STEEKUR Geimseyra

Himingeimurinn, stjórnurnar, fjarlægðin, vísindaskáldsögur, garðyrkja í geimnum og möguleikar á könnun geimsins hafa vakið áhuga minn allt frá því ég var barn og horfði á lendinguna á tunglinu í svarthvítu sjónvarpi í Arnanesi í Nesjum.

Mér er minnstætt þegar ég gekk úti á hlaði með ömmu minni, fædd 1882, og hún leit til himins og sagði: „Villi minn, hugsa sér að ég er fædd í torfkofa og núna eru menn á tunglinu.“

Frá því að menn fóru að skjóta tölum og tækjum út í geiminn hefur smám saman verið að safnast saman alls konar tæknidót á sporbaug um jörðina. Geimrusl sem annað slag, ef heppni er með okkur, brennur upp þegar það fer í gegnum gufuhvolfið.

Mönnuðum geimförum fylgir óhjákvæmilega annars konar úrgangur. Lífrænn úrgangur sem til skamms tíma hefur verið sturtað óhindrað út í geiminn þar sem hann þótti of þungur til að flytja aftur til jarðarinnar.

Samkvæmt NASA skilar geimfari sem er í geimstöð í ár af sér um 80 kílóum af saur. Þvag er endurunnið og notað sem drykkjarvatn. Í dag er saurinn þurrkaður og fluttur aftur til jarðarinnar með geimskutlunni.

Þrátt fyrir að hluti saursins sem losað var út í geiminn hafi brunnið upp í gufuhvolfinu og hafi stundum frá jörðu litið út eins og stjörnuhrap eða óskastjarna festist hluti hans á sporbaug um jörðina. Og er nú svo komið að þunnt saurlag, sem við skulum velsæmis vegna kalla seyrulag, umliggur jörðina í sporbaugshæð úti í geimnum.

Rithöfundurinn Sir Arthur C. Clarke, sem þekktastur er fyrir bækurnar 2001: A Space Odyssey, sem Stanley Kubrick gerði samnefnda bíómynd eftir, Rendezvous with Rama og Childhood's End. Margar af sögum Clarke fjölluðu um geimferðir en hann birti einnig fjölda greina um möguleika geimferða og tækni henni tengdri.

Ein þessara greina nefndist Toilets of the Gods og fjallaði um það áhugaverða efni, losun lífræns úrgangs í geimnum. Í greininni segir Clarke að eftir nokkur ár af mönnuðum geimferðum hafi vísindamenn farið að rannsaka geimrusl með því að hirða hluta af því og flytja til jarðar. Það sem kom þeim á óvart var að hlutirnir sem fluttir voru til jarðar eftir að hafa hringsólað umhverfis hana í nokkur ár voru að stórum hluta þaktir þunnu lagi af seyr eða saur sem hefur verið sturtað úr mönnuðum geimförum.

Í framhaldi af þessu fabúlerar Clarke um það hvort lífið á jörðinni gæti hafa kviknað út frá saur sem vitmunaverur frá öðrum plánetum hafi losað út á ferðum sínum um geiminn. Lífrænt efni úr saurum hefur svo borist til jarðarinnar og fyrir tóma tilviljun eða handleiðslu guðanna á tíma sem var lífinu hagkvæmt.

Til að tilgátan gangi upp verður að gera ráð fyrir að líf hafi kviknað áður í óravíddum geimsins og þeim milljónum plánetu sem þar eru og þar hafi þróast vitmunaverur sem hafi lagt í geimferðir. Tilgátan gerir semsagt ráð fyrir að lífið á jörðinni sé ekki sjálfsprottið heldur aðkomið með geimverusaur úr óravíddum geimsins.

Sé þetta rétt þurfum við að endurskoða sköpunarsöguna verulega, hvort sem hún byggist á vísindum eða trú. Líklega erum við eftir allt saman bara seyra úr geimnum. *Gleðileg jól, VH*

HLUNNINDI & VEIÐI

Ísland – Noregur

Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com



Eftir frækilega frammistöðu íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu á EM í Frakklandi sumarið 2016 kepptist heimspressan við að lýsa undrun og aðáun á dugnaði og eljusemi þessarar dvergþjóðar á hjara veraldar. Jafnvel helsta sjávarútvegsblað Noregs, Fiskeribladet/Fiskaren, hreifst með og lagði forsiðu sína undir íslensku sigurförina.

Og ekki nóg með það, heldur fékk blaðið sérfræðing á norsku rannsóknastofnuninni Nofima (sem er hliðstæð stofnun og Matis á Íslandi) til þess að útskýra hvers vegna Íslendingum gengi svona vel á svo mörgum sviðum, í sumum tilvikum betur en Norðmönnum, eins og til dæmis í sjávarútvegi. Svárið birtist stórum stöfum á forsiðunni: Áhættuvilji, þol, hugrekki, stolt (sjá meðfylgjandi forsiðumynd).

Gerum meiri verðmæti úr hráefninu

Öllum þykir hólið gott, ekki sist ef það kemur að utan, en hollt er þó að taka ummælum um yfirburði íslenska kynstofsins með fyrirvara. Nægir þar að minnast heimatilbúinna yfirlýsinga um yfirburðargetu íslenskra fjármálamanna áður en allt hrundi.

Að þessu sögðu er það þó óumdeilt, bæði í Noregi og á Íslandi, að Íslendingar geri meiri verðmæti en Norðmenn úr hverju kíló af botnfiski sem dregið er úr sjó. Skýringin liggur að mestu leyti í mismunandi skipulagi veiða og vinnslu í löndunum tveimur.

Veidar og vinnsla aðskilin í Noregi

Grundvallarreglan í Noregi er sú að veiðar og vinnsla skuli vera aðskilin. Það þýðir til dæmis að eigendur fiskibátanna keppast við að veiða þorsinn þegar auðveldast er að ná í hann, það er að segja á



Þótt Norðmenn séu tvöfalt stærri fiskveiðipjóð en Íslendingar miðast umgjörð sjávarútvegsins í Noregi fyrst og fremst við það styðja við byggð í Norður-Noregi.

– Jeg vil ikke si at jeg blir gammel, jeg modnes Side 14

Fiskeribladet Fiskaren

Dramatisk for «Svanfjell» da aggregatet løsnet Side 6

Hva betyr Brexit for norsk sjømat? Side 4-5

ONSDAG 23. desember 2017

Leder: Vi håper på et nytt islandsk skippertak

Forsker om islandsk suksess i sjømat og på fotballbanen:

- Risikovilje
- Stayerevne
- Pågangsmot
- Stolthet

Nofima-forsker Bent Dreyer forklarer hvorfor islingene lykkes på så mange områder. Side 10–11

KOMMENTAR

Olve Arve Misund og Livar Freyland

Hvordan utformes et slaktehus for insekter?

vetrarvertiðinni þegar hann gengur úr Barentshafinu til hrygningar upp að norsku ströndinni. Þannig hrúgast 80–90% þorsksins á land á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Fiskimönnunum er tryggt umsamið lágmarksverð fyrir fiskinn sem gerir það að verkum að hvatning til þess að skila hráefninu í sem mestum gæðum er í lágmarki.

Það segir sig sjálfst að þetta verklag veldur fiskvinnslunni í landi miklum erfiðleikum. Alltof mikið

framboð á fiski af mismunandi gæðum á stuttum tíma framan af ári getur leitt til söluerfiðleika og verðlækkunar en of lítil veiði það sem eftir er ársins gerir það að verkum að ekki er hægt að þjóna markaðnum á þann hátt sem hann kys.

Samvinna veiða, vinnslu og markaða

Á Íslandi á hinn bóginn er mikil samvinna milli veiða, vinnslu og markaða sem leiðir til herra verðs fyrir afurðirnar. Fiskiskipin eru að stærstum hluta í eigu sömu aðila og fiskvinnslustöðvarnar. Sjálfstæðir bátaeigendur sem selja gjarnan á fiskmörkuðum haga veiðum sínum að töluverðu leyti eftir því hvenær verðið er hæst.

Í erindi sem Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, flutti á síðasta ári kom fram að verðmæti á hvert kvótakiló þorsks frá Íslandi á árinu 2014 hafi verið 20 norskar krónur en frá Noregi 15 norskar krónur. Sem sagt, Íslendingar gera þriðjung meiri verðmæti úr hverju veiddu kíló en Norðmenn. Að sögn Þorsteins Márs er stóri munurinn sá að aðeins tæp 20% af þorskaforðum frá Íslandi eru litið unnin vara en hlutfallið í Noregi er 90%.

Fiskur fluttur óunninn úr landi

Fiskvinnsla í Noregi byggist að

verulegu leyti á heilfrystingu úti á sjó og vinnslu á saltfiski og skreið í landi. Stór hluti þorskaflans er fluttur ferskur eða frosinn úr landi og unninn erlendis, svo sem í Portúgal, Danmörku og Kína. Flakavinnsla í Noregi hefur verið lítil. Íslendingar hafa aftur á móti lagt aukna áherslu á vinnslu í landi. Útflutningur á ferskum afurðum, sem gefa jafnan mestan arð, fer vaxandi. Er nú svo komið að hlutur ferskra afurða í útflutningsverðmæti þorsks frá Íslandi er tæp 40% en var 12% árið 2000.

Sendinefndir til Íslands

Framámönnum í norsku sjávarútvegi eru þessar staðreyndir fullljósar. Á hverju ári koma sendinefndir skipaðar fulltrúum hagsmunaaðila, stjórnmalamanna og rannsóknamanna frá Noregi til Íslands til þess að kynna sér hvernig staðið sé að málum hér. Samt breytist tiltölulega lítið. Ástæðan er sú að það hentar norska bátaflotanum vel að fiska megnið af þorskvóta sínum á vetrarvertiðinni þegar auðveldast er að veiða fiskinn uppi við ströndina.

Ólíkar aðstæður

Bátaútgerðarmennirnir benda á að aðstæður til þorsveiða við Noreg séu

frábrugðnar aðstæðum við Ísland. Eftir að þorskurinn hafi lokið hrygningu við Noregsstrendur snúi hann aftur norður í Barentshaf þar sem langt sé að sækja hann en þorskurinn við Ísland haldi sig í námunda við landið árið um kring.

Flaira kemur einnig til. Norskir fiskimenn eru vanir því að taka rösklega á því á vertiðinni og eiga síðan náðugri daga það sem eftir er ársins. Erfitt er að breyta slíkum venjum. Þá má nefna að norska fiskveiðistjórnunarkerfið er miklu ósveigjanlegra en hið íslenska. Kvótaleiga er óheimil og miklar hömlur eru á sameiningu veiðiheimilda. Bátarnir eiga því óhægt um vik að framlengja úthaldið svo það nái árið um kring.

Byggðastefna

Þótt Norðmenn séu tvöfalt stærri fiskveiðipjóð en Íslendingar miðast umgjörð sjávarútvegsins í Noregi fyrst og fremst við það að styðja við byggð í Norður-Noregi. Á Íslandi hefur sjávarútvegurinn aftur á móti verið ein mikilvægasta stoð efnahagslífsins og sú skoðun ríkjandi að vart sé annað í boði en að reka hann á eins hagkvæman hátt og kostur er.

Menn geta svo velt fyrir sér hvort þeir mannkostir sem Íslendingum voru eignaðir á forsiðu Fiskeribladet/Fiskaren og getið var um hér að framan hafi eitthvað með velgengi íslensks sjávarútvegs að gera.



Bændablaðið

Óskum lesendum okkar til sjávar og sveita gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári
Þökkum frábær samskipti á liðnum árum



Einfaldur og stílhreinn



Vönduð íslensk framleiðsla síðan 1959. Stáliðjan er gamalgríð íslenskt fyrirtæki sem framleiðir vandaða vöru fyrir heimilið og vinnustaðinn.

Verð 27.900 kr.
Fjölbreytt litaúrval.



STÁLIÐJAN
Stálhúsgögn og alhliða stálsmiði

Stáliðjan ehf - Smiðjuvegi 5, 200 Kópavogi - Sími 564 5885 - www.stalidjan.is

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum



Pær eru léttar og auðveldar í notkun.

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf

Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Næsta blað kemur út

11. janúar 2018

NJARÐARNES 4



**STEINSMIÐJA
AKUREYRAR**
MINNISMERKI.IS

NJARÐARNES 4

252

br 60 x h 50 frá sökkli



sökkull 80x35x10

Svartur - 185 þúsund með grafskrift

103

76x55 cm frá sökkli



120 cm sökkull

Svartur - 240 þúsund með grafskrift

252

br 60 x h 50 frá sökkli



Sökkull 80x35x10

Grár - 159 þúsund með grafskrift

111

41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull

Svartur - 145 þúsund með grafskrift

113

41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull

Svartur - 145 þúsund með grafskrift

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is

Landsmót hestamanna á félagssvæði Fáks í Viðidal næsta sumar:

Góðar viðtökur við forsölutilboði sem lýkur á gamlársgang

„Miðasalan fer mjög vel af stað,“ segir Áskell Heiðar Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Landsmóts hestamanna, sem fram fer á félagssvæði Fáks í Viðidal í Reykjavík á komandi sumri.

Gert er ráð fyrir að 10 til 12 þúsund gestir sækji mótið, en það stendur yfir í viku, frá 1. til 8. júlí. Forsala miða á Landsmót stendur út desembermánuð. Verð á vikupassa í forsölu fyrir fullorðna er 15.900 krónur og eru 3.500 miðar boðnir á því verði. Fullt verð á vikupassa við upphaf móts verður 23.500 krónur.

Sprenging í sölu á gamlársgang

Áskell Heiðar segir þessar þegar vart að mikill áhugi sé fyrir mótinu

og einkum megi merkja aukinn áhuga útlendinga sem þegar hafa í nokkrum mæli fest kaup á miðum.

„Sala til útlendinga er hlutfallslega meiri nú en við höfum áður séð,“ segir hann. „Það eru fjölmargir sem ætla sér á Landsmótið og eru því ekki neitt að bíða með miðakaupin, enda verðið hagstætt nú fram til áramóta. Það er vaxandi þungi í sölnni og greinilegt að eitthvað verður um að miði á mótið rati í jólapakka hestamanna,“ segir hann. Slíkt var einnig upp á teningnum fyrir tveimur árum, fyrir Landsmótið á Hólum, en þá varð algjör sprengja í sölu miða síðasta daginn sem tilboðið var, á gamlársgang.

Þórdís Anna mótsstjóri

Áskell Heiðar segir undirbúning ganga að óskum. Þórdís Anna Gylfadóttir hefur verið ráðin mótsstjóri og er þetta fjórða mótið sem hún tekur þátt í að undirbúa og framkvæma. Þessa dagana er verið að hnýta síðustu hnútana í samningum við styrktaraðila, auk þess sem skipulag ýmissa þátta viðburðarinnar er komið á fullt. Auglýst hefur verið eftir áhugasömum veitingasölum, en stefnt er að því að bjóða fjölbreytt framboð af mat á mótssvæðinu og þá hefur einnig verið auglýst eftir fyrirtækjum og einstaklingum sem vilja

selja varning og þjónustu á mótinu.


Drög að dagskrá mótsins liggja fyrir inni á vef mótsins, landsmot.is, en börn og ungmenni verða í öndvegi fyrsta dag þess. Mótssvæðið sjálft er glæsilegt, en m.a. hefur ný áhorfendabrekka verið gerð við aðalvöllinn og kynbótavöllur hefur verið færður nær áhorfendum og betrubættur. Síðast var Landsmót haldið á Fákssvæðinu árið 2012.

Beint í æð frá Rússlandi

Þó svo að hestar og knapar verði í aðalhlutverki á Landsmóti hittist svo á að karlalandsliði Íslands í

knattspyrnu tekur á sama tíma þátt í HM í Rússlandi og segir Áskell Heiðar að svo verði búið um hnúta að knattspyrnuunndur muni ekki missa af neinu. „Við munum útbúa fyrsta flokks aðstöðu á mótssvæðinu þannig að okkar gestir njóta beinnar útsendingar á risaskjá, við lofum svo auðvitað góðri stemningu,“ segir hann.

„Við finnum fyrir miklum spenningsviðmótinu, Fákur, sem nú heldur mótið, er fjölmennt félag og þar ætla allir að leggjast á eitt að halda frábert Landsmót og taka vel á móti gestum. Ég veit að hestakosturinn verður glæsilegur og er því sannfærður um að þetta verður hin besta skemmtun,“ segir Áskell Heiðar. /MPP



Áskell Heiðar Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Landsmóts hestamanna 2018. Mynd / MPP

Landsmót hestamanna í Viðidal í Reykjavík 2012. Mynd / HKR.

Ferðalag með Feng – 1. hluti



Á næsta ári eru 27 ár liðin frá því að tölvukerfið Fengur var tekið í þjónustu hrossaræktar á Íslandi.

Tölvukerfið Fengur var loka-verkefni þriggja útskriftarnema frá Tölvuháskóla Íslands (forveri Háskóla Íslands) í kerfisfræði. Einn þeirra var undirritaður, sem var síðan ráðinn til Búnaðarfélags Íslands sem forstöðumaður tölvudeildar félagsins í maí 1991. Í þessum greinaflokki verður farið yfir helstu þætti í sögu Fengs; frá Feng til WorldFengs.

Fyrir tíma Fengs

Fengur var fyrsta skýrsluhaldskerfi í hrossarækt, en skipulagt skýrsluhald í hrossarækt hafði verið tekið upp skömmu fyrr. Fyrir tíma Fengs árið 1991 voru aðeins um 9 þúsund hross skráð í gagnagrunn, sem voru hross sem höfðu komist í ættbók, og voru notuð við útreikning á kynbótamati (BLUP), sem var reiknað í fyrsta skipti með aðferðum dr. Þorvaldar Árnasonar nokkrum árum fyrr.

Kynbótamatið var umdeilt í upphafi ásamt ýmsu öðrum framfarumálum sem þáverandi landsráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt, Kristinn Hugason, tók ákvörðun um og hrinti í framkvæmt. Þannig var ákvörðun um að taka upp einkvæmt fæðingarnúmer og að leggja niður eldra ættbókarnúmerakerfi gagnrýnt



Kaflaskil urðu í málefnum hrossaræktar í tíð Jónasar Jónssonar, búnaðarmálastjóra 1980–1995.

af mörgum sem fannst hér heldur langt gengið í kerfisbreytingum.

Kaflaskil


Óhætt er að segja að ákveðin kaflaskil hafi orðið á þessum árum í tíð Jónasar Jónssonar, búnaðarmálastjóra, þar sem lagður var traustari grunnur í ræktunarmálum íslenska hestsins m.a. með útgáfu árbókar um hrossaræktina, Hrossaræktarritinu, í ritstjórn Kristins Hugasonar. Í ritinu kom fram yfirlit yfir árangur í hrossarækt á Íslandi og ætterni þeirra í ættbók, eins langt aftur í ættir og unnt var að rekja. Jafnframt hófst skráning á kynbótasýningum um

kynbótamatstöflur með hæstu kynbótahrossum og frjósemishlutfall stóðhesta. Við samningu þessa hluta ritsins var tölvukerfið Fengur notaður, sem vann efnið með sjálfvirkum hætti í formi gangaskrár upp í hendurnar á prentsmiðjunni.

Árið 1991 þegar Fengur var að hefja göngu sína þá er rétt að hafa þetta í huga, ásamt því að ekkert samræmt ættbókarkerfi var til fyrir íslenska hestinn, hvorki hér á landi né erlendis þar sem íslenski hesturinn var ræktaður. Sömu leiðis voru ekki til staðar staðlaðar reglur um kynbótadóma í aðildarlöndum FEIF, alþjóðasamtökum eigenda íslenska hestsins, ekkert sameiginlegt tölvukerfi fyrir kynbótasýningar, né samstarf eða samræming í ræktunarmálum íslenska hestsins á alþjóðavísu. Og auðvitað var ekki til alþjóðlegur gagnagrunnur fyrir íslenska hestinn né alþjóðlegt kynbótamat.

Fengur hefur göngu sína

Tölvukerfið Fengur var strax tekið í notkun hjá Búnaðarfélagi Íslands í maí 1991, en eins og áður sagði var um að ræða loka-verkefni kerfisfræðinema frá Tölvuháskóla Íslands. Þá hófst skipuleg skráning á öllum hrossum á Íslandi og ætterni þeirra í ættbók, eins langt aftur í ættir og unnt var að rekja. Jafnframt hófst skráning á kynbótasýningum um



Á ráðunautafundi árið 1992 fluttum við Kristinn Hugason erindi um Fengskerfið og skýrsluhald í hrossarækt, þar sem við m.a. létum teikna myndaseríu sem sýndi hvernig stóðbóndi breyttist í faglegan hrossaræktanda!

allt land ári síðar inn í miðlægan gagnagrunn Fengs. Þetta var fyrir tíma Internetsins og því var notast við miðlara/biðlara tækni með símasambandi og mótöldum. Það gat tekið á þegar símasamband var lélegt að ná að skrá alla kynbótadóma, og tók það stundum langt fram á nótt að ljúka þeirri skráningu með farsælum hætti. En það var þess virði, því með þessu móti var tryggt að allir kynbótadómar væru komnir í örugga höfn og rétt skráðir í miðlægum gagnagrunni Fengs í Bændahöllinni.

Áður voru til dæmi um að heilu kynbótasýningarnar hafi farið á flakk í einkatölvum skipuleggjenda sýninga sem tafði yfirferð dóma og skapandi hættu á að gögn glötuðust. Í næsta hluta verður sagt frá hinum ýmsu útgáfum af Feng í þessi 27 ár og farið yfir undirbúning að smíði alþjóðakerfisins WorldFengs, upprunaættbókar íslenska hestsins.

Jón Baldur Lorange, verkefnisstjóri WorldFengs verkefnisins



LANDSMÓT HESTAMANNA REYKJAVÍK 1.7–8.7 2018

FORSALA
TIL ÁRAMÓTA
AÐEINS 3.500 MÍÐAR

VIKUPASSI
15.990 KR.

VERTU MEÐ FRÁ BYRJUN!



#landsmot2018 • www.landsmot.is
facebook.com/landsmothestamanna



MÓDULAR

Einföld lausn í húsbyggingum

Við hjá Modulus bjóðum upp á lausn sem felst í byggingu með módulum. Módular eru fullbúin hús með innréttingum og öllu öðru inniföldu. Það eina sem þarf er undirstaða, vatn og rafmagn.

Við bjóðum uppá tvær staðlaðar tegundir húsa og getum einnig framleitt eftir óskum hvers og eins.

Módular eru hágæða byggingar sem spara bæði tíma og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar

620-1100 | modulus@modulus.is | www.modulus.is





Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA á Íslandi, telur verðlag á mat á vegasjoppum og veitingastöðum oft og tíðum allt of hátt og ekki í takt við kostnað, gæði eða þjónustu. Myndir / HKr.

Framkvæmdastjóri IKEA á Íslandi hefur hugmyndir um hvernig hægt er að nýta betur lamb, kjúklinga og kalkúna:

Maturinn á ekki að kosta hvítuna úr augunum eða fyllingar úr tönnum

– IKEA hrindir í framkvæmd áhugaverðum hugmyndum í matargerð og hagnast vel

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA á Íslandi, segir að fyrirtækið reyni að vera sér sjálfbjarga með flesta hluti, meira að segja með snjómoksturinn á bílastæðunum. Rekstur veitingastaðarins í IKEA hefur vakið athygli margra, ekki síst fyrir lága verðlagningu og athyglisverðar tilraunir við að halda í gamlar íslenskar matarhefðir með frábærum árangri.

Hann er Norðlendingur að uppruna og bakaraméistari að mennt. Áður en hann réð sig til IKEA hafði hann rekið Domino's Pizzu í 13 ár. Í starfi sínu hjá IKEA hefur hann vakið mikla athygli fyrir að halda niðri verðlagi í sínu fyrirtæki og á sama tíma skammað kollega sína í verslun og þjónustu óspart fyrir það sem hann telur allt of háa verðlagningu.

Ekki virðast orð hans alveg innistæðulaus ef marka má rekstrartölur IKEA á Íslandi. Fyrirtækið skilaði rekstrarhagnaði á síðasta rekstrarári upp á 1.200 milljónir króna, sem er 24% aukning á milli ára. Veitingasala fyrirtækisins hefur líka verið á mikilli uppleið og hagnast vel þrátt fyrir hóflega verðlagningu. Það dregur um leið sífellt fleiri viðskiptavinum inn í verslunina.

Mikil útsjónarsemi stjórnenda veitingastaðarins á nýtingu á skrokkhlutum og öðrum



Hér að ofan er Philly Cheese Steak eða Philly Steak Sandwiches, sem er upprunnin í Filadelfíu í Bandaríkjunum, en IKEA á Íslandi gerði tilraun með að bjóða slíkt á sínum matsæðli síðastliðið sumar. Þar hét þetta „Lambaloka“ eins og sést hér til hliðar. Innihaldið var sérmeðhöndlað snöggsteikt kjöt af íslenskum lambaframpörtum og sló rækilega í gegn. Þetta ætlar Þórarinn og hans fólk að koma með af enn meiri krafti á nýju ári í stað hefðbundinnar nautaloku. Þar ætlar IKEA m.a. að hefja lambaframpartinn til vegs og virðingar.

landbúnaðarafurðum hefur líka vakið athygli. Það eru verið að nýta matvöru sem að jafnaði eru ekki taldar bestu bitarnir. Bændablaðinu lék forvitni á að vita meira um þetta. Þórarinn býr sjálfur yfir mikilli hugmyndaauði um hvernig hægt er að auka veg íslenskra landbúnaðarafurða til mikilla muna. Það sem meira er, hann lætur

ekki hugmyndasmíðina eina duga, heldur er hann líka ófeiminn við að gera tilraunir og hrinda þeim í framkvæmd.

Það er umhverfislega rangt að flytja matvöru um langan veg

– Er það stefna fyrirtækisins að nota íslenskar kjötafurðir framfar öðru?

„Já, eins mikið og ég get. Það er kannski að hluta af þjóðernissinnuðum ástæðum því ég tel að við eigum að velja íslenskt umfram innflutt ef þess er nokkur kostur. Það er líka þannig að ef maður ætlar sér virkilega að reyna að gera eitthvað af viti í umhverfismálum, þá þarf að minnka flutning á matvælum. Það að flytja lax frá Noregi til Íslands er ekkert annað en geðveiki. Sama má segja um að flytja frosið brauð á milli landa sem gert er í stórum stíl, þótt margir heilðsalar verði örugglega fúlir yfir að heyra mig segja það. Það er bara rangt að gera þetta.“

Við komumst þó ekki hjá að flytja sumar vörur inn sem ekki eru framleiddar hér. Við fáum til dæmis ekki íslenskar tígrískjúr og svo framvegis, en það er samt margt sem ætti ekki að vera að flytja milli landa.

Frá umhverfissjóarmiðinu er þetta mjög skýrt; Því minni flutningur því grænni er varan. Það kostar gríðarlega mikinn kolefnisútblástur að flytja vörur milli borga og bæja úti í Evrópu og svo þaðan í frystigámi með skipum til Íslands. Síðan að geyma vöruna í frystigámum hér heima kostar mikla orku. Umhverfislega er í þessu mikill kostnaður fyrir utan peningakostnað.“

Mikið hagræði fylgdi í nálægð við framleiðendur

„Svo er það bara þannig að mikið hagræði getur skapast af nálægð við framleiðendur, m.a. hvað varðar vörubrúun. Ef maður kaupir vörurnar í útlöndum, þá hefur maður engin áhrif á þróun þeirrar vöru. Þú færð bara það sem í boði er. Á veitingastaðnum okkar erum við að kaupa inn mikið af svínakjöti, kjúklingakjöti, nautakjöti, lambakjöti og öðru. Þá hef ég tækifæri til að tala beint við framleiðendur eins og

Móa eða Reykjaragð og segja t.d. að ég vilji fá aðeins meira krydd á kjúklingavængina eða að bara sé notuð mín kryddblanda. Það er þá bara gert. Þetta er útilokað að gera ef ég ætlaði að reyna að fara fram á það sama við erlendan birgja. Ef slíkt næðist þó fram krefðist það allavega margra mánaða ef ekki margra ára undirbúningsvinnu.“

Sérstaðan skiptir máli

„Ég legg svoltið upp úr því að við séum með sérstöðu á okkar veitingastað. Við séum ekki alveg að bjóða upp á það sama og allir hinir. Við erum því t.d. að láta sérkrydda fyrir okkur þótt við séum kannski hvorki betri né verri en allir hinir. Þarna skiptir nálægð við birgja miklu máli.“

Vegna stærðar okkar þá hafa sölumenn afurðastöðva verið að koma til okkar og bjóða fram vörur sem erfitt er annars að selja. Þannig var það t.d. með lambaskankana.

Þegar við byrjuðum að selja lambaskanka hjá okkur fyrir einum sex eða sjó árum, þá var þetta vandræðavara í sláturhúsunum. Þeir voru því sagðir niður í súpukjöt. Þá byrjuðum við að selja hér grillaða hægeldaða skanka sem slógu algjörlega í gegn. Þannig komum við þessari vöru á kortið hjá fólkum sem áður vissi eiginlega ekki hvað þetta var.

Í dag eru lambaskankar seldir í öllum stórmörkuðum og við erum í vandræðum með að fá skanka. Verðmæti skankanna sem enginn vildi áður sjá hefur því aukist verulega og um þá er nú slegist.“

Landbúnaðurinn ofurseldur fastheldni neytenda

„Í sjálfu sér er landbúnaðurinn á

Íslandi svolítið ofurseldur því hvað við erum föst í hefðum. Ég get nefnt kjúklingabringur í því sambandi sem að mínu mati er sísti bitinn af kjúklingnum. Kjúklingabringur hafa hins vegar náð þeim sess að vera tískudæmi, þó þær séu í raun þurrar og óspennandi. Á meðan erum við með frábær kjúklingalæri sem fáir vilja sjá.

Sama á við um lambið. Fólk vill hrygg, læri, lamba-prime þótt fullt sé af öðum mjög finum bitum. Ég held að það sé mikil tækifæri í að vinna með slíka bita.

Maður hefur verið að heyra það á meðan það vantar læri og hryggi þá sé allt of mikið til af frampörtum. Ég held að það sé hægt að vinna í þessu og snúa málinu við.

Hægeldaður frampartur er veislusteik

„Ég tel að það sé hægt að nýta frampartinn einan og sér sem veislusteik ef hann er hæg- e l d a ð u r . Þ a n n i g s é r maður þetta gert í útöndum. Þannig hefur Jamie Oliver verið að elda það sem nefnt er lambaðxl sem er bara frampartur með bóg. Þetta er frábær matur. Í sjónvarpsþáttum sem heita „Saving with Jamie“, er hann að taka bita af lambi og öðru sem ódýrastir eru í kjötbörðinu. Þetta er það sama og maður sér viðtömsku innflytjendurna kaupa hér í verslunum og eru oft bestu bitarnir. Þetta eru gjarnan bitar með stóru beini sem skilar miklum krafti við eldun. Þeir gefa sér tíma í að elda þetta og fá frábæran mat fyrir lítinn pening.

Ég hef sjálfur verið í tilraunamennsku með að elda heima úr lambaframparti og hæggrilla hann í ofni í fjóra til fimm klukkutíma. Þetta er jafngott eða betra en nokkuð annað kjöt sem þú færð af lambinu, en er samt það allra ódýrasta og biti sem sláturhúsin eru í vandræðum með.“

Klassískri nautaloku skipt út fyrir gómsæta lambaloku

„Hér á veitingastaðnum erum við alltaf með rétti mánaðarins. Þar höfum við í nokkur ár verið með klassiska nautaloku. Í henni er þunnskorið nautakjöt að amerískum hætti, steikt með lauk og sveppum sem sett er í langlokubrauð og borðað með bernaissósu eða öðru.

Veitingastjórinn minn stakk upp á því að við myndum prófa lambaloku núna í sumar. Mér leist ekkert á þetta og var fyrirfram með þá fordóma að þetta yrði þurr og leiðinlegt kjöt. Hann sannfærði mig þó um að prófa þetta. Það var tekinn frampartur, finskorinn, og látinn liggja í marineringu og síðan var hann snöggsteiktur og borinn fram líkt og nautalokan. Niðurstaðan var að þetta var miklu betra en nautakjötið.“

Seldu 17 þúsund skammta á einum mánuði

„Ég hefði aldrei trúað að þetta gæti verið svona gott. Við buðum þetta síðan á veitingastaðnum og seldum um 17 þúsund skammta, eða rúmlega 500 á dag þennan mánuð sem við vorum með þetta á boðstólum. Þetta




Ingólfur Pétursson, kjötiðnaðarmaður og veitingastjóri IKEA, og Þórarinn framkvæmdastjóri við matseðla dagsins.

Hér til vinstri er reykstur lambaskanki sem hefur slegið í gegn fyrir jólin.

kalkúnaleggi og læri sem ekki hefur verið auðvelt að selja Íslendingum. Þórarinn segir að þetta sé þó miklu betri matur en bringurnar sem mikið hefur verið selt af.

„Við erum að gera tilraun með það núna að kaupa kalkúnalæri sem framleiðendur sitja annars uppi með. Það er með kalkúnalærin að í þeim er mun safaríkara kjöt og með puru. Ef þetta gengur vel, þá ætlum við að breyta þessu hjá okkur á næsta ári og bjóða upp á kalkúnalæri í stað kalkúnabringu. Lærin eru væntanlega umtalsvert ódýrari í innkaupum en bringurnar og minni vandamál við að matreiða þau. Það þýðir að ég get lækkað verðið á kalkúnaréttinum til viðskiptavina. Þetta yrði þá ávinningur fyrir alla. Bæði er það synd og skömm ef framleiðendur sitja uppi með kalkúnalæri í miklu magni og um leið fá okkar viðskiptavinir fína kalkúnarétti á lægra verði.“



Miðað við skurð á naut að hætti Frakka, er rump steik, úr þeim bita skrokksins sem kallaður er „culotte.“

Við erum alltaf opin fyrir að prófa eitthvað nýtt

„Við höfum nægan tíma til að elda þetta og getum hægeldað hér í forritanlegum ofnum á nóttunni. Besti bitinn á nautinu er það sem, kallað er rump steik.“ - Þar á hann við aftasta bakhlutann á nautinu eins og Frakkar skilgreina það, eða „culotte,“ sem þýðir buxur. Rump steik getur líka haft aðra merkingu yfir aðra kjöthluta í öðrum löndum, eins og Sirloin hjá Bretum og porterhouse hjá Bandaríkjamönnum.

var yfir hásumarið sem er yfirleitt lélegasti árstíminn á veitingastaðnum.

Af því að við erum komnir með þó nokkuð mikla reynslu í að gera góða rétti úr frekar óvenjulegu hráefni, þá ætlum við að gera miklu meira í þessu á næsta ári.“

Hugmyndin er m.a. að kynna þessa afurð á stórum fundi um íslensk matvæli sem haldinn verður í íþróttahúsinu á Hellu á þrettándanum, laugardaginn 6. janúar næstkomandi.

Lambakjötsfjall heyrði sögunni til

„Ég er alveg handviss um að ef N1 byði t.d. upp á svona lambaloku á veitingastaðnum sínum hringinn í kringum landið í stað þessara hefðbundna nautahamborgara, þá yrði ekki lengur talað hér um eitthvert lambakjötsfjall ár eftir ár.

Útlendingar eru ekki að koma til Íslands til að borða nautakjöt, sér í lagi Amerikanar. Þeir eru ekki að koma hingað sérstaklega til að borða hamborgara. Ef það væri ofar á matseðlinum, vel sýnilegt undir heitinu „Lamb sandwich“ fyrir útlendingana og rétt verðlagt, myndi þetta mokast út. Í þessu er þunnskorið lamb snöggsteikt á pönnu með sveppum og lauk sem er mun einfaldara að elda en hamborgara. Í Ameríku er þetta kallað Philly Cheese Steak sem upprunnin er í Filadelfíu eða Philly Steak Sandwiches.“

Kalkúnalæri í stað kalkúnabringu og verðið lækkar

Á veitingastað IKEA í Garðabæ hafa menn líka verið að gera tilraunir með



Kalkúnalæri IKEA.

„Að öllu venjulegu er þetta ólseigt og gróft líkt og kjöt af gömlu hrossi. Ef maður hefur hins vegar tíma til að elda þetta verður úr þessu frábær matur. Ef ég fengi öllu að ráða myndi ég líka skoða hrossakjötið,“ segir Þórarinn. „Við erum alltaf opin fyrir að prófa eitthvað nýtt.“

Sláandi hvað rukkað er mikið fyrir ómerkilegan sjoppumat

Varðandi verðlagninguna á íslenskum veitingastaðum og í ferðaþjónustu segist Þórarinn alltaf vera jafn hissa. Nú sé eitthvað að hægjast á aukningu í komu ferðamanna og menn gráti helst og kenni um hugmyndum um að hækka virðisaukaskatt eða gistináttagjald. Gistináttagjaldið sé þó hrein skiptimynt í kostnaði ferðamanna miðað við hvað fólk þarf að borga fyrir mat.

„Þar er verðlagið allt of hátt. Það er sláandi hvað verið er að rukka menn fyrir jafnvel einhvern ómerkilegan sjoppumat. Þegar ég fer í Krónuna eða Bónus er fullt af ferðafólki sem er þar að versla sér í matinn til að hafa með á ferðalögum sínum hringinn í kringum landið. Þetta hefur aukist gríðarlega mikið. Ég get nefnt sitt í stað þessa að nýta minni Á Siglufjörð á dögnum voru einir sjö eða átta „happy campers“ bílar búnir að leggja á stæði við Þórðarhöfða. Þar voru þeir að elda nestið sitt í stað þess að nýta sér vegasjoppur og veitingastaði í nágrenninu. Þessir staðir eru að missa gríðarmikil viðskipti bara út af verðlagningunni. Fólk er ekki fífl. Það sér kannski pylsu eða hamburgara á gríðarlega háu verði og auðvitað sniðgengur það slíka staði. Ég held að þegar upp sé staðið þá séu þessir staðir að tapa verulega miklu á hári verðlagningu.“

Útlendingum ofbýður verðlagið á matsölustöðum

Ég hef auglýst í tvö eða þrjú ár í blöðum sem eru um borð í flugvélunum sem koma til landsins. Þar auglýsi ég bara veitingastaðinn okkar og að þar sé hægt að fá ódýrustu máltíðir sem völ er á og við það get ég staðið. Hér er allt orðið smekktullt af útlendingum sem eru að fá sér að borða. Þetta er ekki bara

- Framhald á næstu síðu

TRYGG SNJÓKEDJUR

Nøsted Kjetting as

Vertu viðbúinn vetrinum

LÉTTAR – STERKAR – TRAUSTAR

Hafðu samband og kynntu þér vöruvalið og þjónustuna

ÍSFELL

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

FÓLK & FYRIRTÆKI

miðstéttarfolk frá Bandaríkjunum sem er með hörku tekjur. Því er ofboðið að borga kannski 20 dollara fyrir einhvern ómerkilegan hamburgara sem kostar 4–5 dollara í Bandaríkjunum. Þetta fólk lætur bara ekki bjóða sér þetta.

Staðan hefur bara verið að versna. Með slíkri framgöngu er verið að skemma fyrir samfélaginu í heild. Við sjáum þetta vel hjá okkur. Við höfum verið mjög passasöm með verðlagningu og haldið aftur af hækkunum og það skilar sér margfalt til baka. Sumir halda að við séum að borga með þessum veitingastað, en það er stórkostlegur misskilningur. Það er mjög góð afkoma af honum. Við náum þessu inn á magninu sem við seljum. Það væri ekki hægt ef við værum í einhverju rugli með háa verðlagningu.

Ekki alltaf vinsæll meðal kolleganna

„Ég veit að ég er langt frá því að vera vinsæll meðal kollega minna. Það er fullt af mönnum sem hugsa mér þegjandi þörfina. Ég er samt gapandi hissa á að það hafi enginn annar stokkið á þennan sama yagn og bjóði mat á skaplegu verði. Ég sit bara einn að þessum markaði og það finnst mér svolítið sérstakt.“

Ég veit það líka að margir af þessum stöðum gætu gert miklu, miklu betur með lægri verðlagningu. Það kæmi allt til baka og myndi um leið skapa mun meira líf í kringum sig og aukna veltu. Ég hef samt ekkert á móti því að menn rukki vel fyrir góða vöru og góða þjónustu.“

Lágt matarverð laðar fólk að IKEA

Þórarinn nefnir því til staðfestingar að veitingastaðurinn hjá IKEA á Íslandi skilar um 15% hlutdeild í heildarveltu fyrirtækisins. Erlendis eru veitingastaðir í IKEA keðjunni mest að skila 3–5% af veltunni. Meðan aðsókn að svona stórverslunum er að dragast saman úti um allan heim vegna aukinnar sölu á netinu hefur aðsóknin stóraukist að IKEA á Íslandi. Það þakkar Þórarinn m.a. velgengni veitingastaðarins. Þar er líka á boðstólum langgóðyrasta áfengi sem þekktist á veitingastað á Íslandi þó ekki sé sérstaklega gert út á það.

„Við viljum bara að fólk geti fengið sér góðan bjór með matnum undir 400 krónum ef það langar í bjór. Það er sama vinna fyrir mig og sami launakostnaður að selja þennan bjór og gosflösku. Af hverju ætti ég þá að leggja meira á við að selja bjórinn. Þetta er samt alls ekki fylliriststaður. Menn segja á móti að ég geti gert þetta af því að það komi svo margir gestir. Þá spyr ég, hvort kom á undan hænna eða eggid? Gæti ekki verið að það komi svo margir gestir af því að maturinn er ódýr?“

Seldu 70 þúsund kótilettur

Þórarinn nefnir líka að áhuginn fyrir matarvenjum fortíðarinnar verði stöðugt meiri. IKEA hafi fylgt þessum áhuga eftir. Skýrasta dæmið var þegar IKEA bauð hér í efnahagshruninu sem frægt varð, saltkjöt og baunir á tókall.

„Það fór reyndar út í tóma vitleysu þannig að við urðum að hætta því. Við skynjuðum það þarna með þessa baunasúpu og saltkjöt hvað fólk fannst gott að komast aftur í mat sem það hafði borðað sem börn. Þetta vatt því upp á sig og við höfum verið að bjóða upp á ýmsa slíka rétti eins kótilettur. Við vorum með kótilettur í raspi nú í september á tilboði og við seldum rétt tæplega 70 þúsund stykki. Þetta var ótrúlega vinsælt. Fyrir jólin erum við með hangirúllu og hangikjöt á beini á matsæðlinum með grænum ORA baunum og kartöflumús, þetta er sælkeramatur. Í byrjun á nýju ári ætlum við svo að vera með enn einn þjóðlegan rétt sem fólk bókstaflega elskar. Það er



Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA á Íslandi, segir að með opnun á bakariinu hafi verið ætlunin að auka upplifun gestanna sem geti fylgst með öllu sem þar fer fram. Auk þess sé leitast við að bjóða þar upp á bakstur eftir gömlum íslenskum uppskriftum eins og á kleinum og ástarpungum.



Íslenskar kleinur steiktar upp úr blöndu af tólg frá Stóruvöllum og matarolíu.



Mikil aðsókn er alla daga að veitingastað IKEA og sjaldan eins mikil og í jólaösinni.

Mmynd / HKR.

kjöt í karrí og svo verður saltkjöt og baunir í kringum sprennidaginn. Allt er þetta matreitt úr frampörtum og við sjáum að lambið á hér mikla möguleika.“

Ástarpungar og kleinur steiktar upp úr tólg

„Við skynjum líka mjög skýrt að fólk leitir í gamla tíma hvað matargerð

varðar. Við opnuðum bakarí á neðri hæðinni fyrir um ári og þar hjálpar kannski til að ég er sjálfur bakameistari. Ég var ákveðinn í því að við ætlum ekki að rembast við að vera næsti Dunkin' Donuts eða Crispy Cream staður. Við ætlum hins vegar að vera svolítið þjóðleg og vera með ástarpunga og kleinur sem steiktir eru upp úr tólg eins og mömmur og ömmur okkar gerðu.

Uppskriftirnar eru úr uppskriftabók fjölskyldunnar en ég er ættaður af Norðurlandi. Ég kaupi mikið af tólg frá Stóruvöllum og blanda henni reyndar út í oliu en fæ samt þetta sérstaka tólgarbragð. Fólk er að koma langar leiðir til að fá þessar kleinur og ástarpunga með þessu sérstaka bragði. Það er því bullandi markaður fyrir gamaldags kleinur og ástarpunga. Ég er búinn að gefa

Tólginn gerð klár í steikarpottinn.

fullt af útlendingum þetta og segi að þetta sé íslenska útgáfan af doughnuts og því finnst þetta bara verulega gott, þó ekki sé þetta sykurhúðað. Svo bjóðum við upp á íslenskar skonsukökur á veitingastaðnum eins og voru ríkjandi í fermingarveislum fyrir 30–40 árum og gamaldags smurbräuð.“

Eigum að vera stolt af okkar matarhefðum

„Ég held að það séu því miklir möguleikar á að fara til baka í íslenskar matarhefðir. Túristar sem hingað koma eru líka meira en tilbúnir til að prófa íslenska matinn þó ekki sé endilega verið að svæla hákarli ofan í fólk. Við megum ekki vera með minnimáttarkennnd gagnvart okkar matarhefðum. Við eigum að vera stolt af því og ekki skammast okkar fyrir þær hefðir sem við höfum. Fólk finnst þetta gott og það sem meira er, þetta er ekki verðlagt þannig hjá okkur að það setji fjárhag fólks á hliðina og ofbjóði fólk.“

Á ekki að kosta hvítuna úr augunum eða fyllingar úr tönnum

„Það er gaman af því að fólk með takmörkuð fjárráð er að koma hér um helgar til að gera sér dagamun í mat. Þetta á ekki að vera þannig að þú þurfir að selja hvítuna úr augunum á þér eða fyllingarnar úr tönnum til að geta farið út að borða,“ segir Þórarinn Ævarsson.

/HKR.

RÚNA - ÖRLAGASAGA EFTIR SIGMUND ERNI RÚNARSSON

GLÆSTIR SIGRAR SORGIR OG EINSEMD

**SVEITASTELPAN SEM NÁÐI HÆSTU
HÆÐUM GLÆSILÍFS - EN LÍKA DÝPSTU
DÖLUM TILVERUNNAR.**

Sigmundur Erni Rúnarsson skrifar af alkunnu innsæi og snilld örlagasögu stúlkunnar sem ólst upp í fásinni og náttúrufegurð í Svínadal í Húnavatns-sýslu, konunnar sem náði hæstuhæðum glæsilífs - en líka dýpstu dölum tilverunnar.

DRAMATÍSK
SAGA
HESTAKONU!

1. PRENTUN
UPPSELD -
2. PRENTUN
KOMIN Í
VERSLANIR!



GUNNAR BIRGISSON EFTIR ORRA PÁL ORMARSSON

HRESSILEGUR OG EINLÆGUR


Í þessari bráðskemmtilegu og fróðlegu bók segir af skrautlegri fjölskyldusögu Gunnars Birgissonar en líka Dagsbrúnarverkamanninum sem varð umsvifa-mikill framkvæmdamaður og einn af forystumönnum atvinnurekenda í þjóðarsáttinni og átökum í pólitíkinni þar sem hann dregur ekkert undan.



„VEL SKRIFUÐ
OG SKEMMTILEG“

TRAUSTI SALVAR KRISTJÁNSSON, DV

ÞAÐ ER GOTT
... AÐ LESA
ÆVISÖGU!



VERÖLD



Prjónastofan KIDKA á Hvammstanga á radarnum hjá ferðamönnum:

Hægt að skoða flíkur í framleiðslu og hvali sem busla í sjónum fyrir utan gluggann

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Á Hvammstanga í Miðfirði er rekin ullarvöruverksmiðjan KIDKA ehf. Þar er prjóna- og saumastofa ásamt ferðamannaverslun og heildsölu.

KIDKA er afsprengi stærstu saumastofu landsins sem rekin var undir ýmsum nöfnum á Hvammstanga í yfir 40 ár. KIDKA er í eigu Irinu Kamp og Kristins Karlssonar. Framleiðslan er nær eingöngu úr íslensku ull sem keypt er af Ístex ehf. í Mosfellsbæ.

Irina segir að ferðamannastraumurinn til þeirra aukist ár frá ári. Það hefur ekki síst vakið áhuga ferðamanna að þar gefst fökki kostur á að ganga um verksmiðjuna og sjá fólk að störfum. Þannig kynnist fólk því frá fyrstu hendi að um ósvikna alíslenska prjónavöru er að ræða. Prjónavélarnar eru þó þýskar að uppruna. Nafn fyrirtækisins segir Irina vera sprettið upp úr orðaleik föður síns með nöfn þeirra Kristins.

Tíu manna vinnustaður

„Það eru í kringum tíu manns að vinna hér núna. Við erum að framleiða þeystur og smávörur úr íslensku ull. Það er mjög vinsælt hjá ferðamönnum að sjá að þetta er raunverulega framleitt hér, en ekki í Kína eða annars staðar,“ segir Irina.

„Þetta skiptir máli því það getur verið mjög villandi fyrir kaupendur sem vilja kaupa íslenskar vörur að sjá kannski bara merkinguna Design in Iceland, en ekkert um það hvar varan er framleidd.“

Þá þykir ferðamönnum líka gaman að horfa hér út um gluggana, en í sjónum á firðinum hér fyrir framan má oft sjá hvali. Það þykir þeim mjög merkilegt.“

Opið hús

Einn angur af þeirri viðleitni að kynna almenningsi vörur fyrirtækisins var að í prjónastofunni var opið hús og haldin kynning eða tískusýning 3. desember síðastliðinn fyrir gesti og heimafólk. Var viðburðurinn vel sóttur og báru krakkarnir sem þar sýndu sig mjög fagmannlega.

Starfsemin gengur vel

Irina segir sölu á þeirra vörum ganga vel.

„Það hafa verið sveiflur í þessu, en nú gengur vel og ullin er alltaf vinsæl. Það var svolítið erfitt þegar flísefnið kom, en nú vill fólk frekar fá vörur úr náttúrulegum efnum. Við erum að selja hér í versluninni hjá okkur og í verslunum í Reykjavík, á Akureyri og úti um allt land.“



Irina Kamp við saumavélina að setja saman prjónahúfu.

Myndir / HKr.



Kristinn Karlsson segir fyrirtækið vel búið tækjum.



Sem stendur erum við eingöngu að framleiða okkar vörulínu. Við höfum framleitt fyrir Þýskalandsmarkað og fyrir Rússland, en þar sem gengið er nú óhagstætt þá höldum við okkur bara við heimamarkað.“

Flíkurnar ýfðar með spænskum könglum

Irina segir íslensku ullina sérstaka um margt og t.d. sé hægt að yfa hana sem ekki er hægt með alla ull. Fer

ýfingin fram í sérstökum vélum þar sem notaðir eru náttúrulegir könglar frá Spáni sem þykja ekki síðri til þessara verka en einhverjar gaddaspólur úr stáli.

„Ég er frá Þýskalandi en hef búið hér í 20 ár. Ég kom hingað og var að temja hesta. Ég

var svo í hestamennsku í mörg ár og þá m.a. að ferðast með túrista yfir hálendið. Síðan hef ég verið hér og á nú helminginn í þessu fyrirtæki.“

Prjónaiðnaður á Hvammstanga síðan 1972

Miklar sviptingar hafa verið í prjónaiðnaðinum á Íslandi í gegnum tíðina. Einna þekktastar eru verksmiðjur Alafoss í þáverandi Mosfellsveit og öflugar verksmiðjur Sambandsins á Akureyri. Prjónafyrirtæki hafa síðan komið og farið og önnur stofnuð á þeirra grunni. Segja má að KIDKA sé byggð á slíkum grunni.

Prjónastofan Drífa hf. var stofnuð á Hvammstanga árið 1972. Undir síðustu aldamót var stofnað sérstakt félag um framleiðsluna undir nafninu Ísprjón ehf. Undir nafninu Drífa ehf. varð þá sölu- og markaðshluti fyrirtækisins.

Ísprjón/Drífa fluttu svo í nýtt einnar hæðar rúmgott 1.000 fermetra stálgrindarhús árið 2000, en húsið, sem var í eigu nokkurra heimamanna, var reist árið 1999. Kristinn Karlsson var þá framleiðslustjóri fyrirtækisins. Hluti af tækjabúnaðinum kom frá prjónastofunni Foldu á Akureyri. Í kjölfar gjaldþrots þess fyrirtækis 1998 var prjónadeild fyrirtækisins keypt til Hvammstanga. Vefstólar Foldu voru hins vegar seldir með vefdeild Foldu til Skagastrandar.

Við flutninginn í nýja húsið í júlí árið 2000 flutti Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra ræðu og sagði það merkilega staðreynd að á Hvammstanga væri ein fullkornasta og trúlega stærsta prjónastofa í ullariðnaði í Norður-Evrópu. Þarna er nú aðsetur KIDKA í dag.

Ísprjón/Drífa verður Freyjuprjón og síðan KIDKA

Ísprjón/Drífa tók síðan breytingum. Rússar komu inn sem eignaraðilar ásamt BYKO og fékk fyrirtækið þá nafnið Freyjuprjón sem um árabíl var ein af stærstu prjónastofum landsins. Irina Kamp og Kristinn Karlsson keyptu síðan Freyjuprjón af BYKO og Rússum 2008. Fékk fyrirtækið þá nafnið KIDKA. Lesendur geta svo kynnt sér hvað þar er á boðstólum á vefslóðinni www.kidka.com



Verslun KIDKA er í einu horninu á rúmgóðu verksmiðjuhúsnæði fyrirtækisins á Hvammstanga.



Fjöldi gesta mætti til að fylgjast með tískusýningu á framleiðsluvörum KIDKA sem haldin var í framleiðslusal fyrirtækisins þann 3. desember.

HLUTI AF FJÖLSKYLDUNNI

Dálæti sumra á Kofareykta hangikjötinu frá Kjarrafæði virðist engum takmörkunum háð. Það er vissulega skemmtilegt að ljúffengt hangikjöt sé ódlist þann virðingarsess sem hér má sjá, en auðvitað nýtur það sín betur á matarborðum landsmanna, þar sem það hefur í áranna rás glatt og sátt Íslendinga og skapað sannkallaða háttár- og jólastemningu, enda um sérlega bragðgótt hangikjöt að ræða.

Kofareykta hangikjöt frá Kjarrafæði er sérvalið fyrsta flokks lambakjöt með ljúffengu, ríku og hefðbundnu Íslensku reykráði, verkað og reykt af kjötöðnarmeisterum fyrirtækisins.

KJARNAFÆÐI

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

biður uppá alhliða lausn fyrir hótélherbergið eða gistiheimilið.

Vogue Fyrir Heimilið

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbot 4 - Akureyri | Sími 462 3504

MOUSE SHIELD
Professional

MouseShield músakítti
Lokar sprungum, rifum og götum til að hindra umferð nagdýra og skordýra

Söluastaðir
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húvetninga
Verzlunin Eyri
Vélavali

STREYMI
heildverslun

Streymi heildverslun ehf. S 588 2544
Goðanesi 4 N streymi@streymi.is
603 Akureyri V www.streymi.is

Tímarit Bændablaðsins 2018

Tryggðu þér auglýsingapláss í tíma

Þann 4. mars 2018 kemur út *Tímarit Bændablaðsins* samhliða setningu Búnaðarþings.

Tímaritið tekur á helstu málefnum landbúnaðarins og eru efnistökin fjölbreytt. Það verður prentað í 8.000 eintökum og dreift til allra áskrifenda, á öll lögbýli landsins og í fyrirtæki sem tengjast landbúnaðinum.

Langd ritsins er yfir 100 síður og það er prentað á glanstímaritapappír í stærðinni A4.

Þetta er kjörinn vettvangur til að koma starfsemi sinni á framfæri. Tímaritið liggur á borðum landsmanna svo mánuðum skiptir og því má segja að auglýsingar í slíkum blöðum séu langlíf.

Við bjóðum upp á hefðbundnar auglýsingar í ritinu en í seinni hluta þess er pláss fyrir kynningarefni frá fyrirtækjum sem unnið er í samvinnu við blaðamenn.

Verðskrá auglýsinga:
Heilsíða: 160.000 kr. án vsk.
Hálfsíða: 95.000 kr. án vsk.
Opna: 230.000 kr. án vsk.
Baksíða: 230.000 kr. án vsk.
Lógó/styrktarlína (hámark 10 lógó á síðu) = 25.000 kr. án vsk

Verðskrá kynninga:
Heilsíða: 130.000 kr. án vsk.
Hálfsíða: 85.000 kr. án vsk.
Opna: 210.000 kr. án vsk.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma **563-0303** og gegnum netfangið **ghp@bondi.is**

Áhugamanneskja um uppgræðslu lands og sjálfbæra landnýtingu

Hægt er að skoða fyrri Tímarit Bændablaðsins á **bbl.is**

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

IS HURÐIR BÍLSKÚRSHURÐIR | IÐNAÐARHURÐIR

✓ ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, SMÍÐI OG SAMSETNING
✓ ALLAR HURÐIR SMÍÐAÐAR SAMKVÆMT MÁLI
✓ MARGAR ÚTFÆRSLUR OG LITAMÓGULEIKAR
✓ ÁRATUGA REYNSLA STARFSMANNA Í HURÐUM
✓ HÁGÆÐA HRÆFNI
✓ ÞOLA VEL ÍSLENSKT VEDURFAR
✓ STUTTUR AFGREIÐSLUTÍMI

YMSAR GERÐIR & ÚTFÆRSLUR

YFIR 20 ÁRA REYNSLA Í HURÐUM Á ÍSLANDI

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

STÍLHREINAR BÍLSKÚRSHURÐIR
FYRIR BÍLSKÚRINN

Ö FLUGAR IÐNAÐARHURÐIR
FYRIR IÐNAÐINN

FÁÐU HEIMSÓKN
SÖLURÁÐGJAFI OKKAR KEMUR Á STADINN, VEITIR FAGLEGA RÁÐGJÖF OG GERRIR ÞÉR VEITILÍÐ. VINSAMLEGAST ÖSKIÐ EFTIR HEIMSÓKN Í SÍMA 865-1237 EÐA Á logi@ishurdir.is

IS HURÐIR
Sími 564 0013 | www.ishurdir.is

HAFÐU SAMBAND
✓ IS Hurðir ehf.
✓ Reykjalundi, 270 Mosfellsbæ
✓ Sími: 564 0013
✓ logi@ishurdir.is / 865 1237
✓ www.ishurdir.is

Indriði Aðalsteinsson, bóndi á Skjaldfönn við Ísafjarðardjúp, í harðri baráttu við óvenju mikinn músagang: Hefur drepið vel á annað þúsund mýs en samt sér ekki högg á vatni

– Segir þetta langt umfram allt sem hann hafi nokkru sinni kynnst og nauðsynlegt sé að verja kindurnar

Indriði Aðalsteinsson, bóndi á Skjaldfönn við Ísafjarðardjúp, segir óvenju mikið um mýs á þessu hausti og man vart eftir öðru eins.

„Maður áttaði sig á því upp úr 20. september að það var ekkert venjuleg mýsaógn sem að manni steðjaði. Þetta er miklum mun meira en maður á að venjast,“ sagði Indriði í samtali við Bændablaðið í byrjun nóvember. Nú mánuði síðar er staðan jafnvel enn verri og ekkert lát á mýsafaraldrinum.

Langt umfram allt sem ég hef nokkru sinni kynnst

„Það hefur verið mikill músagangur á þessu hausti og auðvitað hefur gott árferði hlaðið ansi vel undir þær. Það var enginn vetur síðast og þegar svo er fer þetta auðvitað að fjölga sér.“

Samkvæmt Vísindavefnum geta mýs getið af sér margar kynslóðir á einu sumri þegar vel árar. Er þar vísað í rannsóknir sænska vistfræðingsins Bengtson á lífi hagamýsa við ólíkar aðstæður á ólíkum stöðum á Íslandi.

„Það virðist engin leið að taka kúfínn af þessum mýsafaraldrum. Það koma bara nýjar og nýjar bylgjur af músum í kjölfarið. Þetta er orðið langt umfram allt sem ég hef nokkru sinni kynnst og hef ég þó oft átt í löngum og erfiðum mýsaslag hér á Skjaldfönn,“ segir Indriði.

Gott afdrepp fyrir mýs í kjarrlendinu

„Maður hefur svo sem verið að kljást við mýs vegna kringumstæðna hér á svæðinu. Í hliðunum hér er igildi þó nokkuð margra Teigsskóga sem skapa skjól og fæðu fyrir mýsnar með öllu sínu brumi, berjum og öðru sem þar er að finna. Svo rennur á hér í gegnum túnið, rétt við bæjargafllinn og bakkarnir á henni eru hlaðnir af fæðu eins og hvönn. Þar fellur til gríðarlega mikið af hvannarfræjum sem mýsnar tímast á og nota sem vetrarforða. Þær koma svo heim að húsum þegar harðnar á dalnum á haustin. Maður er því vanur frá blautu barnsbeini að kljást við þennan ófögnuð.“



Indriði Aðalsteinsson, bóndi á Skjaldfönn við Ísafjarðardjúp.

Hagamýs eru litlar (oftast um 9 cm að lengd án hala og 25–35 g að þyngd), með kringlótt eyru og langan hala. Þær eru mjög líkar húsamúsum (*Mus musculus*) í útliti nema hvað húsamúsin er grárri, grábrún eða gulbrún að ofan en ljósari á kviðnum, og augun eru stærri. Á ýmsum Evrópumálum, þ.á m. á latnesku, er þessi tegund kölluð skógarmús, þótt tegundin þrífist í raun betur í högum, gördum og mólendi en í skógi.

Með öflugan kött og nýja sjálfvirka vígvél

„Ég er með öflugan kött og það voru kannski 6 til 14 mýs sem lágu eftir hverja nóttu á hans vettvangi. Maður hefur svo sjálfur gripið til varna,



Stórvirkur músabani sem kostar lítið. Efnid er málningarfata úr plasti, strimill sem klipptur er úr tveggja lítra kókflösku (má vera pepsi), grónn spýta og einn nagli. Í fótuna er svo gott að setja kraftmikið soð af hangikjöti, saltkjöti eða sviðum til að laða mýsnar að.



Hér var afraksturinn af veiðinni með striðstólinu kominn í 47 mýs. Tólið er í ætt við gamla músaveiðitækni sem hefur frá fornu fari verið nefnt „Fjalaköttur“ og veiðir í sig sjálfur.

bæði með eitri, fellum og svo nýjustu vígvélinni.“

Striðstólið sem Indriði nefnir er byggt á gamalli músaveiðitækni og hefur að hans sögn verið frá fornu fari nefnt „Fjalaköttur“ sem veiðir í sig sjálfur.

Einföld og ódýr en afkastamikil gildra

„Ég hef verið að reyna nýja útgáfu af þessu sem er 10 lítra fata sem hálfyllt er af vatni. Það er þó upplagt að vera með saltkjötsoð, eða soð af sviðum eða hangikjöti í fótunni sem dregur mýsnar að af lyktinni. Síðan er klippt plastrama úr langhlið á tveggja lítra gosflösku,

svona 20 sentimetrar að lengd og 4–5 á breidd. Hún er negld niður í fjöl sem sett er upp á kantinn á fótunni svo mýsnar geti gengið upp eftir fjölinni. Maður setur smjörva eða eitthvað sem ilmar vel yst á endann á plastramunni. Þegar þær svo álpast út á hana gefur hún eftir og mýsnar falla í soðið og drukkna. Eg hef fengið mest 19 mýs á einni nóttu í svona gildrum.“

Mýsnar skila steinum í staðinn fyrir eitrið

„Svo er maður með venjulegar mýsafellur líka. Þegar maður sá í hvað stefndi var ljóst að maður yrði að verja heyrullurnar fyrir ágangi

Hagamýs tímast ört en það ræðst þó mjög af tíðarfari og aðstæðum. Meðgöngutími þeirra er 25–26 dagar og meðalföldi mýsaraunga er um 5. Þeir fæðast hárlausir og blindir en vaxa hratt; mýsnar verða kynþroska um tveggja mánaða gamlar og nokkrar kynslóðir geta því fæðst á einu ári. Þar sem hlýtt er í veðri og fæða næg geta þær tímast mestallt árið en í kaldari löndum tímast þær aðeins á sumrin, jafnvel aðeins í júní og júlí. Mýsnar lifa sjaldan lengur en eitt ár.

Á Íslandi eru helstu óvinir hagamýsarnar refir, minkar, ýmsir fuglar, svo sem uglur og fálkar, og svo auðvitað kettir og mannskepnan.

mýsa. Setti ég því eitru í eiturrassa sem tæmdust eins og skot.

„Það merkilega er að í staðinn fyrir eitrið sem mýsnar átu hafa þær borið steina í kassann sem þær virðast skila í staðinn fyrir það sem þær átu. Þetta eru steinar sem flestir eru á stærð við krækiber. In allt upp í fangbjargarstærð. Á þessu háttalagi mýsanna kann ég enga skýringu.

Ég spurði því meindýraeyðinn minn, sem lærður er í þessum fræðum, Konráð Magnússon, að þessu. Hann rekur meindýraeftirlitið Firingu ehf. í Reykjavík og hefur verið hér með mér á vetrarveiðum og legið hér á grenjum í yfir tvo áratugi. Hann hafði heldur enga skýringu á þessu.“

Skráð veiði 1.400 mýs frá því í september

„Ég fór ekki að halda bókhald yfir músaveiðina í haust fyrr en fyrir þrem vikum. Fyrstu vikuna var veiðin 240 mýs og 190 aðra vikuna. Þá var hún 90 í síðustu viku. Það sem ég hef skráð frá því í haust er komið yfir 1.400 mýs. Þá er ótalið það sem kötturinn hefur etið og ekkert sést af og eins það sem eiturrassarnir drepa, en af þeim finnur maður lítið því þær ráfa í burtu áður en þær drepast.“

Telur Indriði að með öllu, bæði skráðri veiði og þeim músum sem eitru, köttur og mýs hafa etið af ættingjum sínum úr fellum, geti þetta hæglega verið 1.500 til 1.600 mýs sem fargað hefur verið síðan í september. Það er heima við hús og við rúllustæðu á Skjaldfönn.

„Þetta er því hreint með ólíkindum,“ segir Indriði.

Mýsnar éta fallna félagu úr mýsafellum

„Það eru yfir 300 sem ég er búinn að ná í fellur í reykkofofa sem ég er með. Þá eru mýs sem fara í fellurnar líka étnar af öðrum músum. Þær eru margar hverjar étnar upp til agna. Ég var orðinn svo leiður á að eiga við fellurnar að ég setti hér fötu með sviðasoði í gærkvöldi [3. desember]. Þetta er því hreint með ólíkindum,“ segir Indriði.

Indriði segi mikla alvöru hér á ferð. Sennilega átti sig ekki allir á þeim skaða sem mýs geta valdið ef þær naga sig í gegnum plast á rúllum. Fyrir utan að heyið í rúllunum skemmist þegar loft kemst að því, þá getur skemmt hey líka valdið banvænni eitrun hjá skepnum sem það éta.

Veðurglöggar hagamýs

Þjóðtrúin segir ýmislegt um mýs þegar kemur að veðurspám. Hagamýs hafa t.d. löngum verið taldar afar veðurglöggar.

Sagt er að ef mýs grafi snemma holur, dragi að sér mikinn vetrarforða, eða leiti inn í hús og bæi, bendi það til að veturinn verði slæmur. Líka var talið að mýsnar myndu á sér úr hvaða átt myndi helst blása um vetrinum og sneru holuopum sínum undan veðri.

Áður fyrr fylgdist almenningur til sjávar og sveita mun betur með öllum breytingum í náttúrunni en þekktist í dag, enda átti fólk líf sitt undir veðurfarinu. Sumt flokkast þó undir hjátrú, en samt telja margir að tengja megi hegðun dýra við væntanlegar breytingar á veðurfari og jafnvel jarðskjálfta. eru hross t.d. sögð finna á sér ef jarðskjálfti er á næsta leiti. Hafa menn reynt að finna fyrir því vísindaleg rök, eins og að hross skynji mögulega betur en menn útstreymi lofttegundarinnar radons sem fylgt geti jarðskjálftum. Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur nefnir t.d. í grein sem hann skrifaði í ágúst 2016 að vaxandi útstreymi



á radoni geti verið vísbending um stóra viðburði í jarðskorpunni.

„Hinn 6. apríl árið 2009 reið stór jarðskjálfti, af stærðinni 6,3 yfir fornu borgina L'Aquila á Ítalíu. Um 300 manns fórust. Nokkrum mánuðum áður fór að bera á tíðum smáskjálftum undir borginni. Almennur varð óró, einkum eftir að amatör skjálftafræðingur spáði því að stór skjálfti væri yfirvofandi. Hans spádómur var byggður á vaxandi útstreymi af radon gasi úr jörðu, og sennilega var það rétt hjá honum,“ segir Haraldur.

Hvort mýs búi yfir eiginleikum til að skynja eitthvað í umhverfinu sem geti varað þær við aðsteðjandi vetrarhökum á komandi mánuðum, skal þó ekkert fullyrt um hér.

Mýs geta nagað sig inn í hold á lifandi fé

Eflaust þykir einhverjum músaveiðar af þessum toga vera „ómannúðlegar“ og jafnvel dæmi um dýraníð. Indriði segir þó að fyrir fjárbændur sé músafár ekkert grín og þetta snúist ekki síður um að verja kindurnar frá því að vera hreinlega étnar lifandi og forða þeim frá þeim vítiskvölum sem því hljóti að fylgja.

Mýs átu drjúgan hluta úr hryggvöðva á lifandi á

„Góðæri, eins og nú hefur verið í veðurfarinu, geta komið í bakið á manni og þá þarf að bregðast við því með einhverjum hætti. Ég man eftir því á árum áður þegar hér voru torfhús og féð lá við torfveggina. Þá gengu mýsnar út á ærnar í húsunum og lögðust á þær. Ég man sérstaklega eftir einni á sem var illa leikin eftir mýs. Það var búið að éta hryggvöðvann á henni lifandi, allan öðrum megin hryggsúlu, þar var bara gapandi tóm.“

Ætli ég hafi ekki verið tíu eða tólf ára þegar einn morgun var verið að hleypa fénu út úr húsi hér rétt ofan við íbúðarhúsið og hét Hólhús. Afí minn var þar að hleypa út fénu, en hann var fatlaður og með staurfót. Það var finasta veður og snjóföll yfir öllu. Við stöndum þarna báðir og horfum á kindurnar renna út, þá sjáum við allt í einu mýs koma upp úr ullinni á hvítri á sem var rétt komin út. Afí, sem var mikill rósendarmaður, rak upp þetta litla öskur og æddi af stað á sínum staurfót með stafinn sinn á lofti og ætlaði heldur betur að vega að þessari mús. Pabbi var þá líka kominn á vettvang með fé sem fara átti í þennan sameiginlega rekstur. Hann var frár á fæti en músin hljóp eins og hún ætti lífið að leysa, sem hún eðlilega átti, en pabba tókst samt að ná henni og traðka hana til bana.



Sigurður Ingvi Björnsson á Bálkastöðum, Hrítafirði hefur aðstoðað Indriða bónda á Skjaldfönn í mörg ár við að rýja féð. Hann var mættur eins og svo oft áður með klippurnar nú í nóvember.

Það var greinilegt að þeim þótti þessi verknaður mjög mikil nauðsyn, því þegar mýs komast á bragðið við að leggjast á fé halda þær því áfram. Það er rétt eins og dýrbítur sem kemst í að drepa lömb. Þessari á var fargað haustið eftir og þá kom í ljós að hryggvöðvinn öðrum megin var alveg burt étinn.“

Indriði segist ekki hafa lent í slíku í haust, en mýsnar sæktu eðlilega inn í hús ef þær gætu þegar frysti og það

tæki að snjóa. Hann segist ekki vilja hugsa það til enda hvað hefði getað gerst ef þessar 1.400 mýs hefðu farið í fjárhúsin. Hann segir því að það verði bara með illu eða góðu að vinda ofan af þessum ófögnuði.

Það er bara brýn nauðsyn, því mýsnar eru til alls vísar. Þetta er ekkert grín og það er vissara að menn vakni til vitundar um vandann í tæka tíð,“ segir Indriði bóndi á Skjaldfönn. /HKr.




Led húsnúmer

Jólagjöf hússins · sérsmíðum númer á öll hús

- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfriju stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer
- Best að panta í gegnum facebook
- Led húsnúmer S. 789 3010



Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300



Mýkt, hlýja og vellíðan fyrir alla fjölskylduna

Glerártorgi - Kringlunni - Smáratorgi - www.lindesign.is

Nýjar Jólavörur

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir

HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 760
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA Steinsagarblöð og kjarnaborar



ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

Kjötkompaní komið með útibú á Grandagarðinum:

Seljum aldrei frá okkur kjöt nema það sé fullmeyrnað

Þar sem áður var Matarbúrið á Grandagarðinum í Reykjavík, sem var sýrverslun nautgripabændanna á Hálsi í Kjos, er komið útibú Kjötkompanís. Verslunin er rúmlega mánaðar gömul og að sögn Jóns Arnar Stefánssonar, eiganda Kjötkompanís, lofar byrjunin góðu.

Kjötkompaní var stofnað af nokkrum samstarfsfélögum árið 2009 við Dalshraun 13 í Hafnarfirði og endaði svo að fullu í eigu Jóns Arnar, eftir að starfsemin hafði gengið í gegnum þroskaferil fyrsta ársins. Hann er matreiðslumeistari að mennt, fæddur og uppalinn á Ísafirði en flutti snemma í Hafnarfirðinn og hefur búið þar síðan. Hann lærði matreiðslu hjá Skúla Hansen, en starfaði síðan hjá kjötvinnslu í nokkur ár áður en hann sameinaði starfsreynslu sína og menntun með stofnun Kjötkompanís.

„Það var mjög gaman og fróðlegt fyrir matreiðslumeistara eins og mig að fara að vinna í kjötvinnslu. Maður fór þá að stúdera betur kjötafúrðirnar og eiginleika þeirra. Ég hugsa stundum um það eftir á að það mætti vera meiri fræðsla í matreiðslunáminu um kjötafúrðirnar sem matreiðslumennirnir fara svo að vinna með,“ segir Jón Örn.

Nautakjötið helst mánaðargamalt

„Við seljum gríðarlega mikið af lambi og nauti, erum rosalega stífir á allri meðhöndlun hráefnisins og vinnum eftir ákveðnum gildum. Það er fylgst vel með hráefnisvalinu inn til okkar og við viljum til dæmis í nautakjötinu hafa það sem feittast. Svo viljum við ekki selja það fyrir en það hefur fengið á bilinu 25–30 daga verkun hjá okkur. Best líður okkur þegar nautasteikin er að skriða yfir 30 dagana. Ég segi þá frekar að varan sé ekki til, en að selja hana of snemma frá okkur. Við gerum hreinlega þá gæðakröfu að kjöt sé fullmeyrnað þegar það fer í sölu. Allt nauta- og lambakjöt fáum við



Vöruúrval og framsetning er með besta móti í Kjötkompaníinu.

í gegnum Norðlenska og það er sérvalið í okkur fitusprengrt kjöt.

Lambið er líka mikilvæg vara hjá okkur. Við settum okkur það markmið frá byrjun að reyna að hrista aðeins upp í þessu og vera ekkert mikið að selja þessa hefðbundnu skurði, eins og heilan hrygg og læri. Hryggirnir eru úrbeinaðir og fylltir til dæmis. Það sama gerum við með lærin og seljum þau ýmist úrbeinuð og fyllt eða hálf-úrbeinuð og hvítlauksstungin með íslenskum

kryddjurtum. Lambakjötið viljum við líka vera lengi með á kæli, helst ekki skemur en hálfan mánuð – og allra helst þriggja vikna.“

Krásir jóllanna

„Í aðdraganda jóllanna erum við svo með ýmislegt sem tilheyrir þeim árstíma; þar er nautalundin Wellington langvinsælust. Þá fær viðskiptavinurinn Wellingtonsteikina tilbúna til að



Jón Örn Stefánsson í nýju versluninni á Grandagarðinum.

Myndir / smh



setja beint í ofninn innpakkaða í smjördeig. Við erum einnig með úrval forrétta, eins og til að mynda nokkrar gerðir af paté sem við búum til í vinnslueldhúsinu okkar í Hafnarfirði.

Svo erum við að leika okkur mikið með kryddnotkun á steikurnar, auk þess sem við framleiðum ýmsar sósutegundir bæði til að hita og kaldar ásamt meðlæti af ýmsu tagi.

Við erum tveir matreiðslumeistarar sem störfum í framleiðslunni og þrír matreiðslumenn. Tveir kjötiðnaðar- meistarar og einn kjötiðnaðarmaður starfa með okkur, auk vinnhjóna og annarra afgangisstarfsmanna í búðunum. Það er gott að hafa vinnhjóna sem geta leiðbeint um ýmislegt sem varðar veislumat og drykki,“ segir Jón Örn.

Höfum náð þeim árangri sem að var stefnt

„Ég held það sé alveg óhætt að segja að við förum að nálgast það að vera komin á þann stað sem við stefndum á frá byrjun. Hugmyndin um verslunina var búin að gerjast í kollinum á mér í nokkur ár fyrir opnun og það hjálpaði mikið við að koma henni í framkvæmd,“ segir Jón Örn spurður um stöðu og horfur fyrir Kjötkompaní.

„Okkar mælikvarði á það hvort við séum á réttri leið er þegar maður sér sömu andlitin koma aftur

og aftur í hverri viku, þá veit maður að maður hefur náð þeim árangri sem stefnt var á.“

Jón Örn segir að ekki hafi verið langur aðdragandi að því að Kjötkompaní fór inn í húsnæðið á Grandagarðinum. „Það gerðist allt mjög hratt og þurfti lítið að eiga við húsnæðið, annað en að merkja okkur vel upp. Við fáum rosalega jákvæða strauma hér og þetta er auðvitað frábært svæði til að vera með svona búð á. Framtíðin er bara björt héra.“

Bændadagur á Hellu

Á þrjónunum er skipulagning á bændadegi á Hellu í byrjun janúar. Jón Örn ætlar þar að vera í kompaní meðal annars við Þórarin Evarsson, framkvæmdastjóra IKEA á Íslandi, og tengja bændur við verslunina og úrvinnslu á afurðum þeirra með reynslusögum, auk þess sem þar verður boðið upp á ýmislegt forvitnilegt að smakka á.

„Það er alltaf gaman að hreyfa við gömlum hefðum og reyna að búa til eitthvað nýtt. Verðum líklega með lambið í aðalhlutverki, líklega lambaborgara og svo gerum við eitthvað skemmtilegt úr lambabóg og -lærinu – ásamt meðlæti frá Kjötkompaníinu. Við Þórarinn verðum svohvor með sína framsöguna um okkar sýn á þetta umhverfi í dag og hvað sé hægt að gera til bóta.“

/smh

Fella hevvinnuvélar

Reynsla, gæði og verð gera frábær kaup

Áramótatilboð

Slátturvélar			
Gerð	Vinnslubreidd	Verð í kr. án vsk.	Tilboð án vsk.
Ramos 288	2,8 mtr	840.000	760.000
Ramos 320	3,0 mtr	1.100.000	990.000
Ramos 350	3,5 mtr	1.220.000	1.100.000
Heyþylur			
Sanos 5204DN	5,2 mtr	820.000	740.000
Sanos 6606DN	6,6 mtr	1.100.000	990.000
Sanos 790 Hydro	7,7 mtr	1.220.000	1.100.000
Sanos 800 Trans	7,7 mtr	1.590.000	1.430.000
Sanos 901 Trans	8,6 mtr	1.890.000	1.690.000
Rakstravélar			
Juras 426 DN	4,2 mtr	770.000	690.000
Juras 456T	4,5 mtr	890.000	790.000
Juras 671	5,8-6,6 mtr	1.920.000	1.730.000
Juras 1502	6,3-7,0 mtr	1.960.000	1.760.000
Juras 801	6,8-7,6 mtr	2.280.000	1.990.000

Verð miðast við gengið EUR 120

KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnigata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

SNJÓKEÐJUR

Keðjur og keðjuferni frá Gunnebo í Svíþjóð. Hér er um að ræða gæða vöru á samkeppnishæfu verði, ýmsar stærðir til.

GUNNEBO
Industries



Vinnuvélar



Vinnuvélar – tækjamiðlun ehf. • Kistumel 2 • 116 Reykjavík • Sími 480 0444 • vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is

Draumaeldhúsið þitt

© Inter IKEA Systems B.V. 2017

798.595,-

METOD/VOXTORP eldhús
Aukalega fyrir heimilistæki **416.600,-**
Sjá bls. 24-27 í eldhúsbæklingnum



Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-20:30 - www.IKEA.is



SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA



Próstur Eysteinnsson á Hólasandi þar sem verið er að reyna að breyta eyðimörk í skóg.

Um innviði

Ný ríkisstjórn er tekin við og meðal helstu markmiða hennar er að byggja upp innviði. Þar telja flestir að átt sé við úrbætur í vegakerfinu, nýtt sjúkrahús, betri aðstöðu til að taka á móti ferðamönnum o.þ.h. Hugtakið innviðir merkir bókstaflega innanstokksmunir svo sem raftar, veggklæðningar og húsgögn úr víði sem gera hóbýli manna íbúðarhæf. Hin óeiginlega merking hefur að gera með allt það sem gerir landið okkar íbúðarhæft. Í því sambandi eru vart til nauðsynlegri innviðir en skógar.

Sumir halda því fram að gróðursetning til skóga hafi verið umtalsverð á undanförunum árum. Hún hafi verið orðin svo mikil að forsvaranlegt hafi verið að skera hana um helming eftir hrun. Hún hefur þó ekki verið umtalsverðari en svo að aðeins 0,5% landsins bera nú ræktaðan skóg. Ísland er enn svo til skóglaut.

Skógleysinu fylgir að flytja þarf inn nær allar skógarafurðir, fyrir tugi milljarða króna á ári. Með þeim peningum sköpum við atvinnu og verðmæti í öðrum löndum en ekki hér heima. Innflutningur er okkur ekki erfiður þegar allt leikur í lyndi og krónan er sterk, en við þurfum ekki að horfa nema 5–8 ár aftur í tímann til að finna allt aðrar aðstæður. Þá var krónan verðlital og erfitt að fá gjaldeyri, sem hvort tveggja stóð allmörgum fyrirtækjum fyrir þrífum af því m.a. að erfitt var að fletja inn timbur og aðrar skógarafurðir. Auk bankanna hrundi byggingariðnaðurinn og við erum enn að súpa seyðið af því hruni í formi húsnæðisskorts og hárrar leigu.

Að eiga okkar eigin framleiðslumikla skógarauðlind og úrvinnsluviðnað tengdan henni hefði ekki komið í veg fyrir hrunið en það hefði mildað áhrifin.

Í góðæri er auðvelt að halda að þetta verði alltaf svona, en ekkert í skemmri eða lengri tíma sögu efnahags styður slíka draumóra. Það koma tímar þegar gott er að

vera sem mest sjálfbjarga með nauðsynjar. Ekki aðeins mat, heldur einnig byggingarefni og margs konar hráefni til að halda atvinnulífínu gangandi.

Okkur Íslendingum hefur tekist að lifa af án skóga. Fram undir 1940 fylgdi því veruleg fátækt og landið bar miklu færra fólk. Síðan hefur leiðin legið uppávið, vegna útflutnings á framleiðslu hafisins, framleiðslu fallvatna og nú seinast vegna ferðamanna, sem allt er háð greiðum samgöngum við útlönd, m.ö.o. háð olíu. Þetta verður ekki svona til eilífðar.

Við erum rík þjóð og nú ríkir góðæri. Það er einmitt á slíkum tímum sem fjárfesta á í innviðum, helst varanlegum innviðum sem gefa fjölbreyttan ágóða í framtíðinni og gera okkur betur kleift að takast á við erfiðari tíma þegar þeir koma. Skógar eru meðal þeirra innviða. Fjárfesting í framleiðslumikilli skógarauðlind er reyndar með því allra besta sem hægt er að gera við peninga þegar nóg er af þeim. Þannig eru peningar teknir út úr helst til heitu hagkerfi og geymdir þar til meiri þörf er á þeim. Og skógarir sem þannig verða til draga úr loftslagsbreytingum, vernda og bæta jarðveg og skapa fjölbreytta notkunarmöguleika á meðan þeir eru að vaxa. Síðan er hægt að stilla notkun þeirra eftir þörfum hagkerfisins hverju sinni, höggva minna þegar auðvelt er með innflutning en meira þegar þörf er á. Með okkar eigin skógarauðlind höfum við þetta val. Án skógarauðlindar höfum við ekkert val. Við neyðumst til að fletja allt inn, líka þegar það er okkur erfitt.

Við getum eignast þennan fjölbætta ábata skóga, sem nágrannaþjóðir okkar eru ekki í nokkrum vafa um að sé bráðnauðsynlegur, með því að þjóðin fjárfesti í að byggja upp skógarauðlind nú þegar tækifæri gefst. Eða við getum vonað að þetta reddist.

Próstur Eysteinnsson
skógræktarstjóri.



Í jólaskógnum er tækifæri fyrir fjölskyldur að koma saman og gera sér glaðan dag. Marius Máni, Baldur Sindri og Álfrún Edda skemmtu sér vel í leit að þessu snotra sitkagreni. Mynd / smh

Jólaskógar skógræktarfélaganna:

Salan skiptir miklu máli

Líkt og undanfarin ár standa flest skógræktarfélögin fyrir sölu á jólatrjám í jólaskógnum sínum á adventunni, þar sem fólk er boðið upp á að velja sín tré og saga þau niður.

Næsta helgi er síðasta söluhelgin hjá flestum félögum en að sögn Jónatans Garðarssonar, formanns Skógræktarfélags Íslands, verður opið fram á Þorláksmessu hjá stærri félögum.

„Jólaskógarnir eru starfræktir með sama sniði og undanfarin ár en það hefur færst í vöxt að handverksvarningur og skreytingar séu til sölu á stærri stöðunum til viðbótar við jólatré, greinar, köngla og eldivið.

Það selst mest af stafafuru, en fólk kaupir líka mikið rauðgreni og blágreni. Fjallapínur hefur ekki enn náð almennilega inn á markaðinn þar sem enn er verið að vinna að ræktun hans og það mun taka nokkur ár áður en hann verður til í nægjanlegu magni. Þetta er skemmtilegt þróunarverkefni sem mun væntanlega skila góðum árangri á næstu árum.

Það er að sjálfsögðu mjög mikils virði fyrir íslenska skógrækt að landsmenn kaupir tré sem eru ræktað hér á landi. Fyrir hvert selt tré er

hægt að gróðursetja fjölmörg ný tré og vistsporið er afar mikilvægur þáttur í þessu öllu saman,“ segir Jónatan.

Salan heldur á niðurleið

Ragnhildur Freysteinsdóttir, ritstjóri vefmiðla og Laufblaðs Skógræktarfélags Íslands, hefur tekið saman sölutölur fyrir jólatré undanfarinna jóla. „Salan hjá skógræktarfélögum hefur verið á bilinu 5.000–7.000 tré árlega. Því miður er fjöldinn heldur á niðurleið hjá félögum, en á móti þá eru skógarbændur að koma meira inn á markaðinn, nú á allra síðustu árum. Spilar líka inn í „góðærið“ nú. Fjöldinn var heldur á niðurleið fyrir hrun, fór upp eftir hrun – þegar almennur meðbyr var með íslenskum afurðum – og dalar aftur nú.“

Blágreni í sókn

Að sögn Ragnhildar er nokkur hreyfing í söluhlutfalli tegunda á milli ára. „Stafafuran er heldur á niðurleið – mótast reyndar töluvert af framboðinu, því það er nokkuð misjafnt milli ára hversu mikið er til af fallettri furu. Salan á henni

var í kringum 2/3 en er komin niður í um helming. Rauðgrenið er í kringum 10–15 prósent að jafnaði, sitkagreni svipað en blágreni heldur á uppleið síðustu ár; úr um fimm prósentum upp í rúmlega 10 prósent. Fjallapínur hefur verið í kringum tvö prósent og væri hægt að selja mun meira af honum ef meira væri til af honum. Er enn verið að finna bestu kvæmin og þarf heldur lengri árafjölda til að verða jólatré en til dæmis furan enn sem komið er.

Upplýsingar um jólatrjáasölur félaganna eru svo á www.skog.is/jolatre. Flest félögin eru með sölu næstu tvær helgar, eða aðra hvora helgina. Þau félög sem enn verða að selja eftir helgina 16.–17. desember eru Skógræktarfélag Árnesinga, Skógræktarfélag Eyrarsveitar, Skógræktarfélag Mosfellsbæjar og svo Skógræktarfélag Hafnarfjarðar.

Sala skógræktarfélaganna skiptir miklu máli – fyrir mörg félög er þetta bæði skemmtilegur og félagslegur vettvangur, þar sem þarna gefst tækifæri fyrir fjölskyldur að koma saman úti í skógi og gera sér glaðan dag. Svo er þetta leið fyrir félögin að kynna skógana fyrir fólk, auk þess sem félögin hafa af þessu tekjur, sem nýtast til annarra verka og umhirðu í skóginum.“ /smh



Marteinn Sigurðsson, bóndi á Kviabóli í Köldukinn, var að dreifa skít á tún sín á dögnum. Slíkur skítburður ber greinilega árangur því mörgum þykir túnin í Kviabóli jafnan með þeim grænustu og fallettustu á landinu. Mynd / Askell Þórisson

Bændablaðið

kemur næst út 11. janúar

Smáauglýsingar 56-30-300

Hafa áhrif um land allt!

GEFÐU HLÝJU Í JÓLAPAKKANN



VARMA
The Warmth of Iceland

Frí heimsending um land allt
WWW.VARMACLOTHING.COM



YLFA

Angóru nærföt og hlífar

Yndislega ullin mjúk
angóru af kyni.
Hlýju veitir hverjum bók
sem hefur þig að vini.



Sölustaðir Lyfja
Heilsuhúsið
Zo-on Kringlunni
Varmaclothing.com
Nettó Hrísalundur Akureyri

YLFA
ANGÓRA

Jólatrjásala í fullum gangi hjá Skógræktarfélagi Eyfirðinga:

Kynbótastarf er ekki síður mikilvægt í skógrækt en öðrum búgreinum

„Það er mikill annatími framundan hjá okkur og jólatrjásala til heimila í fullum gangi,“ segir Ingólfur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Eyfirðinga. Félagið býður fólki að koma í Laugalandsskóg á Þelamörk og höggva sín eigin jólatré tvær næstu helgar og er oft mikill handgangur í öskjunni og stemningin skemmtileg þegar fjölskyldur leita að því tré sem best hentar og njóta um leið útiveru í skóginum.

Stjórnarmenn í félaginu standa vaktina í jólatrjásölu og bjóða gestum sínum upp á ketilkaffi, kakó og piparkökur auk þess að ræða landsins gagn og nauðsynjar.

„Þessi viðburður er okkur mikilvægur til að eiga samskipti við fólkið sem notar skógana okkar sér til yndis og ánægju, en við leggjum mikla áherslu á að bæta aðgengi að þeim og útivistarmöguleika,“ segir Ingólfur, en nýverið var gert átak í að bæta göngustíga, merkingar og bílastæði í Laugalandsskógi.



Verður fjallapínur „apache“ framtíðarjólatré Íslendinga?

Samkeppni við innflutt dönsk jólatré og plasttré frá Kína

Tekjur af sölu jólatrjáa eru félaginu mikilvægar til að vinna að vexti og viðhaldi skóganna auk þess að bjóða upp á þjónustu í þeim svo sem eins og að troða brautir fyrir göngu- og skíðafólk. „Við eigum í mikilli samkeppni við innflutt jólatré frá Danmörku og plasttré sem gjarnan eru ætluð frá Kína, en ég hef góða tilfinningu fyrir því að ef við leggjum okkur fram um að bjóða góða vöru á sanngjörnu verði gætum við bætt okkar hlut. Að auki bjóðum við okkar viðskiptavinum upp á jákvæða ímynd og upplifun



Næstu tvær helgar gefst fólki kostur á að koma í Laugalandsskóg á Þelamörk og velja jólatré fyrir fjölskylduna. Þá er oft mikill handgangur í öskjunni og stemningin skemmtileg.

Myndir / Skógræktarfélag Eyfirðinga



Sjálfsáin stafafura með húfu.

í kaupbæti. Salan hjá okkur hefur hægt en örugglega farið upp á við með hverju árinu og við stefnum að því að halda þeirri þróun, m.a. með aukinni þjónustu við viðskiptavinum og bættum gæði trjáanna.“

Ingólfur segir að reynt sé að sinna jólauskógunum félagsins af kostgæfni, á hverju ári er stafafura plantað, rauðgreni og fjallapín. „Mest seljum við af stafafuru, mikið af henni eru sjálfsáin tré þannig að sumir okkar reitir eru sjálfbærir um endurnýjun,“ segir hann. Rauðgreni á sinn tryggja kunnahóp og reynir skógræktarfolk að meðhöndla þau á þann hátt að barrheldni sé tryggð, einkum felst það í að velja þröttleg tré til höggs og höggva þau eins seint og kostur er.

Skógræktarfélag Skagastrandar:

Lítið sem ekkert viðhald á girðingu

Skógræktarfélag Skagastrandar hefur lýst yfir áhyggjum sínum af litlu sem engu viðhaldi skógræktargirðingar í Spákonufelli.

Bendir félagið á að þær

þúsundir trjáplanta sem hafa verið gróðursettar innan girðingarinnar þoli illa ágang búfjár. Því er beint til sveitarfélagsins að láta gera við girðinguna sem allra fyrst.

Sveitarstjóri upplýsti á fundi

sveitarstjórnar á dögunum að verktafi sem fenginn var til verksins í sumar hafi sökum mikilla verkefna ekki getað sinnt verkinu, en samið hafi verið við hann að ganga í verkið strax næsta vor. /MPP

Umhverfisstofnun:

Undirbúa gerð verndaráætlunar fyrir Kattarauga

Umhverfisstofnun hefur hafið undirbúning að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættid Kattarauga við Kornsa í Vatnsdal.

Henni er ætlað að fjalla um markmið með verndun svæðisins og hvernig stefnt skuli að því að viðhalda verndargildi þess. Við gerð hennar er lögð mikil áhersla á samráð og samstarf við hagsmunaaðila. Umhverfisstofnun hefur m.a. óskað

eftir því að Húnavatnshreppur tilnefni fulltrúa í samstarfshóp um gerð áætlunarinnar að því er fram kemur á vefnum huni.is.

Kattarauga var friðlýst sem náttúruvætti árið 1975. Tjörnin Kattarauga er alldjúpur pyttur sem í eru tveir fljóttandi hólmur sem reka undan vindi. Mikið og stöðugt rennsli er í gegnum tjörnina. Í botni tjarnarinnar er lindarauga sem glittir

á þegar logn er og bjartur dagur. Af lindarauganu dregur tjörninn nafn sitt. Gróður á svæðinu er dæmigerður íslenskur mýrargróður.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með ríflega 100 friðlýstum svæðum á Íslandi. Samkvæmt lögum um náttúruvernd er eitt af hlutverkum stofnunarinnar að annast gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði. /MPP

Feta í fótspor norska frændans

„Við hófum að rækta fjallapín í einhverjum mæli fyrir nokkrum árum og vonumst til að fá hann í sölu á komandi árum, en þar fetum við í fótspor frænda okkar Norðmanna sem náð hafa góðum árangri í ræktun og markaðssetningu hans,“ segir Ingólfur. Tvö kvæmi af fjallapín hafa einkum verið notuð, „apache“ sem hefur bláleitan blæ og „arapaho“

sem er fagurgrænt. – „Vonandi verður þetta góð viðbót við furuna og rauðgrenið sem við bjóðum nú upp á.“ Dr. Brynjar Skúlason, sem starfar hjá Skógræktinni, hefur safnað saman úrvalstrjám af þessum kvæmum og hefur fræreitur verið settur upp sem vonast er til að gefi úrvalsfræ innan fárra ára.

„Kynbótastarf er ekki síður mikilvægt í skógrækt en í öðrum búgreinum,“ segir Ingólfur. /MPP



Sigurður Arnarson að setja jólaljós í adventutré við verslun á Akureyri.

Virðisaukning á hverju tré

Undanfarnar vikur hefur Skógræktarfélagið einkum sinnt fyrirtækjum sem vilja koma jólabrag á sitt umhverfi, sinnt sölu torgtrjáa sem eru allt að 10 metra há og þá hefur sala á adventutrjám stóraukist hin síðari ár.

Adventutrén eru allt að þriggja metra há, sett í kassa sem smíðaðir eru úr eyfirsku lerki og ætlaðir til að standa fyrir utan fyrirtæki og heimili á adventunni. Trjámur er ekið til viðskiptavina á Eyjafjarðarsvæðinu og þau sótt aftur á nýju ári, þau eru endurunin og kassarnir nýttir til annarra verkefna fram að næstu jólum. Trén er hægt að fá með

ljósaserium og segir Ingólfur að heilmikil aukning hafi orðið í umsetningu á þessari vöru, þannig hafi nokkur slík verið send suður yfir heiðar á höfuðborgarsvæðið. „Með þessu erum við að skapa virðisaukningu á hverju tré sem við seljum en við leitum allra leiða til þess. Hjá okkur starfar hagleiksmaður sem gjarnan nýtir neðsta hlutann af trjástofni jólatrjáanna, sker út handverk sem endar á jólamarkaði. Fullvinnsla sjávarafurða er hagtak sem við höfum oft heyrt en okkur kannske síður tamt þegar fjallað er um skógrækt en á þó jafn vel við þar og annars staðar.“



Neðsti hluti af trjástofni jólatrjáanna er nýttur, hagleiksmaður sker út handverk sem endar á jólamarkaði.

Íslenskur kalkúnn í veisluna

Kalkúnn með teriyaki og engifer með fíkjuyllingu og trönuherjasósa

HRÁEFNI – kryddlögur

- 1 l eplasafi
- 2 dl sojasósa
- 2 dl teriyaki-sósa
msk. engiferrót, smátt söxuð
- 6 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir
- 2 chili-aldin, fræhreinsuð
og smátt söxuð
- 5 anisstjörnur (má sleppa)
- 3 dl salt
- 2 dl sykur
- 6 l vatn
- 1 heill kalkúnn, um 5 kg
- 2 msk wasabi-sesamfræ (má sleppa)

ADFERÐ – lögurinn

- 1. Setjið allt nema vatn og kalkún
í pott og sjóðið í 5 mín.
- 2. Takið pottinn af hellunni og kælið.
Frærið löginn í fötu og hellið
vatninu saman við.
- 3. Takið innýflin úr fuglinum og
setjið hann í löginn í fötunni.
- 4. Geymið í kæli yfir nótt.
- 5. Takið fuglinn upp úr og þerrið.
- 6. Setjið fíkjuyllinguna inn í fuglinn,
látið hann í eldfast mót og bakið
í 190°C heitum ofni í um 15 mín.
- 7. Lækið hitann niður í 150°C

og steikið áfram í 45 mín.
fyrir hvert kg.

- 8. Stráið að lokum wasabi-
sesamfræjum yfir kalkúnninn.

FÍKJUFYLLING & TRÖNUBERJASÓSA

Fleiri uppskriftir og eldunarteið-
beiningar á vefnum kalkunn.is

Verði ykkur að góðu,

Nouni og Sína

Reykjavíunni, Mosfellsbæ.



Holda
KALKÚNN

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA



Mariulaxinn skiptir öllu máli

Gunnar Bender
gunnarbender@gmail.com



Veidin er skemmtilegt sport, félagsskapurinn og veiðin sjálf. Fyrsti laxinn, fimmti laxinn og allt þar á milli. Mariulaxinn getur oft verið merkilegur, þú ert kannski búinn að reyna og reyna að veiða hann. Fara veiðitúr eftir veiðitúr og fyrsti laxinn tekur ekki, það er gangurinn í veiðinni, stundum tekur hann alls ekki.

Presturinn í Árbæjarkirkju, Þór Hauksson, var búinn að reyna og reyna að veiða, mariulaxinn vildi ekki koma. Nokkrir veiðitúrar vestur í Dali en mariulaxinn vildi alls ekki taka.

En vestur í Döllum býr Hugrún, hún var ekki búin að reyna mikið að veiða mariulaxinn en hún labbaði í hylinn fyrir bæinn hjá

sér og setti í mariulaxinn. Svona gerist þetta bara en presturinn var ákveðinn þegar hann kom að veiðihúsinu við Hvolfsá.

„Núna kemur þetta, finn það á mér,“ sagði presturinn, með sama svip og Gylfi Sig þegar hann hafði skorað mark viku áður. Presturinn var einbeittur, veiðin róleg, gekk til að byrja með, fiskurinn tók en ekki hjá prestinum.

„Finn það núna“ sagði hann og reyndi maðkinn í Rófugarðshyl í Staðarhólsá, hljómar kannski ekki fiskinn staður en gaf vel hér á árum áður. Og kannski núna, fiskurinn var ekki við, hann var tregur og þó var aðeins að taka smá.

Presturinn beið og beið og eitthvað var að gerast, fiskur var að taka agnið hjá honum. Hann gerði allt rétt, beið, leyfði fisknum að taka og BÚMMMMMM. Hann var á, presturinn var rólegur og landaði fisknum rétt fyrir ofan



Séra Þór Hauksson, prestur í Árbæjarkirkju, með mariulaxinn.

Mynd / G.Bender

tökustaðinn. Fumlaus handtök, mariulaxinn var kominn á land.

Mariulaxinn skiptir öllu fyrir veiðimenn, hvort sem maður

er prestur eða húsfreyjan á Kjarlaksvöllum, það er heila málið.



Hann er á, urriðinn stóri, og þeir feðgar spá í stöðuna við Laxá í Mývatnssveit.

Það eru þeir stóru sem sleppa

Margir lentu í skemmtilegri og eftirminnilegri veiði í sumar. Þannig er er veiðin bara og menn og konur muna það alla tíð. Það er gott að rifja upp veiðisögur þegar er stutt í næsta veiðisumar.

Hann Hafþór Bjarni Bjarnason átti eftir miðdagsvakt í Hofstaðaei í Laxá í Mývatnssveit í júlí síðastliðnum. Eftir að hafa gengið norður eyjuna og sett í nokkra fiska var komið að Skriðuflóanum.

Hann veiddi á dropper, Krókin á endann, en lítinn Phesant tail á dropperinn. Þá var vaðið út í neðarlega í flóanum og upp sandhrygginn, alveg upp undir stút. Það leið ekki á löngu uns

hann hafði sett í urriða af vænni gerðinni. Það var strax ljóst að þarna var tröll á ferð, alvöru Mývatnssveitarurriði, sem ætlaði ekki að gefast upp fyrir en í fulla hnefana. Eftir rúman hálf tíma, hafði slagurinn borist neðar í hylinn og faðir drengsins mundaði háfinn og ætlaði að taka fiskinn. En það gekk ekki, því fiskurinn var allnokkuð stærr en háfurinn.

Slagurinn endaði þannig að urriðinn reif sig lausan, varð frelsinu feginn. Eftir stóð hinn ungi veiðimaður, nötrandi af spennu og frekar svekktur. En svona er það stundum ... þeir stóru eiga það til að sleppa.



Selma Björk Ísabella Gunnardóttir með flottan sjóbirting úr Vatnamótum.

Mynd / ÓG

Sjaldan verið betri sjóbirtingsveiði

„Já, veiðin gekk frábærlega hjá okkur og lokatölur voru 835 fiskar, Eldvatnið og Eldvatnsbotnar,“ sagði Jón Hrafn Karlsson, er við spurðum hann um lokatölur af svæðinu.

Sjóbirtingsveiðin gekk vel á flestum svæðum fyrir austan í haust sem leið.

„Við erum mjög sáttir með

sumarið hérna og veiðina,“ sagði Jón Hrafn enn fremur, en margir vænir fiskar veiddust hjá Jóni Hrafn.

Sjóbirtingsveiðin gekk vonum framar fyrir austan og sjaldan hefur veiðst eins vel og núna. Fiskurinn var vænn og svæði sem gáfu vel voru Tungufljót, Tungulækur, Geirlandsá, Vatnamótin,

Grenlækur, Fossálar og Hörgsá svo einhverjar séu nefndar til sögunnar, jú auðvitað Eldvatnið og Eldvatnsbotnar.

„Já, fór nokkrar skemmtilegar veiðiferðir austur í sjóbirting og veiddi vel, fékk væna fiska,“ sagði Selma Björk Ísabella Gunnardóttir, um veiðiferðir í sjóbirting við Klaustur í haust.



Bændablaðið

Sendum veiðimönnum landsins okkar bestu jóla- og nýárskveðjur með von um gott gengi á komandi ári

Næsta blað kemur út **11. janúar 2018**

GERÐU GÓÐ KAUP FYRIR ÁRMÓT!

EIGUM TIL Á LAGER 2018 MÓDEL AF JOHN DEERE 6120R PREMIUM:

- ✓ 120–145HP með stiglausri skiptingu, bæði með 40 km og 50 km hraða.
- ✓ Gríðarlega vel búnað vélar með þrefaldri fjöðrun á hásingu.
- ✓ Fjöðrun á húsi og sæti.
- ✓ Fjögur tvöföld vökvaúrtök og vökvaýfirtengi.
- ✓ Bæði útskjótanlegur og þýskur krókur.
- ✓ Vökva og loftbremsur.
- ✓ Tölvuskjár og allir bæklingar um vélina eru á íslensku.

Eigum nýjar vélar á lager sem við ætlum að bjóða á sérstöku áramótaverði.

Nýjar vélar hjá Íslyft á Akureyri og í Kópavogi til að prufukeyra. Allir velkomnir!

Íslyft/Steinbock þjónustan hefur starfað síðan 1972 og vaxið og dafnað með hverju árinu. Við höfum verið markaðsleiðandi í sölu lyftara á Íslandi síðastliðin 20 ár.

Það þökkum við gæða vöru og mjög góðu þjónustustigi, og ætlum ekki að veita síðri þjónustu við landbúnaðinn.

Með jólakveðju og ósk um farsælt nýtt ár. Starfsfólk Íslyft og Steinbock þjónustunar.



Íslyft ehf

STEINBOCK ÞJÓNUSTAN EHF
Vesturvör 32 - 200 Kópavogur
www.islyft.is s. 564 1600



JOHN DEERE



Milt og mýkjandi í gjafaöskju

Án parabena, ilm- og litarefna


lyfja.is

- Rakakrem 100 g
- Handáburður 100 ml
- Andlitshreinsir 50 ml
- Andlitskrem 20 g

LYFJA
- Lífið heil

Fjósbyggingar

Frá Jötni Byggingum



Jötunn hafa um árabíl flutt inn og selt innréttingar, fódurkerfi, steinbita ofl. í gripahús. Þessi þjónusta hefur verið vel tekið af viðskiptavinum Jötuns véla. Mikil uppbygging, breyttar kröfur um aðbúnað dýra og breytingar í íslenskum landbúnaði udanfarin ár hafa gert það að verkum að mikil þörf er á uppbyggingu á nýjum húsum og breytingum á eldri húsum. Samhliða þessu er eins og alþjóð veit mikill uppgangur í þjóðfélaginu og eftirspurn eftir verktökum hefur sjaldan eða aldrei verið meiri en um þessar mundir. Þetta hefur leitt til þess að bændur eiga erfitt með að fá verktaka til að sinna uppbyggingu á sínum bæjum og finnst oft þeir vera settir aftar í röðina miðað við þéttbýlið þegar kemur að því að fá mannskap til slíkra verka.

Viðskiptavinir Jötuns hafa í síauknu mæli kallað eftir aukinni þjónustu frá Jötni þegar kemur að heildarlausnum fyrir gripahús, og hafa Jötunn nú ákveðið að taka til hendinni og koma á mótis við kröfur markaðarins. Til þess að gera það hefur verið ákveðið að bjóða upp á heildarlausnir fyrir bændur sem vilja byggja upp hjá sér eða breyta eldri húsum.

JÖTUNN
BYGGINGAR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

Gunnar Kristinn Guðmundsson, bóndi á Göngustöðum í Svarfaðardal, er að taka við búinu af foreldrum sínum:

Ákvað að slá til og byggja hátæknivætt og vandað fjós í stað þess að hætta

Mikil gróska hefur verið í uppbyggingu kúabúa í Svarfaðardal. Þar er búið að reisa fjölmörg ný fjós og bændur eru hver af öðrum að taka í notkun hátæknimjaltapjóna. Þar er Gunnar Kristinn Guðmundsson, bóndi á Göngustöðum, engin undantekning.

Í byrjun desember byrjaði Gunnar að flytja kýrnar á bænum úr gamla fjósinu í nýtt og glæsilegt lausagöngufjós sem keypt var hjá Landstólpa. Þegar blaðamaður Bændablaðsins kom við á bænum í fyrri viku var Gunnar í óða önn að gera klárt fyrir kýrnar í fjósinu, en mörg handtökin voru þó eftir. Var hann m.a. að fara að taka inn glænýjan sköfu-róbot og setja upp flokkunarhlíð og burðarstíur. A veggi og gólf lét hann setja epoxy plastefni sem kemur til með að auðvelda öll þrif í fjósinu.

Byggingartíminn aðeins hálf ár

„Ég held að þetta komi skemmtilega út þegar allt verður klárt,“ sagði Gunnar.

„Það er frábært að gera þetta á svona stuttum tíma. Það var búið að gera grunninn kláran í lok apríl og ég ætlaði að byrja á þessu í maí en tafir urðu á teikningum. Það var svo sem ágætt, því þá gat ég klárað sauðburðinn áður en smiðirnir komu. Fyrsti smiðurinn kom hér 3. júní og við byrjuðum að steypa í mykjúhúsinu 6. júní. Svo var byrjað að mjólka hér í nýju fjósi þriðjudaginn 28. nóvember.“

Tekur við búinu af foreldrum sínum

Gunnar er smám saman að taka við rekstrinum á búi foreldra sinna, Guðmundar Gunnlaugssonar og Margrétar Gunnarsdóttur. Þau keyptu Göngustaði fyrir 41 ári. Þau hófu síðan framkvæmdir fyrir 38 árum til að hefja þar mjólkurframleiðslu. Byrjuðu þau frá grunni en þá var engin kýr á bænum. Keyptu þau 7 kvígur og hófu mjólkurframleiðslu í kjölfarið. Þar hafa þau síðan rekið hefðbundið básafjós með brautakerfi. Var stígandi í rekstrinum og ljóst undir það síðasta að ráðast þyrfti í miklar endurbætur ef halda ætti áfram. Sagði Gunnar að þá hafi líka komið til greina að hætta búskapnum alveg.

Einum hádegisverði frá því að hætta

„Það var einum hádegismat frá því að ég flytti í burtu og hætti. Málið snerist um að auglýsa þetta til sölu og fara, eða að fara í þessa uppbyggingu. Vorum við farin að búa okkur undir að hætta en létum lífa eitthvað af nautum meðan við kláruðum kýrnar út. Það var svo ákveðið að stökkva út í þetta og ég sé ekki eftir því í dag,“ segir Gunnar.

Með 40 mjólkandi kýr og er að stækka stofninn

„Við erum með rétt rúmlega 40 kýr og í heild 110 nautgrip. Það er mikið af óbornum kvígum hjá okkur og svo hefur gengið vel að kaupa inn kvígur til að stækka stofninn. Ég á eftir að sækja 15 kvígur sem ég er búinn að kaupa og eiga að bera um og eftir áramót. Ég stefni á að vera með 64 mjólkandi kýr í húsi í byrjun mars,“ segir Gunnar.

Hann segir að ótrúlega mikið hafi verið af lausum gripum til sölu að undanförunu og því gengið vel að fá kvígur. Hann sagði skýringuna frekar vera offramboð af kvígum



Gunnar Kristinn Guðmundsson, bóndi á Göngustöðum, við glænýjan hollenskan mjaltapjón af gerðinni Fullwood Merlin.

Myndir / HKr.



Gömlu útihúsin á Göngustöðum og það nýja lengst til hægri. Það mun örugglega ekki væsa um gripina í þessari byggingu.



Göngustaðir í Svarfaðardal.

frekar en að bændur séu að hætta í greininni.

„Að vísu tók ég 6 kvígur af bæ sem hætti í fyrra og ég er að fá þær inn núna.“

Kýrnar hugsi yfir nýrri tegund af mjaltapjóni

Eitt af fyrstu verkunum við að koma kúnum fyrir í nýju og tæknivæddu lausagöngufjósi er að kenna þeim á graejurnar. Gunnari fórst það verk vel úr hendi og var m.a. að kenna kúnum á nýja mjaltapjóninn. Kannski ekki skritið að þær væru hugsi yfir tækinu, því þær höfðu örugglega ekki séð þessa tegund áður á nokkrum bæ í Svarfaðardal.

Kaup á mjaltapjónum líkt við trúarbrögð

„Við pössuðum okkur á því að vera örugglega ekki með eins „róbot“ og nágrannarnir,“ sagði Gunnar brosandí. Nágranni hans, aðeins neðar í dalnum, Karl Ingi Atlason á Hóli, var þá nýbúinn að benda blaðamanni á að ef menn vildu skoða þær tegundir sem í boði eru á mjaltapjónamarkaðnum, þá væri best að skreppa í Svarfaðardalinn. Þar gætu menn séð allar tegundirnar á litlu svæði. Sagði hann að vissulega mætti líkja afstöðu bændna til vals á róbotum við trúarbrögð, svona líkt og þegar bændur taka ástföstri við ákveðnar tegundir af dráttarvélum. Gunnar var ekki

frá því að nokkuð væri til í þeirri skýringu nágrannans.

Átta mjaltapjónar komnir í Svarfaðardal á þrem árum

Á þrem árum hefur tæknin heldur betur haldið innreið sína í Svarfaðardalinn með innleiðingu mjaltapjónanna. Fljótlega voru komnir þrjár á bæi í dalnum og nú á einu ári hafa verið settir upp fimm til viðbótar. Þar má sjá allar tegundirnar sem í boði eru hérlandis. Það eru Lely mjaltapjónar frá VB landbúnaði ehf., Delaval frá Bústólpa ehf., GEA frá Líflandi ehf. og Fullwood Merlin frá Landstólpa ehf.

Á Hóli hjá Karl Ingi Atlasoni er nýlegt fjós og Delaval róbot og á Búrfelli austan við ána gegnt Hóli er verið að byggja nýtt fjós sem kemur frá BYKO. Þar kemur væntanlega enn einn mjaltapjóninn. Hjá Sveini Kjartani Sverrisyni á Melum, sem líka er austan ár var settur upp GEA róbot sem tekin var í notkun í haust. Þá var líka tekinn í notkun nýr róbot hjá Trausta Þórisyni á Hofsa neðar í austanverðum Svarfaðardal seinnipartinn í haust. Hjá Gunnsteini Þorgilssyni bóndi á Sökku verður svo tekin í notkun enn einn mjaltapjóninn eftir áramótin. Þá er einnig verið að byggja upp hjá Þorleifi Kristni Karlssyni á Hóli á Upsaströnd, skammt norðan við Dalvík og við mynni Svarfaðardal. Verða þá líklega aðeins þrjú kúabúa eftir í Svarfaðardal áður en langt um líður sem ekki eru með róbot.

Með Fullwood mjaltapjón og mjólkurkæli

Mjaltapjóninn hjá Gunnari er glænýr hollenskur „róbot“ af gerðinni Fullwood Merlin sem Landstólpa er með umboð fyrir. Fyrsti róbotinn af þeirri gerð hér á landi var settur upp í september hjá Erni Óla Andrésyni á Bakka í Víðidal.

„Við erum líka með 5.000 lítra Fullwood Packo mjólkurtank sem er með ískæli. Hann er líka frá Landstólpa og er eini mjólkurtankur sinnar tegundar á Íslandi. Hann virkar þannig að í neðri hlutanum er vatn sem er við frostmark.“

Samkvæmt upplýsingum frá Landstólpa fer mjólkinn frá mjaltapjónum fyrst í gegnum forkæli sem kældur er með neysluvatni. Þaðan fer mjólkinn í gegnum forkæli númer tvö sem tilheyrir mjólkurkælinum, en í gegnum hann rennur 0 gráðu heitt vatn úr kælitanknum sem kællir mjólkina niður í 7 gráður. Síðan fer vatnið í hringrás um tankinn og heldur hitastiginu stöðugu í 7 gráðum. Þessi tankur á að gefa betra geymsluþol og halda fitusýru niðri auk þess sem ekki á að vera hætta á að það frjósi í tanknum.

„Ástæðan fyrir kaupunum á þessum Fullwood mjaltapjóni og Fullwood Packo mjólkurtank, er að ég keypti húsið af Landstólpa. Þeir buðu mér til Hollands til að skoða Fullwood róbot sem mér leist vel á. Fyrst ég var að taka húsið, innréttingar og allt annað frá Landstólpa, þá fannst mér liggja beinast við að klára dæmið og taka líka allt annað í fjósið frá þeim. Þessi róbot mjólkur eins og allir hinir. Það

er því allt sem kemur hér ofan á steypu frá Landstólpa.“

Heldur sauðfé sem áhugamál

Gunnar Kristinn segist hafa það fyrir áhugamál fyrir utan kúabúskapinn að halda sauðfé.

„Ég er með 240 kindur á fóðrum. Menn hafa verið að gera grín að mér fyrir að vera með kindur. Ég segi á móti að þetta sé eins og að vera með hesta. Þetta er mitt áhugamál í stað þess að vera með hesta, en þetta er vissulega ekki að skila miklu til búsins. Ég hugsa að það hafi vantað 1,2 milljónir upp á reksturinn á sauðfénu nú í haust miðað við það sem við fengum í fyrra vegna afurðaverðisverðlækkunar. Það er því alveg ljóst að það er ekki hægt að vera eingöngu með sauðfé.

Það leiðinlega í þessari stöðu er að líklega deyja mörg af þessum flottu sauðfjárbúum fyrir vestan og í Þistilfirðinum sem hafa verið að gera mjög góða hluti í ræktunarmálum. Þar hafa margir verið í sauðfjárbúskap af miklum metnaði,“ segir Gunnar Kristinn Guðmundsson. /HKr.



Göngustaðir beint fram undan. Hnjótafjall til vinstri, en Skjöldur og Sandárdalur beint upp af bænum til hægri. Myndir / HKr.

Bændablaðið kemur næst út 11. janúar 2018

Geislar hönnunarhús
Jólavörur
Gjafavörur
Módel-leikföng

Skoðaðu úrvalið í vefversluninni okkar á www.geislar.is
 Vörurnar pakkast flatar - sendum í póströfu innan 24 klst. frá pöntun.
Íslensk hönnun og framleiðsla

Gúmmibelti og stálbelt frá Linser

Eigum til á lager gúmmibelti á flestar gerðir minivéla.

Þjóðum einnig stálbelti, rúllur, framhjól og sprocket á beltagröfur og jarðýtur.

Gæða vara á góðu verði!

VÉLAFL
 Upplýsingar í síma 693 3210/sigvaldi@velafl.is. Heimasíða www.velafl.is

Norðurljósastofa
 Frá Jötni Byggingum

Ný upplifun - meiri gæði fyrir þig og þína gesti!

- Glerhýsið er framleitt úr hágæða álrömmum (Reynaers CW 50) með tvöfaldrí hurð.
- Pak er með tvöfalt gler, ytra byrði er hert gler og innra byrði er gert úr samliðnu öryggisgleri.
- Tvöfalt gler í veggjum og hurðum. Hægt að sérpanta öryggisgler.
- Litir hvítt og állitað, hægt að sérpanta aðra RAL liti.
- Húsið er afhent í 4 einingum. Flutningur, uppsetning, undirstaða og áfellingur ekki innifaldar í verði.

Glæsileg viðbót við bústaðinn sem eykur á notagildi hússins vetur sem sumar.

Verð aðeins: **1.480.000 án vsk** (Án hurða kr. 1.180.000 án vsk)

Tilboð 3 eða fleiri: **1.380.000 án vsk** (Án hurða kr. 980.000 án vsk)

Bushnell
 Handsjónaukar margar gerðir

Trophy Xtreme
 Stækkun 10x42 mm
Kr: 35.950

Bushnell H20
 Stækkun 10x42
Kr: 24.900

FRÍ HEIMSENDING Á ÖLLUM VÖRUM FRAM AÐ JÓLUM

MERINO ULLARNÆRFÖT
 Mjúk og hlý nærföt í störf og leik
 100% merino ull stærðir S - XXL

Kr: 5.990

Kr: 5.490

OLYMPIA

Dugnaðarprjónakonur í Oddeyrarskóla:

Húfur gegn einelti á alla fyrstubeckkinga

„Hver og ein húfa er með sínu móti, þær eru ólíkar, í mismunandi litum og með ólík mynstur til marks um að við erum öll ólík, hver og einn er einstakur,“ segir Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri í Oddeyrarskóla.

Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi gegn einelti sem var í nóvember tóku fjórir kennarar við skólann sig til og prjónuðu húfu á hvern og einn nemanda í fyrsta bekk. Húfurnar eru með áletruninni Gegn einelti. Þær hófu að skipuleggja prjónaskapinn í liðnum mánuði, brettu svo upp ermar og prjónuðu í gríð og erg þar til allir nemendur höfðu fengið húfu á sitt höfuð.

Þetta er annað árið í röð sem fyrstubeckkingar fá húfu að gjöf í tilefni þessa dags. Kristín segir að hugmyndin hafi verið fengin að láni frá Grunnskólanum á Bolungarvík sem einnig deildi uppskriftum að húfum með kollegum sínum nyrðra. Á öllum húfunum stendur: Gegn einelti.

MPB



Fyrstubeckkingar glaðir í bragði með húfurnar sínar.



Dugnaðarkonur, þær Linda Óladóttir, Kristín Jóhannesdóttir, Bára Árný Sigþórsdóttir og Hafdís Bjarnadóttir í Oddeyrarskóla og húfurnar góðu.



Guðlaugur við verslun sína árið 1984, myndina tók Magnús Karel. Guðlaugur var þjóðsagnapersóna Íslands, frá Vigdís Finnbogadóttir heimsótti hann m.a. í opinberri heimsókn 1983.

Laugabúð 100 ára

Því var fagnað 4. desember sl. að þá voru 100 ár liðin frá því að Guðlaugur Pálsson kaupmaður hóf verslunarrekstur á Eyrarbakka. Hann rak verslun sína í 76 ár, eða frá desember 1917 og fram í desember 1993, þegar hann lést tæplega 98 ára að aldri.

Fyrstu tvö árin var verslunin staðsett í Kirkjuhúsi, en árið 1919 keypti Guðlaugur íbúðarhúsið Sjónarhól og breytti því í verslun og þar stóð hann síðan vaktina á sama gólfinu til dauðadags, eða í 74 ár.

„Verslunarrekstur Guðlaugs var nær einstakur á landsvisu og

jafnvel þótt víðar væri leitað. Í fyrsta lagi vegna þess hve langt tímabil hann spannaði og í öðru lagi vegna þess háa aldurs sem Guðlaugur náði,“ segir Magnús Karel Hannesson á Eyrarbakka sem rekur nú verslunina sem ferðamannaverslun yfir sumartímann. Fyrsti viðskiptavinur Guðlaugs 4. desember 1917 var sr. Gísli Skúlason á Stóra-Hrauni, sóknarprestur Eyrbekkinga og Stokkseyringa. Sr. Gísli keypti eina litla vasabók á 22 auru. Heildarsalan þennan fyrsta verslunardag Guðlaugs Pálssonar var 28 kr. /MHH

Kristnesspítali 90 ára:

Hefur frá upphafi gegnt lykilhlutverki í heilbrigðisþjónustu

Kristnesspítali í Eyjafjarðarsveit fagnaði 90 ára afmæli sínu þann 1. nóvember með hátíðlegri athöfn. Frá árinu 1927 hefur verið rekin heilsutengd starfsemi í Kristnesi.

Spítalinn hefur frá árinu 1993 verið hluti af Sjúkrahúsinu á Akureyri, SAK. Spítalanum voru færðar margar gjafir í tilefni dagsins.

Fjöldi gjafa barst á afmælisdaginn

Hollvínasamtök Sjúkrahússins á Akureyri afhentu Kristnesspítala 6 milljónir króna að gjöf, sem verður varið til kaupa á þjálfunarbúnaði í sjúkrahjálfun og hægindastólum á legudeildirnar. Oddfellowstúkurnar á Akureyri færðu spítalanum 3 milljónir króna að gjöf og verða þær notaðar til kaupa á tveimur sérhönnuðum loftdýnum, tveimur sjúkrarúmum sem þola þunga einstaklinga, æfingastandbekk og ferðasúrefnissíu. Þá verður hluta fjármunanna varið til kaupa á snjóblásara til að skjólstaðingar, aðstandendur þeirra og starfsfólk spítalans geti notið aukinnar útivistar að vetri til. Fram kom við afhendingu gjafanna að með tilkomu snjóblásara rættist 90 ára gamall draumur þeirra sem stóðu að byggingu Kristneshælis.

Þrjú kvenfélög færðu spítalanum peningagjafir; Kvenfélagið Iðunn



Kristnesspítali í Eyjafjarðarsveit varð 90 ára í byrjun nóvember. Fjölmargar gjafir bárust af því tilefni. Spítalinn hefur frá árinu 1993 verið hluti af Sjúkrahúsinu á Akureyri. Meginmarkmið spítalans nú snúast um endurhæfingu. Mynd / BB

og Kvenfélagið Hjálpin, bæði í Eyjafjarðarsveit, og Kvenfélag Fnjóskdæla og verða fjármunirnir notaðir til kaupa á útibeck og ferðasúrefnissíu. Þá færði Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis spítalanum Lazyboy-stól að gjöf. Loks gaf Eyjafjarðarsveit þrjá setbecki úr Lerki.

Bjarni Jónasson, forstjóri SAK, sagði í ávarpi sínu að Kristnesspítali hafi leikið lykilhlutverk í heilbrigðisþjónustu allt frá því hann tók til starfa og muni gera áfram. „Þetta er þjónusta sem íbúar á starfssvæði sjúkrahússins kunna vel að meta svo sem sjá má af þeim veglegu gjöfum sem spítalanum hafa verið færðar nú og í gegnum tíðina,“ sagði Bjarni.

Margir hugsa hlýlega til okkar

Ingvar Þóroddsson, forstöðulæknir í Kristnesi, sagði að þessar höfðinglegu gjafir hjálpuðu mjög mikið til við að endurnýja nauðsynlegan tækjakost og búa enn betur að skjólstaðingum sjúkrahússins. „Gjafirnar sýna að mjög margir muna eftir Kristnesi og hugsa hlýlega til okkar. Fyrir það er ég afskaplega þakklátur.“

Ingvar sagði jafnframt að meginmarkmiðin með starfsemi í Kristnesi væru tvö; endurhæfa fólk á hvaða aldri sem er til að það geti verið sem lengst heima og á vinnumarkaði og endurhæfa aldraða með það að markmiði að þeir geti dvalist sem lengst heima hjá sér. /MPB



Grundarfjörður.

Mynd / HKr.

Hugsanleg sameining Grundarfjarðar, Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar: Ekki kosið um sameiningu í næstu sveitarstjórnarkosningum

Bæjarstjórn Grundarfjarðar hefur komist að þeirri niðurstöðu að ekki verði að svo stöddu efnt til íbúakosningar um sameiningu sveitarfélaga. Allir bæjarfulltrúar í Grundarfirði samþykktu þessar lyktil málsins.

Samstarfsnefnd um mögulega sameiningu sveitarfélaganna Grundarfjarðarbæjar, Helgafellsveitar og Stykkishólmsbæjar hefur aflað gagna og rætt um ýmsa þætti sem tengjast mögulegri sameiningu sveitarfélaganna. Sveitarfélögin fengu ráðgjafarfrýrtækni KPMG til þess að afla gagna og vinna skýrslu fyrir sameiningarnefndina

og hefur hún verið kynnt fyrir sveitarstjórnnum.

Samstarfsnefndin segir að í ljósi þessara gagna og niðurstöðu Jöfnunarsjóðs um framlög vegna sameiningarinnar sem byggja á núgildandi reglum sjóðsins telji nefndin ekki forsendur til að ná fram niðurstöðu í vinnuna þannig að hægt sé að kjósa um sameiningu fyrir sveitarstjórnarkosningar á næsta ári.

Boðið fram í hverju sveitarfélagi fyrir sig

Nefndin leggur til að á vegum

sveitarstjórnanna þriggja fari fram viðræður við ráðuneyti sveitarstjórnarmála þar sem gerð verði grein fyrir afstöðu sameiningarnefndarinnar.

Vísar nefndin einnig til skýrslu ráðuneytisins um stöðu og framtíð íslenskra sveitarfélaga frá september sl. þar sem m.a. er lagt til að ráðuneyti sveitarstjórnarmála taki markvissari þátt í verkefninu um styrkingu sveitarstjórnarstigsins og fjárfesti í því. Það er því ljóst að boðið verður fram í hverju sveitarfélagi fyrir sig í komandi sveitarstjórnarkosningum.

/MPÞ

PAPPÍR

KÍKTU Á PAPPÍR.IS

Kassa- og posarúllur

KRAFTPOKAR Í MIKLU ÚRVALI!

Við prentum á poka!

Pappír hf | Kaplahraun 13 | 220 Hafnarfjörður | Sí: 565 2217 | pappir@pappir.is

EYJALIND

Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur

f Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

GEFÐU GJÖF SEM ENDIST ÆVILANGT

Gjafabréf Bændaferða og Hey Iceland er tilvalin gjöf til þeirra sem hafa gaman af því að ferðast.

Til sölu 4x4

Skoda Octavia, árg. 2015, langbakur, dísel, 1.600 cc, fjórhjóladrifinn, bsk. 6 gíra, ekinn 52.500 km. Einn eigandi. Skráður VSK-bíll en auðvelt að breyta. Ekkert áhvilandi. Myndir á bilalif.is, raðnúmer 247468. Sparneytinn gæðabíll. Verð: 3.190.000 kr.

Bílalíf
Bilasala

Sími 562-1717
bilalif@bilalif.is
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

Fyrir alla vigtun

vogir@vogir.is

Allar tegundir voga

Vatnsheldar

Úr ryðfríu stáli



Borðvogir

Skeifuvogir

Kranavogir



Bylting í hreinlæti!

Auðveldari og betri þrif, sparar tíma og léttir lífið

i-mop
revolutionary cleaning

WORLDWIDE PATENTED TECHNOLOGY

Hafðu samband og pantaðu kynningu fyrir þitt fyrirtæki
Sími 480-0040 sala@buska.is www.i-teamglobal.com **Buska**

Feldur verkstæði vinnur úr íslenskum gærum:

Nýjungar úr gærum

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Feldur verkstæði við Snorrabraut í Reykjavík er skinnaverkstæði, saumastofa og verslun sem selur alls kyns loðskinn- og skinnavörur.

Íslensk gæruskinn og vörur unnar ú íslenskum lambaskinnnum njóta sívaxandi vinsælda. Heiðar Sigurðsson feldskeri og Kristín Birgisdóttir eiga og reka Feld verkstæði.

Heiðar lærði feldskurð í Svíþjóð sem ungur maður og hefur verið viðloðandi skinnavinnslu síðan þá en með hléum. Kristín er menntaður skrudgarðyrkjufraeðingur en saman stofnuðu þau Feld verkstæði árið 2006.

Skinnin keypt á markaði

„Við höfum lengi haft áhuga á að vinna vörur úr sauðfjárskinni og framleiðum í dag ýmiss konar smávörur eins og púða, stólsetur, mottur, vesti, gestabækur og fleira,“ segir Kristín.

Heiðar segir að í dag framleiði Feldur vörur úr margs konar loðskinnnum meðal annars refa-, minka- og selskinni og íslenskum gærum.

„Við kaupum skinnin á markaði í Finnlandi eða í Kaupmannahöfn en við erum einnig í viðskiptum við fyrirtæki í Póllandi sem sítur fyrir okkur íslenskar gærum.“

Að sögn Kristínar og Heiðars seljast vandaðar skinnavörur vel.

„Fatnaður úr skinni er allra besti skjólfatnaður sem hægt er að hugsa sér og þeir sem einu sinni hafa átt góða skinnflík skipta ekki svo auðveldlega yfir í annað efni,“ segir Heiðar.

Kristín segir að þau hanni hluta af vörunni sem Feldur framleiðir og selur en fá einnig aðstoð við hönnunina en kaupi einnig vörur á sýningum erlendis.

„Dóttir okkar er fatakönnuður og hefur verið að vinna með okkur og spennandi að sjá hvaða hugmyndir hún kemur með varðandi lambaskinnslínuna.“

Samvinna við Icelandic lamb

Icelandic Lamb og Feldur hófu nýlega samvinnu sem mun styrkja framleiðslu og hönnun á vörum úr íslenskum lambaskinnnum. „Fyrirtækið í Póllandi sem við fáum gærunar frá kaupir líklega um 50% af öllum gærum á Íslandi og sérhæfir sig í sýtum á gærum.“



Icelandic Lamb og Feldur hófu nýlega samvinnu sem mun styrkja framleiðslu og hönnun á vörum úr íslenskum lambaskinnnum.



Heiðar Sigurðsson feldskeri og Kristín Birgisdóttir eiga og reka Feld verkstæði.

Myndir / Kristinn Magnússon

Á næsta ári ætlum við að setja á markað nýja vörulínu sem unnin verður úr íslenskum gærum í viðbót við þær vörur



Heiðar lærði feldskurð í Svíþjóð og hefur verið viðloðandi skinnavinnslu síðan þá en með hléum.



Fatnaður úr skinni er allra besti skjólfatnaður sem hægt er að hugsa sér.

sem við bjóðum í dag. Þetta verða ýmiss konar smávörur eins og húfur, lúffur, skór, kerrupokar, gólfmottur og pullur svo dæmi séu nefnd.“

Heiðar segir að íslenskar gærum séu mjög vinsælar og hafi í raun alltaf verið það. „Íslenska gæran gerir heimilið hlýlegra og í dag opnar maður varla heimilishönnunarblað án þess að það sé skinn á stól eða sem motta á gólf.“

Skinnavinnsla er langt ferli

„Vinnsla á skinnnum er langt ferli og það tekur nokkra mánuði að síta og lita skinn áður en hægt er að vinna fullunna vöru úr því. Vandinn við íslensk skinn er að það er erfitt að sortera þau. Þykktin á þeim er mikil og oft ekki nema 30% af þeim sem er hægt að nota í flíkur,“ segir Heiðar. „Jakkar og kápur úr Toscana lambaskinni hafa verið vinsælar hjá okkur þar sem þessi skinn eru einstaklega létt en við höfum fullan áhuga á að endurvekja íslensku mökkakápana.“

Ullin verðmæt

„Reyndar telja margir að ullin sé það allra verðmætasta sem íslenskt sauðfé gefur af sér. Erlendir ferðamenn sem koma til Íslands kolfalla fyrir íslenskum ullarvörum, peysum, vettlingum, sokkum og treflum þrátt fyrir að þá klæi stundum í fyrstu undan henni. Ég hef lengi verið á þeirri skoðun að við verðum að finna leið til að gera hana mykri,“ segir Heiðar.

Samvinna við Grænland

Kristín segir að nýlega sé hafið samstarf milli Felds og skinnafyrirtækisins Great Greenland sem vinnur silkimjúk selskinn á Grænlandi og selja frá þeim fallega línu, til dæmis fallegar kápur og selskinnjakka.

Auk þess að selja sjálf eigin framleiðslu eru vörur frá Feldi einnig til sölu í fjölda annarra verslana og í netverslun á heimsíðu fyrirtækisins.

Mikilvægt að fá stuðning

Heiðar og Kristín segja að lokum að samvinnan við Icelandic Lamb sé þeim mjög mikilvæg. „Það tekur langan tíma og er dýrt að hanna og koma nýrri vöru á markað og því mikilvægt að finna fyrir stuðningi við það sem maður er að gera og eiga sér bakland.“



Vinnsla á skinnnum er langt ferli og það tekur nokkra mánuði að síta og lita skinn áður en hægt er að vinna fullunna vöru úr því.

MENNING & LISTIR

Átakanleg samtíðarsaga

Út er komin hjá Veröld bókinn **Þrautgóðir á raunastund – 1975–2000** eftir **Steinar J. Lúðvíksson**

Á árunum 1975–2000 fórust 384 Íslendingar í sjóslysum. Mun fleiri var þó bjargað úr sjávarháska, stundum eftir langa og skelfilega atburðarás þar sem líf sjómanna og björgunarmanna hékk á bláþræði. Hér er fjallað um niútiú af þeim sjóslysum sem áttu sér stað á þessu tímabili og má þar nefna þegar Suðurlandið fór langt úti í haf í 1986, Helliseyjarslysið 1984, strand Pelagusar 1982, hetjudáðina í Vöðlavík 1993 og frækilega björgun

þyrluáhafnar TF LÍF sem bjargaði 39 mönnum úr sjávarháska á nokkrum dögum 1997.

Mörgum atburðanna lýsa menn sem hlut áttu að máli, ýmist sem björgunarmenn eða þeir sem bjargað var. Hér er á ferðinni áhrifamikil og oft átakanleg samtíðarsaga, einn af sviplegustu þáttum Íslandssögunnar.

Steinar J. Lúðvíksson er höfundur ritraðarinnar Þrautgóðir á raunastund sem kom út í níttján bindum á árunum 1969–1988 og naut fádæma



vinsælda. Hér tekur hann upp þráðinn þar sem frá var horfið og fjallar um síðasta fjórðung tuttugustu aldarinnar.

Þrautgóðir á raunastund er 369 blaðsíður að lengd. Eyjólfur Jónsson braut bókina um og Jón Ásgeir hannaði kápu. Bókin er prentuð í Finnlandi.

ÞORRATILBOÐ 2018

Tilboð á sérmerktum glösum fyrir þorrablót



BROS
AUGLÝSINGAVÖRUR

Norðlingabraut 14 - 110 Reykjavík
Sími 569 9000 - sala@bros.is - www.bros.is

Jólagjöfin Þín

ESAB **RAFSUÐUVÉL**
TILBOÐ TIL 24. DESEMBER

ESAB Caddy Mig Ásamt aukahlutapakka

- Einfasa MIG/MAG suðuvél
- Möguleiki að nota gasfylltan vír

Fylgibúnaður í pakka:

- Caddy Mig 160i / 200i ásamt MIG Barka
- Vírrúlla 0,8 mm
- Argon/blandgas þrýstijafnari
- Sjálfdekkjandi rafsuðuhjálmur

Caddy Mig C160i
Ásamt aukahlutapakka
Verð: 140.000 kr.

Caddy Mig C200i
Ásamt aukahlutapakka
Verð: 180.000 kr.

TILBOÐ GILDIR TIL 24. DESEMBER 2017

JAK
RAFSUÐUVÖRUR

ALLT FYRIR MÁLMIDNAÐINN

JAK ehf. | Dalshrauni 14, Hafnarfirði | 555 2035 | jak@jak.is | www.jak.is

ESAB

1000 kr. af söluandvirði bókarinnar um Alla Rúts rennur til Skálahlíðar dvalarheimilis aldraðra á Siglufirði

Bókin komin út sem átti ekki að koma út

ÆVISAGA ALLA RÚTS

Þá er hún komin út, ævisaga siglfirska braskarans, Alla Rúts, sem hrökklaðist úr gagnfræðaskóla vegna námserfiðleika sem rekja má til lesblindu og við tók hvert ævintýrið af öðru, sum bráðskemmtileg, en önnur á hinu grúa svæði mannlífsins. ALLI RÚTS - bók sem þú verður að lesa"

Tilboð!

„Flott ljós á fjós!“

Auðvelt að versla á byko.is

LASERLJÓS
8 mismunandi myndir með tímastilli
5.595 kr.
51880638
Almennt verð: 7.495kr.

f i t | byko.is

BYKO
GERUM PETTA SAMAN

Bændablaðið

á bbl.is og líka á [Facebook](https://www.facebook.com/bbl.is)

STRÚKTÚR

Byggðu þinn STRÚKTÚR á traustum grunni

Stálgrindarhús - Yleiningar - Límtré

WWW.STRUKTUR.is

Við finnum lausn sem hentar þér!

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Hraðastöðum IV | 271 Mosfellsbæ |



Nýja fjósið í Gunnbjarnarholti.

Mynd / MHH

Risafjós í byggingu í Gunnbjarnarholti

Nú stýttist óðum í að risafjós sem er verið að byggja á bænum Gunnbjarnarholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi verði fókelt. Það er Arnar Bjarni Eiríksson og fjölskylda hans sem byggja. Nýja fjósið

verður um 4.200 fermetrar að stærð með pláss fyrir 240 kúr. Fjórir mjaltþjónar verða í fjósinu. A meðfylgjandi mynd má sjá grindina af nýja fjósinu en það verður byggt yfir núverandi fjós í Gunnbjarnarholti. /MHH



Héraðsskólann á Laugarvatni milli 1920 og 1940. Mynd: Þjóðminjasafn Íslands.

Þjóðminjasafn Íslands: Þjóðháttasöfnun um héraðsskóla og aðra heimavistar skóla

Þjóðminjasafn Íslands mun á næstunni senda út spurningaskrá um héraðsskóla og aðra heimavistar skóla til sveita á unglingsstigi, en fyrirhugað er að safna upplýsingum um daglegt líf og athafnir í þessum skólum.

Söfnunin byggist eingöngu á frásögnum fyrrverandi nemenda og er því fyrst og fremst verið að leita eftir minningum fólks.

Spurningaskráin er hluti af þjóðháttasöfnun Þjóðminjasafns Íslands sem staðið hefur óslitið síðan 1960. Spurt er um hefðir, félagslíf, ýmisleg samskipti við aðra nemendur og starfsfólk skólans, kennslu, nám, frístundir, tengsl við fjölskyldu og heimili og fleiri.

Þjóðminjasafnið leitar eftir

heimildarmönnum sem vilja svara þessari spurningaskrá, bæði úr héraðsskólum og síðast en ekki síst úr öðrum heimavistar skólum. Þeir sem taka vilja þátt eru vinsamlegast beðnir um að senda netfang sitt á agust@thjodminjasafn.is. Farið verður með netföngin sem trúnaðarmál.

Afrakstur söfnunarinnar verður gerður öllum aðgengilegur í menningarsögulega gagnagrunninum Sarpi eða sarpur.is.

Héraðsskólar voru formlega stofnaðir 1929 en var seinna breytt í gagnfræðaskóla og störfuðu þeir áfram sem slíkir fram undir aldamótin 2000. Flestir aðrir sveitaskólar með heimavist tóku til starfa á síðari hluta 20. aldar. /VH

Veidifélagið

TILBOÐ
Vöðlur + Skór
Tracer skór
X-Tech 16000 vöðlur
Verð aðeins 28.995

www.veidifelagid.is

SCIERRA

Lambdagatalið 2018 lítur dagsins ljós:

Nýfædd lömb í náttúrulegu umhverfi

Lambdagatalið fyrir árið 2018 lítur nú dagsins ljós í fjórða sinn. Það prýðir að venju stórar og fallegar andlitsmyndir af nýlega fæddum lömbum í sínu náttúrulega umhverfi. Myndirnar fanga fegurð þeirra, persónuleika og þá einstöku dásemd sem fylgin er í nýju lífi.

Dagatalið er í A4 stærð (hæð 297 mm og breidd 210 mm) þar sem hver mánuður er á einni blaðsíðu. Það er gormað með upphengju og því auðvelt að hengja það upp þar sem hentar. Á það eru merktir allir hefðbundnir helgi- og frídagar einnig eru merkingar fyrir; fánadaga, komu jólasveinanna, gömlu mánaðaheitin og ýmsa aðra daga er tengjast sögu lands og þjóðar. Dagatalið er því ekki eingöngu fallegt heldur inniheldur líka þjóðlegan fróðleik og er því tilvalið til gjafa og ekki hvað síst jólagjafa.

Fallegar myndirnar og þjóðlegur fróðleikurinn veitir dagatalinu líftíma umfram það ár sem venjan er með dagatöl.

Endurnærandi fyrir sál og líkama

Ragnar Þorsteinsson, sauðfjárbóndi, ljósmyndari, ásamt ýmsu öðru tilfallandi, hefur veg og vanda af útgáfu lambdagatalsins, en flestar myndanna eru teknar á búi hans, Sýrnesi í Aðaldal í Suður-Þingeyjarsýslu.

„Myndatakan er þó mjög skemmtileg og það er endurnærandi á sál og líkama að leggjast út á tún og taka myndir af lömbunum. Lömbin eru ýmist mynduð með mæðrum sínum eða ein og þá þarf



Lambdagatalið fyrir árið 2018 lítur nú dagsins ljós í fjórða sinn.

að vera búid að vinna traust þeirra svo þau verði ekki skelkuð og hlaupi í burtu,“ segir hann.

Lambdagatölin hafa hlotið góðar viðtökur, síðastliðin tvö ár hefur útgáfan verið fjármögnuð á Karolina Fund og tekist vel til,

en fjármögnunin byggist á því að dagatölin eru keypt í forsölu þar. Ragnar segir megintilgang útgáfunnar fyrst og fremst vera að breiða út sem víðast fegurð og fjölbreytni íslensku sauðkindarinnar. /MPB

Vaxandi notkun sterkra verkjalyfja á Íslandi:

11% aukning í notkun ópióíða

– Mest sótt í Parkodin forte

Frá árinu 2012 til 2016 fjölgaði ávísuðum dagskömmtum sterkra verkjalyfja, ópióíða, um 11% á Íslandi. Aukninguna má rekja til þess að hlutfallslega fleiri Íslendingar fá ávísað sterkum verkjalyfjum og margir fá stóra skammta.

Samkvæmt því sem segir á heimasíðu landlæknis er þetta öflug þróun borið saman við það sem hefur átt sér stað í Noregi, Svíþjóð og Danmörku en á síðustu árum hefur dregið úr ávísunum sterkra verkjalyfja þar. Vegna þessarar þróunar er notkunin orðin mest hér á landi.

Ætlað til meðhöndlunar á bráðaverkjum

Sterk verkjalyf, ópióíðar, eru góð til að meðhöndla bráða verki í skamman tíma en sífellt fleiri rannsóknir sýna að vandi getur skapast við langvarandi notkun lyfjanna. Langtímanotkun sterkra verkjalyfja getur þannig skapað meiri vanda en henni er ætlað að leysa.

Mun fleiri konur en karlar

Árið 2016 voru rúmlega 36 þúsund konur og 27 þúsund karlar sem leystu út sterk verkjalyf, eða um 64 þúsund einstaklingar. Alls leystu 24,6% fullorðinna út sterk verkjalyf árið 2016, eða fjórðungur fullorðinna. Sama ár létust hér á landi 18 einstaklingar vegna ópióíðaeitrunar, 15 karlar og 3 konur.



Árið 2016 létust hér á landi 18 einstaklingar vegna ópióíðaeitrunar, 15 karlar og 3 konur.

Norðurlandþjóða liggur að mestu í ávísunum á Parkodin forte en í dagskömmtum talið er hlutfall kódeinlyfja í blöndum 62% af öllum sterkum verkjalyfjum. Fá önnur ávanabindandi lyf eru á markaði hér á landi sem sótt er eins mikið í. Margir einstaklingar eiga við fíknivanda að stríða vegna kódein-lyfja og reyna að fá lyfjunum ávísað frá mörgum læknum. Árið 2016 leystu 616 einstaklingar út slík lyf frá 7 eða fleiri læknum en þeir voru 554 árið 2015. Árið 2016 fengu 158 einstaklingar meira en tvöfaldan skammt af Parkodin forte hvern dag ársins en árið 2015 voru það 151 einstaklingur. Þetta jafngildir því að þessir einstaklingar taki meira en 6 tölur af Parkodin forte á dag alla daga ársins en það veldur þolmyndun og eykur líkur á frekari ávanabindingu.

Flestir þeir einstaklingar sem fá ávísað frá mörgum læknum fá lyfin hjá læknum og tannlæknum sem nota ekki lyfjagagnagrunn landlæknis eða nota hann lítið.

Ekki má aka undir áhrifum lyfjanna

Parkodin forte er eins og mörg

ávanabindandi lyf, ekki ætlað þeim sem eru að stjórna vélum eða ökutækjum. Í ljósi þess hversu margir fá ávísað sterkum verkjalyfjum og ýmsum öðrum lyfjum sem verka á miðtaugakerfið er rétt að benda á að þessir einstaklingar þurfa að gæta að því að aka ekki undir áhrifum lyfjanna. Áhrif lyfja eins og Parkodin forte geta varað í margar klukkustundir eftir að þau eru tekin inn. Lyfið inniheldur kódein en áhrif þess koma fram um 20 til 30 mínútum eftir inntöku, ná hámarki eftir um það bil tvær klukkustundir og vara 4 til 6 klukkustundir.

Faraldur í Bandaríkjunum

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, sagði fyrir skömmu að ásókn í lyfseðilsskyld lyf væri faraldur í Bandaríkjunum og þjóðarskömm sem leiddi til siaukinnar fíknar í landinu. Bandaríkjamenn neyta meira af ópióíðum og öðrum morfínskuldum lyfjum en nokkur önnur þjóð í heiminum. Tölur sýna að fleiri Bandaríkjamenn látast af völdum ofneyslu á eiturlyfjum á ári hverju en í bílslysum og eftir skotsár samanlagt. /VH

Sérstaða Íslands meðal



Við óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.

Þakkið fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða með von um góða tíð á næstu árum.

Sprettur
ÁBURÐUR

Gleðilega jólahátíð



Óskum viðskiptavinum okkar sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári!



 **VÉLFANG** - VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is
Frostagötu 2a • 603 Akureyri • velfang@velfang.is



Fjós á Brúnastöðum í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði
Eigendur: Böðvar Fjölfnir Sigurðsson, Elenóra Bára Birkisdóttir og Hafdís Böðvarsdóttir



Fjós á Göngustöðum í Svarfaðardal
Eigendur: Margrét Gunnarsdóttir, Guðmundur Gunnlaugsson og Gunnar K. Guðmundsson



Fjós í Gunnbjarnarholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Eigendur: Fjölskyldubúið ehf.



Fjós á Hóli við Dalvík
Eigendur: Sigurbjörg Einarsdóttir og Þorleifur Kristinn Karlsson



Fjós á Páfastöðum í Skagafirði
Eigendur: Kristín Jóhannesdóttir og Sigurður Baldursson



Fjós á Sólheimum í Sæmundarhlíð í Skagafirði
Eigendur: Valdimar Óskar Sigmarsson og Guðrún Kristín Eiríksdóttir



Fjós á Stekkjarflötum í Eyjafirði
Eigendur: Hulda Sigurðardóttir og Ágúst Ásgrímsson



Fjós á Tannstaðabakka í Hrótafirði
Eigendur: Guðrún Eik Skúladóttir og Óskar Már Jónsson



Flugskýli og ferðamannamóttaka í Skaftafelli
Eigendur: Atlantsflug ehf.



Geldneytahús Kvíabóli í Kinn
Eigendur: Kristín Björg Bragadóttir, Marteinn Sigurðsson og Haukur Marteinnsson



Iðnaðarhúsnæði í Árnosi Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Eigandi: Búnaðarfélag Gnúpverja



Kæligeymsla við vöruhotel Eimskips við Klettagarða í Reykjavík



Gunnbjarnarholti, 801 Selfoss
Sími 480 5600, fax 480 5655
Opíð alla virka daga kl. 8 -17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 471 1901
Opíð alla virka daga kl. 9 -17

landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is
Við erum líka á Fésbók!

Til hamingju!


Við hjá Landstólpa erum stolt af fjósverkunum og öllum hinum verkunum okkar líka á árinu 2017!



Ökuskóli 3 að Álfhelli í Hafnarfirði



Seiðaeldishús á Fiskalóni í Ölfusi
Eigandi: Laxar fiskeldi ehf.



Vélageymsla á Brekkum í Mýrdal
Eigandi: Hótel Dyrhólaey



Bílaþjónusta Kirkjubæjarklaustri
Eigandi: Meðalland ehf.



Verkstædishús á Skarði í Lundareykjadal
Eigandi: Búhagur ehf.



Verkstædishús á Húsavík
Eigandi: Trésmiðjan Rein

Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla, árs og friðar með þökk fyrir samskiptin og liðna tíð. Hlökkum til að takast á við ný verkefni og framkvæmdir á nýju ári!

Starfsfólk Landstólpa

UTAN ÚR HEIMI

Sannkallað augnakonfekt fyrir jólin

Það er ekki hægt annað en að komast í gott jólasþap við að heimsækja stærsta piparkökubæ í heimi í Bergen í Noregi. Hér hlaupa piparkökuhúsin og skúlptúrar úr piparkökudeigi á hundruðum sem starfsmenn hinna ýmsu fyrirtækja, nemendur grunnskóla, börn úr leikskólum og almennir borgarar hafa fönðrað til að sýna í piparkökubænum.

Piparkökubærinn, sem staðsettur er í niðurlagðri innanhússundlaug í miðbænum í Bergen, hefur yfir sér svolitíð dulúðlegt yfirbragð, hér hafa forsvarsmenn verkefnisins fjólubláa og dauða lýsingu innandyra svo bærinn nýtur sín vel á þar til gerðum borðum, hólum og hæðum sem búið hefur verið til fyrir tilefnið og sett hvítt léreft yfir allt áður en hin ýmsu piparkökubyggingarverk eru sett á sína staði.

„Í ár opnuðum við 18. nóvember og stendur sýningin fram á gamlársdag. Um helgar er fullt út úr dyrum og á virkum dögum fáum við einnig margar heimsóknir. Við fullyrðum að þetta sé stærsti og flottasti piparkökubær í heimi og stöndum við þau stóru orð. Verkefnið byrjaði fyrir 26 árum og hefur vaxið ár frá ári,“ segir piparkökuhúsabæjarstjórinn og skipuleggjandinn Steinar Kristoffersen.

Ágóðinn til góðgerðarmála

Það sem er merkilegt með piparkökubænum er að allir þeir hlutir sem má sjá þar eru unnir í sjálfböðavinnu og allur ágóði af sölu inngangsmíða rennur til góðgerðarmála.

„Allir geta lagt verkefninu lið, jafnt háir sem lágir, ungir sem aldnir. Þetta er sá viðburður sem dregur að flesta gesti í Bergen á þessum tíma fyrir jólin en um 100.000 manns koma hingað. Í gegnum árin hafa milljónir króna runnið til meðal annars Redd Barna, SOS barnahorpa, Children At Risk Foundation og Hjartaheilla svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Steinar og bætir við:

„Við erum einnig með lítinn sölubás inni á svæðinu þar sem fólk getur keypt sér hressingu eftir að hafa skoðað sig um í piparkökubænum og allur ágóði þess rennur til góðgerðarmála. Það er ótrúlega gefandi að taka þátt í þessu verkefni og skemmtilegt að sjá hversu vinsælt það er að koma hingað ár eftir ár.“ /ehg



Fjöldi gesta streymir að til að skoða stærsta piparkökubæ í heimi í Bergen í Noregi.

Myndir / Erla Hjördis Gunnarsdóttir





Varahlutir og viðgerðarþjónusta fyrir JCB lyftara



662 4704

GUDMUNDUR BJÖRNSSON
löggitur fasteigna- og skipasali

fastnord.is
gummi@fastnord.is

• FASTEIGNASALA NORÐURLANDS • Sala - verðmat - þjónusta •

UNDIRVAGNSVARAHLUTIR Í ALLAR STÆRÐIR OG TEGUNDIR BELTAVÉLA



- ✓ KEÐJUR Á BELTAVÉLAR
- ✓ HLIÐARDRIF
- ✓ BELTASTREKKJARAR
- ✓ FRAMHJÓL
- ✓ RÚLLUR
- ✓ TANNHJÓL
- ✓ GÚMMÍBELTI



Hýsi-Merkúr hf. | Lambhagavegur 6 | 113 Reykjavík
534 6050 | merkur@merkur.is | www.merkur.is



JÓLATILBOÐ

Völundarhús býður 20% afslátt af öllum GARDHÚSUM

miðað við verð án fylgihluta á heimasíðunni okkar.
Einnig af Sky 15 - 3 garðhúsinu/gestahúsinu og Sky 15 - 44 gestahúsinu.
Einnig bjóðum við 5% aukaafslátt af völdum gestahúsum.



GARDHÚS 4,4m²



GARDHÚS 4,7m²



GARDHÚS 9,9m² án gólfs



GARDHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

50% afsláttur af flutningi á GARDHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARDHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARDHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

Tilboð þetta gildir til 31. desember eða á meðan bygðir endast. Fyrstur kemur fyrstur fær.

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.



GARDHÚS 14,5m²


44 mm bjálki / Tvöföld nótun



Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is • Sími 864-2400

Áttunda bindi Byggðasögu Skagafjarðar er komið út hjá Sögufélagi Skagfirðinga



Þú getur pantað Byggðasögu Skagafjarðar með því að hringja í síma 453 6261.

Einnig má senda tölvupóst á netfangið saga@skagafjordur.is

Tilboðsverð á Byggðasögu Skagafjarðar

- Fyrsta bindið um Skeifilsstaðahrepp og Skarðshrepp kostar kr. 9.000
- Annað bindið um Staðahrepp og Seyluhrepp kostar kr. 11.000
- Þriðja bindið um Lýtingsstaðahrepp kostar kr. 12.000
- Fjórða bindið um Akrahrepp kostar kr. 13.000
- Fimmta bindið um Rípurhrepp og Viðvíkurhrepp kostar kr. 14.000
- Sjötta bindið um Hólahrepp kostar kr. 14.000
- Sjöunda bindið um Hofshrepp kr. 15.000
- Áttunda bindið um Fellshrepp og Haganeshrepp kr. 16.000

Útgáfa bókarinnar var styrkt af Uppbyggingarsjóði SSNV.



TILBOÐ
kr. **78.000**
FYRIR ALLAR ÁTTA BÆKURNAR

Allar bækurnar átta fást í tilboðspakka á kr. 78.000.

Ofangreint verð er félagsmannaverð Sögufélags Skagfirðinga og býðst einnig þeim sem panta beint frá útgáfunni.

Þeir sem greiða fyrirfram frá bækurnar sendar burðargjaldsfrítt. Annars leggst við burðargjald. Þeir sem kaupa nýju bókina geta fengið 3. til 7. bindi með 20% afslætti

Kennitala Sögufélagsins er: 640269-4649
Bankareikningur: 0310 - 26 - 11011



SÖGUFÉLAG SKAGFIRÐINGA
STOFNAD 1937

Safnahúsinu 550 Sauðárkróki Sími 453 6261 Netfang: saga@skagafjordur.is <http://sogufelag.skagafjordur.is>

Primaloft úlpur



... Þegar þú vilt þægindi

Léttar og þægilegar vatteraðar úlpur í mörgum litum fyrir dómur og herra

Stærðir: S-M-L-XL-XXL-3XL

20-40% afsláttur af öllum jökkum frá Praxis til jóla



Lokum vegna jólaleyfa 19. desember-4. janúar

Pantið vörulista hjá okkur praxis@praxis.is

Bonito ehf. • Praxis
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.praxis.is
Opíó mán. og mið. 11-17, fim. 16-18.

VÉLFANG

Sumarafleysingar í varahlutaverslun

Við óskum eftir að ráða starfsmann í sumarafleysingar í varahlutaverslun okkar í Reykjavík. Viðkomandi getur hafið störf sem allra fyrst í hlutastarfi t.d. vinna meðfram skóla. Starfið felst í sölu og afgreiðslu varahluta til viðskiptavina okkar um allt land. Mikilvægt er að viðkomandi sé jákvæður, með ríka þjónustulund og geti unnið sjálfstætt. Starfið hentar jafnt körlum sem konum og hvetjum við bæði kynin að sækja um. Grunn tölvukunnátta er skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur í síma 8400 820
Umsókn og ferilskrá sendist á eyjolfur@velfang.is

Vélfang ehf. er sölu- og þjónustuaðili á sviði vinnu- og landbúnaðarvéla. Vélfang ehf. var valið Framúrskarandi fyrirtæki 2015 og 2016. Hjá Vélfangi starfar hópur fólks sem hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu. Helstu vörumerki eru JCB, CLAAS og FENDT.



Leikfangasafnið í Friðbjarnarhúsi á Akureyri:

Leikföngin vekja góðar bernskuminningar gestanna

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is



Leggur og skel. Stökkbreyttar skjaldbökur. Dúkka með hrosshár. Heman. Bangsi að borða. Mjólkurbílar. Nintendo leikjatölva. Flugfreyjusett. Þetta eru leikföng frá liðnum tíma og þau er að finna á Leikfangasafninu sem rekið er í Friðbjarnarhúsi við Aðalstræti 46 á Akureyri.

Húsið er í hópi elstu húsa á Akureyri, reist árið 1856, en safnið er hugarfóstrur Guðbjargar Ringsted sem safnað hefur saman leikföngum sem framleidd voru frá árinu 1890 til 1990 og sýnir í þessu virðulega húsi. Í kvistherbergi á efri hæð þess var fyrsta góðtemplarastúka Íslands stofnuð snemma í janúar árið 1884.

„Hugmyndin að þessu safni kviknaði í heimsókn til borgarinnar Borgá í Finnlandi á árinu 1992. Þar rakst ég inn á leikfangasafn í gömlu timburhúsi og heillaðist mjög. Þeirri flugu laust niður í höfuðið á mér að gaman væri að setja upp svipað safn hér heima. Ég víðraði þessa hugmynd við vinkonur mínar sem reyndust mjög jákvæðar og hvöttu mig eindregið til að láta verða af þessu,“ segir Guðbjörg.

Hefðbundin stelpudót safnaðist vel í fyrstu

Úr varð að hún fór í fyrstu yfir leikföng í sinni eigu, það sem enn var til og varðveitt hafði verið frá hennar æskuheimili, eins og hinn dýrmæti rauði Reykjalundardúkkuvagn. Vinkonurnar lögðu líka í púkkið, „þannig að fyrstu leikföngin sem mér áskotnuðust voru það sem kallast hefðbundin stelpudót, mikið af brúðum, dúkkuvögnum og þetta helsta sem stelpur á árum áður léku sér að,“ segir Guðbjörg. Hún hafði úr nægu að móða þegar að þessum hlutum kom og tók þátt í sýningu með Minjasafninu á Akureyri árið



Guðbjörg Ringsted við Leikfangasafnið á Akureyri, en það er rekið í Friðbjarnarhúsi, einu af elstu húsum bæjarinnar, reist árið 1856.



Vagga úr basti, frá árunum um 1970.




Lundby-hús er frá því um 1960, en framleiðsla þessara dúkkhúsa hófst þó fyrir.



Gamlar og góðar bækur er á meðal þess sem er að finna á Leikfangasafninu



Heimasaumuð dúkka með hrosshári, nær 100 ára gömul, en hún kom frá Eyrarbakka.



Tindátar steyptir úr setjarabli.

Öflug leikfangagerð á Akureyri 1931–1960

Á Leikfangasafninu er að finna þó nokkuð af leikföngum sem smíðuð voru á leikfangaverkstæði sem stofnað var á Akureyri árið 1931, en það var frumkvöðullinn Skarphéðinn Ásgeirsson, síðar þekktur sem Skarphéðinn í Amaro, sem til þess stofnaði. Hann lauk sveinsprófi í trésmíði 25 ára gamall árið 1932 og hafði þá flust úr sveitinni í bæinn, af Svalbarðsströndinni til Akureyrar. Kreppan skall á, „og menn þökkðuðu guði ef þeir fengu að vinna dagstund við uppskipun á sementi eða annað tilfallandi,“ segir Skarphéðinn í viðtali við Frjálsa verslun árið 1971.

Þessi neyð knúði Skarphéðin til að reyna eitthvað nýtt og þannig atvikaðist að hann hóf að smíða leikföng úr tré. Flugvél og vörubíll voru á meðal fyrstu leikfanga hans. Leikföngin voru það ódýr að fólk sem þó hafði ekki mikið á milli handanna hafði ráð að kaupa þau handa börnum sínum. Smíðin vatt upp á sig og leikföng Skarphéðins

voru seld syðra, í Reykjavík og Hafnarfirði og voru að auki kynnt og seld um allt land. Efnivið til leikfangaframleiðslunnar fékk hann fyrstu árin frá Þýskalandi, aðallega tíst og bauldósir, sem notuð voru í dýrin, en þegar heimsstyrjöldin skall á var ómögulegt að nálgast efni og framleiðslan lagðist af.

Með 4–5 menn í vinnu

Verkstæði sitt rak Skarphéðinn á heimilum sínum, fyrst Oddagötu 7 og síðar Helgamagrastræti 2 sem hann byggði. Bæði fékk hann teikningar af leikföngum en hannaði einnig eigin leikföng. Þegar mest var umleikis í leikfangasmíðinni voru fjórir til fimm menn í vinnu hjá Skarphéðni. Yfir 60 mismunandi leikföng voru framleidd hjá Leikfangagerð Akureyrar.

Þegar svo var komið að starfsemin hafði legið niðri í um eitt ár, 1942, tóku sig til tveir menn, Baldvin Leifur Ásgeirsson og Guðmundur Tryggvason, og

stofnuðu nýja leikfangagerð undir heitinu Leifsleikföng, en hún var byggð á sama grunni og Leikfangagerð Akureyrar, Baldvin Leifur var bróðir Skarphéðins og hafði unnið hjá honum.

Losað um innflutningshöft og plast ryður sér til rúms

Guðmundur hætti hjá fyrirtækinu 1952, Baldvin hélt áfram en smíðaði ýmsa aðra hluti með auk leikfanganna. Þegar losnaði um innflutningshöft og leikföng voru í æ meira mæli flutt til landsins brast grundvöllur fyrir framleiðslu leikfanga innanlands. Í ofanálæg var plast að ryðja sér til rúms sem efniviður í leikföng og framleiðsla leikfanga úr því efni hófst hjá Reykjalundi. Sögu þessarar leikfangagerðar á Akureyri lauk árið 1960.

Þetta kemur fram í samantekt sem Guðbjörg Ringsted tók saman í tilefni af sérstakri sýningu á leikföngum frá Leikfangagerð Akureyrar og Leifsleikföngum í Friðbjarnarhúsi sumarið 2012.



Það hefur um árabíl þótt mikil gersemi að eiga eigið eldhús.

2003, en yfirskrift hennar var Dansi, dansi dúkkan mín.

Tindátar steyptir úr setjarastöfum

Hún lét einnig verða af því að auglýsa í Morgunblaðinu eftir leikföngum um haustið 1992, en afraksturinn var ekki ýkja mikill. Þó spurðist út að Guðbjörg væri að safna gömlum leikföngum og smám saman bættist í safnið. Sjónvarpsmaðurinn Ingvi Hrafn Jónsson lagði leið sína á safnið einhverju sinni og fjallaði um það í þætti á INN. Í því samtali lét Guðbjörg það flakka að tilfinnanlega vantaði meira strákadót á safnið

og var ekki að sökum að spyrja, viðbrögðin urðu góð. „Í kjölfarið fékk ég m.a. forláta tindáta sem þrjár vinur í Reykjavík, 10 til 12 ára gamlir, gerðu á árunum 1930 til 1932. Þeir höfðu steipt tindátana út í móti sem faðir eins þeirra hafði keypt í útlöndum. Blýið fengu þeir úr setjarastöfum í Félagsprentsmiðjunni. Tindátarnir voru svo málaðir í fallegum litum en þeir sem mér bárust voru allir ómálaðir. Drengirnir saumuðu dátana á spjöld, komu nokkrum saman fyrir í kassa og hófu sölumennsku, m.a. voru þeir til sölu í Thorvaldsenbazar, en þeir urðu snemma snjallir sölumenn, þessir strákar.“



Mjólkurbíllinn sem Guðbjörg keypti þegar hún var í óða önn að safna að sér leikföngum.



Leikföng frá Leikfangagerð Akureyrar nutu vinsælda fyrir og um miðja síðustu öld.



Í eina tíð voru flaskubbar ómissandi á hverja myndavél.



Hasarhetjan Heman og félagar hans af svipuðu sauðahúsi.



Skjaldbökur sem stökkbreyttust og urðu ninjur. Þessi fremsta er ættuð frá Dalvík og hefur aldrei í sinni tíð gengið í gegnum umbreytingar af neinu tagi.

Leikfangasafnið var opnað formlega á Íslenska safnadegnum, 11. júlí árið 2010, en árið á undan hafði Góðtemplarareglan gefið Akureyrarbæ húsið. Bærinn auglýsti eftir hugmyndum og áhugasömum rekstraraðilum, en Guðbjörg kynnti þá hugmynd sína að Leikfangasafninu og fékk húsið samkvæmt samningi til afnota undir þá starfsemi. Samningurinn var endurnýjaður í sumar og með aðstoð Akureyrarstofu er

starfsemi Leikfangasafnsins í Friðbjarnarhúsi því tryggð næstu árin.

Gömul leikföng vekja æskuminningar

Leikfangasafnið er opið yfir sumarmánuðina, frá því í byrjun júní og til loka ágúst. Að jafnaði sækja það um 2.000 gestir á þeim tíma. Yfir vetrartímann er Guðbjörg fús að hleypa fólki inn á safnið,



Dúkkuvagn og brúða frá árinu 1960.

Guðbjörg með forlata dúkku úr safni sínu. Hún er um 100 ára gömul en ekki er vitað hvaðan hún er. Dúkkan býr yfir ákveðnum töfrum eða leyndarmáli sem gestir geta fengið að sjá þegar þeir koma á safnið.



Trukkurinn hans gamla Mc Donalds í umsvifamiklum flutningum.



Það er komin matur, bangsi!



Svarfðælsk börn áttu þennan forlata bíl sem Leikfangasafninu síðan áskotnaði.

hvort heldur eru hópar í hinum ýmsu ferðum eða einstaklingar. Hún starfar sem myndlistarmaður og nýtir vetrartímann til að sinna því starfi, „en ég er alltaf til í að þurrka af penslinum og sýna safnið þegar menn hafa áhuga fyrir að skoða, það hefur aldrei verið mikið mál,“ segir hún.

Hún segir flesta þá sem sækja safnið heim sjálfa eiga góðar minningar um hin og þessi leikföng úr eigin æsku. „Það er afskaplega

gaman þegar fólk tekur andköf þegar það sér ákveðin leikföng sem vekja bernskuminningar,“ segir hún.

Tekur þátt í listalífi bæjarins

Um þessar mundir er Leikfangasafnið

þátttakandi í tveimur sýningum; Allir fá þá eitthvað falllegt er yfirskrift jólasýningar Minjasafnsins þar sem m.a. er að finna muni af Leikfangasafninu og sömuleiðis eru munir þess á jólasýningu Ambókasafnsins á Akureyri. Listasafnið á Akureyri hefur staðið fyrir viðburði sem nefnist Sköpun bernskunnar, sem er samsýning skólubarna og starfandi listamanna og hefur Guðbjörg tekið þátt í honum. Nú síðast var þessa þess viðburðar hafið, en næst verður tekst á við tröll, „þannig að ég mun örugglega trilla öllum mínum lukkutróllum á milli húsa í bænum,“ segir hún. */MPP*



Ekki þótti ónýtt á fyrri tíð að eiga dúkkulísur. Bónus ef með þeim fylgdi heilt eldhús.

ESJUGRUND_{chf}
 ESJUGRUND@ESJUGRUND.IS • SÍMI 565 3322 • ESJUGRUND.IS

Nytsamlegar jólagjafir!
 Vacuum pökkunarvélar frá ORVED
 Landsins mesta úrval af vacuum pokum - 100my
 Sjónaukar frá Bushnell

Ný ódýr pökkunarvél

Reykofnar frá Bradley S·M·O·K·E·R

Erum á facebook

Bleikar og bláar heyrúllur safna 1,2 milljónum króna

– Styrkurinn rennur til rannsókna Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins á brjóstakrabbameini og blöðruhálskirtilskrabbameini

Söfnunarátakið „Bleikar og bláar heyrúllur“ sem bændur, dreifingaraðilar og framleiðandi heyrúlluplasts standa að, skilaði 1,2 milljónum króna til Krabbameinsfélagsins í ár.

Á síðasta ári slógu „Bleikar heyrúllur“ í gegn og var ætlað að vekja athygli á árvekni um brjóstakrabbamein. Í sumar bættust bláar heyrúllur við og skreyttu tún bænda víða um land með það að markmiði að minna á árvekni um blöðruhálskrabbamein.

Sænski framleiðandinn Trioplast, innlendir dreifingaraðilar og bændur, lögðu samtals fram andvirði þriggja evra af hverri seldri bleikri eða blárri plastrúllu sem hver dugir á 26 bleikar heyrúllur á túni ef

vafið er sexfalt. Afraksturinn rennur til Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins og rannsókna á brjóstakrabbameini og blöðruhálskirtilskrabbameini sem eru algengustu krabbamein kvenna og karla.

Hugmyndin að átakanu er komin frá viðskiptavini Trioplast á Nýja-Sjálandi og í framhaldinu tryggði fyrirtækið að bleiki liturinn stæðist ítrustu kröfur bænda. Nú hafa bleiku heyrúllurnar einnig hafið innreið sína í Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi, Sviss, Bretlandi og Írlandi, auk fleiri landa og vekja alls staðar mikla athygli.

Umboðsaðili Trioplast á Íslandi, Plastco hf., hefur umsjón með verkefninu og dreifingaraðilar eru Sláturfélag Suðurlands,



Vinningsmynd í samkeppni um skemmtilegustu myndina af bleikum heyrúllum. Myndin heitir „Fortíðin og framtíðin“ og er eftir Sunnu Mjöll Bjarnadóttur.

Kaupfélag Skagfirðinga, Bústólpi, Kaupfélag Vestur-Húnavetninga, Kaupfélag Borgfirðinga, Kaupfélag Steingrímsfjarðar og KM Þjónustan Búðardal.

Krabbameinsfélagið þakkar öllum sem staðið hafa að þessu skemmtilega söfnunarátaki fyrir stuðninginn. Félagið fagnar samstöðu bænda, söluaðila og umboðsaðila í að vekja athygli á árvekni gagnvart algengustu krabbameinum íslenskra karla og kvenna. Krabbameinsfélagið hvetur bændur og almenning áfram til þess að birta myndir á samfélagsmiðlum og merkja þær #bleikrulla eða #blarulla og vekja þannig athygli á verkefninu. Fjöldi skemmtilegra mynda má nú þegar sjá á samfélagsmiðlum.

LESENDABÁS

Allt of stór hluti beingreiðslna fer í að fæða fjármálakerfið

Undanfarin misseri hafa íslenskir bændur ekki farið varhluta af hækkandi rómi þeirra sem krefjast niðurfellingar tolla á öllum innfluttum landbúnaðarafurðum og þess að innflutningur verði að stærstu, ef ekki öllu, leyti frjáls og án skilyrða og takmarkana.

Það verður forvitnilegt að sjá hvaða áhrif nýfallinn dómur um að hingað megi flytja hrátt kjöt hefur á hvort tveggja neytendur og framleiðendur á Íslandi.

Engan veginn samanburðarhæf við okkar framleiðsluáðstæður

Innflutningstollar á mjólkurafurðir hafa gegnt afar mikilvægu hlutverki og verndað okkur fyrir því að hingað flæði mjólkurvörur frá löndum sem eru engan veginn samanburðarhæf við okkar framleiðsluáðstæður. Það er sama hvort bornar eru saman reglur um dýravelferð, lyfjanotkun eða laun og almenn réttindi starfsfólks í landbúnaði. Fyrir utan svo augljósar staðreyndir eins og ólík ræktunarskilyrði og nauðsyn þess að halda búpeningi á húsi hér meirihluta ársins.

Tryggja ber framboð á heilnæmum og fjölbreyttum mjólkurvörum

Þessi vernd sem greinin býr við er ekki að ástæðulausu en henni fylgja líka skyldur. Ein af skyldunum er að uppfylla þarfir markaðarins um framboð á heilnæmum og fjölbreyttum mjólkurvörum. Til þessa fá mjólkurframleiðendur einnig greiddar beingreiðslur sem ýmist fara eftir greiðslumarkseign, framleiðslu eða fjölda lifandi gripa. Þannig má vel færa rök fyrir því að þeir greiðslumarkshafar sem ekki framleiða að minnsta kosti upp í sitt greiðslumark, séu að bregðast skyldum sínum, skyldum sem eru einmitt forsendur þess að vernda þeirra starfsumhverfi. Auðvitað eru dæmi þess að ofyrirséð áföll verði til þess að bændur ná ekki markmiðum sínum í framleiðslu en þess eru einnig dæmi að menn vanræki þessa skyldu sína ítrekað og varpi með því ábyrgðinni á þá framleiðendur sem hingað til hafa framleitt umfram sitt greiðslumark fyrir ótryggt verð. Það er ljóst að til langframa er ekki hægt að bjóða þessum bændum upp á óvissuna sem fylgir því að vita ekki nema nokkra mánuði fram í tímann hvaða verði

mjólkinn er keypt, að ekki sé minnst á þegar gengið er á bak áður gefinna loforða.

Jafnvægi á milli framleiðslu og sölu mjólkurafurða

Í mörg ár hafa mjólkurframleiðendur og vinnsluáðilar markvisst unnið að því að finna jafnvægi á milli framleiðslu og sölu mjólkurafurða, enda mikilvægi þess afar mikið fyrir íslenska kúabændur.

Verkfæri til stýringarinnar hafa verið greiðslumark og innvigtunargjald.

Greiðslumarkskerfið var sett á fyrir rúmlega 30 árum þegar offramleiðsla ógnaði afkomu bænda og afurðarstöðva og það er óumdeilanlegt að það kerfi gerði sitt gagn þegar brýnt var að draga úr framleiðslu. Undanfarinn áratug hefur hins vegar ítrekað stefnt í óefni þegar framleiðsla hefur ekki svarað eftirspurn. Öllum má vera ljós sú staðreynd, að verði einu sinni opnað fyrir tollfrjálsan innflutning á mjólkurvörum, þó ekki sé nema til skamms tíma, mun aldrei takast að stoppa í það gat aftur. Slikt hefði í för með sér gríðarleg keðjuverkandi áhrif; afurðaverð, sem er að meðaltali tvöfalt þá afurðaverð sem greitt er í Evrópu, gæti ekki staðið óbreytt, markaðshlutdeild innlendirar framleiðslu minnkaði, framleiðendum fækkaði og sú framleiðsla sem eftir stæði yrði óhagkvæmari.

Greiðslumarkskerfið ónothæft þegar auka þarf framleiðsluna

Flestir hafa áttað sig á því hvaða kostnað greiðslumarkskerfið hefur í för með sér fyrir hvern og einn bónda og greinina í heild. Að auki hefur komið í ljós að það er algjörlega ónothæft stjórntæki til þess að hvetja til aukinnar framleiðslu þegar hennar er þörf. Það voru því skýr rök og augljósar ástæður fyrir því að útvötnun greiðslumarkskerfisins var skrifuð inn í núverandi búvörusamning.

Að hanga eins og hundar á roði

Landssamband kúabænda lét gera skoðanakönnun meðal bænda um afstöðu til greiðslumarkskerfisins. Niðurstaðan könnunarinnar var að 77% þátttakenda styddu óbreytt kerfi. Sú niðurstaða var eðlileg og skiljanleg í því ljósi að enginn annar



Sæmundur Jón Jónsson.

kostur var var kynntur sem möguleg önnur leið. Væri ekki nær að stjórn og starfsfólk sem situr fyrir okkur í forsvari byrji að leita leiða sem bæði bændur og almenningur í landinu geta sætt sig við til framtíðar en að hanga eins og hundar á roði á kerfi sem þjónar fáum útvöldum?

Að ofangreindu samanlögðu er eðlilegt að menn spyrji hvað sé hægt að gera til þess að ábyrgjast að ávallt sé nægt hráefni til vinnslu á innlendan markað og á sama tíma að tryggja bændum lágmarks tekjuöryggi.

Ekki hægt að framleiða nákvæmlega í takt við eftirspurn

Núllstilling framleiðslunnar er ekki möguleg. Til þess er varan sem við framleiðum einfaldlega of vandmeðfarin. Geymsluþol hennar er stutt, árstíðarbundnar sveiflur bæði í framleiðslu og sölu auk líffræðilegra þátta, veðurfar og önnur utanaðkomandi áhrif sem við höfum engin völd yfir eru það mikil. Það verður því aldrei hjá því komist að framleiða meira en sem nemur innlendir neyslu. Eftir stendur spurningin um hversu mikla áherslu skuli leggja á útflutning og hvaða áhrif sú áhersla megi hafa á framleiðslu umfram innanlandsmarkað í hvert sinn.

10% umframframleiðsla talin nauðsynleg

Á fulltrúaráðsfundi Auðhumlu í nóvember 2016, þar sem þessi mál voru unnin í vinnuhópum, komust fulltrúar að þeirri niðurstöðu að allt

að 10% umframframleiðsla væri nauðsynleg til þess að tryggja öruggt framboð hér á landi á ársgrundvelli.

Til samanburðar má benda á að í annarri grein landbúnaðar, sauðfjárbændum sem horfa til framtíðar finnst samt of mikið að draga úr framleiðslu um fimmtung, jafnvel þó að sú grein framleiði vöru með mun lengri geymslutíma og búi ekki við tollvernd sem er jafn mikilvæg og er hjá okkur í mjólkurframleiðslu.

Að greiðslumarki framleiðenda verði deilt niður á 12 tímabil

Ein hugmynd sem vinna mætti með er að deila greiðslumarki framleiðenda niður á 12 tímabil. Þannig myndu allir stefna að því að framleiða 8,33% greiðslumarks í hverjum mánuði og afurðarstöðvar myndu greiða bændum fullt afurðarstöðvarverð fyrir þá framleiðslu. Það sem umfram væri fengist greitt í samræmi við það verð sem fæst fyrir útflutning á mjólkurvörum.

Með þessu væri tekjuflæði mjólkurframleiðenda jafnara yfir árið og þeir myndu síður lenda í því að einn eða fleiri mánuðir í lok árs skiluðu mjög litlum tekjum, eins og raunin er núna. Þetta myndi líka hjálpa samvinnufélagi bænda sem á hverju ári glímur við neikvætt tekjuflæði fyrri hluta árs þegar framleiðslan er mest en sem svo jafnast út þegar salan eykst seinni hluta árs. Til viðbótar hefði þetta þau áhrif að mjólkurframleiðsla yrði jafnari yfir árið og allir flutningar og birgðahald yrði hagkvæmari sem skilar sér bæði til afurðarstöðva og til bænda. Í lok árs eða þegar uppgjör á framleiðsluári fer fram, kæmi í ljós hvort nýta hafi þurft einhverja mjólk umfram greiðslumark á innanlandsmarkað og hvaða verð hefur fengist fyrir útfluttar afurðir. Þá uppbót myndu þeir sem framleiða það sem gjarnan er kallað öryggismjólk fá greidda, enda hafa þeir einir staðið vörð um framleiðslukerfið.

Að afurðastöðvar semji við hvern bónda

Önnur leið væri að afurðastöðvar taka þarf við allri mjólk frá bændum, semji við bændur um magn og það verð sem hún treystir sér til að greiða

fyrir umframframleiðslu hvers árs. Þannig gætu afurðarstöðvar samið um að hver bóndi framleiddi á bilinu 5-10% umfram sitt greiðslumark og fengi greitt fyrir hluta sinnar framleiðslu í hverjum mánuði eins og um mjólk til útflutnings væri að ræða. Það hefur sýnt sig undanfarin ár að töluverður hluti mjólkurframleiðenda er reiðubúinn að framleiða hluta sinnar mjólkur gegn lægri greiðslu en lögbundið lágmarksverð segir til um.

Það gefur til kynna að annað hvort hafa þeir náð betri árangri í kostnaðarstýringu á sínum búum, eða að tekjumissirinn sem fylgir minni framleiðslu kemur ver út en að framleiða mjólk án þess að raunveruleg framlegð sitji eftir heima á búunum.

Það að þessi hluti framleiðenda skuli þurfa að setta sig við ótryggt verð og ákvarðanir um tekjuafgang þeirra með skömmum fyrirvara og í hverjum mánuði, hlýtur að ýta undir vilja þeirra til að gera samning við afurðarstöð sem tryggir þeim ákveðið lágmarksverð af fyrirfram ákveðnu magni.

Að auka verulega við greiðslumark ársins

Þriðja leiðin, sem að vísu var reynd fyrir nokkrum árum, er að auka verulega við greiðslumark ársins og að innan þess væri gert ráð fyrir að hluti framleiðslunnar yrði að fara til útflutnings. Greiðslumarkseign allra myndi þannig aukast og forsendur sköpuðust fyrir þá sem ekki hafa möguleika á að uppfylla framleiðsluskilyrði sína til að selja greiðslumark þeim sem geta og vilja framleiða meira. Þessi aðferð er þó líkleg til þess að skapa óánægju og óeiningu meðal bænda þar sem virði beingreiðslna á hvern lítra mun lækka og valda tekjumissi þeirra sem innleysa greiðslumark sitt.

Það er deginum ljósara að kaup og sala á greiðslumarki er fyrst og fremst til þess fallin að breyta fjárumunum greinarinnar í vexti og afborganir af lánum. Fram að þessu hefur allt of stór hluti beingreiðslnanna sem eiga að nýtast til þess að lækka hér verð á matvællum, farið í það að fæða fjármálakerfið.

Sæmundur Jón Jónsson

Höfundur er kúabóndi á Árbae í Hornafirði og stjórnarmaður í Auðhumlu samvinnufélagi í eigu mjólkurframleiðenda.

Gjafabréf í jólapakkann

Hvað er hægt að gefa þrjónurum landsins í jólagjöf sem gæti komið sér vel?

Gjafabréf á *Prjónagleðina 2018* sem haldin verður á Blönduósi 8.–10. júní er tilvalin jólagjöf.

Sendið pantanir á netfangið textilsetur@simnet.is með nafni viðtakanda gjafabréfsins. Þá verða sendar bankaupplýsingar og gjafabréfið sent um leið það hefur verið greitt.


VERÐLISTI:

Námskeið 10.000 kr.

Fyrirlestur 3.500 kr.

Setning hátíðar 3.000 kr.

Hátíðarkvöldverður 8.000 kr.



Textilsetur Íslands, Þekkingasetur á Blönduósi - Árbraut 31, 540 Blönduósi
textilsetursimnet.is - www.prjonagleði.is

Náttstaður

Frá Jötni Byggingum



Lýsing á húsi

- **Gólf:** Aðalburðarbitar gólfs eru úr límtré, á milli þeirra koma steinullareiningar. Efra gólf er 45x145 mm dregarar klæddir nótuðum spónaplötum, 22 mm þykkum.
- **Útveggir:** Útveggir eru gerðir úr stálsamlökum með steinullareingrun. Að utan er húsið klætt með lituðu bástáli, litir samkvæmt litakorti. Að innan eru veggir klæddir með gifsplötum.
- **Þak:** Steinullareiningar sem bornar eru uppi af límtrésbitum og ásum við veggir. Þakrennur og rör niður veggir eru innifalin í verði.
- **Gluggar:** Ál/trégluggar eru í húsunum. Hægt er að velja um aðrar gerðir.
- **Útihurð:** Ál/tréhurðir
- **Milliveggir:** Veggir milli herbergja eru tvöfaldir úr steinullareiningum með loftrúmi á milli til að hámarka hljóðeinangrun. Milliveggir eru hluti af burðarvirki hússins og því eru ákveðnar takmarkanir á því hversu mikið má opna milliveggi nema aðrar styrkingar komi til.

4 herbergja eining
Tilbúið undir tréverk

Útveggir og milliveggir á milli gistiherbergja ásamt þaki. Gluggar og útihurðir komnar í. Hönnun húsanna er samkvæmt íslenskum kröfum og uppfylla ákvæði byggingarreglugerða.

Verð á húsi afhent í Árborg:

12.940.000 án vsk
16.045.600 m/vsk

Einnig hægt að fá húsið fullbúið.

JÖTUNN
BYGGINGAR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

ÁRAMÓTATILBOÐ ÍSLYFT Á PIXY NORDIC LIÐLÉTTINGUM

VERÐ:

✓ Með upphituðu húsi: 2.990.000 kr. + vsk*

✓ Með grind: 2.650.000 kr. + vsk*

ÖLLUM VÉLUM FYLGJA EFTIRFARANDI:

✓ Skófla og greip

✓ Dráttarkrókur

✓ Þyngingar

✓ Vökvaúrtök bæði að framan og aftan

✓ Stýripinni með öllum aðgerðum og fleira

*Meðan birgðir endast



900–1000 kg lyftigeta



2800 mm lyftihæð



38 HP



66 l vökvæla



Íslyft ehf

STEINBOCK ÞJÓNUSTAN EHF
Vesturvör 32 - 200 Kópavogur
www.islyft.is s. 564 1600

Opinn fundur á Hvanneyri um dóm EFTA-dómstólsins varðandi innflutning á landbúnaðarvörum:

Smitleiðir til landsins eru fjölmargar

– Huga þarf sérstaklega að skólp- og frárennslismálum

Eins og við greindum frá í síðasta Bændablaði stóðu Landbúnaðarháskóli Íslands (Lbhí) og Bændasamtök Íslands fyrir opnum fundi í húsakynnum Lbhí á Hvanneyri föstudaginn 24. nóvember síðastliðinn. Tilfni fundarins var dómur EFTA-dómstólsins sem féll á dögum þess efnis að íslenskum yfirvöldum væri óheimilt að banna innflutning á fersku kjöti, ferskum eggjum og afurðum úr ógerilsneyddri mjólk.



Sæmundur Sveinsson, rektor Lbhí.

Sæmundur Sveinsson, rektor Lbhí, setti fundinn og lagði í setningarræðu sinni áherslu á að fólk hlýti að vera sammála um að æskilegt sé að matvælin séu sem heilnæmst; að hægt væri að treysta því að vara sem keypt sé út úr búð sé heilnæm og góð vara. Hann lagði líka áherslu á varðveislu á verðmætum íslenskum búfjárförum, það yrði að taka með inn í umræðuna um efni fundarins.

Möguleikarnir í almennum skilyrðum á Íslandi

Fyrsta erindið flutti Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, og sagt var frá því að hluta til í síðasta blaði. Hann fór sögulega yfir hvernig Ísland varð aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) árið 1994 og síðan að matvælalöggjöf Evrópusambandsins (ESB) með gildistöku 2010–2011.

Hann fór yfir innflutningstölur fyrir kjötafurðir og þar mátti sjá að mest er flutt inn af alifugla-, svína- og nautgripakjöti – í þessari röð – og hefur sá innflutningur farið heldur vaxandi á undanförunum misserum. Í lokin ræddi Sigurður um horfurnar og sagði að gæði íslenskra

landbúnaðarafurða væru óumdeild og til að styrkja stöðu innlendrar framleiðslu í harðnandi samkeppni væri miðlun upplýsinga lykilatriði; til að mynda um upprunamál, framleiðsluhætti, lyfjanotkun, dýravelferð og aðbúnað starfsfólks. Auka þyrfti meðvitund íslenskra neytenda um stöðu þessara mála á Íslandi.

Íslendingar yrðu að vera á varðbergi vegna aukinnar hættu á sýkingum, ekki síst vegna þeirra ógna sem verðmætum íslenskum bústofnum stafar af innflutningi á fersku kjöti.

Sigurður lagði áherslu á að þótt innflutningur á ógerilsneyddri mjólk væri heimill með dómnum verður markaðssetning ekki leyfð hér á landi, þar sem á Íslandi eru í gildi almenn skilyrði um markaðssetningu á ógerilsneyddum mjólkurvörum. Hann velti því fyrir sér að síðustu möguleikanum á því hvort til staðar séu almenn skilyrði á Íslandi, líkt og gilda um markaðssetningu á ógerilsneyddri mjólk, sem Íslendingar gætu nýtt sér sem mótaleik í stöðunni.



Þorvaldur H. Þórðarson.

Eftirlit með dýraafurðum í framleiðsluríkinu

Þorvaldur H. Þórðarson er framkvæmdastjóri Markaðsstofu Matvælastofnunar (MAST). Hann flutti erindi um innflutningseftirlit, hlutverk MAST og mismunandi eftirlit eftir uppruna innflutnings.

Hann fór fyrst yfir gildandi löggjöf og regluverk á EES, þar sem fram kom að meginreglan sé sú að eftirlit með dýraafurðum sem fluttar eru milli aðildarríkja fer fram í framleiðsluríkinu. Lögbært yfirvald

geti hins vegar með óhlutrægum skyndikönnunum á viðtökustað athugað hvort heilbrigðiskröfum sé fullnægt. Það væri þá á verkswiði heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga (HES) að fara í slík eftirlitsverkefni.

Varðandi innflutning frá ríkjum utan EES gilda aðrar reglur. Þá kemur það í hlut landamærastöðva að hafa eftirlit, en einnig er stuðst við viðskipta- og rekjanleikakerfið TRACES. Auk þess eru gerðar skjala-, auðkenna- og heilnæmisskoðanir með skynmati og sýnatökum. Í máli Þorvaldar kom fram að sáralítið af kjöti hefur verið flutt inn til Íslands frá ríkjum utan EES.



Ólafur Valsson dýralæknir.

Ísland ætti að sækja um viðbótarákvæði

Ólafur Valsson dýralæknir er annar tveggja höfunda skýrslu sem unnin var fyrir Félag atvinnurekanda um áhættuna við innflutning á fersku kjöti, eggjum og ógerilsneyddri mjólk til Íslands. Ólafur Oddgeirsson dýralæknir er meðhöfundur hans. Ólafur Valsson greindi meðal annars frá aðferðafræðinni við vinnslu skýrslunnar og efni hennar.

Við skýrslugerðina var stuðst við skýrslur opinberra stofnana og áhrif innflutnings metin samkvæmt EES-löggjöf. Í skýrslunni var lagt upp með að sömu reglur gildi á öllu EES. Viðbótarákvæði fyrir hin Norðurlöndin eru um salmonellu, sem felur það í sér að þau geta krafist viðbótarvottana. Það er gert á þeim grunni að það er viðurkennt að það er betri staða í þessum löndum hvað salmonellusmit varðar en í öðrum löndum. Að sögn Ólafs ætti Ísland að

skoða það að fara sömu leið og sækja um sams konar viðbótarákvæði.

Aðrar reglur gilda hins vegar um flutning lifandi dýra á milli landa – og sérstafa Íslands að því leyti virt þegar kemur að dýraheilsu. Ólafur ræddi líka um útbreiðslu á sýklalyfjaónæmi og sagði að það geti smitast með margvíslegu móti; þó hefði verið sýnt fram á það í Danmörku að tiltekin baktería á svínabúum (MÓSA) smitast í mannfólk að mestu leyti með beinni snertingu við lifandi dýr. Hann sagði að margt væri vitað um smitleiðir en einnig margt sem ætti ennþá eftir að rannsaka. Hugsanlega væri umhverfið vanmetið og rannsaka þyrfti frekar smitleiðir þar – til dæmis skólp- og frárennslismál.

Veik vísindaleg rök fyrir frystiskýldunni

Ólafur vék síðan að nokkrum atriðum í efni skýrslu þeirra Ólafs Oddgeirssonar. Eitt þeirra er að frystiskýlda hafi lítil ef nokkur áhrif á smitefni sem borist geta með kjöti, nema helst kampýlóbakter – og því séu veik vísindaleg rök fyrir frystiskýldunni. Helstu rökinn væru þá helst það svigrúm sem fengist, ef upplýsingar um smit í vörunni kæmu fram á þeim tíma sem frystitímminn stæði yfir. Samanburður við Noreg, sem hefði um árabíl fylgt reglum EES – og hefði ekki undanþágu frá innflutningi á lifandi dýrum – gæfi ekki til kynna að ástæða sé til að óttast áðurnefndan innflutning.

Ólafur lagði mikla áherslu á að það færi fram ný áhættugreining á Íslandi um hættuna sem innflutningur, samkvæmt úrskurði EFTA-dómstólsins, hefði í för með sér. Einnig talaði hann um mikilvægi þess að almenningur væri upplýstur um rétta meðferð kjöthraefna til að forðast smit.

Smitleiðirnar geta verið fjölmargar

Eftir kaffihlé fjallaði Vilhjálmur Svansson, dýralæknir á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræðum á Keldum, um stöðu dýrasjúkdóma á Íslandi og þá smitsjúkdóma sem geta borist með innfluttum ferskum landbúnaðarafurðum.

Hann rakti nokkur dæmi um



Vilhjálmur Svansson dýralæknir.

alvarlega smitsjúkdóma sem bærast með innflutningi – aðallega með sauðfé – og tiltók nokkrar tegundir smitefna sem gætu orðið ógn við íslenska búfjárför. Sagði hann stöðu smitsjúkdóma í alifuglum á Íslandi vera einstaka í heiminum; kampýlóbaktærsýkingar væru mjög fátíðar og sömuleiðis salmonellusýkingar.

Vilhjálmur sagði að smit úr matvælum bærust í flestum tilvikum um meltingarveg, þótt smitleiðirnar geti í raun verið fjölmargar.

Sýklalyfjaónæmi vex og kampýlóbaktærsýkingum fjölgar

Karl G. Kristinsson, yfirlæknir sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans og prófessor við Háskóla Íslands, var síðastur á mælandaskrá. Við greindum frá erindi hans í síðasta blaði, en meginþinginn í því var að hætta á sýklalyfjaónæmi muni vaxa, verði löggjöfin á Íslandi í samræmi við dóm EFTA-dómstólsins, og tíðni kampýlóbaktærsýkinga mun stórukast.

Skökk samkeppnistaða

Í lok fundarins sköpuðust nokkuð lífligar umræður, þar sem gestum var tíðrætt um að vinna þyrfti formlegt áhættumat fyrir þá nýju stöðu sem komin er upp.

Einnig var bent á þá stöðu sem kæmi upp hjá íslenskum bændum, ef þeir þurfa að mæta samkeppnisaðilum sem ekki búa við sömu kröfur. Eiga þeir þá að bera kostnað af eftirliti með salmonellu og kampýlóbakter sjálfir áfram, eða munu þeir gera kröfu um að fylgja forðæmi að utan? /smh

Fyrirkomulag sýklaeftirlits á Íslandi:

Tíðni opinbers eftirlits skal vera reglulegt

– og í réttu hlutfalli við áhættuna

Í svari Matvælastofnunar (MAST), við fyrirsögn blaðsins um hvernig sýklaeftirliti sé háttáð á Íslandi í dag, kemur fram að tíðni opinbers eftirlits skal vera reglulegt og í réttu hlutfalli við áhættu.

Þar kemur einnig fram að MAST skipuleggur eftirlit með súnvöldum í íslenskum matvællum ásamt því að framfylgja þeim sýnatökum sem bundnar eru í regluverki.

Súnur eru sjúkdómar bæði í mönnum og dýrum

Svokallaðar súnur eru sjúkdómar sem geta verið bæði í mönnum og dýrum og einna algengastir súnvaldar eru salmonella og kampýlóbakter.

Í svari MAST segir enn fremur: „Reglulegt eftirlit er haft með Salmonella spp. í svinum og afurðum þeirra og með Salmonella spp. og Campylobacter spp. í alifuglum

og afurðum þeirra samkvæmt landsáætlunum um varnir og viðbrögð (LÁVV). Sýni eru tekin frá öðrum dýrum og/eda afurðum þeirra ef upp kemur grunur um smit eða vegna sérstakra eftirlitsverkefna. Eftirlitsverkefni eru framkvæmd reglulega til þess að fá nánari vitneskju um tilvist og útbreiðslu salmonellu, listeríu eða annarra súnvalda í tilteknum dýrategundum og afurðum þeirra eða öðrum matvællum.

Eftirlit með frumframleiðslu grænmetis og ávaxta og matvæla í smásölu er í höndum Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna.

Að auki eiga matvælaframleiðslu-fyrirtæki að taka sýni (eftir eðli framleiðslunnar) samkvæmt reglugerð um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli.“

Eftirlit með súnvöldum í erlendum matvællum

Eins og fram kemur hér að ofan,

í umfjöllun um erindi Þorvaldar H. Þórðarsonar frá Markaðsstofu MAST, þá er sýklaeftirlitið í dýraafurðum í framleiðsluríkinu á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Í svari MAST segir enn fremur að „áður en aðili hyggst flytja til landsins hrátt kjöt verður hann að sækja um leyfi fyrir innflutningnum og leggja fram gögn um merkingu vörunnar. Síðan þegar kemur að sjálfum innflutningnum felst eftirlit í að kanna hvort þau skilyrði sem lágu til grundvallar leyfisveitingu séu uppfyllt fyrir viðkomandi vörutegund og frá þeirri starfsstöð sem við á í upprunalandi innan EES. Vottorð vegna greiningar salmonellusýkla eru skoðuð og yfirlýsingar um frýstingu. Hrátt kjöt verður að hafa verið frosið samfelt í a.m.k. 30 sólarhringa fyrir tollafgreiðslu hér á landi. Kröfur um frýstingu og salmonelluvottorð byggja á reglum sem settar eru með stöð í lögum um

dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og matvælalögum. Frekara eftirlit og sýnatoka við flutning til landsins á hráu kjöti frá ríkjum innan EES byggir á matvælalögum og er einungis heimil ef ofangreind skilyrði eru ekki uppfyllt eða á grundvelli skyndiskoðana vegna rökstudds gruns um að varan sé heilsuspillandi, óhæf til neyslu eða geti valdið dýrasjúkdómum. Eftirlit og sýnatoka á markaði er á höndum Matvælastofnunar hjá afurðastöðvum sem stofnunin hefur eftirlit með, en hjá Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga hjá innflutningsaðilum og afurðastöðvum sem það kann að hafa eftirlit með og ef vara er

komin í dreifingu og þar með smásölu.“

Þörf á frekari sýnatökum og rannsóknum

MAST var einnig spurð út í hvernig staðan væri á sýklaeftirliti í grænmeti og öðru kjöti en alifugla-, svína- og nautgripakjöti. „Í útgjaldaáætlun Matvælastofnunar fyrir árið 2018 kemur fram að það sé mat stofnunarinnar að þörf sé á frekari sýnatökum og rannsóknum í grænmeti, gæludýrum, sauðfé og hrossum, en sauðfé og hross er ekki að finna í ákvörðun EB nr. 2013/652, enda er neysla á því kjöti almennt töluvert minni í öðrum löndum Evrópu en hér á landi. Þá sé einnig nauðsynlegt að taka inn sýnatöku á grænmeti sem er oft og íðulega borðað hrátt á meðan kjöt er almennt eldað,“ segir í svari MAST. /smh



Viðskiptamönnum um byggðir og ból
birtum við jólaósk hlýja.
Gefi þeim almættið gleðileg jól
og gæfu á árinu nýja.

Hótel Smyrlabjörg



**Bænda
blaðið**
á bbl.is
og líka á
Facebook

System M.
Ný kynslóð varmadælna



Sparaðu með varmadælu

Útvegum heildarlausnir til húshitunar
í varmadælukerfum

RAFSON

simi: 864 92 71 email: rafson@rafson.is



Gleðileg jól

Búnaðarstofa Matvælastofnunar þakkar framleiðendum
í landbúnaði samskiptin á árinu og óskar þeim gleðilegra jólahátíðar
og farsældar á komandi ári.



Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Kröflulína 3, frá Kröflu að Fljótsdalsvirkjun

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum
samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulags-
stofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matskýrslu Landsnets
er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.


Svarta Perlan Tækjaleiga



Leiga og sala á vögnum með salernum, skrifstofum og sem
vinnustöðvar.

Erum að taka inn pantanir fyrir vor og sumar.

Svarta Perlan Tækjaleiga
771-1222
littla@littlaleigan.is



RML
RÁÐGJAFARMIDSTÖÐ
LANDBÚNAÐARINS

sendir bændum og búaliði
sínar bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt komandi ár með þökkum fyrir
samstarfið og viðskiptin á árinu sem er að líða

Stjórn og starfsfólk
Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins

JÓLAÚTSALA

12. - 31. DES

Við óskum landmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



DJI MAVIC PRO

FLYMORE 179.900 kr. ~~199.900~~
STAKUR 144.900 kr. ~~159.900~~



VERÐ FRÁ
219.900

**DJI PHANTOM
PRO / PRO +**
FRÍTT BATTERÍ FYLGIR

DRONEFLY
AERIAL VIDEOGRAPHY / PHOTOGRAPHY

KRÓKHÁLSI 6 - 566-6666

Ráðstefna um leiðir til að auka kolefnisbindingu á Íslandi:

Aukin skógrækt besta leiðin til að binda kolefni úr andrúmslofti

Í síðustu viku var haldin ráðstefna um möguleika þess að auka kolefnisbindingu á Íslandi. Ráðstefnan sem fór fram í Bændahöllinni var á vegum Landgræðslu Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, Skógræktarinnar og Bændasamtaka Íslands. Húsfyllir var á ráðstefnunni. Uppþökur af öllum erindunum eru aðgengilegar á vefsíðunni bondi.is.

Frummælandi ráðstefnunnar var Írinn Eugene Hendrick og fjallaði erindi hans meðal annars um þær aðgerðir sem Írar hafa ráðist í til að binda kolefni með breyttri landnotkun og aukinni skógrækt. Bændablaðið tók Hendrick tali að ráðstefnunni lokinni.

Hendrick, sem er kominn á

eftirlaun, er skógfræðingur að mennt og starfaði lengi við landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið á Írlandi og bar ábyrgð á málefnum sem snerta skógrækt og loftslagsbreytingar. Eitt af verkefnum Hendrick var vinna sem sneri að aðkomu Íra að tillögu Evrópusambandsins til að draga úr magni kolefnis úr andrúmsloftinu.

Markmiðið að draga úr losun um 40%

„Tillaga Evrópusambandsins er tvíþætt. Í fyrsta lagi snýr hún að landnýtingu, breytingum á landnýtingu og skógrækt og hvernig gert er grein fyrir og hvernig ávinningur vegna kolefnisbindingar vegna skógræktar eða annars konar landnýtingu er nýttur. Hins vegar snýr tillagan að því hversu hátt

hlutfall bindingarinnar hvorrar þjóðar verður í heildarmarkmiði Evrópusambandsins. Í dag er stefnt að því að draga úr losun kolefnis út í andrúmsloftið um 40% frá því sem hún var 2005 fyrir árið 2030.“

Ávinningur skógræktar margþættur

Hendrick segir að hlutverk skógræktar í að binda kolefni úr andrúmslofti sé mikið. „Ávinningurinn með skógrækt er einkum tvíþættur. Með skógrækt er kolefni í andrúmslofti bundið í trjánnum og nýttar á skógarafurðum koma að hluta í staðinn fyrir nýttar á jarðfnaeldsneyti og eru ólíkt því endurnýjanlegar þegar nýjum trjám er plantað í stað þeirra sem eru felld. Timbur sem í er bundið kolefni er einnig hægt að nota til dæmis við húsbýggingar og getur komið í staðinn fyrir efnivið eins og stál, ál og steinsteypu, sem er orkufrek í framleiðslu.“

Að sögn Hendrick leggja Írar ríka áherslu á skógrækt um þessar mundir og að auka skógarþekju landsins meðal annars til að auka hlut landsins í bindingu kolefnis úr andrúmslofti.

„Skógrækt á Írlandi hefur dregist saman undanfarin ár og er um 6,5 þúsund hektarar á ári eins og er en markmiðið er að planta út um átta þúsund hekturum af nýjum skógi á ári frá og með 2020.“

Ein ástæða þess að dregið hefur úr skógrækt á Írlandi undanfarin ár er að dregið hefur úr kjörlendi til skógræktar vegna skógræktar fyrir ára og önnur er að það er vöxtur



Eugene Hendrick, skógfræðingur og sérfræðingur í bindingu kolefnis úr andrúmslofti, í pontu á ráðstefnu um möguleika á að auka kolefnisbindingu á Íslandi. Mynd / smh

í landbúnaði á Írlandi. Tekjur af mjólkur- og kjötfraðslu eru miklar og hvatinn til skógræktar í staðinn fyrir búfjárelði minni en áður.“

Hendrick segir að landeigendum á Írlandi sé í sjálfsvald sett hvort þeir breyti landnýtingu sinni yfir í skógrækt en ef þeir kjósi slíkt fái þeir opinberan styrk til að auðvelda þeim framkvæmdina og eftir það greiðslu í fimmtán ár.

„Hugmyndin er meðal annars sú að með því að auka skógrækt sé verið að styrkja atvinnu á landsbyggðinni.“

Í dag starfa um tólf þúsund manns við skógrækt á Írlandi og sá fjöldi mun líklega aukast eftir því sem nýttar á skógnum verða meiri.

Írland flytur enn talsvert af timbri en á sama tíma flytjum við einnig talsvert mikið út af borðviði, um 500 þúsund rúmmetra á ári, og megnið af því fer til Englands.“

Kolefnisbinding á Íslandi

Hendrick segist vera að heimsækja Ísland í fjórða sinn og að hann telji að Ísland geti lagt mikið til þegar kemur að því að binda kolefni úr andrúmslofti með réttri landnýtingu.

„Aukin skógrækt er líklega sú aðferð sem skilar mestu því auk þess að binda kolefni í timbri bindur skógurinn einnig kolefni í jarðvegi. Auk þess sem með tímanum gefa skógar af sér margs konar afurðir.“

Rannsóknir sýna að aukin skógrækt, hvort sem hún er á Íslandi eða annars staðar í heiminum, er ein besta landnýtingaraðferðin til að binda kolefni úr andrúmslofti. Auðvitað er líka hægt að auka bindingu kolefnis í ræktunarlendi og votlendi með því að draga úr áburðarnotkun og endurheimta votlendi með því að fylla upp í skurði á landi sem ekki er nytjað til landbúnaðar. /VH

Hlemmur Geithöll:

Geitaafurðir og lifandi geitur til sýnis

– Verk meistaranámsnema við Listaháskólann

Útskriftarnemar í meistaranámi í hönnun við Listaháskóla Íslands stóðu fyrir viðburði á Hlemmi Mathöll á dögnum til heiðurs íslensku geitinni og kölluðu hann Hlemmur Geithöll.

Viðburðurinn er afkrakstur verkefna sem unnin voru í samstarfi við fjölmarga aðila. Á Hlemmi voru til sýnis ýmsar afurðir verkefnanna; meðal annars bók sem í verða upplýsingar og sögur um íslensku geitina. Margnota taupokar voru til sölu, hægt var að smakka þurrkaðar geitakryddpýlsur og þurrkað geitakjöt. Á matseðli veitingastaðanna Kröst, Skál og La Poblana var boðið upp á rétti úr geitakjöti.

„Eins og flestir vita hefur íslenska geitin verið í útrýmingarhættu en þær eru núna um 1.200 í landinu. Við vissum að til stendur að fjölga dýrunum í 7.000 á ákveðnu tímabili og vildum leggja okkar af mörkum til að vekja athygli á málinu,“ segir Andrea Magdalena Jónsdóttir, ein meistaranámsnemanna, þegar hún spurð um uppátækið á Hlemmi.

Bókverk um íslensku geitina

„Bókin var prentuð í 58 eintökum og hún til sölu á viðburðinum. Enn eru einhverjar bækur til sem auðvitað er hægt að kaupa. Þetta var ekki formleg bókaútgáfa með ISBN tölu en við sáum sjálf um textavinnu, myndatöku, uppsetningu, hönnun kápu og prentun.“

Í bókina voru teknar saman helstu upplýsingar um íslensku geitina, en ekki mikið er til á prenti um þær. Þess vegna lögðum við í vinnuna við að gera bók sem er einnig hálfgerð bókverk því kápana prýðir kasmírull. Í bókinni eru fallegar myndir og sex sögur af



Gestir fengu meðal annars smakka á þurrkuðum geitalærum. Mynd / smh



Hluti þess sem var sýnt á viðburðinum; bækur um geitina, margnota taupokar og postulínsöskjur í laginu eins og geitahjarta – enda afsteypur af einu slíku. Þrekur er unninn úr blöndu af geitataði, blóðbergi, hvönn, birki og fjallagrösnum og er hugsað sem viðbótar eldsneyti með kolum þegar grillað er.

Mynd / Guðrún Margrét Ansnes Jóhannsdóttir

geitum frá Háafelli á Hvitársíðu, fróðleikur og fleira,“ segir Andrea Magdalena.

MAST ekki tilkynnt um sýningu á tveimur geitum

Á Hlemmi Geithöll gátu gestir skoðað tvær lifandi geitur. Að sögn Konráðs Konráðssonar, héraðsdýralæknis Suðvesturumdæmis, hafði Matvælastofnun (MAST) ekki verið tilkynnt um sýningarhaldið eins og reglur kveða á um að þurfi að gera. Vísar Konráð til 7. greinar reglugerðar um velferð sauðfjár og geitfjár, þar sem segir: „Umráðamanni sauðfjár og geitfjár sem nota á við gerð auglýsinga, kvikmynda, leiksýninga eða við aðrar aðstæður og/eða í umhverfi sem sauðfé og geitfé er ekki eðlilegt, ber að tilkynna Matvælastofnun um fyrirhugaða notkun eigi síðar en 10 dögum áður en áætluð notkun fer fram. Óheimilt er að hefja notkun fyrir en skilyrði varðandi húsnæði, búnað, notkun og þekkingu eru uppfyllt og hafa verið staðfest af Matvælastofnun að lokinni úttekt.“

Konráð segir að málið sé í skoðun hjá MAST. /smh




Okkar bestu óskir um
gleðileg jól og
farsælt komandi ár,
með þökk fyrir viðskiptin á árinu.



Bústólpi
FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Bústólpi ehf • fóður og áburður • Oddeyartanga • 600 Akureyri
bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is



Gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Merry Christmas

KH Vinnufót • Nethyl 2a
110 Reykjavík • Sími: 577 1000
info@khvinnufot.is
www.khvinnufot.is

Óskum ykkur öllum gleðilegra jóla og velfarnaðar á komandi ári.
Þökkum samskiptin á árinu sem er að líða.

GRÓÐRARSTÖÐIN
Mörk
Stjörnugróf 18 • Sími 581 4550 • Fax 581 2228

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Sendum viðskiptavinum okkar og samstarfsfólki bestu óskir um

Gleðileg jól
og farsæld á komandi ári

Siggi á Mælivöllum,
Bjossi, Hilmar, Árni Jón
& Jón Björgvin



Mælivellir ehf

Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Þökkum viðskiptin á liðnu ári.



AFLVÉLAR

Gleðilega hátíð

Bændasamtök Íslands óska bændum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla. Megi nýja árið verða ykkur farsælt og gjöfult.



B
BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

ÓSKUM ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI.
ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á LIÐNU ÁRI.

VÉLAVAL
VARMAHLÍÐ

☎ 453 88 88 | 📧 velaval.is | 📧 velaval@velaval.is



Gleðileg jól

Óskum landsmönnum öllum friðar og hamingju um hátíðirnar og gæfu á nýju ári. Viðskiptavinum þökkum við ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

limtrevirnet Aðalnúmer: 412 5300 | Söluheild: 412 5350

Global Land Outlook – III. kafli „Drifkraftar breytinga“:

Hnignun landgæða og aukin ásókn í náttúruauðlindir

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Vaxandi eftirspurn eftir mat, fæði, eldsneyti og hrávöru eykur samkeppni um náttúruauðlindir og álag á land. Á sama tíma dregur landhnignun úr afkastagetu landsins og framboði á landi. Drifkraftar landhnignunar eru oftast ytri þættir sem hafa bein og óbein áhrif á heilbrigði lands, framleiðni þess og auðlindir, eins og jarðveg, vatn og líffræðilegan fjölbreytileika.

Beinir drifkraftar breytinga eru náttúrufræðileg eins og jarðskjálftar, skriður, þurrkar og flóð. Meðal þátta sem áður töldust náttúrufræðileg en teljast nú afleiðing mannlegra athafna eru skógareyðing, framræsla votlendis, ofbeiti, ósjálfbær landnýting og útpensla ræktarlands, land til iðnaðar og ör vöxtur þéttbýlis. Þessir þættir teljast helstu ástæður landhnignunar í dag.

Nútímaleg stjórnun á ræktun nytjaplantna og eldi búfjár hefur víða leitt til uppblásturs, verri vatnsbúskapar og samdráttar í líffræðilegri fjölbreytni hvort sem er ofanjarðar eða neðan. Á sama tíma hefur námuvinnsla, flutningakerfi, orkuvinnsla og iðnaður sett verulega mark sitt í landslagið og framboð á auðlindum.

Síðastliðin hundrað ár hefur land undir þéttbýli tvöfaldast og gera spár ráð fyrir að slík landnýting eigi eftir að aukast töluvert næstu áratugin. Í dag er nýting á landi undir borgir og þéttbýlissvæði ekki nema 5% af heildar landnýtingu í heiminum. Þéttbýli er þrátt fyrir það yfirleitt á frjósömum svæðunum og landi sem gefur mest af sér.

Obein áhrif eru iðulega undirliggjandi orsakavaldar landhnignunar. Ólíkt beinum áhrifum eru óbein áhrif oft flókin og samspil margra ólíkra þátta og eiga upptök sín fjarri svæðinu sem þeir hafa áhrif á. Þetta getur átt við fjölgun íbúa, hvernig landi er ráðstafað, eftirspurn eftir neysluvörum, þjónustu, efnahagslegan vöxt og pólitískri stefnu þjóða og fjárfestingar.

Náttúrulegur höfuðstóll

Landhnignun er flókið ferli sem felur í sér eitt eða allt eftirfarandi; framleiðni jarðvegs og gróðurþekja dregst saman og líffræðileg fjölbreytni og þöglæði vistkerfa minnkar. Landhnignun er oft afleiðing slæmrar stjórnunar á landnýtingu, þaulræktunar, ofbeitar og rangrar nýtingar á vatni, ofnotkunar á eiturefnum og áburði í landbúnaði, mengunar og námuvinnslu.

Breytingar á landnýtingu þurfa ekki að hafa í för með sér hnignun landgæða og geta í sumum tilfellum verið jákvæðar og mannum til heilla. Staðan í dag er aftur á móti sú að vistkerfi eru víðast undir miklu



Í dag þekja borgir og innviðir þeirra yfir um 60 milljón hektara og talið að svæðið muni stækka um 100 til 200 milljón hektara næstu fjóra áratugin.



álagi vegna vaxandi eftirspurnar eftir auðlindum. Landnýting í dag tengist því yfirleitt hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.

Efnahagslegar breytingar og eftirspurn í auk þá hafa haft óbein áhrif í átt til beinrar misnotkunar á landi. Samkvæmt skilgreiningu sem sett var fram um síðustu aldamót eru fjögur atriði mikilvæg þegar kemur að nýtingu lands; matur, framboð, stuðningur og stjórnum. Af þessum fjórum þáttum hefur framboð markaðsgildi, til dæmis fæða, olía, trefjar og í minna mæli afþreying og ferðaþjónusta. Eitthvað sem stuðningur og stjórnum hafa ekki. Þættir eins og jarðvegsmyndun, loftslagsbreytingar og öryggi manna hafi í sögulegu samhengi ekki haft neitt efnahagslegt gildi. Hagkerfið hefur því leitt af sér hugmyndafræði skammtímagróða og að lítið sé framhjá gildum eins og sjálfbæra nýtingu, varðveislu og endurheimt landgæða.

Upp úr 1990 varð breyting á og umræða um verðmæti náttúrulegs höfuðstóls varð áberandi. Umræðan snerist um nauðsyn þess að leggja víðeigandi mat á gildi vistkerfa og að draga úr óæskilegum áhrifum manna á náttúruna og beita heildrænni nálgun við landnýtingu.



Síðastliðin hundrað ár hefur land undir þéttbýli tvöfaldast og gera spár ráð fyrir að slík landnýting eigi eftir að aukast töluvert næstu áratugin.

Þrjú megin og samtengdir þættir sem valda landhnignun eru líffræðilegir, stofnanatengdir og þjóðhagslegir. Líffræðilegir þættir snúast um það hvernig land er notað, stofnanatengdir þættir ráða stefnunni þegar kemur að landnýtingu og þjóðhagslegir þættir stjórna af eftirspurn og stefnu stjórnvalda. Andrúmsloftið, gróður, landslag og aðgengi að vatni eru yfirleitt í forgangi þegar kemur að ákvörðunum um hvernig nýta eigi land. Efnahagsástand þjóða hefur einnig mikil áhrif þegar landnýting er ákveðin og hversu hratt breytingar eiga sér stað. Þegar kemur að stofnanalegum þáttum sem snúa að landnýtingu byggja þeir oft á sögulegum og menningarlegum arfi. Eignaréttur og efnahagsleg aðkoma eru einnig nátengd stofnanalegum þáttum. Eignarhald á landi getur verið hvati til fjárfestinga og efnahagslegs vaxtar og góðrar landnýtingar. Umráðaréttur er flókin og réttindin oft orðið til eftir mörgum form- og óformlegum leiðum, þar á meðal menningu og sögu. Ekki er víst að sömu lög og reglur gildi í dreif- og þéttbýli í sama landi. Aukin eftirspurn eftir landi á svæðum þar sem formlegur afnota- eða eignaréttur er ekki skilgreindur getur valdið íbúum landsins kviða og auka spennu.

Leiði breyting á notkun

lands til hnignunar stafar slíkt af mörgum ólíkum en samtengdum svæðisbundnum og alþjóðlegum þáttum. Á komandi áratugum mun skortur á landi sem er ríkt af náttúruauðlindum leiða til samkeppni um hvernig skal nýta það. Flokka má megin áhrifavalda hnignunar lands í tvennt, beina og óbeina þætti. Beinir áhrifavaldar eru mannlegar athafnir sem tengjast breytingum á landi vegna nýtingar þess. Óbeina þætti er erfiðara að greina og mæla og verður að leggja mat á áhrif þeirra út frá félags- og efnahagslegum forsendum.

Beinir áhrifavaldar landhnignunar

Áætlað er að á hverju ári tapist, á heimsvísu, milli ein til sex milljón hektarar af landi vegna hnignunar. Tölurnar sýna stærð vandans og um leið nauðsyn þess að afla nákvæmari upplýsinga um umfang hans.

Helstu ástæður hnignunar náttúrulegs lands eru landbúnaður og skógarnytjar, þéttbýlismyndun, uppbygging innviða í þéttbýli, orkuframleiðsla og námuvinnsla.

Landbúnaður og skógarnytjar

Landnýting fer mest fram á landi sem nytjað er til landbúnaðar. Í dag er um 36% af öllu landi

í heiminum, að Grænlandi og Suðurheimsskautslandinu undanskildum, nýtt til landbúnaðar. Land sem tekið er undir landbúnaðarframleiðslu fer sífellt stækkandi og aðallega á kostnað náttúrulegra skóga og engja. Um þessar mundir gæti þessa mest í hitabeltinu og veldur miklu tjóni á náttúrunni og dregur úr líffræðilegum fjölbreytileika. Talið er að hnignun landgæða hafi átt sér stað í um einum fimmta af skógum og ræktunarlandi í latnesku Ameríku og á eyjum Karíbahafsins vegna framleiðslu á nautakjöti, sojabauunum og pálmaolíu.

Þrátt fyrir að land til landbúnaðar haldi áfram að aukast er útpensla þess minni en land sem tapast vegna landhnignunar. Lands sem er yfirgefið vegna uppblásturs, taps á næringarefnum og aukins saltmagns í jarðvegi. Fólk yfirgefur einnig land vegna pólitísks óróa og af efnahagslegum ástæðum. Aukin vélvæðing og notkun efna í landbúnaði eins og niturs, fosfór, skordýra- og illgresiseiturs hefur valdið tímabundinni uppskeruaukningu. Á sama tíma hefur aukin efnanotkun haft verulega neikvæð áhrif á jarðveg, vatnsgæði og vistkerfið sem til lengri tíma ógnar matvælaöryggi íbúa jarðar.

Yfirgefin landbúnaðarsvæði er flokkað sem ein gerð landhnignunar



Hvort sem uppspretta orku er endur- eða óendurnýjanleg hefur vinnsla hennar áhrif á auðlindir náttúrunnar.

eða að land sé yfirgefið er talin vísending um hnignun þess. Á sama tíma getur yfirgefið land verið tækifæri til endurheimtar vistkerfis þess. Helstu ástæður þess að land er yfirgefið eru samdráttur í framleiðslu, flutningur íbúa til þéttbýlis, aukinn aldur íbúa, ágengar tegundir og breytingar á styrkjakerfi landbúnaðarins eða aðrir félagslegir þættir sem draga úr gildi landbúnaðar.

Skógrækt og skógarnytjar hafa einnig mikil áhrif á vistkerfið. Felling skóga og sala á timbri er iðulega fyrsta skrefið í átt að ræktarlandi fyrir nytjajurtir eða undir beit. Umbreyting lands með þessum hætti leiðir til mikilla breytinga á vistkerfinu og vatnsbúskapar og að lokum hnignunar landgæða.

Þéttbýlismyndun

Áætlað er að fjöldi íbúa í þéttbýli muni aukast um 2,5 milljarða til ársins 2050. Fjölgunin mun leiða til útpenslu borga og í sumum tilfellum mun frjósamt ræktunarland tapast. Í dag er milli 2 til 3% lands í heiminum flokkað sem borgir en talið að það verði 4 til 5% árið 2050 og að þéttbýli í þróunarlöndum eigi eftir að þrefaldast til 2030. Gert er ráð fyrir að 1,6 til 3,3 milljón hektarar ræktunarland muni glatast vegna útpenslu borga milli 2020 og 2030. Einnig verður að líta til þess að helgunarsvæði borga nær langt út fyrir borgarmörkin. Fylgni er á milli stækkunar borga, skógareyðingar og flutninga á landbúnaðarvörum.

Uppbygging innviða í þéttbýli

Á sama tíma og íbúum í þéttbýli fjölga eykst þörfin fyrir innviði, samgönguæðar, afrennsli, skulp- og raflagnir. Samtímis þarf að endurnýja innviði margra eldri borga. Uppbygging af þessu tagi er gríðarlega kostnaðarsöm og hún mun verða stór þáttur í vexti hagkerfa víða um heim.

Í dag þekja borgir og innviðir þeirra yfir um 60 milljón hektara, sem er álika stórt svæði og Úkraína, og talið að svæðið muni stækka um 100 til 200 milljón hektara næstu fjóra áratugin. Slíkar breytingar hafa bæði bein og óbein áhrif á landnýtingu. Bættar samgöngur og betri samgöngumannvirki leiða til útpenslu borga, hnignunar náttúrulegra vistkerfa og auka einnig hættuna á flóðum. Auk þess sem frárennsli borga mun hafa mengandi áhrif á grunnvatn og vistkerfi.

Útpensla borga breytir einnig endurgeislun og útgufun og mun þannig hafa áhrif á nærvirði þeirra og nærliggjandi svæða. Umfang áætlaðrar uppbyggingar innviða mun laða að sér vinnuafli, draga úr landbúnaði í nærumhverfi borganna og stuðla að því að fólk yfirgefi dreifbýlið.

Utan þéttbýlis valda vegir og járnbrautir um ósnortid land miklu tjóni á vistkerfinu sé verkið ekki vel undirbúið og vel skipulagt. Lagning samgönguæða geta leitt til fiskibeinsáhrifa þar sem margir minni vegir og slóðar liggja út frá stofnaðum og auka utanvegaakstur. Slíkir hliðarvegir og slóðar geta valdið gríðarlegu tjóni á skógum og graslendi. Í Brasilíu er opinbert vegakerfi landsins 20.000 kílómetrar en óopinberir vegir og slóðar sagðir vera nálægt 200.000 kílómetrar og tengjast margir þeirra ólöglegu skógarhöggi og námuvinnslu. Auk þess sem vatnsaflsvirkjanir hafa gríðarleg áhrif á nærliggjandi vistkerfi.

Orkuvinnsla

Hvort sem uppspretta orku er endur- eða óendurnýjanleg hefur vinnsla hennar áhrif á auðlindir náttúrunnar. Víða í þróunarlöndunum þar sem víður er brendur til orkuvinnslu er vinnslan stór þáttur í skógar- og jarðvegseyðingu vegna uppblásturs. Vinnsla og brennsla á olíu og



Opin jarðvinnsla þar sem heilu fjöllin eru grafin burt valda ómældum umhverfisspjöllum.



Mikið er notað af brennisteinssýru og kvikasilfri við ólöglega gullvinnslu og bæði efnin eru gríðarlega hættuleg mönnum og miklir mengunarvaldur í jarðvegi og vatni.



Landhnignun er afleiðing slæmrar stjórnunar á landnýtingu, þaulræktunar, ofbeitar og rangrar nýtingar á vatni, ofnotkunar á eiturefnum og áburði í landbúnaði, mengunar og námuvinnslu.



Í dag er um 36% af öllu landi í heiminum, að Grænlandi og Suðurheimsskautilandinu undanskildum, nýtt til landbúnaðar.

jarðgasi hefur vegna mengunar leitt til gríðarmikilla loftslagsbreytinga sem aftur hefur áhrif á ástand lands og möguleikum til landnýtingar á stórum svæðum. Orkuvinnsla með „fracking“, jarðbrot með vökva til olíuvinnslu, er vatnsfrek og krefst mannvirkja, flutningslagna og samgöngumannvirkja. Margir hafa áhyggjur af aukinni tíðni jarðskjálfta í tengslum við jarðbrot og hugsanlegu heilsutjóni íbúa vegna þeirra. Evrópusambandið veitir styrki til orkuvinnslu úr víði og viðarafgöngum á þeim forsendum

að vinnsla sé mikilvæg á sjálfbærri orku. Kolabrennslustöðvar í Evrópu brenna sífellt meira af víði frá Bandaríkjunum og Kanada, sem hefur leitt til aukinnar fellingar skóga og losunar á koltvísýringi út í andrúmsloftið þar. Þrátt fyrir að einu tré sé plantað fyrir hvert tré sem er fellt tekur milli 20 og 100 ár að ná fullri kolefnisjöfnun.

Framleiðsla á endurnýjanlegri orku hefur einnig áhrif á land, landnýtingu og leiðir til hnignunar landgæða. Ræktun nytjaplantna til framleiðslu á lífdísil er ekki

síður þurftarfrek á ræktarland en framleiðsla á pálmaolíu og sojabánum og oft á kostnað skóga og graslendis. Áætlað er að árið 2010 hafi ræktun til framleiðslu á lífdísil verið á um 45 milljónum hektara og er gert ráð fyrir að sú tala eigi eftir að tvöfalda fyrir 2030 og ná til 3 til 4,5% af ræktarlandi heimsins. Uppistöðulón og vatnsaflsvirkjanir kaffæra stór landsvæði með vatni, þurrka önnur og veita aðgang að þeim og gefa kost á annars konar nytjum. Virkjanirnar þurrka upp votlendi og breyta farvegi áa og vatnsbúskapa stórra vistkerfa. Sólarcellur og vindmyllur taka einnig land svo og dreifingarkerfi þeirra.

Jarðefna- og námuvinnsla

Pólítískar og efnahagslegar sviptingar undanfarin ár hafa leitt til aukinna fjárfestinga í jarðefna- og námuvinnslu og samtímis til aukinnar hnignunar jarðvegs vegna skógareyðingar, brennslu gróðursvæða og jarðvinnslu. Sem aftur hefur leitt til gríðarlegs tjóns á umhverfinu og til félagslegra vandamála. Opín jarðvinnsla þar sem heilu fjöllin eru grafin burt valda ómældum umhverfisspjöllum auk þess sem námur sem grafnar eru í fjöll eða jörð falla saman og geta valdið skriðum, jarðvegseyðingu og mengun í jarðvatni. Vinnsla á dýrmætum málum og steinefnum skilur eftir sig tuga milljóna tonna af úrgangsefnum, mengar vatn vegna notkunar á sýru við vinnsluna, henni fylgir mikil loftmengun sem hefur slæm áhrif á heilsu fólks og dregur úr uppskeru. Ólögleg jarðefna- og námuvinnsla sem fer fram án eftirlits er enn meiri mengunarvaldur. Til dæmis er notað mikið af brennisteinssýru og kvikasilfri við ólöglega gullvinnslu og bæði efnin

eru gríðarlega hættuleg mönnum og miklir mengunarvaldar í jarðvegi og vatni.

Óbeinir áhrifavaldar landeyðingar

Síðustu tvær aldir hefur eftirspurn eftir gæðum lands og þjónustu þeim tengdum aukist margfalt. Óbeinar eða undirliggjandi orsakir landhnignunar tengjast því lífsstíl, efnahagskerfi og neyslumunstri sem aftur er flókin samsetning af lýðræðis-, stofnana-, félags- og menningalegum þáttum. Þessir þættir tengjast svo alþjóðaverslun með vörur, vöruverði, auknum fólksfjölda, innanlandsmarkaði, eftirspurn neytenda, stjórnháttum, þróum samfélaga og efnahag heimila.

Á landsvísu hafa veikburða stjórnhættir, óstöðugleiki, skortur á samhæfingu, spilling og glæpir víða verið skilgreindir sem óbeinir áhrifavaldur landhnignunar.

Frá því á sjöunda áratug síðustu aldar hafa viðskipti með landbúnaðarvörur á alþjóðamarkaði tífaldast og verðslun með timbur sjöfaldast. Ein afleiðing þessa er að eftirspurn eftir góðu ræktunar- og beitarlendi hefur margfaldast. Viðskipti með auðlindir eins og jarðveg, vatn og land eru einnig orðin alþjóðleg. Viðskipti af þessu tagi hafa leitt til aukningar í landbúnaðarframleiðslu í þróunarlöndum þar sem stjórnkerfið er oft veikburða.

Óbeinir áhrifavaldar landhnignunar geta legið víðs fjarri áhrifasvæðinu. Aukin kjötneysla í Kína hefur leitt til aukinnar ræktunar á soja sem fóður fyrir svín og fiðurfé í Brasilíu. Aukin eftirspurn eftir timbri og friðun skóga í Kína og Finnlandi hefur leitt til vaxandi skógarhöggis í Rússlandi og útflutnings á timbri til Kína. Við hrun Sovétríkjanna dró verulega úr landbúnaði og leiddi til aukins innflutnings á nautakjöti frá Brasilíu til Rússlands og aukinna þarfa fyrir beitilandi í Brasilíu.

Eigendur lausafjár eru í auknum mæli farnir að fjárfesta í landi í dreifbýli og þar komið fram nýr óbeinir áhrifavaldur þegar kemur að landnýtingu. Síðustu áratugi hefur hag smærri býla staðið ógn vegna aukinna krafna um lægra matarverð og aukinnar framleiðslu verksmiðjubúa. Krafan er studd af stórum verslanakeðjum og innkaupamunstri neytenda. Þróunin hefur lækkað matvælavæð og komið sér vel fyrir efnaminni neytendur. Lægri tekjur framleiðenda leiða hins vegar til minni fjárfestinga og auka líkur á sameiningu býla og minnka líkurnar á að bændur geti lifað af þeim tekjum sem býli gefa af sér. Þessi þróun getur haft mikil áhrif til aukinnar landhnignunar á komandi áratugum þegar bændur á minni býlum hætta búskap og flytja í þéttbýlið.

Tvennir tímar – Endurminningar Hólmfríðar Hjaltason:

Nöturleg hlutskipti fátæks fólks

Tvennir tímar. Endurminningar Hólmfríðar Hjaltason sem Elínborg Lárusdóttir skráði kom fyrst út árið 1949 og er saga stúlku sem fæðist utan hjónabands og má þola mikið herræði hjá vandalausum í íslenskri sveit á seinni hluta nítjándu aldar.

Nítján ára kaupir Hólmfríður sér lausamennskubréf, giftist í farsælt hjónaband og býr um tíma í Noregi og Danmörku þar sem er í fyrsta sinn komið fram við hana eins og manneskju með tilverurétt eins og annað fólk. Bókin er nóturleg lýsing á hlutskipti fátæks fólks og uppfyll af þjóðlegum fróðleik. Guðni Th. Jóhannesson er langömmubarn Hólmfríðar. Bókin er endurútgefin af bókaútgáfunni Angústúra.

Uppeldi Hólmfríðar

Hólmfríður Margrét Björnsdóttir Hjaltason fæddist á Siglufirði 24. febrúar 1870. Foreldrar hennar voru Björn Einarsson, sonur Einars á Bólu í Skagafirði, og Sólveig Magnúsdóttir. Þegar Hólmfríður fæddist, var móðir hennar vinnukona í húsi Snorra Pálssonar faktors á Siglufirði. Að móður hennar steiðu þá miklir erfiðleikar. Hún átti aðra dóttur með föður Hólmfríðar. Þau Sólveig og hann voru heitbundin, en gátu ekki giftst sökum fátæktar. Meðan móðir hennar gekk með hana, komst hún að því að unnustinn var orðinn henni fráverfur. Féll henni það svo þungt, að hún var á tímabili ekki mönnum sinnandi.

Stúlkubarnið, sem hún fæddi, var efnilegt, og er hún var vatni ausin, var hún látin heita í höfuðið á faktorsmaddömunni, en kona faktorsins var alltaf kölluð maddaman. Síðan var Hólmfríður flutt úr húsinu fára daga gömul, og var henni komið í fóstur á Hóli í Siglufirði. Sagt var, að faktorshjónin hefðu greitt með henni fyrsta árið. Á Hóli var hún aðeins eitt ár. Þaðan var hún flutt að Sigríðarstöðum í Flókadal í Vestur-Fljótum. Þar var hún í fjögur ár. Hjónin, sem þar bjuggu, hétu Jón og Þorbjörg. Þar leið Hólmfríði vel. Hún svaf hjá Jóni bónda, og hafði hann miklar mætur á henni. Síðasta árið, sem hún dvaldist á Sigríðarstöðum, andaðist Þorbjörg, kona Jóns. Til

hans kom þá

ráðskona, og varð þá tilfinnanleg breyting á heimilinu.

Áður var mikill þrifnaður heima fyrir, eftir því, sem þá tíðkaðist. Treysti Jón sér þá ekki til að hafa annarra börn, og varð Hólmfríður þaðan að hverfa.

Þá fór hún að Nesi, sem er næsti bær við Sigríðarstaði. Dóttir Jóns, sem er enn á lífi, segist aldrei hafa séð föður sinn táfella, nema þegar Hólmfríður var flutt í burtu.

Í Nesi var frekar efnalaust heimili, en vistin var nokkuð hörð. Hjónin áttu engin börn, en með Hólmfríði var þar tökudrengur, og var gefið með honum af sveitinni. Þótt Hólmfríður væri ekki gömul, var hún látin vinna. Vinnan var að tæja ull, vinda af snældum og þrjóna sjóvettinga. Þarna var hún látin sitja við, og væri hún ekki nógu iðin við vinnuna, fékk hún ávallt refsingu. Var klóalangur þá á lofti.

Á vorin var hún látin vaka yfir túninu með drengnum. Á næturnar áttu þau jafnframt að bera afrakstrarhrúgurarnar af túninu. Á daginn að þvo pottana, sópa ganga og eldhús og vera í snúningum. Var þess stranglega krafist, að hún væri alltaf að og doskaði aldrei. Eitt sinn að vetrarlagi stóð hún úti og var að horfa á hrafn, sem flaug í áttina til fjalls. Hugmynd hennar um fjöllin var sú, að þau væru föst við himininn, og hélt hún því, að hrafninn myndi reka sig á fjallið. Og er hún stóð og beidd eftir að sjá, hvernig færi fyrir hrafninum, var komið aftan að henni og þrifið í hana. Var húsfreyja þar komin og var með klóalang í hendinni.



„Þér er

skammar nær að halda áfram að tæja ullina, en standa hér og glápa,“ sagði hún.

Á haustin voru krakkarnir látnir tína fifu. Var fifan svo hreinsuð og síðan snúin á hné sér og gerðir úr henni kveikir í lýsislampana og lýsispönnurnar.

Badstofan var fjögur stafgölf. Óþiljuð var hún að ofan, en fjalar voru festar meðfram veggnum fyrir ofan rúmbálkana. Í badstofunni var moldargölf. Var gölfíð sópað daglega með hrísvendi. Á vorin var flysjuð upp skán sú, sem safnað hafði milli rúmanna, en aldrei var það gert nema einu sinni á ári. Kom mikill óþefur, meðan verið var að þessu verki, og hélzt hann lengi á eftir. Badstofan var ofnlaus. Á vetrum fengu börnin kuldabólgu í hendur og fætur, einkum þó í hendur. Það hlífði fótum þeirra, að þau voru eins og aðrir oftast í þrennum sokkum á vetrum.

Í badstofu var einn lýsislampi. Var lampinn úr kopar, og tvöfaldur. Hann hékk alltaf í krók í maranum rétt innan við miðja badstofu. Í lampanum var koparskari.

Festin, sem tengdi skarann við lampann, var líka úr kopar. Skarinn var notaður til þess að færa kveikinn fram. Skarinn sjálfur líktist mest eyrnasköfunum, sem sumar konur áttu á þeim tíma. En eyrnaskafarnir voru úr silfri, og eyrnaskafa áttu flestar heldri konur í þá daga. Eins og áður er sagt, var kveikurinn í lampanum gerður úr fifu. En í lýsislampanum var kveikurinn hafður langtum gildari en í lýsispönnuna, og bar því betri birtu.

Lýsið á lampanum var alltaf hreint. Í badstofu var þá alltaf brennt þorskalýsi. Aftur var haft verra lýsi í lýsispönnuna, enda var hún eingöngu notuð frammi við, í fjós, eldhús og búr. Lýsispannan var einföld. Var nefið á pönnunni miklu lengra en á lýsislampanum, og pannan sjálf grynri. Þegar lítið var um fifu, voru snúnar eða fléttaðar tuskur hafðar sem kveikir í lýsispönnuna í stað fifukveiksins, og þótti það fullgott. Pönnur þessar voru með oddmjóu skafti. Skaftið var til að halda um, er pannan var borin, og var oddurinn gerður svo að hægt væri að stinga

pönnunni í vegg, en það var alltaf gert, ef verið var í fjósi eða frammi við.

Dauf var birtan, en önnur ljósataeki þekktust ekki þá nema tólgarkerti. Þau voru steypt heima í þar til gerðum formum, en kertin voru ekki notuð hversdagslega, aldrei nema á jólum og nýári. Þá var og lítið um eldspýtur, en þó sáust þær á sumum bæjum. Lítið mun hafa verið til af þeim á fátækari bæjunum. Þessar eldspýtur voru ólíkar þeim sem nú flytjast. Þær voru með gulum brennisteini á öðrum enda, og sagðar voru þær eittraðar. Þær voru í aflöngum pappastokkum. Mun einn stokkur hafa verið keyptur til ársins hjá efnadri bændum. Eldspýturnar voru sparaðar mjög eins og öll útlend vara í þá daga.

Á morgnana klukkan níu var litli skatturinn. Var það rúggrautur með súrmjólk og mjólk út á. Oftast var grautur þessi blandaður fjallagrösom. Var það gert til þess að drýgja útákaðið, því að rúgurinn var dýr. Það var skammtað í aska og hafði hver sinn ask. Einnig borðaði hver og einn með sínum spæni. Spæninir voru úr horni, og sumir með fangamarki eigandans. Mjólkin sem gefin var út á grautinn, var alltaf flóuð og var henni hellt út á, áður en askurinn var borinn inn. Miðdegismatur var klukkan þrjú. Þá var venjulega harðfiskur og tólg, pottbrauðssneið og smjör. Kartöflur sáust þá ekki. En í Nesi var þá litill rófugarður, og voru rófurnar notaðar í súpu. Kálið af rófunum var skorið af, þvegið og sett í súrmjólkina og etið með góðri lyst. Á sunnudögum var kjötsúpa til miðdegisverðar. Konu var skammtaður einn bita en karlmanni tveir bitar. Útákaðið var þá oft malað bankabygg, oft var flóuð mjólk á eftir miðdegismatnum. Stundum var litill bita af grasalími í hverjum aski. Ekki var gefið kaffi eða neitt milli máltíða, enda var lítið um kaffi í þá daga.

Á sumrin var grasamjólk á kvöldin. En á vetrum alltaf rúggrautur, blandaður fjallagrösom og geitaskóf og var þá mikil rækt lögð við geitaskófinu. Mjólkin af henni varð rauðbleik og barkandi og ekki sem bragðbezt, en allt var borðað í þá daga. /VH

Ný bók að vestan:

100 Vestfirskar gamansögur

„Já, nei, sko, sjáðu til, væni. Stór hluti af þessu liði þarna á spítölunum er þar vegna þess að það hefur étið yfir sig. Og svo kys það íhaldið góði!“

Sá sem svo mælti fyrir nokkrum árum var enginn annar en þáverandi sóknarherra til Vatnsfjarðarþinga, síra Baldur sálugj Vilhelmsson í Vatnsfirði. Óvíst er hvort stórum vanda íslenska heilbrigðiskerfisins í dag hafi verið lýst betur í jafn fáum orðum. Hvort sá vandi sé íhaldinu að kenna er svo önnur saga!

Kemur þetta fram í ritgerð í nýrri bók frá Vestfirskar forlaginu, 100 Vestfirskar gamansögur. Bókin sú er farin í dreifingu um land allt. Segja má að bæði gaman og alvara sé uppistaðan í hinum mikla sagnabanka Vestfirskar forlagsins af Vestfirðingum. Og skal nú rétt



einu sinni vitnað í skipherrann okkar, Eirík Kristófersson, frá Brekkuvelli á Barðaströnd:

„Gamanmál eru nauðsynleg, en að baki þeim býr alvara lífs og dauða. Það vitum við sjómennirnir ef til vill betur en aðrir.“

Ný bók að vestan:

Allt þetta fólk

– Þormóðsslysið 18. febrúar 1943

Þormóðsslysið 18. febrúar 1943 er mesta blóðtaka sem nokkurt íslenskt byggðarlag hefur orðið fyrir. Þá fórst 31 maður, þar af 9 konur og eitt barn. Í hópnum voru 6 hjón og þör, blómi samfélagsins á Bíldudal.

Líf heillar byggðar og flestra fjölskyldna þar gjörbreyttist og bar merki þess uppfrá því. Einstaklingar lifðu í skugga slyssins og báru á sál sinni sár sem aldrei greru um heilt.

Saga þessa fólks og orlaga þeirra birtist hér í heild sinni eftir öllum tiltækum heimildum sem og minningar höfundar og hugleiðingar.

Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson hefur lifað með þessum minningum og að hvatningu úr hópi þeirra 56 barna sem fólk lét eftir sig og mörgu barnabarna sem af þeim eru komin hefur hann ritað þessa bók.

Hér er fjallað um byggðarlagið sem fyrir áfallinu varð og farnað

þess, æviágrip fólksins sem fórst, kringumstæður ferðalagsins, skipið þormóð og siglingu þess, rannsókn skipstapans og deilurnar sem urðu í kjölfarið. Þá eru birt minningarorð um hin látnu sem birtist í blöðunum á sínum tíma.

Bókin geymir og fjölbreytt myndefni sem sýnir þau sem í hlut áttu og það sem varðar orlagaför þeirra.

Hvernig hefur Þormóður getað farist með öllu þessu fólk? Þessi spurning lýsir vel viðbrögðunum við ótíðindunum sem

og óhugnaði þeirra og er um leið grunnspurning bókarinnar.



Skógræktarritið: Fjölbreytt og efnismikið

Annað tölublað Skógræktarritsins 2017 er komið út og í því er að finna áhugaverðar greinar um margar hinar ólíku hliðar skógræktar.

Í ritinu er meðal annars að finna stórgóða og fræðandi grein eftir Árna Þórólfsson um elri og aðra um gamalt reynitré í Suður-Þingeyjar-sýslu eftir Atla Vigfússon. Birt eru vinningsljóð grunnskólanema í ljóðasamkeppni Yrkjúsjóðsins og sagt er frá fræferð Skógræktarfélagss Íslands til Albert og Bresku Kólumbíu.



Frækornið, fræðslurit Skógræktarfélagss Íslands, fylgir með til áskrifenda og fjallar það að þessu sinni um jólatrjáaræktun fjallaþins á Íslandi. *NH*

HÁSKÓLINN Á HÓLUM AUGLÝSIR EFTIRFARANDI KYNBÓTAHRYSSUR OG REIÐHESTA TIL SÖLU

1. Mylla frá Hólum IS2008258306
2. Alfa frá Hólum IS2008258307
3. Frumherji frá Hólum IS2008158309
4. Eyvindur frá Hólum IS2010158310


Skrifleg tilboð þurfa að berast skrifstofu skólans í síðasta lagi **28. desember nk.** merkt: Háskólinn á Hólum, Guðmundur Eyþórsson – tilboð í hross.

Áskilinn er réttur til að hafna öllum tilboðum.

Frekari upplýsingar má finna hjá sveinn@holar.is eða gbe@holar.is



EINBÝLISHÚSALÓÐIR VIÐ SÓLHEIMA



Fasteignasalan Byggð kynnir til sölu einbýlishúsalóðir við *Sólheima*.

Um er að ræða veglegar byggingarlóðir í Vaðlaheiðinni gegnt Akureyri með frábæru útsýni yfir allan Eyjafjörðinn. Lóðirnar eru frá 2280 til 2804 m² í um 5 mín. akstursfjarlægð frá Akureyri.

Nánari upplýsingar um lóðirnar veita:

Björn Guðmundsson, lögg. fasteignasali | S: 464-9955 | bjorn@byggd.is


Ágúst Már Sigurðsson, lögfr. og sölufulltrúi | S: 464-9951 | agust@byggd.is



Bændablaðið

Óskum lesendum okkar til sjávar og sveita gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári Þökkum frábær samskipti á liðnum árum

LITSKRÚÐUG MANNLÍFSFLÓRA



„Þessi líflega og skemmtilega saga er sérlega vel sögð ...“

STEINGERÐUR STEINARSDÓTTIR / VIKAN

Söguleg skáldsaga um lífsbaráttu alþýðufólks á 18. öld.

Húmor, hlýja og innlifun í magnaðri bók.




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskilóð 39 | www.forlagid.is

Opið alla virka daga 10–19 | Um helgar 11–19

Gamli traktorinn



Bull – Litla og stóra nautið

Stjarna dráttarvéla-framleiðandans Bull Tractor Co reis ört á öðrum áratug síðustu aldar og hrapið var hátt. Fyrirtækið varð stærsti framleiðandi dráttarvéla í Norður-Ameríku á einu ár. Sex árum seinna var það gjaldþrota.

Bull Tractor Co var stofnað í Minnisotari í Norður-Ameríku árið 1913 af tveimur samstarfsmönnum, annar var fjárfestir en hinn vélahönnuður. Draumur þeirra var að framleiða lítinn og lipran traktor fyrir minni býli sem leysti þungar og klunnalegar g u f u k n ú n a r dráttarvélar af hólmi. Áður en framleiðsla fyrstu Bull dráttarvéla hóf höfðu þeir tryggt sölu á fimmtíu slíkum í forsölu.

Í byrjun árs 1914 hóf Bull Tractor Co framleiðslu á litlum þriggja stálhjóra dráttarvéllum sem fengu heitið Little Bull. Einungis var drif á öðru afturhjólinu og var það stærra en hitt afturhjólið. Einn gir áfram og einn aftur á bak og dráttarvélinni einungis ætla að draga plóg. Vélin var fimm hestöfl, loftkæld, tveggja strokka og gekk fyrir bensíni. Little Bull er fyrsta bensínknúna dráttarvélin sem seldist í miklum fjölda.

Hönnun og smæð Litla tudda



í samburði við stórar og klunnalegar gufuknúnar dráttarvélar sem voru á ríkjandi markaði fyrstu áratugi 20. aldarinnar. Vegna mikilla vinsælda voru aðrir framleiðendur fljótir til og líktu eftir hönnun traktorsins í sinni framleiðslu.

Big Bull

Í framhaldi af velgengni Little Bull setti framleiðandinn á markað stærri og öflugri dráttarvél sem kallaðist Big Bull árið 1915. Líkt og minni týpan var sú stóra



á þremur stálhjólum eins og litli bróðir. Hann var 25 hestöfl, með tveggja strokka bensínvél. Helstu annmarkar Big Bull voru að girskiptingin var opin og fylltist auðveldlega af mold og drullu sem olli gangtruflunum og dráttarvélin þótti óstöðug í halla.

Samningur við Massey-Harris

Bull Tractor Co gerði stóran sölusamning við Massey-Harris í Kanada 1916 en vegna skorts á hráefni gat fyrirtækið ekki staðið



þótti nýstárleg á sínum tíma og vöktu eiginleikar traktorsins mikla athygli og hann var metsölutraktor í Bandaríkjunum árið 1914 og fyrirtækið stærsti dráttarvélaframleiðandi í Norður-Ameríku það ár.

Helstu annmarkar Little Bull var hvað hann var kraftlítill og einungis með drif á einu hjóli. Þrátt fyrir gríðarlegar vinsældir var framleiðsla Little Bull hætt eftir tvö ár

Aðrir framleiðendur líkja eftir

Þrátt fyrir annmarka sína þótti hönnun Little Bull byltingarkennnd



við samninginn og Massey-Harris rifti honum ári síðar. Í framhaldi af því fór að halla undan fæti hjá Bull.

Ford kemur á markað

Innreið Fordson á dráttarvélamarkaðinn reið Bull að fullu og var fyrirtækið lýst gjaldþrota 1920 og um svipað leyti sneru dráttarvélaframleiðendur sér að framleiðslu traktora á fjórum hjólum. /VH

UTAN ÚR HEIMI



Gómsætt finnskt skordýrabrauð. Hvert brauð inniheldur 70 krybbur.

Skordýrabrauð á borðum Finna

Fyrirtækið Fazer, sem flestir tengja við sælgætisframleiðslu, hefur nú sett á markað fyrsta skordýrabrauð í heiminum í matvöruverslanir í Finnlandi. Hvert brauð inniheldur 70 krybbur en frá og með 1. nóvember var leyfilegt að selja skordýr í matvællum í Finnlandi.

Neytendur hafa tekið nýju vörnunni vel enda er um næringarríkt brauð að ræða, það er prótínríkt og skordýrin innihalda góðar fitusýrur, kalsíum, járn og B12-vítamín. Fyrir hafði Fazer sett brauð á markað með

rótargrænmeti í sem gaf góða raun. Fyrirtækið hefur fengið mikla athygli erlendra fjölmiðla eftir að skordýrabrauðið kom á markað og vonast forsvarsmenn þess til að geta komið því til fleiri landa.

- Krybbur eru dreifðar um heim allan á milli 55. breiddargráðanna. Fjölbreytileikinn er mestur í hitabeltilöndum.
- Alls eru þekktar yfir 900 tegundir af krybbum. Í Evrópu eru um 80 tegundir í 28 ættkvíslum.

- Krybbur eru allt að 5 sentímetra langar.
- Bolurinn er að mestu sívalur, höfuð kúlulaga, og afar langir finir fálmarar.
- Margar tegundir eru ófleygar. Afturfætur eru stórir sterkir stökkfætur með sérstaklega þykka læriði og langliði alsetta sterkum göddum. (Heimild: Náttúrufræðistofnun Íslands).

/ehg



Kjötframleiðsla í Asíu og ekki síst í Kína hefur aukist gríðarlega undanfarin ár og er mikið af framleiðslunni flutt út.

Gríðarleg aukning er í notkun sýklalyfja í landbúnaði í Asíu

Miðað við núverandi notkun er reiknað með að notkun á sýklalyfjum í landbúnaði muni aukast um helming á næsta áratug og um allt að 120% fyrir árið 2030 í Asíu. Helmingur sýklanotkunar til landbúnaðar í heiminum er í Kína.

Verksmiðjubúskapur við eldi á hænum og svínum hefur margfaldast í Asíu undanfarin ár og á sama tíma eykst notkun á sýklalyfjum við framleiðsluna. Í nýlegri skýrslu sem unnin var fyrir fjárfesta, Factory Farming in Asia: Assessing Investment Risks, kemur fram að aukin notkun sýklalyfja auki hættuna á að fram komi nýr stofn sýklalyfja ónæmra fuglaflensubaktería. Sá stofn getur borist með kjúklingakjöti til annarra landa og orðið hættulegur lýðheilsu manna um allan heim.

Gríðarleg framleiðsluaukning í Kína

Kjötframleiðsla í Asíu og ekki síst í Kína hefur aukist gríðarlega undanfarin ár og er mikið af framleiðslunni flutt út. Tveir af stærstu fôðurframleiðendum í heimi eru í Kína og fôðrið sem þeir framleiða að undirstöðu kornmjöl og soja.

Rekstur verksmiðjubúanna, ræktun og framleiðsla fôðursins veldur einnig gríðarlegri losun gróðurhúsalofttegunda og fellingu skóga bæði í Kína og Brasilíu þaðan sem megnið af soja er flutt til Kína.

Gamalt kjöt

Fyrir þremur árum komst upp um kjötframleiðanda í Kína sem

meðal annars framleiddi kjúklinga fyrir McDonalds og KFC sem var að nota kjöt í framleiðsluna sem löngu var komið yfir síðasta söludag.

Einnig er vert að minna á að fyrir skömmu kom upp mál í Evrópu þar sem í ljós kom að egg sem seld voru til flestra landa Evrópusambandsins voru menguð með skordýraeitri sem bannað er að nota við matvælaframleiðslu.

Vaxandi áhugi fjárfesta á kjötvinnslu í Kína

Áhugi fjárfesta á kjötvinnslu í Kína er vaxandi en á sama tíma vilja margir þeirra ekki láta tengja sig við verksmiðjuframleiðslu, sýklalyfjaónæmi, aukna losun gróðurhúsalofttegunda og jafnvel misnotkun á vinnuafli. /VH



Charles Philip Arthur George.

Karl Bretaprins: Gróðureyðingin á hásléttunum

Karl Bretaprins hefur skorað á fyrirtæki heims að undirrita Cerrado stefnuýfirlýsinguna sem felur í sér vilja til að vernda náttúrulega mikilvæg svæði á heimsvísu.

Eyðing regnskóga Amason-svæðisins er kunnuglegt stef sem hefur verið umfjöllunarefni náttúruverndunarinnar síðustu þrjú áratugi. Í dag er þorri almennings meðvitaður um hættunna sem skógareyðingin veldur.

Ein ástæða þess að dregið hefur úr skógareyðingu í Brasilíu er að sú að hluti þeirra fyrirtækja sem áður stóðu fyrir skógareyðingunni hafa flutt starfsemi sína yfir á graslendi og sléttur landsins.

Ahyggju umhverfisverndunarinnar í dag beinast að þeirri staðreynd að til að draga úr eyðingu regnskóganna vegna framleiðslu á soja og nautakjöti hafa framleiðendurnir flutt sig yfir á minna nýtt náttúrulegt graslendi. Talið er að náttúrulegt graslendi í Brasilíu þeki um tvo milljón ferkílómetra lands.

Prinsinn af Wales ítrekaði fyrir skömmu að alvarleika málsins og benti á að náttúrulegum gresjum um allan staðaði hætta af aukinni ræktun og þyrfti á aukinni vernd að halda.

Þrátt fyrir að vistkerfi gresja hafi ekki verið jafn mikið í umræðunni og vistkerfi regnskóganna undanfarnin ár er það engu minna mikilvægt. Fjölbreytni dýra og plantna á gresjum er mikil og þær eru ekki síst mikilvægar fyrir það hversu vel þær binda koltvísýring.

Í dag hafa 23 stórfyrirtæki skrifað undir Cerrado yfirlýsinguna. Þar á meðal eru Walmart, Marks & Spencer, Sainsbury's, Carrefour, McDonald's, Nando's, Nestle og L'Oreal. *NH*

Sælureitur

Frá Jötni Byggingum



Lýsing á húsi

- Gólf:** Aðalburðarbitar gólfs eru úr límtré, á milli þeirra koma steinullareiningar. Efra gólf er 45x145 mm dregarar klæddir nótuðum spónaplötum 22 mm þykkum.
- Útveggir:** Útveggir eru gerðir úr stálsamlökum með steinullareinangrun. Að utan er húsið klætt með lituðu bástáli, litir samkvæmt litakorti. Að innan eru veggir klæddir með gíspötum.
- Þak:** Steinullareiningar sem bornar eru uppi af límtrébitum og ásum við vegg. Þakrenn og rör niður vegg eru innifalin í verði.
- Gluggar:** Ál/trégluggar eru í húsunum.
- Útihurð:** Ál/tréhurðir.
- Milliveggir:** Gífsklæddir veggir á timburgrind með steinull. Milliveggir eru hluti af burðarvirki hússins og því eru ákveðnar takmarkanir á því hversu mikið má opna milliveggi nema aðrar styrkingar komi til.

3 herbergja íbúðarhús - Fullbúið hús

Húsið afhendist fullbúið og tilbúið til notkunar. Innifalið í verði er dúklagt baðherbergi með sturtu, WC og hreinlætistækjum. Á aðalrymi er parket eða teppi samkvæmt lista seljanda. Veggir eru málaðir. Í Eldhúsi er innrétting ásamt eldavél og ofni. Skápar eru í herbergjum. Hönnun húsa er samkvæmt íslenskum kröfum og uppfylla ákvæði byggingarreglugerða. Afgreiðslutími húsa er oft á bilinu 10-12 vikur en getur lengst á álagstímum.

Tilboðsverð á húsi afhent í Árborg:

16.900.000 án vsk
20.956.000 m/vsk

JÖTUNN
BYGGINGAR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss

Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

JEPPEDEKK
fyrir íslenskar aðstæður

VÖNDUÐ OG HLJÓÐLÁT
DEKK UNDIR FLESTAR GERÐIR
JEPPA OG JEPPLINGA.

DEKKJAPJÓNUSTA
TÍMABÓKANIR
Í SÍMA 540 4900

ARCTIC TRUCKS ÍSLAND EHF.
KLETTHÁLSI 3
110 REYKJAVÍK

SÍMI: 540 4900
NETFANG: info@arctictrucks.is
www.arctictrucks.is

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

EYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Gæða gluggar og útihurðir frá
Viking fyrir íslenskar aðstæður!

Trégluggar með eða án álkápu í öllum litum
Stuttur afgreiðslutími



Viking
VIKING WINDOW AS

Hafðu samband og fáðu tilboð

Buska ehf · Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ
Sími 480-0040 · www.buska.is · sala@buska.is

Buska



Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta

Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON
á ÍSLANDI

MHG VERSLUN EHF 544-4656 - MHG.IS



VÉLFANG

Viðgerðarmaður
á vélaverkstæði óskast

Við óskum eftir að ráða starfsmann á verkstæði í fullt starf. Reynsla af vélaviðgerðum nauðsynleg og menntun augljós kostur. Mikilvægt er að viðkomandi sé jákvæður, með ríka þjónustulund og geti unnið sjálfstætt. Starfið hentar jafnt körlum sem konum og hvetjum við bæði kynin að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur í síma 8400 820
Umsókn og ferilskrá sendist á eyjolfur@velfang.is

Vélfang ehf. er sölu- og þjónustuaðili á sviði vinnu- og landbúnaðarvéla.

Vélfang ehf. var valið Framúrskarandi fyrirtæki 2015 og 2016.

Hjá Vélfangi starfar hópur fólks sem hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu.

Helstu vörumerki eru JCB, CLAAS og FENDT.



CLAAS
FENDT



HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Mandarínur um jólin og annað súrt

Í góðu ári geta mandarínur gefið af sér milli sex og sjö þúsund ávexti.

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Neysla á mandarínur og mandarínublendingum er mest í kringum jólahátíðina hér á landi og ófá börn sem fá mandarínur í skóinn frá jólasveininum. Mandarínur tilheyra ættkvíslinni Citrus sem inniheldur alls kyns yrki og afbrigði sitrusáavaxta sem reyndar eru ber ef rétt skal vera rétt.

Ætluð heimsframleiðsla á mandarínur, klementínur, tangerínur, satsúmas og öðrum mandarínublendingum er um 29 milljón tonn, sem er rúmlega 200 þúsund tonnum meira en árið 2015. Kína ber höfuð og herðar yfir aðrar þjóðir þegar kemur að framleiðslu á mandarínur og mandarínublendingum og er áætlað að framleiðslan þar árið 2016 hafi verið um 20 milljón tonn. Spánn er í öðru sæti yfir stærstu framleiðendur í heiminum en einungis smáframleiðandi samanborið við Kína þar sem heildarframleiðslan á Spáni var rétt tæp 2,2 milljón tonn. Tyrkland er í þriðja sæti með 942 þúsund tonn. Þar á eftir koma Brasilía, Egyptaland, Japan, Íran, Suður-Kórea, Marokkó og Ítalía með framleiðslu frá rúmum 942 þúsund tonnum niður í 650 þúsund tonn á ári.

Neysla á mandarínur, mandarínublendingum og öðrum sitrusáavöxtum hefur verið að aukast undanfarna áratugi og gera spár ráð fyrir að hún muni halda áfram að aukast, ekki síst í safaförmi.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands var innflutningur á mandarínur, klementínur og öðru svipuðu til Íslands árið 2016 tæp 1200 tonn. Langmest var flutt inn frá Spáni eða rúm 1000



Aldinið er safaríkt ber með þykkri húð. Húðin leðurkennd í þremur lögum, ytra-, mið- og innralagi.

tonn, næstmest var flutt inn frá Perú, rúm 5,5 tonn, því næst koma Bandaríkin, 3,1 tonn, Suður-Afríka, rúm 2,4 tonn, Marokkó, tæp 1,9 tonn, Filabeinströndin, rúm 12,5 tonn og Úrúgvæ, rétt rúm 11 tonn.

Sama ár fluttu Íslendingar út 437 kíló af slíkum mandarínur til Grænlands.

Ættkvíslin Citrus

Fjöldi ólíkra tegunda af ættkvíslinni Citrus er óþekktur en talað er um fjóra megingtegundir sem til hafa orðið í náttúrunni, pomeló, *C. maxima*, sitrónur, *C. medica*, papeda, *C. micrantha*, og mandarínur, *C. reticulata*. Af þessum megingtegundum er svo til nánast ótölulegur fjöldi manngerðra yrkja, afbrigða, blendinga og



Klementínur eru nefndar eftir franska trúboðanum Marie-Clement Rodier, sem starfaði á munaðarleysingjaheimili í Alsír.



Líkt og í annarri stórræktun er mikið notað af eitrefnum til að varna sveppasýkingum og afföllum vegna meindýra við ræktun sitrusáavaxta og ætti því alltaf að þvo aldinin vel ef nota á börkin af þeim í matargerð.



Uppskeyra á mandarínur fer víðast fram með höndum.

staðbrigða. Genamengi ættkvíslarinnar er stórt og nánast allar tegundir, afbrigði og yrki geta frjóvgast sín á milli og gefið af sér frjóva blendinga. Dæmi um algenga ávexti sem tilheyra ættkvíslinni er appelsínur, *C. x sineensis*, sem er blendingur pomeló og mandarínur og greipaldins, *C. x paradisi*, sem er blendingur appelsínu og líklega pomeló og ugli eða ljóta sem er blendingur greipaldins eða pomeló og appelsínu og tandaríu, *C. tangerina*, sem er staðbrigði mandarína.

Öll þessi fjölbreytni var til vegna 15 milljón ára sameiginlegs forföður í litlu beri annaðhvort í Suðaustur-Asíu eða Ástralíu. Talið er að tegundin hafi farið að þróast

í ýmsar áttir fyrir um það bil sjö milljón árum og með tímanum í náttúrunni og löngu síðar með hjálp manna hefur orðið til mikill fjöldi ólíkra sitrusáavaxta.

Sitrusar eru stórir runnar eða lítil tré sem eru á bilinu 5 til 15 metrar að hæð og með trefjarót. Greinarnar eru stundum þyrnóttar og bera stakstæð og sigræn blöð sem eru smátennt eða heilrennd, egglega, ílóng og eilítið bylgjótt. Í blöðunum eru olíur sem gefa af sér sterka lykt séu blöðin nudduð. Blómin stakstæð eða nokkur saman í hnapp, yfirleitt hvít með fimm tveggja til fjögurra sentimetra löngum en grönnum krónublöðum sem eru ilmsterk. Fjöldi fráva og fráfla eru í hverju blómi og sjá

skordýr um frjóvgun þeirra. Sítrusar eru sjálffrjóvgandi og eiga ólíkar tegundir, afbrigði og yrki auðvelt með að frjóvgast innbyrðis.

Aldinið er safaríkt ber með þykkri húð, hnattlaga eða ílangt auk þess sem til eru sítrusaldin sem er fingruð, 4 til 30 löng og 4 til 20 sentimetra að ummáli. Húðin leðurkennd í þremur lögum, ytra-, mið- og innralagi. Ystalagið mis hrufótt eftir tegundum, gult, grænt, appelsínugult og allt þar á milli. Fjöldi fræja mismunandi eftir tegundum, afbrigðum og sum yrki eru frælaus.

Flestar tegundir sítrusa þrífast best í hitabeltinu en eru ræktaðir milli 40° suðrænnar og 40° norðlægrar breiddar og að 1000 metrum yfir sjávarmáli.

Sítrónur eru hluti af helgihaldi gyðinga og kallast etrog og finnast myndir af þeim víða í skreytingum gamalla synagóga við botn Miðjarðarhafsins.

Líkt og í annari stórræktun er mikið notað af eitrefnum til að varna sveppasýkingum og afföllum vegna meindýra við ræktun sítrusávxta og ætti því alltaf að þvo aldinin vel ef nota á borkinn af þeim í matargerð.

Mandarínur eru upprunnar í Asíu

Mandarínur eru upprunnar í Suðaustur-Asíu og Filippseyjum og hafa verið ræktaðar í Asíu í að minnsta kosti þrjú þúsund ár en í dag eru þær ræktaðar víða um heim.

Elsta heimild um ræktun mandarína eru frá því um 900 fyrir upphaf okkar tímatalis og segir frá aldinberandi mandarínurtrám í hálfyfirbyggðum garði valdsmanns. Fimm öldum síðar er talað um rauðar og gular mandarínur í ræktun í Kína.

Talið er að ræktun á mandarínunum hefjist á Indlandi við upphaf júlíanska tímatalisins og hafi borist þaðan frá Yunnan-héraði í Kína. Mandarína er getið í Japan milli 1300 og 1200 fyrir Krist og er talið að þær hafi borist þangað frá Kína.

Talið er að mandarínur hafi borist til Vesturlanda eftir nokkrum leiðum í mismiklu magni og á mismunandi tíma. Vitað er að tvö yrki bárust til Englands árið 1805 frá Kína og þaðan til Ítalíu og landanna sunnan, norðan og við botn Miðjarðarhafs þar sem ræktun þeirra var almennt eftir miðja nítjándu öld. Ávöxturinn er stundum kallaður Miðjarðarhafsmandarínur vegna mikillar ræktunar hennar þar.

Ítalski konsullinn í Nýju Orleans við Mexíkóflóa var fyrstur til að rækta mandarínur í Norður-Ameríku skömmu fyrir 1850. Þaðan bárust mandarínur til Flórída og Kaliforníu þar sem þær eru mikið ræktaðar í dag. Auk þess sem japanskar mandarínur sem kallast satsúma bárust til Norður-Ameríku 1878 og skömmu eftir 1900 var búið að planta nærri milljón slíkum trám í suðurrikkjunum í kringum Mexíkóflóa, Texas, Louisiana, Mississippi, Alabama og Flórída.

Mandarínu-grasafreði

Nokkur breytileiki er í hæð mandarínurtrjáa efr yrkjum en yfirleitt verða þau ekki meira en sjö metrar að hæð en oftast er króna þeirra umfangsmikil. Greinarnar eru grannar, blöðin sígræn, breiðlensulaga, smátennt og stundum með þrengingu og eins og tveimur minni blöðum við blaðstilkinn. Blöðin hvít, eitt eða fleiri saman í hnapp. Aldinið hnattlaga, grænt eða appelsínugult, fræin lítil og oddmjó í annan endann.

Mandarínur eru þurrkþolnar en miklar kuldaskræfur og þola alls ekki frost nema í stuttan tíma.

Helstu ættingjar mandarínunnar eru klementínur, satsúmas, tangerínur og reyndar mörg önnur ræktunarfbrigði auk þess



Kína ber höfuð og herðar yfir aðrar þjóðir þegar kemur að framleiðslu á mandarínunum og mandarínublandingum.



Ugli, eða ljóta, er blendingur greipaldins eða pomeló og appelsínú og tandarínu sem er staðbrigði mandarínu.



Fjöldi tegunda af ættkvíslinni Citrus er óþekktur en talað er um fjórar megingtegundir sem til hafa orðið í náttúrunni. Af þessum megingtegundum er svo til nánast ótölulegur fjöldi manngerðra yrkja, afbrigða, blendinga og staðbrigða.



Lime-fingur frá Ástralíu, Citrus australasica.



Sítrónur eru hluti af helgihaldi gyðinga.

Innflutningur á satsúmum til Bandaríkjanna Norður-Ameríku

frá Japan var talsverður á fyrstu áratugum síðustu aldar. Innflutningur var stöðvaður eftir loftárásir Japana á Perluhöfn 1941. Eftir að viðskiptasamband komst aftur á milli Bandaríkjanna og Japan eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar voru satsúmur einn fyrsti varningurinn sem leyft var að flytja til Bandaríkjanna.

Tangerínur er heiti á mandarínunum sem upphaflega voru ræktaðar í Marokkó og kenndar við hafnarborgina Dar Shams Tangier. Að öðru leyti eru þær eins og mandarínur.

Nafnaspeki

Heitið mandarína er dregið af mandarí sem var tungumál yfir-



Sítrónuyrki sem kallast fingur Búdda, Citrus medica var. sarcodactylis.

og menntastéttarinnar í norðurhluta Kína og appelsínugular yfirhafnar og hatta sem embættismenn í Kína klæddust og kölluðust mandarín. Um 70% Kínverja tala mandarín í dag og er það opinbert tungumál landsins.

Ræktun og umhirða innandyrna

Mandarínutré þrífast í margs konar jarðvegi en best í stórum potti með næringarríku og vel framræstum moldarjarðvegi með pH 5,5 til 6,5. Þær þola þurr loft og kjósa góðan stofuhita og henta því ágætlega til ræktunar innandyrna hér á landi. Auðvelt er að taka fræ úr aldininu og stinga því í mold og fá upp fallega plöntu. Mandarínutré þurfa bjartan stað en ekki endilega beina sól og þau þola illa að standa í vatni. Gott er því að rennbleyta moldina og láta renna vel af henni og láta hana þorna milli vökvana.

Ekki er víst að fræplöntur gefi af sér ávöxt innandyrna, en þess eru samt mýmörg dæmi, en í góðu ári geta mandarínutré erlendis gefið af sér milli sex og sjö þúsund ávexti.

Nytjar

Algengast er að borða mandarínur og skylda ávexti ferska og hráa beint innan úr berkinum eða sem hluta af salati eða í marmelaði. Auk þess sem bragðefni sem unnin eru úr þeim eru notuð í sælgæti, gosdrykki, ís, tyggigúmmi, safa og bökunarvörur. Mandarínulóía er notuð í baðolíur, ilmvatn og ýmiss konar snyrtivörur og ferskur bórurinn er gott krydd.

Kínverjar nota bórurinn og aldinu til lækninga á innanmeinum, meltingartruflunum og til slímlosunar í öndunarfarum.

Mandarínur tengjast kínverska nýárinu sem tákn um allsnægtir og gæfu og sjálfsagt þykir þar að hafa þær á borðum sem skraut og færa vinum og samstarfsmönnum sem gjafir í kringum nýja árið.

Í Bandaríkjunum Norður-Ameríku, Kanada, Rússlandi og Japan tengjast mandarínur jólinum. Í Norður-Ameríku er algengt að gefa mandarínur í sokkinn um jólin, síður sem tengist upphaflega japönskum innflytjendum til Bandaríkjanna.

Mandarínur á Íslandi

Mandarínur eru meðal þeirra ávxta sem verslunin Liverpol auglýsir til sölu í Vísi og Ísafold snemma í febrúar árið 1913. Næstu ár á eftir heldur verslunin áfram að auglýsa mandarínur til sölu. Árið 1926 eru mandarínur kallaðar gullaldin í Lesbók Morgunblaðsins í greininni Orð úr viðskiptamáli sem er að stórum hluta orðasafn sem Orðanefn verkfræðingafélagsins tók saman. Orðasafnið er á margan hátt skemmtilegt og þar er meðal annars lagt til að appelsínur verði kallaðar glóaldin, bananar bjúgaldin, sítróna gullaldin, brjóstahaldari brjóstalindi og lakkrís svertingi.

Um miðja síðustu öld er farið að tengja mandarínur jólinum hér á landi og auglýsa jólamandarínur til sölu og smám saman hafa mandarínur tekið við af eplum sem jólaávöxturinn og ekki er talað um jólalykt af eplum lengur. Þau eru einnig ófá börnin á Íslandi sem hafa fengið mandarínu í skóinn um jólin.

Mandarínur og í seinni tíð klementínur eru í huga margra tengdar jólinum og margir sem kaupa mandarínu- eða klementínukassa eða tvo fyrir jólin en líta ekki við þeim á öðrum árstímum. Ástæða þessa er ekki að mandarínur og klementínur séu ekki á markaði allt árið heldur að fyrstu mandarínurnar og klementínurnar frá Spáni, þaðan sem mest er flutt inn frá, koma á markaði í nóvember og verð á þeim hagstætt og þær fluttar inn í hundruða tonnnavis.

LESENDABÁS

Sókn um Suðurland:

Gamla sögur

„Dauður minkur er dauður minkur og annað skiptir ekki máli.“ Þessa setningu sagði vanur minkaveiðimaður við mig einhverju sinni þegar ég nefndi hve mikilvægt væri að kyngreina og skrá alla veiðda minka, einnig tíma og veiðistað. Þetta yrði að gera þó hræin væru orðin léleg.

Það hefur verið veitt í minkasíur allengi, meðal annars á Suðurlandi og komin 12 ár og 3.154 minkar. Þegar lítið er til baka rifjast ýmislegt upp.

Eitt sinn var manni boðið með er ég fór til að hreinsa minkasíur við Þingvallavatn, teknir voru 12 minkar þann dag. Ég hafði ágætán fylgdarmann, starfsmann Umhverfisstofnunar, hann fylgdi mér við hreinsun minkasíanna og á heimleiðinni segir hann: „Fer þetta ekki bráðum að verða gott?“ - Það var um tíma einhver núningur gagnvart veiðum í minkasíur af hálfu manna sem héldu því fram að það væri vont fyrir minka að drukkna.

Önnur mynd kemur í hugann. Við mæltum okkur mót, Jakub Ckopuroski frá Póllandi, Rannveig Magnúsdóttir túlkur og ég (RB). Við hófum ferðina við Þrastalund og við vitjuðum um nokkrar minkasíur á svæðinu frá Þrastalundi upp að Þingvallavatni og vorum um hádegi búnir að finna 17 minka. Því miður er varla unnt að nota minkasíur nema á Íslandi vegna annarra vatnadýra.

Þrátt fyrir það held ég að Jakub hafi fundist aðferðin og afköst all sérstök.

Rannsóknir

Rannsóknarverkefnið Ölfus-Öxará-Grímsnes var unnið á svæði Ölfuss, Þingvallavatns og Grímsness og Grafnings. VSÓRÁÐGJÖF vann skýrslu um fyrstu 4 árin, þar kom vel fram að vetrarafliinn var 44% af ársaflanum. Þannig er fram komið að miklu máli skiptir um staðarval og aðstæður þegar valinn er veiðistaður. Verkefninu Ö-Ö-G lauk árið 2012.

Skráning aflans og gagnavinnsla grundvallast frá upphafi við tiltekinn veiðistað á tilteknum tíma.

Uppgjör er unnið fyrir hvert sveitarfélag sem eru nú og hafa lengi verið 6, þau síðan dregin saman í uppgjör sem kallast á pappírnum Sókn um Suðurland.

Rannsóknir er lúta að árangri og afköstum minkasía miðast við minkaár sem er talið júlí-júlí.

Nú að nýloknu uppgjöri minkaársins 2016 fyrir Suðurland, það er að segja fyrir 6 sveitarfélög á Suðurlandi, þá er lítið til baka yfir 12 ára aðgerðir og 3154

minka. Það má læra mikið um minkastofninn á Íslandi með samfelldri vinnslu og skráningu í mörg ár. Minkasíur eru yfirleitt alltaf á sama stað og halda því föstu og óbreyttu veiðiálagi á hverjum stað í mörg ár. Skráningin snýst ekki eingöngu um skýrslu til sveitarfélags, heldur hitt að árangur veiðanna, ástand stofnsins og margt er gerist á vettvangi tegundarinnar má lesa úr skráningu 5000–6000 einstaklinga á mörgum mismunandi svæðum í 13 ár.

Súlurit: Veitt í minkasíur á Suðurlandi

Myndin sýnir minkaveiðar Vasks á bakka og Reynis Bergsveinssonar, 6 hreppar á Suðurlandi.

Súluritið sem kalla má Sókn um Suðurland segir nokkra sögu. Öll árin er steggiaveiðin miklu meiri en læðuveiðin. Það er nærtækast að túlka á þann hátt að á vettvangi veiðanna hafi hlutfall lifandi dýra verið þetta. Það myndi, ef rétt væri, tákna að læðurnar lifðu við mun lakari kjör en steggirnir. Stærðarmunur er mikill milli kynjanna og ef til vill skiptir hann máli.

Árið 2013 fellur læðuveiðin snögg um 40%, það skeði ótvírætt vegna veðurfars á Suðurlandi.

Um veturinn gerði snögg stórfloð og sumarið varð mjög kalt og blautt. Það versta um áratugaskeið. Minkasteggirnir standast veðurfarið, þeim fækkar lítið það ár. Minkaárið 2016 og oftar er hlutfall steggjanna nærri helmingi hærra en læðanna. Þá fer að vakna sú spurning hvort þeir eigi jafnvel hlut að máli með vanhöld kvenkynsins.

Minkalæðurnar bera náttúrulega uppi stofninn og grunnregla er að hann þrefaldist árlega við got.

Gotstað velja læðurnar yfirleitt þar sem gott er til fanga og yfirleitt ár eftir ár á sama stað. Takist minkaveiðin svo vel að á nærliggjandi svæðum sé fallandi stofn, þá eyðist ættin og aðrir koma ekki í óðalið.

Algennt er að meirihluti fjölskyldu komi saman í eina minkasíu í nánd við gotstað. Þá annaðhvort hættir að veiðast eða að dóttir frá fyrri árum tekur við óðalinu. Ef enn veiðist fjölskylda á 3.–4. ári þarf að auka veiðiálagið í grennd með fleiri minkasíum eða á annan hátt ef hentugra reynist. Veiðist hins vegar bara steggir þá hefur ættin verið upprætt en veiðistaðurinn að sjálfsgöngu látinn haldast.

Skáldlegt má það kallast. „Sókn um Suðurland.“ Tæknilega séð og talað þá er augljóst að unnt er að draga verulega úr áframhaldandi tjóni af völdum minka. Þjóðin hefur




Við Steingrímsstöð 26. september 2010. Jakub Ckopuroski var eins konar veiðistjóri í baltneska beltinu, eyjum og strandsvæðum við Eystrasalt. Hér er hann ásamt Rannveigu Magnúsdóttur við Úlfjótuvatn með afla morgunsins.



Marius Jónsson fylgdist með veiðum í fjögur ár.

Hreinsun með minkasíum á 1.800 ferkílómetrar á Suðurlandi



Sókn gegn sunnlenskum minkum. Hreinsun með minkasíum

Gagnavinnsla nóvember 2017 Reynir Bergsveinsson.

Minkárgang	Steggir	Læður	Minkasíur	Heildarveiði	Veiðni
2004	29	27	18	56	
2005	93	54	52	147	
2006	92	68	65	160	
2007	114	84	82	198	
2008	164	92	108	256	
2009	196	105	135	301	
2010	189	108	153	297	
2011	179	111	167	290	
2012	159	126	192	285	
2013	153	77	189	230	
2014	193	112	190	305	
2015	186	127	197	313	
2016	213	103	206	316	
2017					Markmið sett 2015
2018					var
2019					100 50
2020					2017 varð að hoga
					markmið
Samtals	2.060	1.244			

Myndin sýnir minkaveiðar Vasks á bakka og Reynis Bergsveinssonar, 6 hreppar á Suðurlandi.

vanrækt skyldu sína þar að lútandi. Núverandi stjórnsýslufyrirkomulag er ónothæft. Nýjustu fréttir af vettvanginum Sókn um Suðurland er að Sveitarfélagið Rangárþing ytra hafi kvótasett minkaveiðina.

Borgarbyggð og Skagafjörður höfðu fyrr tekið upp sína eigin verndarstefnu. Gott hjá ykkur, eða er það ekki? Jú, jú, alveg þrýðilegt, segir ekki Umhverfisstofnun „Húrra?“ Við Umhverfisstofnun vil ég segja þetta: „Fer þetta ekki bráðum að verða gott hjá ykkur?“

Reynir Bergsveinsson



Reynir Bergsveinsson við gamla Fordinn á Kambabrún. Þessi bíll fór margar ferðir á Suðurlandi.



G leðilega hátíð
og gæfuríkt komandi ár
með þökk fyrir viðskiptin
á árinu sem er að líða.

Skeifunni 3h || Sími: 588 5080 || dynjandi.is



**Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt
komandi ár**

Lífeyrissjóður bænda
Stórhöfða 23, Reykjavík
www.lsb.is - sími 563 1300



Íslenskir bændur senda landsmönnum
öllum óskir um gleðileg jól.

Við þökkum samskiptin á árinu og
vonum að árið 2018 verði ykkur gæfuríkt.

Ás í Vatnsdal
Húnavatnshreppi, A - Hún.
Ingunn og Jón Bjartmar,
Ragnheiður Lauga og
Björn Viggó

Bakkakot
Borgarfirði
Sindri, Kristín og börn

Baugstaðir
*Stokkseyrarhreppi,
Árnessýslu*
Pórarinn Siggeirsson og
S. Ólafía Guðmundsdóttir
auk annarra

Brattholt
801 Selfossi
Jón Harry Njarðarson

Bölti, Svínafell 3
Öræfasveit
Ragnheiður Magnúsdóttir og
Benedikt Steinþórsson

Drangshlíðardalur
Austur-Eyjafjöllum
Guðni og Magðalena

Eystri-Leirargarðar
Hvalfjarðarsveit
Andrea og Magnús

Fagradalsbleikja ehf.
Fagradal, Mýrdal
Ragna og Jónas

Fjöll I
Kelduhverfi
Ólafur Jónsson, Rósa María,
María Dís, Þórdís Alda

Fjölraektarbúið
*Skerðingsstöðum
Dalasýslu*
Jón Egill, Bjargey,
Alexandra, Ragnheiður,
Sigurdís, Ólafur

Fjölskyldan á
*Snartarstöðum
Lundarreykjadal*
Jóhann Páll, Guðrún María,
Heiðís Guðrún og
Arnfríður Birna

Fjölskyldan
*á Úlfsstöðum
Blönduhlíð*
Halldór, Kolbrún og dætur

Fjölskyldan Haukholtum 1
Hrunamannahreppi
Steini, Steinunn,
Loftur, Víglundur, Eddi
og Vanessa

Fjölskyldan í Minni-Hlíð
Bolungarvík
Sigurgeir og Guðlaug

Fjölskyldan Stórhóli
Húnaþingi vestra
Garðar Valur,
Maríanna Eva
og börn

Fjölskyldan Vorsabæ
Rangárþingi eystra
Björgvín, Magga
og synir

Fornustekkar
Nesjum, Hornafirði
Bjarni Sigjónsson og
Ásthildur Gísladóttir

Grindur
Deildardal, Skagafirði
Rúnar, Auður og dætur

Heimavöllur ehf.
Hvammi, Eyjafjarðarsveit
Helga Hallgrímsdóttir og
Hörður Snorrason

Heimilisfólkið á Rauðhólum
Vopnafirði
Trausti og Steina

Hellisbúinn
Hrólfstaðahellir
Eiður og Anna Björg

Hjónin á Jökulsá
Borgarfirði eystra
Þorsteinn og Katrín

Íbishóll hrossaræktarbú
Varmahlíð, Skagafirði
Magnús Bragi Magnússon og
Elisabeth Jansen

KJÖT FRÁ KOTI
*Langholtskoti,
Hrunamannahreppi*
Unnsteinn og Valdís

Kolgröf
Skagafirði
Ásta Hrönn
Þorsteinsdóttir

Korná
Skagafirði
Lilla, Björk og Högni

Kross Barðaströnd
Vesturbbyggð
Árni og Guðrún

Lágafell
*Bakland að Lágafelli
A-Landeyjum*
Sæunn Þóra og
Halldór Áki Óskarsson
ásamt börnum

Magnússkógar
Dalabyggð
Guðbjörn og Jóhanna

Melar
Í fríríkinu Fljótsdal
Eyjólfur og Þórdís

Merki
Jökuldal
Stefán og Solla

Miðdalur
Kjós
Svana og Guðmundur

Sauðfjárnúð Fagradal
Fagradal, Mýrdal
Ragnhildur Jónsdóttir og
Jónas Erlendsson

Skorrastaðir
Norðfirði
Doggi, Thea og fjölskylda

Stóralág
Hornafirði
Jóhanna og Sigurður

Syðri-Langamýri
Húnavatnshreppi
Ingi, Birgitta og Guðbjörg

Vaðlabúið
Önundarfirði
Árni Brynjólfsson og
Erna Rún Thorlacius

Varmilækur
Skagafirði
Björn Sveinsson og
Magnea K. Guðmundsdóttir

Vestri-Reynir
Hvalfjarðarsveit
Haraldur og Lilja Guðrún

Vestra-Fíflholt
Rangárþingi eystra
Ágúst Rúnarsson,
Kolbrá Lóa, Jón Bjarni
og Álfheiður Þóra

Ytri Sólheimar
Mýrdalshreppi
Andrína, Benedikt,
Kristín og Sölvi

Þurranes
Dalabyggð
Ingunn J. Jónsdóttir,
Ólafur Gunnarsson og
Jón Ingi Ólafsson

Bakkabræður frá Bakka í Fljótum

– Úr áttunda bindi Byggðasögu Skagafjarðar eftir Hjalta Pálsson frá Hofi um þjóðsöguna og íbúa á Bakka (Meiri-Bakki – Stærri-Bakki) á Bökkum

Bakkabræður eru þjóðsagnapersónur, frægar fyrir atferli sitt og frábæra heimsku. Sveitfesti þeirra hefur verið nokkurt deilumál því ýmsir hafa viljað eigna sér Bakkabræður, Fljótamenn, Svarfdælingar og jafnvel Öxndælir.

Elsta prentaða gerð sagnanna um Bakkabræður er í Þjóðsögum Jóns Arnasonar sem prentaðar voru árin 1862 og 1864. Handrit þeirra sagna var skrifað af utansveitarmanni, Jóni Borgfirðingi, og lætur hann þá vera frá Bakka í Svarfaðardal. Guðbrandur Vigfússon las hinsvegar prófarkir af sögunum, sem voru prentaðar suður í Leipzig, og hann hefur bætt við neðanmáls:

„Mun eiga að vera Bakki í Fljótum“ og vitnar í fyrsta árgang tímaritsins Ármann á Alþingi, prentaðan 1829, sem skrifaður var af Baldvín Einarssyni frá Hraunum í Fljótum. Baldvín segir þar um Sighvat sem er einn sögumanna ritsins:

„Enginn getur sagt það um hann Sighvat að hann sé heimskingi og þó er sagt að hann sé ættaður úr Fljótum í Skagafirði sem ætíð hefur verið í munnmælum jafnað saman við Flóa að aulahætti eins og stefið sannar: Tvær eru sveitir, Flói og Fljót/sem flestir saman jafna.“

Eftir að þjóðsögurnar komu út 1864 hóf Jón Norðmann prestur á Barði að safna saman og skrá



Bakki (Meiri-Bakki – Stærri-Bakki) á Bökkum í Fljótum.



„Eiríkur, Þorsteinn, Gísli, Jón, ég sé ráð til þess: Bindið mig á byrðina, ég skal stýra henni heim að Bakka.“

af Bakkabræðrum margar sögur sem lifandi voru í Fljótum um miðbik 19. aldar og tengir prestur þær tvímælalaust við Bakka á Bökkum. Rekur hann ætt frá Gísla Bakkabróður til Guðmundar Bjarnasonar bónda á Miðmói 1864, en eitthvað mun þó vanta í þá ættfærslu. Nefnir Jón 14 sögur „sem eg man víst eftir að eg hafi heyrð um Bakkabræður.“

Bakkabræðurnir fjórir

Álitíð er að faðir Bakkabræðra hafi búið á Bakka á öndverðri 17. öld og heitið Þorsteinn. Synirnir hétu Eiríkur, Þorsteinn, Gísli og Jón. Þeir bræður voru ákaflega samrýmdir svo að þegar einn ávarpaði annan höfðu þeir jafnan sama formálann; „Eiríkur, Þorsteinn, Gísli, Jón.“ Þrjú þeirra létust af slysförum sem rekja verður til frámunalegrar óaðgæslu og vitsmunaskorts.

Fyrsti bróðirinn drepinn af hákarli

Fyrsti bróðirinn slysaðist með þeim hætti að þeir voru á sjó allir saman þegar einn þeirra dró brettingshákarl og urðu þeir ráðalausir með að innbyrða hann. Loks fer einn þeirra til og rekur ofan í hann handlegginn og ætla að kippa honum inn á tálkunum. En hákarlinn beit þegar af honum handlegginn og rak þá maðurinn upp hljóð. Þá segir einn hinna: „Eiríkur, Þorsteinn, Gísli, Jón, hann hljóðar.“ „Hann hljóðar af fögnuði“, segir annar. Áður en þeir komust í land var maðurinn dauður, og urðu þetta ævilok fyrsta bróðurins.

Annar bróðir deyr við kolagerð

Einhvern tímann síðar fara bræðurnir þrjú upp í fjall að rífa víði til kolagerðar. Rífa þeir nú í ákafa og binda í stóra byrði sem þeir ætla að velta ofan, en verða þá mjög hugsi hvernig þeir geti látið byrðina velta beint ofan að Bakka. Loks segir einn þeirra:

„Eiríkur, Þorsteinn, Gísli, Jón, ég sé ráð til þess: Bindið mig á byrðina, ég skal stýra henni heim að Bakka.“ Að þessu ráði fengnu bundu þeir hann á byrðina, veltu henni svo ofan og lauk þar ævi hans.

Nú voru þeir Jón og Eiríkur dauðir en Þorsteinn og Gísli bjuggu áfram á Bakka og byrjuðu sem fyrri ræður sínar með orðunum; Eiríkur, Gísli, Þorsteinn, Jón. Þau urðu ævilok Gísla að hann druknaði í Stafá á mörkum Reykjarhóls og Heiðar. Sú á er að jafnaði hrælitil og hét þar síðan Gíslavað, en Þorsteinn bjó á Bakka til elliára með konu sinni einsýnu Gróu. Ekki kunna menn lengur til viss að benda á Gíslavað.



Löftmynd af túni á Bakka sumarið 2016. Í miðju eru steypuveggir fjárhúshliðu. Til vinstri, úti undir Stóralæk, eru fjárhústóftir þar sem áður var húsmannsbýlið Bakkakot. Efst á mynd, dálítið til vinstri, ofan túngarðs, er kvíatöft. Til hægri og neðar á mynd er bæjarhóllinn og algróinn öskuhaugur sem aflangur hóll í lægðinni til hliðar. Ostaöfest er hvaða töftir eru á hólunum í neðra horninu til vinstri. Hugsanlega var þar búseta á árunum 1976-1880.

Sjóhundar

Fríðrik bóndi Jónsson á Bakka á Bökkum í Fljótum sá sjóhund vorið 1869, eða Írisarvorið, sem svo er nefnt, því að þá fór skip á Siglufirði, sem Íris hét. Það var ísavor mikið.

Fríðrik var þá á gangi niður hjá Sigurðarhóli um hábjartan dag, en hann er skammt fyrir ofan sjóinn fyrir neðan Bakka. Sjóhundur þessi var jarpur að lit og á stærð við nýkastað folald, slapeyrður, með ákaflega stór eyru. Heldur var hann í loðnara lagi, eftir því sem hundar

gerast. Rófu hafði hann langa og lét hana slapa. Kleppur var á enda rófunar, og virtist Fríðriki hundurinn hringa upp kleppinn. Nasirnar voru flenntar mjög út og trýnið mjög fyrirferðarmikið að framan.

Fríðrik sá og annan sjóhund hér um bil 1860. Hann lá inni í fjárhúsi, en hljóp til sjávar, jafnskjótt og vart varð við hann. Sjóhundur þessi var leirljós á lit og afar stór. Hann var blautur og loðinn, kaldur viðkomu og mjög frá á fæti.

Stórundarleg tilviljun

Árið 1703 bjó á Bakka Þorsteinn Eiríksson 47 ára ásamt Guðrúnu Jónsdóttur konu sinni og þremur börnum þeirra. Þar var þá einnig búandi Þorkell Gíslason 31 árs og systir hans Guðrún Gísladóttir, 36 ára vinnukona bróður síns. Ekkert er kunnugt um ættir þessa fólks. En það er í meira lagi athyglisvert að þessi nöfn, Þorsteinn, Gísli og Eiríkur, skuli saman komin á Bakka árið 1703. Faðir þeirra Bakkabræðra skal hafa heitið Þorsteinn, en þrjár af söguhetjunum Gísli, Eiríkur og Þorsteinn. Ef þetta er helber tilviljun má hún kallast stórundarleg. Að endingu er ein saga af þeim feðgum.

Faðir vor kallar kútinn

„Einu sinni sem oftari rerir Þorsteinn karl á sjó með þá alla syni sína. Höfðu þeir með sér blöndukút til að drekka úr og var hann látinn vera frammi í bátinum. Fá þeir góðan afla. Þorsteinn karl sat aftur á bita; fer hann nú að þyrsta mjög og segir:

„Eiríkur, Þorsteinn, Gísli, Jón, ljáið mér kútinn.“ Þá gegnir einn bróðirinn til og segir:

„Eiríkur, Þorsteinn, Gísli, Jón, faðir vor vill fá kútinn“

Nú er seilst eftir kútnum; þá segir annar:

„Eiríkur, Þorsteinn, Gísli, Jón, faðir vor vill fá kútinn, en ekki það sem í honum er.“

Keppa þeir nú allir við að drekka upp úr kútnum, tæma hann og rétta svo karlinum, en hann er þá útaf hniginn og tekur ekki við kútnum.

„Hérna er kúturinn, faðir vor,“ segja þeir, en hann gegnir ekki. Fara þeir þá að gá betur að karlinum. Loks segir einn þeirra: „Eiríkur, Þorsteinn, Gísli, Jón, faðir vor er dauður.“

Þá segir annar: „Ertu dauður, faðir vor?“

Þá segir hinn þriðji: „Segðu til þín, faðir vor, ef þú ert dauður.“

En engu gegnir karlinn. Loks gegnir hinn fjórði og segir:

„Já, víst hefir faðir vor þyrstur verið, fyrst hann er dauður.“

Með það héldu þeir í land.“

Huldukona kemur í bæinn

Páll Guðmundsson (1917-2011), síðar bóndi á Miðmói, átti heima á Bakka hjá foreldrum sínum 1921-1926.

„Það var eitthvað hér á Bakka sem ég einhvern veginn kunnir ekki við“, sagði Páll í viðtali haustið 1999.

„Mér fannst oft ég ekki vera einn, þó að ég væri einn. Ég sá einhvern tímann einhvern mann hér, sem ég kannaðist ekkert við.“ Síðan sagði Páll frá þegar hann talaði við huldukonuna:

„Ekki veit ég hvort var huldufólk í Bakkahólunum, en þegar ég var á Bakka talaði ég við huldukonu. Það var svoléiðis, að ég var úti á hlaði þegar kom kona heim að bænum og spyg mig: „Er mamma þín heima?“, Já, já, ég sagði að hún væri heima, hún væri inni í eldhúsi. „Viltu fara á undan mér inn“, segir hún. Já ég fetaði mig inn gönging og opnaði dyrnar að baðstofunni og þá var mamma rétt innan við dyrnar. Konan gengur að henni og segir eitthvað, sem ég heyrði ekki hvað var. Hún var með stóran skurð gapandi á hálsinum en blæddi ekki úr honum. Sýnir hún mömmu

skurðinn. Svo þegar hún er búin að vita að mamma hafi séð hann þakkar hún henni fyrir og biður mig að fara með sér út aftur og það gerði ég. Hún sagði mér að hún hét Helga. Hún var á bláum kjól sem náði dálítið niður fyrir hnéð og svörtum sokkum, en um skóbúnaðinn man ég ekki. Hún gæti hafa verið um þrjú og var myndarleg stúlka með mikið dökkt hár sem náði langt niður á bak. Svo kvaddi hún mig og þakkaði mér fyrir og fór síðan götuna suður og upp á öxlina upp á veginn, en hún beygði ekki á veginn heldur hélt áfram beina leið upp melinn og hvarf upp í dalinn.

Þegar ég hafði horft á eftir konunni fór ég inn aftur til mömmu og spurði hana eftir hvað þessi manneskja hefði verið að gera. Hún sagði að það hefði enginn komið til sín. Ég vildi nú ekki trú því, ég hefði fylgt þessari konu inn og síðan út aftur. Hún sagði að þetta hefði verið helber vitleysa. En þetta var alveg ljóslifandi fyrir mér og ég gerði mér enga grein fyrir að þetta væri ekki lifandi manneskja.“

Óskum landsmönnum
öllum gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári.



Á FAGLEGUM NÓTUM



Sniglar eru fódraðir með sérstöku sniglafóðri sem sett er á þar til gerð fódurbretti.

Myndir / Ditte Ankjærgaard

Sniglakavíar framleiddur í fyrsta skipti á Norðurlöndunum

Rétt utan við Hróarskeldu á Sjálandi í Danmörku er eitt allra sérhæfsta bú Norðurlanda, en þar er starfrækt ræktun á sniglum til átu. Bú þetta er í eigu Ditte Ankjærgaard og Carstens Gydaht-Jensen, eiginmanns hennar, og kviknaði hugmyndin að þessu sérstaka búi í kjölfar þess að Carsten sá breska heimildarmynd um sniglabúskap í sjónvarpinu.

Þau hjónin fóru á fullt í það að kynna sér sniglabúskap og vinnslu á afurðum þeirra og komust fljótt í samband við aðra í þessari búgrein. Eftir kynnisferðir og góðan undirbúning í nærri því eitt ár hófust svo framkvæmdir við búið í vor og nú þegar er sniglaframleiðslan komin á fullt.

Ekki plássfrekur búskapur

Að vera með sniglaframleiðslu krefst í raun ekki mikils athafnasvæðis og er uppeldissvæði bús þeirra Ditte og Carstens rétt um 1.000 fermetrar að stærð, eða 50 metra langt og 20 metra breitt. Búsvæði sniglanna er þakið kálplöntum og grasi en svo eru sérstök fódunar-trébreitti staðsett víða innan þessa litla svæðis, sem



Ditte Ankjærgaard sniglabóndi.

sniglarnir sækja í að vera á og í nánd við. Sniglar þurfa einnig að komast í vatn og raka og því er einnig vökvunarkerfi til staðar. Allt svæðið er svo undir þéttriðnu neti svo sniglarnir verði ekki fuglum að bráð og að sama skapi er sérstök innri girðing undir netinu sem varnar því að sniglarnir dóli sér út úr uppeldissvæðinu. Þá er sérstakt svæði einnig afgirt og er það fyrir eggjaframleiðslu.

Nota krásarbobba

Þó svo að afar algengt sé að nota aðrar tegundir af sniglum völdu þau

útisvæðið lauk voru keyptir inn sniglar sem voru nýkomnir úr eggjum sínum í uppeldisstöð í Búlgaríu og þeim komið fyrir víða á útisvæðinu. Svo tók við vinna við fódun og hirðingu í sumar en vaxtartími snigla er frá maí og fram í september.

Sniglarnir éta fyrst og fremst kál en þeim er þó afar mikilvægt að fá sérstakt viðbótarfóður sem gerir vöxtinn betri og kuðunginn sterkari. Þetta fóður flytja þau Ditte og Carsten inn frá Frakklandi, en þar í landi eru ótal framleiðendur á sniglum.

Fóðrið, sem samanstendur af hveiti, vítamínum, kalki og öðrum steinefnum, er grófmalað og að hluta til á duftformi og það er sett á sérstök fódunarbreitti, sem sniglarnir skriða upp á og fá sér í svanginn. Búskapurinn hefur stækkað nokkuð ört í sumar og nú í haust töldu þau hjónin að fjöldi sniglanna væri kominn í um 200 þúsund talsins, eða um 200 stykki á hverjum fermetra!

Kynbótasniglar

Í haust völdu þau hjónin sérstaka kynbótasnigla sem fengu það hlutverk að framleiða egg fyrir næstu kynslóð snigla. Alls völdu þau 1.000 snigla sem að þeirra mati báru af í vexti og þroska og voru þessir sniglar settir á sérstakt aflokað ræktunarsvæði innan búsinns. Þessir sniglar þjónuðu svo bæði þeim tilgangi að framleiða egg fyrir komandi kynslóðir en einnig að framleiða egg fyrir sniglakavíar.

Beint frá býli

Öll vinnsla á sniglaafurðum, hvort heldur sem það er sniglakjöt eða sniglaeggjakavíar, er fullunnin á staðnum. Þetta var nauðsynlegt fyrir þau Ditte og Carsten enda ekki um aðra valkosti að ræða í landinu sem stendur. Vinnslan á þeim er nokkuð einföld í raun



Sniglabúskapur krefst ekki mikillar fjárfestingar í fasteignum enda eru þeir fyrst og fremst aldir á útisvæði.

200 þúsund sniglar

Eftir að framkvæmdum við



Sniglakavíar er mikið lostæti, hér borinn fram á brauði með rauðbeðum og osti.

en eftir að sniglarnir hafa náð réttri stærð eru þeir tíndir og settir í sérstök búr og á sérstakt lokaeldisfóður. Eftir það er meltingarvegurinn hreinsaður með vatnsfóðrun og á sama tíma er dagsljósinn stýrt, þannig að líkami þeirra bregst við eins og komið sé haust þegar ekkert er

lengur að éta og dagsbirtan minni. Þegar þetta gerist fara sniglarnir í dvala og draga sig inn í kuðunginn og þá eru þeir tilbúnir og eru settir í aflifun í gufuofni. Þar sem þeir eru í dvala er þetta talin afar góð aðferð við aflifun. Eftir stutta suðu er kjötið tekið úr skelinni, sett í lofttæmdar umbúðir og fryst.



Ekki allir sniglar stækka, þroskast og henta til neyslu. Sumir eru og verða litlir og ónothæfir.

Eggin hrein lúxusfæða

Þó svo að sniglarnir sjálfir séu mikilvægasta afurð þessa sérstaka bús þá eru egg þeirra afar verðmæt einnig. Fáir sniglar rétt fóður og hitastig geta þeir framleitt 60–100 egg á tveggja vikna fresti og þarf egg frá 8–12 sniglum til þess að eiga

nóg í lágmarks 30 gramma söluhæfa einingu af eggjum.

Ditte og Carsten eru með sérstaka bolla sem sniglarnir verpa í og svo eru eggin handhreinsuð og þvegin afar gaumgæfilega. Þau eru svo flokkuð í gæðaflokka og lögð í pækil áður en þeim er pakkað til sölu.

Þessi egg eru afar verðmæt og

má nefna sem dæmi að svokallaður sniglakavíar, sem gerður er úr sniglaeggjum, kostar um 250 þúsund krónur kílóíð. Svona lostæti er í dag aðallega framleitt í Frakklandi og Ítalíu og er oft á boðstólum á svokölluðum Michelin veitingastöðum.

Veðja í fyrstu á veitingahúsin

Ditte vonast til að þessi nýja búgrein eigi eftir að blómstra í Danmörku og dafna vel. Að hennar sögn er hægt að nota kjötið af sniglunum í margs konar veislurétti, bæði má grilla þá, nota í sósur, setja á pitsur eða hvað sem er. Þá sé kjöt snigla einkar heppilegt að samsetningu, bæði fitusnautt og próteinríkt. Í fyrstu er markmið hennar að selja sniglana á veitingastaði landsins en síðar meir er hugmyndin að koma sniglunum í sölu í verslunum sem sérhæfa sig í að selja hágæða matvörur.

Engin vetrarvinna

Það má hverjum vera ljóst að sniglabúskapur er afar sérhæfður og ein af mörgum ástæðum er sú að búskapurinn leggst í raun alveg af á haustin eftir afurðavinnsluna, þá fer búið í vetrardvala líkt og sniglarnir sjálfir á meðan eggin bíða þess að klekjast að vori og þá hefst vinnan að nýju við þessa áhugaverðu búgrein.

Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com

Bændur og búalið og aðrir landsmenn!

Gleðileg jól og farsælt komandi ár.



LANDSSAMBAND
KÚABÆNDA



ÆÐARRÆKTARFÉLAG
ÍSLANDS

Samband íslenskra
loðdýrabænda



Geitfjárræktarfélag Íslands

FÉLAG
EGGJAFRAMLEIÐENDA



LANDSSAMTÖK
SKÓGAREIGENDA



Landssamtök
sauðfjárbænda

FÉLAG
KJÚKLINGABÆNDA

Skór, töskur og hálsfestar úr skinni, hárum og roði

Halldóra Eydís Jónsdóttir frá Vogum í Mývatnssveit hefur brennandi áhuga á hönnun og hannah meðal annars töskur og skó úr íslensku hráefni. Hráefnin sem Halldóra nýtir sér eru meðal annars lambaskinn, hrosshár, roð og hreindýraskinn.

„Ég hef alltaf haft áhuga á hönnun og eftir að ég lauk námi frá Verkmenntaskólanum á Akureyri fór ég til náms við London College of Fashion sem er partur af University of the Arts London, og lauk þaðan BA-prófi í skóhönnun og skósmíði árið 2010.“

Halldóra segir að eftir að hún lauk BA-prófi hafi hugurinn farið að leita aftur heim og að hana hafi langað að hanna og búa til muni úr íslensku hráefni sem væru innblásnir af íslenskri náttúru. „Í dag má tengja efnið sem ég nota beint heim í sveitina.“



HALLDORA. Hvítt, silfurfaxaróð umslagaveski.

Höfst með taglhári

„Á lokaári mínu í London kom ég heim í frí og klippti hár af tagli hestanna í sveitinni og óf úr því og notaði í skóhönnun. Ég heillaðist gersamlega af taglhárinu og að nota og nýta náttúruvænt hráefni í hönnunina og hef einbeitt mér að því síðan. Á milli kemur svo fyrir að ég noti einnig ítölsk leður og skinn með.“

Í dag rekur Halldóra eigin hönnunarlinu sem ber nafn hennar, HALLDORA, og framleiðir meðal annars skó, töskur, peningaveski og hálsmen. Vörurnar eru að stórum hluta unnar úr íslensku roði, lambi og hrosshári. Halldóra rekur einnig íslensku hönnunarverslunina JÖKLÚ á Laugavegi 90, ásamt vinkonu sinni Jónu Kristínu, og selja þær þar ásamt fleiri hönnuðum, milliliðalaust.

„Ég vinn og smíða mín skómót og snið sjálf og hef einnig einbeitt mér að því að gera þægilega en öðruvísi skó, með hælum sem allflestar konur geta gengið á, háa, lága og alls konar.“



Hálsfesti úr hrosshári og lambaskinni.



SIRRÝ. Stígvél og veski úr hlýraroði, hálsmen úr laxaróði.

Leður er náttúruvænt hráefni

Halldóra segir að íslenskt lambaskinn sé fyrirtaks hráefni, vandað og fallegt, og skórnir úr því hafa vakið mikla athygli bæði hér heima og erlendis.

„Ég lít svo á að hráefnið sem ég nota sé aukaafurð íslensks landbúnaðar og sjávarútvegs og mikilvægt að nýta það eins og hægt er. Auk þess sem hráefnið tengir mig beint heim í sveitina.“

Nú á tímum vegan, grænmetisætutísku-bylgjunnar, er ég oft spurð hvers vegna ég líti svo á að vörurnar mínar séu náttúruvænar þar sem þær eru unnar úr dýraafurðum og af hverju ég noti ekki gerviefni í staðinn.

Svar mitt er einfalt, ég ætti erfitt með að flokka vörurnar mínar undir náttúruvæna hattinn væru þær unnar úr gervieleðri. V i ð



HANNA. Töskur úr karfaróði eða laxaróði og ítölsku nautiléðri.

framleiðslu á gervieleðri er notað mikið magn spilliefna og gerviefnin eyðast mörg hver ekki í náttúrunni. Íslenskt leður er náttúruvæn afurð sem fer betur með fæturna, og lítið magn spilliefna er notað við sítunina og ég nýt þess að vinna með það. Ég segi samt ekki að ég muni aldrei smíða skó úr stráum og bambus, en það er ekki á dagskrá eins og staðan er í dag.“



Halldóra Eydís Jónsdóttir, hönnuður frá Vogum í Mývatnssveit.



Umslagaveski úr laxaróði, svart og silfrað.



ANNA. Skór úr íslensku lambaskinni, hrosshári, laxaróði og með hraun í hælum.

Ný lína úr hreindýraleðri og roði

Halldóra vinnur nú að nýrri línu í



EIK. Hreindýrastígvél.

skóm, töskum og peningaveskjum fyrir dómur og herra. „Nýju vörurnar eru unnar úr íslensku hreindýraleðri og roði en eftir áramót býð ég skó úr þorskleðri og rúskinni með hekludum hrosshárlúndum sem ég bý til sjálf, innblásnir af íslenskum blómum.“

VH

Ágúst Ingi Ketilsson var sigurvegari í gróffóðurkeppni Yara á Íslandi 2017

Í sumar stóð Yara á Íslandi fyrir gróffóðurkeppni milli útvaldra bænda víðs vegar um landið. Markmið keppinnar er að vekja athygli á gróffóðuröflun og hvetja menn til að leita allra leiða til að bæta gæði og magn uppskerunnar. Valdir voru 6 bændur til að taka þátt í keppninni.

Þeir áttu það allir sameiginleg að kaupa Yara áburð hjá Sláturfélagi Suðurlands og ekki síður að hafa sýnt metnað og góðan árangur í sinni gróffóðuröflun. Árangur keppenda var metinn út frá gæðum og magni gróffóðurs.

Eftirfarandi aðilar tóku þátt í keppninni: Á Vesturlandi Magnús Þór Eggertsson, Ásgarði. Á Norðurlandi Guðmundur Óskarsson, Hríshól og Halldór Örn Arnason, Grund. Á Austurlandi Björgvin Gunnarsson, Núpi. Á

Suðurlandi Ágúst Ingi Ketilsson, Brúnastöðum og Stefán Geirsson, Gerðum.

Ágúst Ingi Ketilsson sigurvegari

Eftir að allar upplýsingar höfðu verið dregnar saman og reiknuð út stig eftir fyrirfram ákveðnum reglum stóð Ágúst Ingi Ketilsson, Brúnastöðum í Flóa, uppi sem sigurvegari. Það var reyndar ótrúlega lítil munur á milli keppenda, en það sem einkum réði úrslitum var að Ágúst var með mjög góða uppskeru í magni og gæðum bæði í fyrri og seinni slætti.

Hver er uppskriftin af besta gróffóðrinu?

Sáðgresið í keppnisspildunni á Brúnastöðum er SS-tún; 70% vallarfoxgras (25% Switch, 45% Vega), 30% Hávingull Norild.

Þann 26. apríl voru borin á 20 tonn/ha af kúamykju. Allir keppendur tóku skítasýni sem var svo greint hjá Efnagreiningu á Hvanneyri. Misjafnt var hvort notað var íblöndunarefni í skitinn eða ekki. Ágúst sett þann 1. desember 2016 íblöndunarefni í kúamykjuna.

Þann 5. maí var borin á 500 kg/ha af NPK 22-6-6 Se. Sláttur hófst 13. júní, slegið var með knosara og snúið einu sinni. Daginn eftir var rúllað og pakkað, notað var íblöndunarefnið. Þann 16. júní voru rúllurnar teknar af velli. Fjöldi rúllna á ha var 12,5 og meðalþyngd 987 kg/rúllu. Þurrrefnið var 33,9%.

Þann 18. júní var borin á 150 kg/ha af Opti KAS. Þann 28. júlí var slegið, ekki með knosara, og snúið. Daginn eftir var snúið aftur og svo þann 30. júlí var rúllað og pakkað. Ekkert íblöndunarefni var notað líkt og í fyrsta slætti. Fjöldi



Sigurvegarinn, Ágúst Ingi Ketilsson á Brúnastöðum.

rúllna á ha var 5,2 og meðalþyngd 656 kg/rúllu. Þurrrefnið var 66,7%.

Hvað getum við lært af gróffóðurkeppninni?

Gróffóðurkeppnin getur kennt okkur ótrúlega margt og er mjög fræðandi fyrir margar sakir. Fyrir það fyrsta sjáum við mikinn breytileika milli búa varðandi uppskerumagn. Það á sér skýringar í ýmsum þáttum eins og veðurfari, frjóssemi jarðvegs og bústjórn. Meðal uppskerumagn allra þátttakenda var um 7.500 FEM/ha. Sá sem náði mestri uppskeru var með um 10.300 FEM og sá sem var með minnstu uppskeruna var með um 5.900 FEM. Í báðum tilvikum er sennilega kostað svipuðu til gróffóðuröflunarinnar, en kostnaður á hverja gróffóðureiningu ólíkt lægri hjá þeim sem hafði mesta uppskeru.

Hins vegar er uppskerumagnið ekki allt. Gott gróffóður þarf að uppfylla ýmsar kröfur varðandi

orkuinnihald, prótein og magn steinefna. Lykillinn að árangri er að láta greina gróffóðrið og ekki síður að gefa sér tíma til að vigta rúllur og meta uppskeru. Forsenda þess að ná árangri er að hafa upplýsingar um hver staðan er. Þannig má greina styrkleika og veikleika og bæta þá þætti sem við á.

Til að hámarka nýtingu hvernar spildu fyrir sig væri rétt að athuga hvort ekki væri betra að bera á tvígildan eða jafnvel þriggildan áburð milli slátta, sérstaklega þegar bændur eru farnir að slá þrisvar sinnum. Eins er mikilvægt að bera á sem fyrst eftir hvern slátt til að hámarka nýtingu áburðarefnanna. Hverjum slætti er í raun ekki lokið fyrr en rúllurnar eru komnar í stæðu.

Þakkir


Yara á Íslandi þakkar öllum keppendum í gróffóðurkeppninni fyrir þátttökuna og óskar þeim alls hins besta á nýju ári.

Mynd 1: Áburðargjöf fyrir keppnisspilduna á Brúnastöðum

Kg næringarefna á ha										
Fyrri sláttur:	Magn	N	P	K	Ca	Mg	S	B	Se	
Kúamykja	20 t/ha	67	17	65	37	17	3			
NPK 22-6-6	500 kg/ha	108	30	29	7		15	0,1	0,008	
Samtals áburðarefni:		175	47	94	44	17	18	0,1	0,008	
Seinni sláttur:	Magn	N	P	K	Ca	Mg	S	B	Se	
Opti KAS 27	150 kg/ha	50			9	4				
Samtals tilbúin áburðarefni:		158	30	29	16	4	15	0,1	0,008	
Samtals áburðarefni:		225	47	94	53	21	18	0,1	0,008	


*Miðað er við fulla nýtingu á kúamykjunnar en rétt væri að miðað við góða nýtingu, við það lækkar efnainnihaldið mykjunnar.

MYND 2: Samanburður milli keppenda á uppskerumagn og einkunn fyrir gæði uppskeru



Hér má sjá samanburð milli þátttakenda hvað varðar uppskerumagn. Tölurnar inn í súlunum eru FEM/ha og tölurnar fyrir ofan eru einkunn sem fékkst fyrir gæði uppskerunnar. Hægt var að fá 22 stig fyrir hvern slátt. Bændur réðu því hversu marga slætti þeir tóku. Samanlagður stigafjöldi ásamt uppskerumagni skar síðan úr um það hver stóð uppi sem sigurvegari. Fyrirmynd af þessari einkunnargjöf er fengin frá Yara í Noregi.

MYND 3: Áborið köfnunarefni með búfjáráburði og tilbúnum áburði hjá öllum þátttakendum



Hér má sjá hversu mikið var borið á af köfnunarefni fyrir hvern slátt. Heildarmagn köfnunarefnis sem borið var á er gefið til kynna með tölunni fyrir ofan hverja súlu.

Á FAGLEGUM NÓTUM

Er erfðamengisglugginn að opnast holdanautabændum?


Þann 4. nóvember sl. setti American Angus Association (AAA), ræktunarfélag Angus gripa í Bandaríkjunum, á markað próf sem ætlað er til nota við erfðamengisúrval í ræktunarstarfi þessa útbreidda holdanautakyns. Það tekur til allra eiginleika í kynbótastarfinu, byggir á greiningu arfgerðar 380.000 gripa í skýrsluhaldi og nær yfir um 50.000 einbasabreytileika í erfðamenginu.

Prófið er þróað í samvinnu við fyrirtækið Neogen. Undirritaður komst í samband við Stephen Miller, forstöðumann kynbótarannsóknna AAA og hefur, í ljósi mikilla ætternistengsla fósturvisanna við Norður-Ameríku, kannað möguleika á að gera þessi próf á kálfunum þegar þeir koma í heiminn hér á landi. Til þess þyrfti nýja einangrunarstöðin á Stóra-

Ármóti að ganga í félagið (félagar í AAA eru staðsettir víða um heim). Argjaldið er rúmlega 8.000 krónur á bú og skrá þarf gripina í ættbók þess, en gjaldið er rúmlega 700 kr. á kálfinn. Þetta á þó ekki við um þá gripi sem eru með rauðan Angus í framættum, þar sem AAA lítur á rauðan Angus sem annað kyn en það svarta og tekur ekki við skráningum á því rauða (74029 Horgen Erie á rauða forfeður). Prófið sjálft kostar tæplega 4.000 kr. pr. grip.

Nú skiptist Angus kynið í fjölmarga undirhópa, eiginleikar kunna að vera skilgreindir með öðrum hætti þar vestra og því ekki víst að framangreind próf gefi okkur vitræna niðurstöðu. Að minnu viti er þó ekkert annað í stöðunni en að láta á það reyna, hvort fá megi vísbandingu um kynbóttagildi þeirra gripa sem verið er að flytja hingað til lands.

Baldur Helgi Benjamínsson



MENNING & LISTIR

Saga Natans og Skáld-Rósu: Manneskjan skal vera hver annarrar hrís og sverð

Saga Natans Ketilssonar og Skáld-Rósu eftir Brynjúlf Jónsson á Minna-Núpi er komin út hjá Sæmundi á Selfossi. Bók þessa sendi hinn merki fræðimaður frá sér árið 1912 og er það yngsta ritverk Brynjúlfs sem lést tveimur árum síðar.

Saga Natans er í senn merk heimild og mikilfenglegt listaverk alþýðulistar. Bókin hefur ekki verið endurprentuð fyrr en nú en áhugi á þessu óhugnanlega sakamáli og síðustu aftöku sakamanna hér á landi hefur verið mikill síðustu ár.

Lækningar Natans


Það er hvortvegja, að flestar lækningar Natans eru gleymdar, og hinar, er í minni manna eru, verða fæstar taldar eftir tímaröð, og svo hefur því eigi orðið viðkomandi sögunni hjer til að skýra frá þeim.

En nú þykir eigi að fresta því lengur. Skulu þær nú skráðar hjer í einu lagi, sem í minnum eru, og fylgt tímaröð að því er næst verður komizt.

Í Litladal í Svinadal bjó Ingibjörg, ekkja sjera Jóns á Auðkúlu, er druknaði í Svinavatni. Helga hjét dóttir þeirra, er var með móður sinni, gáfuð vel og skáldmælt. Hún fjeck þá veiki, að allur líkaminn varð máttlaus hægramegin. Var henni leitað lækninga, bæði til landlæknis og til sjera Jóns í Stærta-Árskógi, og kom fyrir ekki. Natan var þá á Lækjamóti. Var hann loks bedinn að gera tilraun, og fór hann þangað. Hann læknaði hana: fjeck hún góða heilsu og varð háöldruð. Í Stóradal bjó þá Þorleifur hreppstjóri Þorkelsson; Ingibjörg hjét kona hans; þau voru höfðingshjón mikil. Um þessar mundir var Ingibjörg þjáð af kölduflogum og öngvitum með hræðslu mikilli. Var nú Natan sóttur að Litladal. Hann gaf henni 2 dropa tvísvar, og saug nokkrum sinnum brjóstglas á brjóst henni. Batnaði henni að fullu.

Natan og Pjetur myrtir

Það var að kvöldi hins 13. dags marzmán. 1828 að þeir Natan og Pjetur komu til Illugastaða.



Brynjúlfur Jónsson á Minna-Núpi.

Var þar þá fyrir Jón bóndi Sigurðsson frá Stöpum, er síðar bjó í Hindingsvík, vitur maður og stilltur vel, karlmeni að burðum og góður bóndi. Átti hann erindi við Natan og beið hans. Þeir voru vinir, því Natan hafði hjálpað konu hans í barnsnaud.

Gekkt Natan á leið með Jóni, er hann fór, en hvarf svo heim aftur og bjó til meðöl þau, er hann ætlaði að senda Worm með Pjetri að morgni. Háttuðu þeir síðan og sofnuðu skjótt. Sváfu þeir í einni rekkju og lágu andfætis. Þetta kvöld hafði Friðrik farið til Illugastaða, sem ákveðið var, og leyndi sjer skammt frá bænum. Sá hann þá er Natan gekk heimán með Jóni á Stöpum; óttaðist hann þá að Natan færi með honum alla leið og yrði hjá honum nóttina; fengist þá eigi færi á honum.

En hinn veg fór, að Natan hvarf aftur. Og er þeir Pjetur voru sofnaðir, gerði Agnes Friðrik varan við, og kom hann heim. En er hann heyrði að Pjetur var þar og svaf hjá Natani, fjellst honum hugur. Þá herti Agnes hann upp. Hún fjeck honum slaghamar og beittan hníf; annan hníf hafði hún sjálf og hvatti hann vel. Læddust þau að rúminu, og sló Friðrik hamrinum í höfuð Pjetri, svo hann steinrotaðist; kipptist hann við í því er hann dó, og vaknaði Natan við, kallaði og bað kveikja ljós. En í því sló Friðrik hann með hamrinum, og ætlaði á höfuðið; en Natan hafði brugðið handleggnum yfir ennið og kom höggið á hann, svo hann brotnaði. Vissi Natan þá hvað um var að vera; bað þau vægðar og bauð allt sitt fje.

Allt sem þú vildir ekki vita um íslenska fugla

Fuglar eftir Hjörleif Hjartarson og Rán Flygenring er nýstárleg, skemmtileg og öðruvísi bók um fugla í íslenskrí náttúru.

Texti Hjörleifs er allt í senn skemmtilegur og fræðandi og teikningar Ránar ekki síður lýsandi og skoplegar. Bókin er því bæði í senn gagn og gaman og sé ég hana vel fyrir mér sem kennslugagn í náttúrufræði eins og eftirfarandi textabrot sýna. Utgefandi er Angústúra.

Vaðfuglar


Vaðfuglar eru í sérstöku uppáhaldi á Íslandi. Þeir koma með vorið sunnan úr löndum og fylla loftið af söng og trylltum fögnuði. Vaðfuglar eru af öllum stærðum og gerðum og syngja, kvaka, vella og hneggja, hver með sínu langa nefi. Það sem þeir eiga sameiginlegt er ástin á mýrum, leirum, fjörum og öðrum blautum stöðum þar sem prótínriks má dýruna sér yfirborðinu.

Skúfönd

Aðalsmerki og höfuðþrýði

skúfandarinnar er skúfurinn sem blaktir eins og kæruleysileg indíána-fjóður aftur úr hnakknum.

Gulu augun á fjólu græna hausnum gera líka óneitanlega



töluvert fyrir steginn.

Skúföndin var óalgeng hér í byrjun 20. aldar en hefur heldur betur komið ár sinni vel fyrir borð í votlendi Íslands og er nú ein algengasta öndin á

landinu. Eins og margar endur er skúföndin skuldbindingafælin og sambúðin endist yfirleitt ekki lengur en að varpi. Þá synda frjálsgleir indíánahöfðingjarnir á brott frá amstri hversdagsins en kollurnar liggja eftir á hreiðrönu með hnút í hnakknum og maganum. NH

Einkennisplöntur Austurlands:

Vallarstjörnur

Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur sendi nýlega frá sér bókina Vallarstjörnur. Í bókinni lýsir og segir Helgi frá fjórtán plöntutegundum sem eiga það sameiginlegt að útbreiðsla þeirra er bundin við Austurland.

Nokkrar plantanna eru algengar á Austurlandi, svo sem bláklukka, gullsteinbrjótur, maríuvöttur og sjöstjarna en aðrar fágætar eða mjög sjaldgæfar. Sex þeirra eru friðlýstar og sjö eru á valista. Allar eru þær sérstæðar og auðþekktar, sumar einkar fagar. Í bókinni kemur fram að ýmsar tilgátur hafi komið fram til skýringar á þessu útbreiðslumynstri en engin þeirra er einhlít.

Frásagirnir af plöntunum hafa flestar birst áður í tímaritinu Glettingi en nú verið umritaðar og birtast í bókinni með nýjum myndum.

Bláklukkur og klettafrú

„Þegar ferðast er um Austurland vekur það athygli að nokkrar tegundir blómplantna og byrkinga eru þar algengar, en sjást naumast eða ekki í öðrum landshlutum. Þekktust þeirra er bláklukkan sem hvarvetna gleður augað innan

Helgi Hallgrímsson
VALLARSTJÖRNUR
Einkennisplöntur Austurlands



Austfirðingafjórðungs. Þó að hana megi finna á ýmsum stöðum í öllum landshlutum, er hún hvernig algeng nema austanlands. Enn betur afmörkuð er útbreiðsla klettafrúar, gullsteinbrjóts, sjöstjörnu og maríuvattar. Sjaldgæfari tegundir eru: blæðsp, lyngbúi, súrsmæra,

rósalyng, rauðberjalyng og glitrós og byrkingarnir burstajafni, klettburkni og svartburkni. Þetta eru einkennisplöntur Austurlands.

Uppgötvunarsaga sumra þeirra er einnig mjög sérstök. Fáeinar aðrar blómjurtir hafa svipaða útbreiðslu, en er hinsvegar torvelt að nafngreina og verða því ekki teknar hér með, til dæmis deilitegundin ssp. castaneus af dökkasefi (Juncus castaneus), og stöðvarfífill (Hieracium stoedvarens), sem er nauðalíkur öðrum undafíflum.

Þessi furðulega dreifing hefur valdið grasafreðingum heilabrotum, og enn hefur ekki fengist viðhlítandi skýring á henni, þó ýmsar tilgátur hafi verið settar fram. Allar vaxa þær á meginlandi Evrópu, þar með talið í Skandinavíu og flestar líka á Bretlandseyjum, en bara sumar í Færeyjum og á Grænlandi. Nærtækt er að halda að þær hafi borist frá öðrum löndum Evrópu til Austurlands, til dæmis með vindum eða fuglum, og séu enn að þökast lengra inn í landið.“

Jólagjöfin frá bónda til bónda



Fræðumst um landið og fólkíð.

Byggðir & bú Suður-Þingeyinga 2005.

Tvö bindi fást nú á jólatilboði, 5.000 kr. með innifalinn sendingarkostnað hvert á land sem er. Fæst einnig í Sparisjóði S-Þingeyinga og Búgarði Akureyri. Nánari upplýsingar hjá stjórn BSSP.


Hlökkver sími 867-1108 eða hp.bjorg@simnet.is

Gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Megi jól og áramót færa öllum gleði og gæfu.



Rangárbing ytra



BLÖNDUÓS



www.struktur.i



HVALFJARÐARSVEIT



Á FAGLEGUM NÓTUM

Vaxtarlag sauðfjár og burðarerfiðleikar

– Hugleiðingar eftir ferð á sauðfjárræktarráðstefnu í Lettlandi

Í byrjun ágúst 2016 var höfundur boðið að flytja erindi um íslenska sauðfjárrækt á ráðstefnu sem Sauðfjárræktarsamband Lettlands (LAAA) efndi til í Rujiene, 160 km norður af höfuðborginni Riga, skammt frá landamærunum að Eistlandi. Í Lettlandi, líkt og í hinum Eystrasaltsríkjum, eru mörg sauðfjábúin komin með lífræna vottun. Erlendu gestirnir auk mín voru frá Færeyjum, Danmörku, Noregi, Finnlandi, Þýskalandi og Bretlandi.

Ráðstefnan var vel skipulögð og ánægjuleg en þar var m.a. fjallað um kosti og galla hinna ýmsu fjárkynja í norðanverðri Evrópu.

Burðarerfiðleikar

Á meðal umræðuefnanna voru burðarerfiðleikar (dystocia) sem geta m.a. tengst notkun þaulræktaðra holdahrúta en víða er nú lögð áhersla á að gera sauðburð auðveldari og draga úr fyrirhöfn og kostnaði. Var einkum vikið að þrem þáttum sem geta skipt miklu máli þegar leitast er við að halda burðarerfiðleikum í lágmarki, þ.e.a.s. bætt velferð ána, minni vinna og streyta fjárhírðis á sauðburði og minni dýralækniskostnaðar sem tengist burðarhjálp, lyfjanotkun og keisaraskurði.

Burðarerfiðleikar eru greinilega mismiklir eftir sauðfjárkynjum en auk erfðapáttarins þarf að taka tillit til umhverfistengdra þátta svo sem fódrunar, heilsufars, útivistar og innistöðu, einkum á seinni hluta meðgöngutíma. Þá getur frjósemi haft veruleg áhrif því að oft eru erfiðir burðir tengdir einlembingsfæðingum. Einnig má nefna aldur á þar sem gemlingar og ær sem eru að bera í fyrsta skipti lenda frekar í burðarnaúð en eldri ær.

Víða erlendis, þar sem blendingsrækt með ólík fjárkyn



Charollais-holdakynið er m.a. þekkt fyrir auðveldan burð.

er stunduð við framleiðslu sláturlamba, geta komið fram burðarerfiðleikar, sérstaklega þegar notaðir eru hrútar af stórvaxnari holdakynjum á ær af smávaxnari kynjum. Best er þó að alhæfa ekki um þessi efni. Oft er reynsla hvers bónda notadryggt og gefur ganglegar vísbendingar um hvernig best er að draga úr tíðni erfiðra fæðinga og burðarhjálp á vorin.

Charollais-kynið – auðveldari burður

Kynning þeirra Jonathan and Carrol Barber frá Bretlandi á Charollais fjárkyninu vakti mikla athygli á ráðstefnunni í Rujiene. Upprunalega er um franskt kyn að ræða frá Saone et Loire svæðinu, því sama og þekkt er fyrir ræktun Charollais holdanautgripa. Þetta fé var fyrst flutt til Bretlandseyja fyrir 40 árum og eru hrútar af því nú mikið notaðir við framleiðslu blendingslamba til slátrunar með sama hætti og t.d. breska kynið Suffolk og hollenska kynið Texel.

Líkt og þau kyn er Charollais þaulræktað holdakyn en við mótun þess á 19. öld komu við sögu bæði frönsk og bresk fjárkyn. Hrútamir gefa væn, þéttvaxin og vöðvamikil föll, án þess að vera of feit.

Það sem hefur aukið vinsældir kynsins samanborið við önnur slík er þó sá eiginleiki að ær sem fá við Charollais hrútum eiga auðveldara með burð og mun minna er um burðarerfiðleika en t.d. þegar hinir holdmiklu Texel hrútar koma við sögu. Rétt er að geta þess að bæði kynin eru ágætlega frjósöm og allt er kollótt.

Kynbótasjónarmið

En hugum nánar að vaxtarlaginu sem þau Jonathan og Carrol töldu mikilvægt þegar kemur að erfiðleikum við burð.

Dálítið má glöggva sig á meðfylgjandi myndum hve vaxtarlagið á Charollais og Texel er frábrugðið, einkum frambyggingin. Texel er kubbslegt og kassalaga fé með miklar útlögur en Charollais féð hefur ekki eins



Texel-holdakynið er m.a. þekkt fyrir mikla burðarhjálp.

breiðar herðar og framparturinn er sívalari. Með því að leggja mikla áherslu á fleygmyndaðar herðar til að draga úr burðarerfiðleikum segjast ræktendur Charollais fjár hafa mótað nokkra sérstöðu í samanburði við önnur þaulræktað holdakyn.

Þannig er ljóst að vaxtarlag er erfðaeiginleiki sem getur skipt máli þegar leitast er við að draga úr burðarerfiðleikum áa. Dæmi um slíkt eru rannsóknaniðurstöður sem dr. Cathy M. Dwyer og samstarfsfélks í Landbúnaðarháskólanum í Edinborg kynntu 2012.

Þær sýndu að í skoskum fjárhjörðum megi ná töluefnum árangri með markvissri skráningu burðarhjálp og úrvali þar sem arfgengið 0.26 hafi mældist fyrir 11.000 lamba gagnasafn. Í sauðfjárrækt víða um lönd er vaxandi áhersla lögð á að ær beri sem mest án hjálp (easy-care), bæði vegna hagkvæmnissjónarmiða og krafna um bætt velferð fjárens, eins og áður var vikið að.

Hugleiðingar um íslenska féð

Miðað við önnur fjárkyn hefur íslenska féð verið þekkt fyrir lága tíðni burðarerfiðleika þar sem slíkur samanburður er þekktur, einkum í Norður-Ameríku og á Bretlandseyjum, aðallega eftir 1990. Þarna liggja þó ekki neinar samanburðarrannsóknir að baki, eingöngu reynsla og álit fjárbænda.

Líkt og erlendis er þessi eiginleiki vel metinn hér á landi og nú á dögum þegar fjárbændur og búvísindamenn beggja vegna Atlantshafs sýna útflutningi íslensk fjár vaxandi áhuga af ýmsum ástæðum er vert að hafa þetta í huga. Þeir eru ekki aðeins að leita eftir harðgeru og frjósömu fé með mikla litafjölbreytni heldur einnig holdafé með það í huga að nota þaulræktaða íslenska hrúta við blendingsrækt líkt og Charollais og Texel.

Þetta endurspeglar þær miklu breytingar á vaxtarlagi o.fl. eiginleikum sem tengjast vöðvamiklum og fitusnaðum skrokkum, einkum eftir að ómsjarmælingar hófust hér á landi fyrir nær 30 árum.

Vaxtarlag íslenskra úrvalshrúta

Aflýsingum á úrvalshrútum í hinum víðlesnu og vinsælu hrútaskráum sauðfjársæðingastöðvanna má m.a. sjá að margir þeirra hrúta hafa mikla frambyggingu.

Lýsingar á borð við: „háls sver og herðar breiðar og vel holdfylltar“, – „háls stuttur og

vel tengdur við mjög holdmiklar herðar“, – „breiðar og miklar herðar, breiða bringu og miklar útlögur“, – „mikil vídd og góð lögur er í framparti“, – „mjög breiðvaxinn og bolvíður hrútur“, gefa þetta vel til kynna.

Þá hlýtur að vakna sú hugleiðing hvort eða hvernig þetta vaxtarlag frambyggingarinnar sé farið að leiða til aukinnar tíðni erfiðra burða og burðarhjálp. Einnig er spurningin hvort hugsanlega komi fram breytingar á mjaðmargrind áa við ræktun mjög þéttvaxins holdafjár. Aftur er mér hugsað til Texel og alþekktar burðarnaúðar í því kyni. Þar er vel þekkt kryppa á baki vegna mikillar vöðvasöfnunar en slíkt var þekkt í Stramma 83-833 og afkvæmum hans og í Hrútaskrá 2017-2018 kemur fram á bls. 36 að sæðingahrútur honum óskyldur, Magni 13-944, sé með vott af kryppu.

Sú spurning hlýtur þá einnig að vakna hvort eða hvernig þessi bakholdaeiginleiki tengist bæði beina- og vöðvabyggingu í afturhluta ána og þar með eiginleikum þeirra til að bera með náttúrulegum hætti, án hjálp. Hvort er holdaféð okkar að líkjast Texel eða Charollais hvað vaxtarlag varðar?

Skráning burðarhjálp í skýrsluhaldinu

Út frá framangreindum hugleiðingum er við hæfi að bera lof á þá nýbreytni í sauðfjárskýrsluhaldinu að gefa kost á skráningu vegna burðarhjálp, allt frá smávægilegri eða litilli hjálp til erfiðra fæðinga og keisaraskurða. Þar með er unnt að skrá ástæður burðarhjálp, svo sem hvort ærin sé þröng.

Eins og áður var vikið að, út frá umræðum á ráðstefnunni í Rujiene og rannsóknunum í Skotlandi, ættu að safnast mjög gagnlegar upplýsingar frá fjölda íslenskra fjárbúa á næstu árum sem skapa grundvöll til rannsókna á umfangi burðarhjálp og þar með hugsanlegra tengsla þess vandamáls við ákveðna hrúta. Þá má reikna með að aukin holdanautarækt kalli á nánari skoðun á burðarerfiðleikum í kúmu.

Vegna þess hve ég tel skráningu burðarhjálp áa í skýrsluhaldinu mikilvæga legg ég til að hún verði ekki lengur valfrjals heldur skylda.

Dr. Ólafur R. Dýrmondsson

Höfundurinn er áhugamaður um náttúrulegan burð, án hjálp. Hann er fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands í Fagrði um velferð dýra.



Weidemann smávélar og skotbómur til afgreiðslu með stuttum fyrirvara



Weidemann er þýskur framleiðandi og er einn af frumkvöðlum í smíði smærra og meðalstórra mokstursvéla, fyrirtækið var stofnað árið 1960.

Weidemann hefur fyrir löngu sannað gæði sín hér á landi og hefur alla tíð verið meðal mest seldu smávéla hér á landi.

Kynntu þér vöruúrval Weidemann smávéla með nýju íslensku myndbandi á slóðinni www.kraftvelar.is/weidemann



Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnigata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Lömbin væn en fitulítill

– Af niðurstöðum lambadóma 2017



Eyþór Einarsson
ábyrgðarmaður í
sauðfjárrækt
ee@rml.is

Húnavetnskir hrútar á toppnum

Náttúrulegar aðstæður hafa verið hliðhollar bændum nú síðastliðin tvö ár, þó því miður sé ekki hægt að segja það sama um aðstæður á lambakjötsmörkuðum. Víða um land var mjög gott og áfallalaust tíðarfar frá síðasta vori og fram yfir sláturtíð. Niðurstöðum endurspeglast í næstmesta vænleika sem hér hefur verið, lítilli fitu og góðri vöðvafyllingu.

Meðaltöl dóma og kjötmats

Samkvæmt skráningum í Fjávís.is (1.des 2017) voru skoðaðir 12.415 lambhrútar og 46.061 gimbur sem hlutu gildan dóm í haust. Þetta er aðeins minna umfang en undanfarin haust og er samdrátturinn aðallega í gimbraskoðunum. Hrutunum fækkar um tæplega þúsund gripi en gimbrunum rétt um 14 þúsund. Dæmdir gripir eiga uppruna nú á 800 búum en í fyrra voru þau rétt um 900. Samdráttinn má sjálfsgagt að stóru leyti rekja til þess fyrirsjáanlega tekjutaps sem blasti við mönnum í haust. Langflestir hafa þó látið skoða hrútlömbin áfram enda er mikilvægast fyrir bændur og ræktunarstarfvið í heild að hvergi sé gefið eftir í því.

Meðal lambhrúturinn í ár vó 47,7 kg með bakvöðva upp á 30,1 mm og 3,1 mm fituþykkt. Lærastigin voru 17,7 að jafnaði og heildarstigin 84,3. Þykkasti bakvöðvinn mældist 45 mm í hrútlambi á Mýrum 2 undan Dreka 13-953 en það voru 60 lömb sem mældust með 40 mm vöðva eða meira í haust. Samanborið við fyrra ár eru hrútlömbin 400 g léttari nú, en þetta er þó næstþyngsti hópur sem komið hefur til skoðunar eftir að ómmælingar urðu svo almennar. Bakvöðvinn og lærastigin eru nákvæmlega þau sömu, fitan 0,2 mm minni og heildarstigin 0,2 stigum hærri. Þetta er í fullu samræmi við niðurstöður kjötmatsins, en gerðin í haust var 8,98, sem er 0,01 stigi hærri en árið áður. Fitan er 6,28 sem er sú minnsta frá því árið 1999, þá við talsvert minni fallþunga (15 kg). Meðalfallþunginn var 16,41 kg og líkt og áður hefur komið fram er þetta næsthæsta meðalvigt sem verið hefur á landinu. Hér er miðað við tölur frá MAST fyrir allt innlagt lambakjöt.

Þrír hæst stiguðu lambhrútar landsins, samkvæmt Fjávís.is, eiga það allir sameiginlegt að vera úr Vestur-Húnavatnssýslu og rekja ættir til Runna 11-014 frá Syðri-Urriðaa. Eftur stendur hrútur númer 159 frá Efri-Fitjum í Fitjárdal sem hlotið hefur nafnið Drangi. Hann hlaut 91 stig. Faðir hans er Klettur 13-962 frá Borgarfelli og móðurfaðir er Einir 12-666 sonur Runna 11-014. Annar í röðinni er hrútur frá Syðri-Urriðaa númer 158 með 90,5 stig. Faðir hans er Klaki 16-011 sonur Kalda 12-950 frá Oddsstöðum. Móðurfaðir er Rósi 12-018 sonur Runna 11-014 frá sama bæ. Þriðji hrúturinn í röðinni er lamb númer 1258 frá Mýrum 2, Hrutafirði. Hann er einnig með 90,5 stig en raðast lægra og er það bakvöðvþykktin sem skilur á milli. Engu að síður er hann með svellþykkan vöðva eða 39 mm. Þessi hrútur hefur hlotið nafnið Ebba. Faðir hans er Runnasonurinn Bergur 13-961 frá Bergsstöðum í Miðfirði. Rekja má ættir hans í Bergsstaði á Vatnsnesi bæði í föður og móður ætt en móðurfaðir hans er Gotti 05-804.

Í töflu 1 er að finna lista yfir 5 efstu lambhrúta í hverju héraði. Hrutunum er raðað að venju samkvæmt heildarstigum, síðan samkvæmt samanlögðum stigum fyrir frampart, bak, malir og læri. Séu einhverjir hrútar enn jafnir sker bakvöðvþykktin þar næst á milli, síðan fituþykkt og þá lögun vöðvans. Af þessum 100 hrutum sem þarna birtast eru 44 synir sæðingastöðvahrútananna. Flesta syni á Börkur 13-952 frá Efri-Fitjum eða 4 og síðan eiga þeir Brúsi 12-970, Kjarni 13-927, Ebiti 13-971 og Vinur 14-966 3 hrúta hver.

Að lokum

Það eru vissulega óvissutímar í framleiðslu á lambakjöti þar sem afurðaverð hefur hrapað. Mikil og góð umræða hefur skapast um þróun á úrvinnslu vörunnar og markaðsmálum sem vonandi skilar sér í auknum krafti á þeim vettvangi. Heyrst hefur kvart yfir of stórum lærum og þungum skrokkum. Þar hefði maður haldið að felist tækifæri frekar en vandamál. Okkar verkefni er áfram að reyna að framleiða gæðavöru á sem hagkvæmasta hátt. Mikilvægur liður í því er að halda áfram að rækta öflugt afurðafé sem skilar gæðavöru.

Gleðileg jól.



Drangi 17-664 frá Efri-Fitjum er hæst stigaði lambhrútur landsins haustið 2017 með 91 stig.

Uppruni	Lambsnr.	Faðir	Pungi (kg)	Ómvöðvi	Ómfita	Lögun	Fötleggur	Haus	Háls-Herbar	Bringa-útlöngur	Bak	Malir	Læri	Ull	Fætur	Samræmi	Stig alls
Gullbringu- og Kjósarsýsla																	
1	Kiðafell	87	13-963 Stólpi	53	34	4,9	5,0	110	8,0	9,0	9,0	9,0	19,0	7,5	8,0	8,5	87,0
2	Morastaðir	736	14-966 Vinur	50	33	4,4	4,5	109	8,0	9,0	9,0	9,0	18,5	8,0	8,0	8,5	87,0
3	Morastaðir	737	14-966 Vinur	54	32	4,3	4,0	107	8,0	8,5	9,0	9,0	18,5	8,0	8,0	8,0	86,0
4	Miðdalur	778	16-004 Prins	52	32	5,1	4,0	109	8,0	8,5	8,5	9,0	18,0	8,5	8,0	8,5	86,0
5	Kiðafell	344	16-197 Ögmundur	48	30	4,9	4,0	105	8,0	8,5	9,0	9,0	18,0	8,0	8,0	8,5	85,5
Borgarfjarðarsýsla																	
1	Hægindi	77	15-968 Tinni	53	34	3,4	5,0	109	8,0	9,0	9,0	9,5	18,5	8,0	8,0	8,5	88,0
2	Hægindi	157	15-967 Bjartur	54	34	4,0	5,0	114	8,0	9,0	9,0	9,5	18,5	8,5	8,0	8,5	88,0
3	Oddsstaðir 1	246	16-149	55	40	4,1	5,0	105	8,0	9,0	9,0	10,0	18,5	8,0	8,0	8,0	87,5
4	Bjarkarás	12	14-150 Spakur	59	35	3,2	4,5	110	8,0	9,0	9,0	9,5	18,5	7,5	8,0	9,0	87,5
5	Hægindi	153	14-966 Vinur	53	34	3,8	5,0	108	8,0	8,5	9,0	9,5	18,5	8,0	8,0	8,5	87,5
Mýrasýsla																	
1	Skiphyllur	7043	12-970 Brúsi	48	37	3,3	5,0	107	8,0	9,0	9,0	10,0	18,0	9,0	8,0	8,5	88,5
2	Höll	119	13-927 Kjarni	47	35	2,7	4,5	107	8,0	9,0	9,0	9,5	18,5	8,5	8,0	8,5	88,0
3	Melur	3	13-971 Ebiti	58	34	5,7	3,5	112	8,0	9,0	9,0	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	88,0
4	Höll	155	13-927 Kjarni	43	35	2,3	4,5	105	8,0	9,0	9,0	9,5	19,0	8,0	8,0	8,0	87,5
5	Lækjarbugur	85	13-953 Dreki	57	37	3,5	5,0	112	8,0	9,0	9,0	9,5	18,5	8,0	7,5	9,0	87,5
Snæfells- og Hnappadalssýsla																	
1	Kjalvegur	315	16-691 Kalðnasi	56	36	2,8	5,0	109	8,0	9,0	9,0	10,0	19,0	8,0	8,0	8,5	89,0
2	Eyrarvegur 12	18	12-400 Partur	47	36	1,8	5,0	109	8,0	9,0	9,0	9,5	19,0	7,5	8,0	9,0	88,5
3	Máfahlíð	153	15-990 Mávur	55	35	2,2	5,0	113	8,0	9,0	9,0	9,5	19,0	8,5	8,0	8,5	88,5
4	Kjalvegur	347	16-377 Dagur	56	32	3,5	4,5	109	8,0	9,0	9,0	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	88,5
5	Haukatunga 2 Syðri	7205	16-521 Kölski	47	37	2,5	5,0	110	8,0	9,0	9,0	10,0	19,0	7,0	8,0	8,5	88,0
Dalassýsla																	
1	Rauðbarðaholt	30	15-511 Lómi	52	36	3,3	5,0	107	8,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	89,5
2	Rauðbarðaholt	25	15-512 Gnúpur	50	33	3,6	4,0	109	8,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	88,5
3	Kjarlaksvellir	492	16-287 Fannar	54	32	3,5	4,5	110	8,0	9,0	9,0	9,0	18,5	9,0	8,0	8,5	88,5
4	Sauðafell	7034	13-971 Ebiti	65	39	5,1	4,5	114	8,0	9,0	9,0	9,5	18,5	7,5	8,0	9,0	88,0
5	Magnússkógar 3	204	14-965 Kústur	50	36	2,8	4,5	110	8,0	8,5	9,0	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	88,0
Barðarstrandsýslur																	
1	Reykholar	286	14-291 Dreki	56	36	4,3	4,0	110	8,0	9,0	8,5	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	88,5
2	Árbær	215	16-046	60	31	3,1	4,0	109	8,0	9,0	9,0	9,5	19,0	8,5	8,0	8,0	88,0
3	Brjánslækur 1	222	16-243 Össur	65	34	6,2	4,0	109	8,0	9,0	9,0	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	88,0
4	Árbær	174	12-047	54	30	4,2	4,0	110	8,0	9,0	9,0	9,0	19,0	8,5	8,0	8,5	88,0
5	Árbær	26	12-970 Brúsi	59	34	2,9	4,5	109	8,0	9,0	9,0	9,0	19,0	8,5	8,0	9,0	88,0
Ísafjarðarsýslur																	
1	Minni-Hlíð	7112	15-201 Höður	58	35	5,1	4,5	111	8,0	8,5	9,0	9,5	18,5	8,5	8,0	9,0	88,5
2	Borg/Mjólkárirkjón	119	16-215 Loki	46	34	3,9	5,0	109	8,0	9,0	9,0	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	88,0
3	Borg/Mjólkárirkjón	167	16-215 Loki	48	34	4,4	4,5	107	8,0	9,0	9,0	9,5	18,5	8,0	8,0	8,5	88,0
4	Tröð	41	11-947 Kraftur	49	38	3,9	4,5	104	8,0	9,0	9,0	10,0	18,0	8,0	8,0	8,5	87,5
5	Minni-Hlíð	7104	15-201 Höður	55	36	4,6	5,0	108	8,0	8,5	8,5	9,5	18,5	9,0	8,0	8,5	87,5
Strandasýsla																	
1	Laxárdalur 3	93	12-970 Brúsi	56	35	2,7	4,5	114	8,0	8,5	9,0	9,5	19,0	9,0	8,0	9,0	89,5
2	Kollás 2	59	13-991 Burkni	51	39	3,9	5,0	110	7,5	9,5	9,5	10,0	19,0	7,5	8,0	8,5	89,0
3	Bær 1	5	15-968 Tinni	60	39	3,6	5,0	113	8,0	9,5	9,5	10,0	18,0	7,5	8,0	9,0	89,0
4	Heydalsá 1 og 3	82	15-077 Börkur	51	37	2,6	5,0	111	8,0	9,0	9,0	10,0	18,5	8,5	8,0	9,0	89,0
5	Brodðanes 1	44	16-081 Glæsir	51	40	2,2	4,5	106	8,0	9,0	9,0	9,5	19,0	8,5	8,0	8,5	88,5
Vestur-Húnavatnssýsla																	
1	Efri-Fitjar	159	13-962 Klettur	55	39	3,2	5,0	112	8,0	9,5	9,5	10,0	19,5	8,0	8,0	9,0	91,0
2	Syðri-Urriðaa	158	16-011 Klaki	52	41	2,4	5,0	105	8,0	9,0	9,5	10,0	19,5	8,0	8,0	9,0	90,5
3	Mýrar 2	1258	13-961 Bergur	50	39	1,8	5,0	106	8,0	9,5	9,5	10,0	19,0	8,0	8,0	9,0	90,5
4	Efri-Fitjar	162	13-952 Börkur	64	41	3,8	5,0	108	8,0	9,0	9,5	10,0	19,0	7,5	8,0	9,5	90,0
5	Efri-Fitjar	108	13-953 Dreki	60	40	2,7	5,0	108	8,0	9,5	9,5	10,0	19,0	8,0	8,0	9,0	90,0
Austur-Húnavatnssýsla																	
1	Akur	7186	14-466 Sasú	53	39	3,2	5,0	105	8,0	9,5	9,5	10,0	18,5	8,0	8,0	9,0	89,5
2	Holt	305	14-003 Dropi	59	35	7,5	4,5	104	8,0	9,0	9,5	10,0	19,0	8,5	8,0	8,5	89,0
3	Stóra-Búrfell	42	13-952 Börkur	59	37	3,1	4,5	111	8,0	9,0	9,0	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	88,5
4	Sölvaðakki	8	13-961 Bergur	58	38	6,3	4,5	105	8,0	9,0	9,0	9,0	19,0	8,5	8,0	9,0	88,5
5	Hof	61	13-941 Serkur	56	33	5,4	4,5	107	8,0	9,0	9,0	9,0	18,5	8,5	8,0	9,0	88,5
Skagafjarðarsýsla																	
1	Ríp 1	357	15-245 Botni	44	36	2,6	5,0	107	8,0	9,0	9,0	9,5	19,0	8,5	8,0	8,5	89,0
2	Hóll	58	13-941 Botni	58	35	4,5	4,5	107	8,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	89,0
3	Prasastaðir	1703	13-940 Krapi	58	36	3,7	4,5	112	8,0	9,0	9,0	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	89,0
4	Djúpidalur	224															

JÓLABRAUTIR FYRIR UNGA FÓLKIÐ

Hér eru lagðar þrjár þrautir fyrir unga fólk.

Þótt notað sé hugtakið „ung fólk“ er fólk á öllum aldri heimilt að túlka það eftir eigin höfði, enda getur verið afstætt hvernig á það er litið. Öllum er því heimilt að spreyta sig á þessum gátum óháð því hvað kennitalan segir. Í fyrra gerðu sumir úr þessu keppni milli yngri og eldri á heimilinu og spennandi getur verið að sjá hvorum hópnum gengur betur.



fallþungi virðist stundum benda til einhvers annars. Þá getur það bara kallast að vera ungur í anda.

Lausnir á þessum gátum má finna á smáauglýsingastöðum aftast í blaðinu.

Við á Bændablaðinu höfum áður sagt og segjum það enn, að við lítum svo á að enginn sé eldri en hann hefur sjálfur tilfinningu fyrir, jafnvel þótt skrokkur og

1 Þessi þraut er orðateningur. Það þarf að raðað stöfunum þannig í reitina að fram komi orð í allar línurnar, hvort sem lesið er lóðrétt eða lárétt.

Fyrsta orðið er nafn einnar af dætrum Ægis, næsta orð þýðir illt umtal, svo karlmannsnafn og loks nafn dýrs.

á	á	a	a	▶				
a	a	i	f	▶				
r	r	b	i	▶				
s	s	n	n	▶				

2 Raðaðu þessum fjórum fimmum þannig að aðeins fjögur tákn sjáist á hverri þeirra.

3 Búið er að rugla stöfunum í nöfnum nokkra fuglategunda í hverri línu. Ef þú getur raðað þeim rétt í kassana, mynda stafirnir í hringjunum nafn fugls ef lesið er niður.

VMURÁ	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
FRHNA	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
FLÁT	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
ÓLRMU	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
LYISMLR	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>



Jólabrauðin komin norður, Ylfukonur sjá um að koma þeim heim til kaupenda.

Lionsklúbburinn Ylfa á Akureyri: Jólabrauðin renna út og ágóðinn nýttur til góðverka

„Sala á jólabrauðum hefur mælst einkar vel fyrir og þykir okkur Ylfukonum mjög skemmtilegt að vinna við þetta verkefni. Veðrið hefur af og til strítt okkur eins og gengur á okkar norðlægu slóðum, en alltaf hefur okkur tekist að koma brauðunum norður og til viðtakenda,“ segir Gerður Jónsdóttir hjá Lionsklúbbnum Ylfa á Akureyri.

Aðalfjáröflun Ylfukvenna er sala á jólabrauði, en brauðin kaupa þær frá Geirabakaríi í Borgarnesi, aka þeim norður og dreifa heim á hlað til viðtakenda á Akureyri. „Akureyringar kunnu vel að meta þetta framtak og hafa tekið okkur vel, í hugum margra er það að fá okkur Ylfukonur heim á hlað með jólabrauð í farteskínu liður í jólaundirbúningi heimilisins og ómissandi þáttur í adventuupplifuninni,“ segir Gerður.

Gáfu sjónmælingartæki

Lionsklúbburinn Ylfa var stofnaður 18. apríl 2011 og í honum eru nú um 20 konur. „Við höfum einbeitt okkar að stuðningi við börn og ungmenni á Akureyri og núna fyrir stuttu gáfum við Heilbrigðisstofnun Norðurlands, í samvinnu við alla Lionsklúbbana á Eyjarfjarðarsvæðinu og Húsavík, sjónmælingartæki að andvirði einnar milljónar króna fyrir ung börn,“ segir Gerður, en gjöfin var gefin í tilefni af 100 ára afmæli alþjóða Lionshreyfingarinnar. Hún segir að næsta ár verði mjög merkilegt fyrir íslenskt Lionsfólk því þá verði íslensk kona, Guðrún Björt Yngvadóttir, fyrst kvenna til að verða forseti þessarar fjölmennustu hjálparsamtaka heims.



Jólabrauð frá Geirabakaríi í Borgarnesi rennur ljúflega ofan í Akureyringa.



Lionsklúbburinn Ylfa vinnur nú við þjónustuverkefni sem felst í því að aðstoða fólk af erlendum uppruna við að æfa sig í íslensku.

Góðverk þurfa ekki að kosta peninga

Lionsklúbburinn Ylfa vinnur nú við þjónustuverkefni sem felst í því að aðstoða fólk af erlendum uppruna við að æfa sig í íslensku. Fyrir velvilja Amtbókasafnsins á Akureyri hafa Ylfukonur fengið þar aðstöðu án endurgjalds til að taka á móti fólkinu. „Við erum

með fasta tíma einu sinni í viku frá hausti og fram á vor, eða frá því í september og fram í maí. Fimm til sex Ylfur mæta í hvert sinn og fjöldi þátttakenda er á bilinu 10–20 alla þriðjudaga. „Góðverk þurfa nefnilega ekki alltaf að kosta peninga, tími er líka verðmætur. Það hefur svo sannarlega aukið viðsýni okkar að kynnast fólki af ýmsu þjóðerni. /MPP



Fyrir velvilja Amtbókasafnsins á Akureyri hafa Ylfukonur fengið þar aðstöðu án endurgjalds til að taka á móti fólki sem vill æfa sig í íslensku. Gerður Jónsdóttir er fyrir miðri mynd.

Jóla­kross­gáta Bændablaðsins 2017



	SKAMMT	SVEIPA	KEYRA YFIRBRAGÐ	FÆÐA	TALA SKRAF	HEIDURS- MERKI HRESSIR	BLÁSA BIL	MJÓLKUR- AFURÐ	HITA ÁSAMT
	RÝJA				LÖM		SETJA Í SYRU		
	AFSPURN				FOLD HREINSI- EFNI		BÁTUR AN		
	TVÓFALT		FLÝTI		ÍLÁT		HLJÓMA		
	HNUPLI		TVEIR		NÆRA		ERLENDIS		
				GREIN TILDUR			STANDA SIG DÓMS		STEIN- TEGUND
	FÍFLA- GANGUR SKÁL				HANDA Í RÖÐ		MÁL- HUÐA SVÍVIRDA		
	Í RÖÐ		TVEIR EINS	PLANTA BOTNFALL		GEGNA LARFAR		FLASKA	FUGL
	BADA				RÉTT FRUMEIND		PIRRA BÓK- STAFUR		
	SÖNGSTÍLL								
PLANTA	MÁNUÐUR	MJÖG AFHENDING	MÝKJA	SAMPYKKI GREMJAST	KVK. SPENDÝR PLAN				FARFA DREIFA
				VEIKI		HRÆDAST Í RÖÐ	FRAMBURUR DRULLU- SOKKUR		MÆLI- EINING
Á KVIÐI			STALDRAD VIÐ LAXBRÖÐIR		MÆLI- EINING TÁL	UNDIREINS MERÐ	ALDAN RIFA		
GYÐJA			NIRFILL ÓVILD		HLJÓM KORTABÓK	SKORDÝRA Í RÖÐ	SKÓLI	GUD TÍMABÍLS	
	ÁVÖXTUR POTA			TVEIR EINS GÓL	BARDAGI HERBERGI	BRAKA VIÐMÓT		PURRKA ÚT GIFTI	MINNKUN
GUNGA			BÖLV EIGIND		GAFL BLÍSTUR		ÞJAKA UNADUR SKOLLANS		
TVEIR EINS		SKILJA EFTIR SMÍÐA			DETTA ÆTÍÐ		MÍÐJA PFN.	BÓK- STAFUR OFFUR	VALDA
FLJÓT- FÆRNI			TVEIR EINS HEIÐUR	LABBA PÍLÁRI		VÍN MERKI	TVEIR EINS STEFNA		NAFNORÐ MÆLI- EININGU
LESANDI	ÍSSKÁPUR FISKUR			ÓBUNDIÐ BLESSUN		VEITANDI RAUST		HLJÓMUR KNÚSAST	
				VONDUR SÆTI		TÍMABÍL SAGA	UTAN GERVI- EFNI	RENNA TIL LOFT- TEGUND	
MÁLÆÐI SMÁBÁTUR			LÍTIÐ KAUPSTAÐ		ÖRLÖG ALDINS		STEINLÍM Í VIÐBÓT		Í RÖÐ
			STEFNA KERRA		VERSLA ÖRÐU		AD FYRIR- GEFA		RÖND
HÆTTA		SEYTL KUSK		FADMUR FRÁ		ÞEFJA VARA		TEYGJU- DÝR	
SLÆMA			FÓSTRA TANGI		ERFÐA- VISA HUGLEIÐA	HIMNA GRÖM			
	HÆTTA VAFI			SKJÓN ÓSKIPTAN		SKREF ÆÐA		KVIÐ FERÐ	
DRYKKUR STOLNIR MUNIR		SKYNJA INNVOLS		HRÚGA TÁLKN- BLÖÐ			BLADUR GRAFA		
			MÁL- MUR LYKT			SKAP- RAUNA HÆNAST		FLÝTIR	
SKJÓGRA			HÖGG VEGSEMD		HÓPUR ÞEFA		TEMUR FÁLETI		
	BJARG- BRÚN	PANGAÐ TIL SIFJALÍÐ		GRAN- ALDIN EFNI		ORDTAK KVK. NAFN			
HUGUL- SEMI KLÆÐI					MEGINÆÐ ELDSNEYTI		RÖST SEFA	AUMA TVEIR	PRANGA TÆKIFÆRI
		ANGRA		SVAKA		UNDIREINS TÆFA	FISKUR	BLÝANTUR RJÚKA	
AF OG TIL				NIDRA KVK NAFN			SMÁN FARAR- TÆKI		FLAN STÆLIR
				TVEIR EINS BYRJUN	GOLF ÁHALD TALA	SÍÐA	PÚLA ÁTT		BEITI- LAND NÚNA
	YNDI HERMA				SPIL LISTI			SAMTÖK LANGIN- TES	ODDI FUGL
				SVALLA NAUMUR	AFHENDIR KNÖTT			ÓLAFS- JURT ÞAKBRÚN	
			SVALLA KLAFI			SKOKK KETTIST		MASA SLIT	
	UNDAN- HALD REFSIMÁL			ÓREIÐA SJÚK- DÓMUR		VIÐ			TVÖ ÞÓSUÐ ÍÞRÓTTA- FÉLAG
						UPPI- STAGA	ÖGRA		
							HINN SEINNI		



VÉLABÁSINN

Stór og rúmgóður Opel Insignia

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Fyrsti bíllinn sem ég eignaðist 17 ára var Opel Rekord 1966 sem þá var orðinn 11 ára gamall og afar þreyttur. Hann var svo þreyttur að vinna þurfti í honum í einn dag svo að hægt væri að keyra hann í tvo daga.

Opel Rekord var einn mest seldi bíllinn frá Opel og var afar vinsæll sem fjölskyldubíll á árunum 1966 til 1970. Nú er kominn nýr rúmgóður og kraftmikill bíll frá Opel sem er sportlegur fjölskyldubíll með gott innrými og pláss fyrir mikinn farangur.

Mikið lagt upp úr öryggi og þægindum

Opel Insignia er fánlegur í þrem mismunandi gerðum, Enjoy 1,5L bensín-túrbó, Innovation 1,5L bensín-túrbó og 1,6L dísil-túrbó. Bíllinn sem ég prófaði var 1,5L bensín-túrbó bíllinn sem skilar 165 hestöflum (dísilbíllinn er 136 hestöfl).

Öryggisþættirnir eru margir, s.s. akreinalesari sem les ótrúlega vel hvítu línurnar í vegköntunum þrátt fyrir að þær séu ekki alltaf vel sjáanlegar með berum augum. Blindhornsvari og hliðarvörn er í bílnum, fjarlægðarvari í næsta bíl fyrir framan sem lætur vita hvort ekið sé of nálægt næsta bíl fyrir framan (mismunandi fjarlægð sem miðast út frá hraða hverju sinni).

Þægindi fyrir ökumann og farþega, frammi í bílnum er hiti í sætum og upp á bak, en bíllinn sem prófaður var er með leðursæti og í svoleiðis bílum finnst mér að öll sæti ættu að vera upphituð (líka aftursæti). Einnig er hiti í stýrinu sem hentar vel í kulda eins og hefur verið undanfarna daga.

Bakkmyndavél og skiltalesari að verða staðalbúnaður í bílum

Síðustu 3–5 ár hefur orðið mikil framför hjá flestum bílaframleiðendum samanber að nú eru flestir bílar komnir með bakkmyndavél, GPS leiðsögukerfi, blindhornsvara og skiltalesara sem les umferðarskiltin um hámarkshraða og lætur vita í mælaborðið hver hámarkshraðinn er á hverjum stað. Í sumum bílum er hægt að stilla hámarkshraðann í bílnum eftir þessum skiltalesara.

Allur þessi búnaður er í Opel Insignia og meira til, s.s. bílastæðaaðstoð (hjálpur til að leggja í stæði) og sjálfvirk rafstýrd neyðarhæmlun svo eitthvað er nefnt.

Að sitja í ökumannssætinu getur stundum verið þreytandi, en í Opel Insignia er hægt að stilla bílstjórásætið á átta vegu og einnig að setja fram litla framlengingu fyrir læri (sem mér finnst mjög gott þegar ekið er langt).

Eyðsla minni en ég gerði ráð fyrir

Að keyra bíllinn er gott og hávaði að utan inn í bíllinn er með minna móti sem bendir til þess að bíllinn sé vel hljóðeinangraður.

Fjöðrun er skemmtileg á malbiki, stíf og með sportbílaeiginleika. Á malarvegi var fjöðrunin of stíf þar sem dekkinn gefa nánast ekkert eftir þegar ekið er í dæmigerðar holur á malarvegum. Bíllinn sem ég prófaði var á 18 tommu felgum, en hægt er að fá hann á 17 tommu felgum með hærri dekkjum sem gefa betur eftir á mól, en eru síðri í miklum leik á malbiki.

Þrátt fyrir að bíllinn væri á



OPEL Insignia Innovation.

Helstu mál og upplýsingar

Hæð	1.455 mm
Breidd	1.941 mm
Lengd	4.897 mm


Myndir / HLJ



Blindhornsvari er nú að verða staðalbúnaður í bílum sem vonandi verður skyldubúnaður.



Dekk með svona lágan prófil gefa nánast enga fjöðrun á holóttum malarvegum.



Lofthæð fyrir farþega í aftursæti er með minna móti.



Undir plötunni í stóru farangursrýminu er varadekksaumingi sem er þó allavega skárri en að vera varadekkslaus eins og vel flestir rafbílar.



Nokkuð sáttur í lok prufuaksturs með eyðsluna.

harðkorna vetrardekkjum mældist hávaðinn inni í bílnum ekki nema 58db. (mæli alltaf eins með db. mæli á hægri læri á 90 km hraða á malbiki).

Fyrirfram hafði ég ímyndað mér að svona stór bíll með svona

kraftmikla vél væri að eyða nálægt 10 lítrum á hundraðið, en að loknum prufuakstri hafði ég farið 120 km. Í blönduðum akstri og samkvæmt aksturstölvunni var mín eyðsla 8,5 lítrar á hundraðið á meðalhraða upp á 49 km.



Grænn bíll fyrir framan segir fjarlægð í hann vera í lagi.



Gulur bíll, segir að of stutt bíl sé í bíllinn fyrir framan.

Fáir mínusar, en margir plúsar

Eftir aksturinn fór ég yfir alla þá þætti sem prófaðir voru, en mér fannst bíllinn frekar hastur á holóttum malarvegum.

Full lágt var til lofts fyrir farþega í aftursæti. Voru aðeins örfáir sentimetrar til lofts frá mínu höfði þegar ég sat í aftursætinu, en ég er 175 cm.

Varadekkið er það sem ég

kalla aumingi og varla boðlegt íslensku vegakerfi. Plúsarnir voru svo fjölmargir að varla er pláss á prenti fyrir þá alla, en hrifnastur var ég af hitanum í stýrinu, fjarlægðarskynjaranum í næsta bíl á undan, stóru farangursrými, hljómtækjunum, hljóðeinangrun frá umhverfishljóðum og ökumannssætinu.

Verðið á Opel Insignia er frá 4.290.000 og upp í 4.990.000.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Desember með öllu sínu „stressi“

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Síðasta mánuðinn fyrir jól þyngst umferðin og virðist eins og allir séu að flýta sér á einn eða annan hátt.

Þetta sé ég vel á minni vinnu sem felst í að aðstoða þá óheppnu aðila sem lenda í að dæla röngu eldsneyti á bílana sína, en í desember tvö- til þrefaldast þessar beiðnir um afdælingar á röngu eldsneyti. Fyrir utan kostnaðinn, sem er á bilinu 19 til 30 þúsund krónur, þá tekur það oftast nokkurn tíma að eldsneytistæma bíla. Oft hef ég notað þann tíma til að reyna að fá skýringu á mistökunum hjá þeim sem dældi ranga eldsneytinu. Algengasta svarið er að viðkomandi hafi verið annars hugar eða að flýta sér. Flýtum okkur hægt, það borgar sig í flestum tilfellum.

Góð vísa er aldrei of oft kveðin

Þessi pistill er nú birtur í fjórða



Það er dýrt að flýta sér of mikið og dæla röngu eldsneyti á bílinn.

sinn að mestu orðréttur frá jólablaði Bændablaðsins síðustu ár sem áminning um ýmislegt sem huga þarf að fyrir jólin:

Fátt gleður augað meira en sú hefð Íslendinga að skreyta úti í sínu næsta nágrenni hús, vélar og fleira með fallegum litskrúðugum ljósum í desember.

Kunningi minn er einn af þessum sem skreyta meira en aðrir og vekur alltaf athygli. Þegar hann byrjaði að skreyta svona mikið gerði hann mörg mistök, setti of margar ljósaseriur á

of lítið rafmagn, ekki allir tenglar og fjöltengi voru vatnsheld og í rigningu sló allt út. Fjöltengi og framlengingarsnúður þurfa að þola álagið og íslenskt veðurfar.

Margar framlengingarsnúður eru ekki ætlaðar fyrir mikið rafmagn og hitna við mikið álag. Að kaupa ódýr fjöltengi og framlengingarsnúður getur verið kostnaðarsamt, en ein algengasta orsök bruna sem orsakast af rafmagni er út af því að of mikið er tekið af rafmagni af einum stað.

Slökkvitæki, reykskynjarar og eldvarnarteppi er skyldueign

Njótum jólanna í kærleik og verum vinir

Kertanotkun eykst hjá flestum um jól og áramót, en að mörgu er að hyggja þegar kerti eru annars vegar. Dæmi eru um kertaskreytingar sem hafa fuðrað upp og valdið miklum eldsvoða, heimilisdýr rekið sig í kerti og kveikt í, vindgustur í gardinum yfir kerti og gardínan fuðrað upp, svona má eflaust lengi upp telja. Mörgum eldsvoða hafa reykskynjarar bjargað, en í þeim þarf að skipta um rafhlöðu einu sinni á ári.

Ágætis regla er að hafa ákveðinn dag til að skipta um rafhlöðuna og mæli ég með að nota Þorláksmessu sem „reykskynjara-rafhlöðudaginn“.

Slökkvitæki eiga að vera til á öllum heimilum og ef hæðir eru margar í íbúðarhúsi ætti að vera eitt slökkvitæki á hverri hæð, þau þarf að yfirfæra reglulega (sjá merkingar á tækjunum). Eldvarnarteppi á að vera staðsett nálægt eldavélinni á hverju heimili.

Jól og áramót er sá tími ársins er ættingjar og vinir hittast og er flestum mjög kær og töluvert er um ferðalög á milli landshluta. Það getur verið gaman að ferðast og sjá landið í skammdeginu í allt öðru ljósi en á hefðbundnum „ferðalagamánuðum“, en á þessum hátíðisdögum leynist líka hætta.

Síðustu ár hefur mátt lesa greinar í fjölmiðlum um óhöpp, kvíða og stress sem tengist jólaundirbúningi vegna þess að það er svo mikið sem þarf að gera fyrir jólin. Það eru bæði börn og fullorðin fólk sem liður illa og kvíðir fyrir jólnum af ýmsum ástæðum. Sýnum kærleika um jólin, verum góð hvert við annað, ferðumst með æðruleysi og jákvæðni í umferðinni, elskum nágrennann eins og við elskum okkur sjálf. Ég vil þakka þeim sem hafa gefið sér tíma til að lesa þessa stuttu pistla síðustu ár og vona að þeir hafi komið einhverjum að gagni. Gleðileg jól og farsælt komandi ár.

✪ **DEKKJASALA AKUREYRAR**

Úrval hjólbarða á betra verði

Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa-, og vörubíladekk í úrvali.

Vinnu- og dráttarvéladekk

Double Star vörubíladekk

20%

afsláttur af öllum dekkjum

Double Star Jeppadekk
35x12,5x15

MOTUL
Smurþjónusta

Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4124

Hjólbarðapjónusta - Smurþjónusta - Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl. (Jason ehf.) Njarðarnesi 1 sími 460 4350

STARTARAR OG ALTERNATORAR

fyrir allar gerðir bíla, báta og vinnuvéla

Frí heimsending um allt land

Glerárgata 34b v/ Hvannavelli · 600 Akureyri
Sími: 461 1092 · E-mail: asco@asco.is

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg

Skiptahólf 50b, 105 Reykjavík

VÍKURVAGNAR EHF.

HESTAKERRUR - GRIPAVAGNAR

HESTAKERRA

HB 610 - FYRIR 5-6 HESTA

VERÐ

2.190.000 með vsk.

GRIPAFLUTNINGAKERRA

TA 510 - FYRIR 4-5 HESTA

VERÐ - 1.570.000 með vsk.

TA 510 – FYRIR 4-5 HESTA MEÐ MILLIGÓLFI

VERÐ – 1.850.000 með vsk.

TA 5 – FYRIR 2-3 HESTA

VERÐ – 1.200.000 með vsk

STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

Vikurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík

Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

KROSSGÁTA Bændablaðsins

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

74

	TRE	HALLMELA	SMÁ BLONDUR	FRÁ	SULL		LASLEIKI	BOX	AFSPURN	FLAN
BASÍKUR	A	L	K	A	L	Í	S	K	U	R
TÁGARILÁT	K	A	R	F	A		L	A	M	A
SANTÖK	A	S	Í		KLERKS	P	R	E	S	T
STAÐL	S	T	A	G		A	N	S	A	OFAR
JÁRKA					GEONA					
					AGÆTIS					
	↓	KIPRA	SIGTI	S	Í	A	ALDUR	R	E	K
			FREDDI				HARNUR		LYKT	I
LABBA	S	P	Ó	K	A		A	P	L	O
MJELL-EINING	K	Í	L	Ó		M	K	O	N	A
ÓÐ	Æ	R		T	E	M	U	R		
HÁTTUR	L	A	G		A	F	U	N	G	I
	B		A	S	M	I		T	A	N
LALLA	R	Ö	L	T	A		M	J	A	K
MJÓLUR- AFURÐ	O	S	T	U	R		H	R	E	A
BIRTA	S	K	I	N		H	E	R	A	
VAXA	A	U	K	A	S	T		K	R	

Líf og lyst

BÆRINN OKKAR

Sveinn Aðalsteinsson og Sif Jóhannesdóttir eru leiguliðar á bænum Ærlæk til tveggja ára frá nóvember 2016.

Býli: Ærlækur.

Staðsett í sveit: Öxarfirði í Norður-Pingeyjarsýslu.

Ábúendur: Við hjónin Sveinn Aðalsteinsson og Sif Jóhannesdóttir erum leiguliðar á bænum til tveggja ára frá nóvember 2016

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Fjölskyldan og búseta hennar er fremur venju flókin.

Fjölskyldan býr á tveimur stöðum, Sveinn og Þorsteinn sonur hans búa á Ærlæk í vetur ásamt föður Sifjar, Jóhannesi Óla. Sif og sonur okkar, Jóhannes Óli yngri, búa að jafnaði á Húsavík, en koma í sveitina hvenær sem færi gefst.

Bræður hafa haft vistaskipti en síðasta vetur bjó Þorsteinn á Húsavík en Jóhannes Óli á Ærlæk. Þar að auki eigum við þrjú uppkomin börn sem öll búa á Akureyri og stunda þar nám. Gæludýrin eru tvö; kötturinn Kolur á Húsavík og eins árs gömul gömul Border Collie-tík sem býr á Ærlæk og heitir Píla.

Stærð jarðar? Um 700 ha.

Gerð bú? Sauðfjárþú.

Fjöldi búfjár og tegundir? 530 vetrarfóðraðar ær, 15 endur og 7 hross.




Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Hefðbundinn dagur í desember þegar allt er komið á hús og fengitíð ekki byrjuð er frekar einfaldur og þægilegur. Morgungjöf kl. 8, bæta á eldinn í reykhusinu og svo stússast við frágang eftir rúning og undirbúning fyrir fengitíð. Seinnipartsgjöf eftir kl. 16.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Vorverk á sauðburði eru alla jafna skemmtilegust þegar vel gengur og veðrið er þökkalegt. Smölun og réttir eru líka frábær

skemmtun í góðu veðri og góðum félagsskap. Leiðinlegast er að þurfa að berjast um í slyddu og djöfulskap, sama á hvaða árstíma. Það gerir öll bústörf leiðinleg.

Hvernig sjáid þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Ærlækur er jörð sem hefur allt til að bera sem hægt væri að hugsa sér til að stunda búskap. Af því leiðir að þeim sem býr þar eru allir vegir færir.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Við þekkjum



of lítið til félagsmála bænda til að hafa mótað sterkar skoðanir á þeim.

Magnútlutningur á lágvörumarkað er glóruslaus hugmynd.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Einfalda svarið er vel. Það liggur fyrir að starfsumhverfi er að breytast og óvissa er um framhald og það hvernig raunveruleika landbúnaður mun búa við, sérstaklega í sauðfjárrækt. Þeim sem ná að laga sig að breyttum aðstæðum og starfsumhverfi með hókuna uppi og hugmyndaflug til að nýta möguleikana á eftir að vegna vel.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Ef útflutningur á að vera mögulegur, verður hann að vera á mörkuðum þar sem kunninn er til í að borga fyrir vöru vegna uppruna og aðferða við framleiðslu. Sérvara í „litlu magni“ á háu verði.

Hvað er alltaf til í ísskápnunum? Nýmjólk, án hennar er hungursneyð yfirvofandi.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Heimagerð bjúgu Sveins bónda hafa gengið hvað best í mannskapinn.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Á okkar stutta búskapartíma hefur margt eftirminnilegt gerst og vafalítið á hver fjölskyldumeðlimur sitt eigið eftirminnilegasta atvik. Sveinn fær að eiga svarið við þessari spurningu: „Þegar við Sif unnum verkefni í fæðingarhjálp saman sem kröfðust lagni og afls. Sif lagði til lagni, ég afl. Eftirminnilegust eru slík tilvik þar sem lömb og mæður lifðu og döfnuðu.“

Jólamarkaður í Ásgarði í Álafoskvosinni:

Hápunktur ársins á handverkstæðinu

Hápunktur hvers árs í Ásgarði, handverkstæðisins í Álafoskvosinni í Mosfellsbæ, er jólamarkaðurinn sem jafnan er haldinn fyrstu helgina í desember. Ásgarður er verndaður vinnustaður, en þar vinna 22 starfsmenn að smíðum og listmungerð allan ársins hring, undir handleiðslu níu starfsmanna.

Jólamarkaðurinn var haldinn laugardaginn 2. desember síðastliðinn og var fjöldi manns kominn í Braggann, smíðjuna þar sem munirnir voru sýndir, fljótlega eftir



opnun á hádegi. Kaffihlaðborð var svo í sjálfum Ásgarðinum, steinsnar frá.

Hjörtur Garðarsson, einn leiðbeinendanna í Bragganum, sagði gestum frá því sem fyrir augu bar á markaðnum. „Á trésmíðaverkstæðinu smíðum við alls konar tréleikföng og listmuni af ýmsum gerðum. Við erum með ákveðna línu í barnaleikföngum sem við erum alltaf með í framleiðslu og svo fyrir þennan hátíðardag okkar smíðum við líka sérstaka

jólamuni. Svo erum við líka með listasmiðju og þar er unnið úr hornum, leðri og kopar til dæmis – auk þess sem þar er mikið ofið. Við höldum okkur mest við íslenskt hráefni, en koparinn og nautgripahornin þurfum við reyndar að flytja inn þar sem fátt er yfirleitt af slíku í boði hér á landi. Við vinnum samt talsvert úr íslenskum hreindýrahornum og eitthvað úr hrúthornum.“



Þetta er aðaldagurinn en verslunin opin flesta daga

„Þetta er aðaldagurinn okkar en verslunin, sem stendur fyrir ofan Ásgarð, er þó opin flesta daga,“ segir Hjörtur Garðarsson. /smh



Góð aðsókn var á jólamarkaðinn í Ásgarði, enda margt fallegt og forvitnilegt þar að skoða.

Myndir / smh



HANNYRÐAHORNID

Fallegir vettlingar fyrir frostmorgna

Fallegir vettlingar á herrann þrjónaðir úr Drops Karisma eiga eftir að koma sér vel á köldum dögum í vetur.

Dömuveltlinga í stíl má finna á garnstudio.com.

Stærð: M/L

Efni: DROPS KARISMA - 100 gr

Sokkprjónar nr 3 og 3,5 – eða þá stærð sem þarf til að 22 lykkjur og 30 umferðir með sléttu prjóni verði 10x10 sm á prjóna nr 3,5.

Kaðlaprjónn.

UPPLÝSINGAR FYRIR MYNSTUR:

MYNSTUR:


Sjá mynsturteikningu A.1 og A.2. Mynsturteikning sýnir allar umferðir í mynstri séð frá réttu.

ÚTAUKNING:

Aukið út um 1 lykkju með því að slá 1 sinni uppá prjóninn, í næstu umferð er uppslátturinn prjónaður snúinn slétt svo að ekki myndist gat.

ÚRTAKA:

Fækkið lykkjum þannig (byrjið 3 lykkjum á undan prjónamerki): 2 lykkjur slétt saman, 2 lykkjur slétt (prjónamerki er staðsett mitt á milli þessa 2 lykkja), takið 1 lykkju óprjónaða eins og prjóna eigi hana slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð.



Handverkskúnt óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

VETTLINGAR:

Stykkið er þrjónað í hring á sokkprjóna.

HÆGRI VETTLINGUR:

Fitjið upp 48 lykkjur á sokkprjóna nr 3 með Karisma og prjónið 1 umferð slétt. Prjónið síðan þannig: Prjónið stroff (2 lykkjur slétt, 2 lykkjur brugðnar) í 7 sm. Næsta umferð er prjónuð þannig: Prjónið *2 lykkjur slétt, 2 lykkjur brugðnar saman, 2 lykkjur slétt, 2 lykkjur brugðnar*, endurtakið frá *.* 2 sinnum til viðbótar, prjónið 2 lykkjur slétt, 2 lykkjur brugðnar, 2 lykkjur slétt, A.1 yfir næstu 14 lykkjurnar, prjónið 2 lykkjur slétt, 2 lykkjur brugðnar saman = 50 lykkjur á prjóninum. Skiptið yfir á sokkprjóna nr 3,5 og prjónið næstu umferð þannig: Prjónið 26 lykkjur slétt (= innan í lófa), A.2 (= 20 l) og 4 lykkjur slétt. Haldið svona áfram með mynstur.

ATHUGIÐ PRJÓNFESTUNA Þegar stykkið mælist 14 sm er aukið út um 1 lykkju hvoru megin við fyrstu lykkju í umferð fyrir þumal – lesið ÚTAUKNING að ofan. Aukið svona út hvoru megin við útauknu lykkjurnar í annarri hverri umferð, 5 sinnum til viðbótar = 62 lykkjur. Setjið nú 13 þumallykkjur á þráð/nælu. Haldið áfram hringinn eins og áður og fitjið upp 1 nýja lykkju aftan við þumal í næstu umferð = 50 lykkjur. Þegar vettlingurinn mælist

ca 26 cm (mátið e.t.v. vettlinginn, nú eru ca 3 cm til loka), setjið 1 prjónamerki eftir fyrstu lykkju í umferð og 1 prjónamerki eftir 24 lykkjur. Fækkið nú um 1 lykkju hvoru megin við bæði prjónamerkin – lesið ÚRTAKA að ofan. Fækkið lykkjum svona í annarri hverri umferð alls 3 sinnum og síðan í hverri umferð alls 2 sinnum – fækkið að auki um 2 lykkjur yfir hvern kaðal = 24 lykkjur. Prjónið lykkjurnar slétt saman 2 og 2 = 12 lykkjur. Prjónið lykkjurnar slétt saman 2 og 2 = 6 lykkjur. Klippið frá, dragið bandið í gegnum þær lykkjur sem eftir eru, herðið að og festið vel.

ÞUMALL:

Setjið til baka 13 þumallykkjur af bandi á sokkprjóna nr 3,5. Prjónið að auki upp 3 lykkjur aftan við þumal = 16 lykkjur. Prjónið sléttprjón hringinn þar til þumallinn sjálfur mælist um 5 sm (mátið e.t.v. vettlinginn, nú er eftir ca 1/2 sm til loka). Prjónið 2 umferðir slétt og prjónið allar lykkjur saman 2 og 2 í báðum umferðum = 4 lykkjur eftir á prjóni. Klippið frá, dragið bandið í gegnum þær lykkjur sem eftir eru, herðið að og festið vel.

VINSTRI VETTLINGUR:

Fitjið upp og prjónið eins og hægri, en aukið út fyrir þumal hvoru megin við 22. lykkju í umferð.

Létt

2				7	9		4	6
		4	2					
1	8		6			2		
5	7				8		9	3
		6		3		7		
3	1		4				2	5
		9			1		5	4
					5	8		
8	4		3	2				7

Þung

		4		1				5
	7				8			
	9	6				2		
9				5				1
			8		7			
8				6				3
		1				9	6	
			7				5	
5				2		4		

Miðlungs

		1					3	
8						2		
		2	5	1			4	
					8		5	7
		7	8	1		6	9	3
		6	4		3			
		9		2	5	1		
			3					5
		6					7	

Þyngst

	8		5		4			
		1		3				6
								9
9								1
				6				
7	5							2
6								
		2		1		4		
			7		8		3	

FÓLKID SEM ERFIR LANDIÐ

Kindur í mestu uppáhaldi

Þorsteinn er eldhress strákur sem flutti í Ærlæk fyrir ári síðan, finnst gaman að sinna skepnum, fara á hestbak og almennt að vesenast í því sem til fellur í sveitinni.

Honum finnst líka gaman að fara til Húsavíkur þar sem hann bjó áður, fara á æfingu með Völsungi og leika við félagana úr gamla skólanum sínum, kíkja svo til ömmu og afa, koma sér vel fyrir í sófanum með kex og mjólk og horfa á sjónvarpið.

Nafn: Þorsteinn Sveinsson.

Aldur: 11 ára.

Stjórnumerki: Naut.

Búseta: Ærlækur.

Skóli: Öxarfjarðarskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Íþróttir.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Kindur.

Uppáhaldsmatur: Pylsur.

Uppáhaldshljómsveit: Skálmöld.

Uppáhaldskvikmynd: Hobbitinn.



Fyrsta minning þín? Þegar ég var 4 ára þá datt ég og fékk gat á hausinn á aðfangadag og þurfti að láta sauma.

Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Fótbolta.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Sauðfjörðbóndi.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Rússibanaferð í Tívolinu í Kaupmannahöfn 2013.

Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar? Var með fjölskyldunni.

Næst » Þorsteinn skorar á Lilja Dröfn Curtis Arnbjörnsdóttur að svara næst.

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.



JÓLAMATURINN — BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

Hungangsgljáður hamburgarhryggur og grísapurusteik

– og *Ris a la Mande* í sparifötunum

Hamburgarhryggurinn er algengasti jólamaturinn á veisluborðum Íslendinga á aðfangadagskvöld. Hér er boðið upp á sérstaklega ljúffenga hátíðarútgáfu og hryggurinn gljáður með hunangi og mandarínusafa. Sumir kjósa fremur óreykt grísakjöt og fyrir þá er hér líka sígild grísasíða – purusteik af bestu gerð.

Grísa-purusteik

Hráefni

- › 800 g grísakjöt – gott að kaupa beinlausa síðu sem búið er að skera í skinnið
- › Gróft salt
- › 10-15 lárviðarlauf
- › 6-7 dl vatn
- › 2 matskeiðar hveiti
- › 1-2 msk epla-gastrik (gastrik er grunnur sem er gerður með edik og brúnuðum sykri – sjá uppskrift að neðan)
- › pipar

Aðferð

Athugaðu að búið er að skera í fituna með ½ sentimetra millibili. Nuddið nóg af grófu salti og setjið lárviðarlauf milli laga. Gott er að nudda svínasíðuna með rökum höndum, sem gerir það að saltið festist betur við, og þá hjálpar það einnig til að „sjóða“ fituna í upphafi matreiðslutímans, svo að hún getur seinna orðið stökk og góð.

Setjið svínasíðuna á grind, látið skinnið snúa niður, og setjið pönnu með 6-7 dl af vatni undir. Eldið í forhituðum ofni, við 180 gráður, í 65-70 mínútur. Þegar helmingur eldunartímans er liðinn, hellið þá vökvanum úr bakkanum. Snúðið purunni við og nuddið auka salti í. Það er um að gera nota soðið til að gera sósu úr. Væri soðið látið vera áfram í ofninum í bakkanum, myndi gufan af því hamla því að puran yrði almennilega stökk og góð.

Þegar kjötinu hefur verið snúð við þannig að puruhlutinn snúi upp, hækkið þá hitann í 250 gráður og eldið í nokkra mínútur. Lækkið þá í 230 gráður þar til svinapurinn er stökk og fallega brún, en ekki brennd. Sjóðið sósunu niður í 6-7 mínútur, smakkið til síðan með apríkósusultu, salti og pipar. Sigið sósunu gegnum fint sigti. Gott er að láta grísapuruna standa í að minnsta kosti 15 mínútur áður en hún er skorin.

Berið fram með soðnum kartöflum, rauðkáli og sósu.

Gastrik: Ef þú vilt að sósan þín sé betri, er gott að bæta gastrik í hana sem er blanda af karamellu og ediki. Það gefur sósu meira sætleika, sýrustig og biturð.

Gamaldags brúnsósa

– jólasósan

Í þessa uppskrift er hægt að nota soð frá svínakjöti eða alifuglakjöti.

Fyrir sósu

- › 2 matskeiðar hveiti fyrir ½ lítra sósuþökvi

- › Salt og pipar úr kvörn
- › Gastrik (edik og sykurkaramella)
- › 100 g af sykri
- › 2 dl eplasafi, vín eða ávaxtasafi

Aðferð

Hitið soð að suðumarki. Látið fituna safnast ofan á soðið og fleytið henni svo til hliðar í soðinu. Sigið tvær matskeiðar af hveiti yfir fituna (passar fyrir hálfan lítra af sósu) og látið fituna og hveitið sökkva til botns. Hrærið sósu saman og eldið saman í minnst 20 mínútur (gott að nota töfrasprota ef hann er við höndina). Smakkaðu til með gastrik-edikgrunni ásamt salti og pipar. Sumir vilja bæta sultu, piparosti eða rjóma saman við.

Hunangs- og mandarínugljáður hamburgarhryggur

– fyrir átta til tíu manns

Hráefni

- › 3 kg hamburgarhryggur
- › 4 stk. gulrætur, skrældar og saxaðar
- › 1 blaðlaukur, hreinsaður og grófskorinn
- › 1 laukur, skrældur og sneiddur
- › 1 tsk. svört piparkorn, lítilliga mulin
- › 1 tsk. kórianderfræ, lítilliga mulin
- › 1 kanilstöng, brotin í tvennt
- › 3 lárviðarlauf
- › 20 negulnaglar til skrauts
- › 5-10 sneiðar af mandarínu til skrauts

Hunangsgljái

- › 100 g hrá sykur
- › 50 ml þúrtvín eða mandarínusafi
- › 25 ml sérrí-edik
- › 125 g hunang

Aðferð

Setjið hamburgarhrygg í stóran pott og hellið nægu köldu vatni yfir til að hylja hann. Bætið út í gulrótum, blaðlauk, lauk, piparkornum, kórianderfræjum, ásamt kanilstöngum og lárviðarlaufblöðum. Kryddið og látið sjóða í rúma klukkustund. Setjið meira sjóðandi vatn út í ef þörf krefur. Fleytið froðu og óhreinindi af, sem fljóta upp á yfirborðið. Látið hamburgarhrygginn kólna í soðinu áður en hann er færður upp á ofnfast fat eða pönnu. Sjóðið niður soðið og geymið svo fyrir súpu- eða sósugerð síðar meir.

Til að gera gljáann er sykurrinn, þúrtvínið eða mandarínusafinn, sérrí-edikið og hunangið sett í pott. Þetta er hrært saman og látið sjóða niður í 3-4



mínútur eða þar til komið er glansandi dökkt síróp. Hitið ofninn í 190 gráður og skerð krossa í hamburgarhrygginn með hnífi, þannig að það myndist fallegir ferningar eða demantar á yfirborðinu. Gætið þess að skera ekki djúpt inn í kjötið. Setjið negulnagla í miðju hvers fernings/demants.

Setjið hamburgarhrygginn í ofnfast fat og hellið helmingi gljáans yfir yfirborðið. Bakið í 15 mínútur.

Hellið restinni af gljáanum yfir og bakið aftur í ofninum í aðrar 25-35 mínútur, þar til hamburgarhryggurinn er orðinn gulbrúnn (gott er að ausa yfir af fatinu annað slagið með skeið). Það hjálpar einnig að snúa fatinu aðeins til að fá jafna brúningu. Þegar tíu mínútur eru eftir eru mandarínusneiðar settar ofan á til skrauts. Einnig er gott að strá aðeins flórsykri yfir eða láta þær sjóða aðeins í sírópinu áður. Passið þó að sneiðarnar brenni ekki.

Takið hrygginn úr ofninum og látið hvíla í 15 mínútur áður en hann er skorinn og framreiddur með meðlæti.

Kirsuberjasósa

– með anís og kanil

Hráefni

- › 200 g frosin kirsuber
- › Börkur og safi af 1 appelsínu
- › 2 matskeiðar sykur
- › 1 msk. kirsuber edik
- › 1 kanillustöng
- › 1 stjörnuanis
- › Um 1 msk. Maizena-mjöl til að þykkja sósunu

Með fint rifnum appelsínuberki, kanil og stjörnuanis.



Setjið kirsuber á pönnu ásamt fint rifnum appelsínuberki og appelsínusafa, sykri, ediki, kanil og stjörnuanis. Hitið að suðu og látið blönduna sjóða í 3-4 mínútur. Hrærið maizenamjöl saman við svolítið kalt vatn og hellið þessu saman við kirsuberjasósuna. Leyfið sósunni að sjóða í eina mínútu þar til hún hefur þykknað. Smakkið til með auka sykri eða ediki ef þörf er á.

Ris a la Mande

Hrisgrjónagraut er hægt að gera bæði á gamla máttann eða setja í sparifötin. Hægt er að bæta hvítu súkkulaði í grunninn, gera sína eigin kirsuberjasósu og jafnvel heita karmellusósu sem er aðeins öðruvísi en það sem fæst tilbúið úr matvörubúð.

Hráefni

- › 100 g ristaður möndluspærir til skrauts
- › 6 dl rjómi

- › 200 g möndluspærir ristað í ofni
- › 1/2 vanillustöng sem er klofin og fræin skafin úr
- › 50 g flórsykur
- › 4 dl kaldur hrisgrjónagrautur
- › 300 ml vatn
- › 100 g hrisgrjón fyrir graut
- › 500 g mjólk
- › 100-200 g hvítt súkkulaði

Sjóðið grjónin fyrst í vatninu í 10 mínútur. Bætið svo mjólkinni saman við og sjóðið varlega í 25 mínútur. Látið standa undir loki í 10 mínútur og hrærið söxuðu hvítu súkkulaði saman við. Látið kólna. Létþeyttum rjóma er blandað við kaldan grautinn ásamt flórsykri og vanillunni (gott er að sjóða vanilluhýðið með grautum).

Framreiðið í skálunum. Hellið ljúffengri sósu yfir (jafnvel karmellusósu sem er gerð með smá rjóma og keyptum karamellum að eigin vali sem er hitað saman í örbylgjuofni). Svo má skreyta með ristudum möndlum eða kökuskrauti.

White-Westinghouse
-amerísk gæða heimilistæki



11 kg purrkari

- Öflugur > 4500w element
- Tekur 11 Kg - Tengist barka
- Stórt op > auðvelt að hláða

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c - 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 - WWW.RAFVORUR.IS

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.100 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.200 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 16:00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Iceland Outfitters óskar eftir að bæta við sig veiðisvæðum. Upplýsingar gefur Stefán Sigurðsson í síma 855-2681, stefan@icelandoutfitters.com



Til sölu Land Rover Defender árg. 2005, 38 tommu, breyttur, 8 manna, leðursæti, vísa öll fram. Ekinn 387.000 km. Webasto miðstöð. Verð 2.990.000 kr. Uppl. í síma 660-1499.



Taðkló. Breidd 220 cm. Verð 330.000 kr. með vsk. (267.000 kr. án vsk.) H.Hauksson ehf, sími 588-1130.



Sami flaghefill. Breidd 3,1 m. Tveir tjakkar, með tilti og hjólum. Verð 590.000 kr. +vsk. Afvélur ehf. sími 480-0000.



Eigum á lager krókheysispalla, Hardox 450. Lengd á palli er 5,6 m. Eru með loftvör og gafli sem hægt er að leggja upp að hægri hlið. Þjóðum einnig upp á fleiri útfærslur af gámum og grindum. Verð 1.190.000 kr. +vsk. Hafþór s. 849-9605. www.trukkur.is



Isuzu Dmax 2006 módel til sölu. Keyrður 265.000 km. og er í góðu standi. Verð 750.000 kr. Uppl. í síma 840-1555.



Sami fjölplógur VB-3700. Vinnslubreidd 3,7 m. Tengi: SBM. Þyngd: 1,2 t. Verð 1.590.000 kr. +vsk. Afvélur ehf. sími 480-0000.



Til sölu Komatsu WA 270, árg. '97. Notuð ca 12.800 tíma, fin vél, hraðtengi. Fjóðrun í gálga, keðjur. Verð 4.950.000 kr. +vsk. Uppl. gefur Leó í síma 897-5300.



Sami snjótönn fyrir gervigras. Breidd 4 m. Verð 480.000 kr. +vsk. Tengi: 3P. Afvélur ehf. sími 480-0000.



Minn eðalvagn til margra ára er til sölu. Volvo XC 70 LPT Turbo. Skr.d. 01/2003. Ekinn 190.000 km. Hestöfl 160, dísel, ssk. Dráttarkrókur. Verð 1.000.000 kr. Uppl. í síma 895-2417.



Snjótönnur og saltkassar í úrváli fyrir pallbíla. Nýjar og léttari tönnur sem henta t.d. vel á Toyota og Isuzu. Afvélur ehf. sími 480-0000.



Airrex AH-12N infrarauður hitari. Tilvalinn á svalirnar eða veröndina. Afköst -1,050 W. Verð 24.900 kr. Nánari upplýsingar. JHM Sport s. 567-6116.



Þessi gæfi köttur er til sölu. Hann hefur verið hjá sama eiganda frá því að hann var kettlingur eða síðan 1997. Hann er í fullu fjöri, þrátt fyrir 6000 tíma notkun. Honum fylgja skófla og brettagaflar. Verð 1.500.000 kr. +vsk. Nánar í síma 894-0444, Þorsteinn.



Airrex AH-300 dísel/raf, innfrarauður hitari. Veisluhöld, skemmur, sýningarsalir, partýtjöld. Afköst 13-15 kW/h. Verð 449.000 kr. JHM Sport s. 567-6116.



Sá hraðskreiðasti til sölu. JCB Fastrac 185 hö. Honum fylgir Prónar snjótönn og keðjur. Verð 5.250.000 kr. +vsk. Nánar í síma 894-0444.



Massey Ferguson 135. Vel með farinn, árg. '70. Uppl. veitir Guðni í síma 892-3817.



Til sölu



McCormick 115MC

Árgerð 2005, hestöfl 115, vinnustundir 6,720. Ámoksturstæki Stoll Robust F30. Verð 2.990.000.- kr. + vsk.



New Holland TS100A

Árgerð 2005, hestöfl 100, vinnustundir 6,400. Ámoksturstæki Alö 10.60. Verð 3.790.000.- kr. + vsk.



Pixy T35

Árgerð 2015, hestöfl 37, vinnustundir 190. Fylgitæki: Skófla, heyggreip og lyftaragafflar. Verð 2.290.000.- kr. + vsk.



Landini Powerfarm 95

Árgerð 2006, hestöfl 95, vinnustundir 1,650. Verð 2.390.000.- kr. + vsk.



New Holland T4.105 DC

Árgerð 2016, hestöfl 107, vinnustundir 265. Alö X 36 ámoksturstæki. Verð 6.990.000.- kr. + vsk.

Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur
Draupnigata 6 / 603 Akureyri
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is



Bobcat E50

Árgerð: 2015
Notkun: 1.360 vinnustundir
3 skóflur + hraðtengi



Hitachi ZX80

Árgerð: 2007
Notkun: 5.500 vinnustundir
Rótortilt og 3 skóflur. Ný belti



Hitachi ZX210

Árgerð: 2007
Notkun: 10.400 vinnustundir
900mm spyrnur



Komatsu PC210LC

Árgerð: 2011
Notkun: 5.420 vinnustundir
Nýjar keðjur + 900mm spyrnur
4 skóflur + ripper



Caterpillar 930G

Árgerð: 2007
Notkun: 11.000 vinnustundir
Snjóplógur, snjókeðjur og skófla
Ný dekk

Margar aðrar vélar í boði.

Skóðuðu úrválið á:
www.vinnuvelar.is



Vinnuvelar

Kistumel 2 • 116 Reykjavík
Sími 480 0444
vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is



DEK 30 kW rafstöðvar til á lager í hljóðeinangruðum kassa eða opnar á grind. Verð frá 990.000 kr. +vsk. Holt1.is og facebook.com/velasala. S: 435-6662/895-6662.



Traktor drifnar haughræur í mörgum útfærslum. Gæðaframleiðsla frá Austurríki, Póllandi og Ítalíu. Val um lengdir, allt að 8 m. Einnig raf- og glussadrifnar hræur. Hagstætt verð. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is.



Snjóskófla með vængjum. Breidd 2.000-3.450 mm. Verð 495.000 kr. með vsk (400.000 kr. án vsk.) H. Hauksson ehf, sími 588-1130.



Caterpillar M313D
Árg. 2013, 2.000 vst.
Rótortilt, 3 skóflur.
Verð 13.500.000 + vsk.



Caterpillar M316C
Árg. 2005, 13.000 vst.
Rótortilt og smurkerfi.
Verð 4.550.000 + vsk.



Liebherr R934
Árg. 2005, 9.900 vst.
Smurkerfi, hraðtengi og 2 skóflur.
Verð 5.000.000 + vsk.



Bomag BW213 DH-4
Árg. 2011, 2.800 vst.
Þjöppumælir, þjöppur að aftan.
Verð 7.900.000 + vsk.



Hinowa HS1200E beltvagn
Árg. 2008, ónotaður.
Mokar upp í sig sjálfur.
Verð 1.500.000 + vsk.



Hitachi ZX 250LC-5
Árg. 2015, 3.000 vst.
Smurkerfi, hraðtengi og 1 skófla.
Verð 14.950.000 + vsk.



Hitachi ZX19-5
Árg. 2017, 100 vst.
Hraðtengi og 3 skóflur.
Verð 2.950.000 + vsk.



Uppl. í síma
893-8424 / set@velafl.is
og á 694-3700 / gk@velafl.is
www.velafl.is



Taðklær. Breidd 120 cm, verð 195.000 kr. með vsk. Breidd 170 cm, verð 245.000 kr. með vsk. Breidd 220 cm, verð 330.000 kr. með vsk. H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



Fjárhúsmottur. Verð kr. 8.500 stk. með vsk (kr. 6.850 án vsk). Tilboð= Frír flutningur. H. Hauksson ehf. sími 588-1130.



Til sölu Ford 3500 árg. 2005. Ekkinn ca. 82.000 km. Með saltkassa og snjóplóg. Verð 2,9 m +vsk. Nánari uppl. í síma 693-5870.



Til sölu er Krefft kolældavél, vel með farin. Verð 140.000 kr. Uppl. í síma 848-2353.



Tveggja öxla vagn, sem er smíðaður til að bera allt að 3.5 t. Verð 400.000 kr. Uppl. í síma 895-7359.



100% lán í boði! Hyundai Terracan árg. 2006, dísel, ssk. Leður, krókur, ekkinn 201.000 km. Tilboð 999.000 kr. Uppl. í síma 849-3333.



Til sölu WW Passat 4x4 dísel. Ekkinn 98.000 km. Árg. 2013, sjálfskiptur. Ný nagladekk á álfelgum, nýleg sumardeck á álfelgum fylgja. Bakkmyndavél, nýsmurður, þjónustubók. Snyrtilegur bíll. Uppl. í síma 893-3360.



Til sölu Volvo FL610 árg. '95, ekkinn 293.000 km. Fastur pallur. Mikið endurnýjaður og ástand gott. Nýir rafgeymar, nýleg dekk o.fl. Verð 1.200.000 +vsk. Uppl. í síma 660-0770.



Skádæla með öflugum skera. Frábær hönnun, lítil fyrirferð. Mikil dælu- og hrærugeta. Dæluöxull úr ryðfriú stáli í olíubaði. Burðarvirki úr heitgalv. stáli eða SS stáli. Fáanleg með hræriskrúfu. Vinnulengd allt að 6 m. Framleiðandi: www.doda.com. Hákonarson ehf., hak@hak.is, www.hak.is, s. 892-4163.



Lok á potta, fjórar stærðir og tveir litir. Verð 62.500 kr. Goddi.is, Auðbrekku 19, 200 Kópavogur, sími 544-5550.



Pottar til í tveimur gerðum, bæði raf- og hitaveitukyntir. Verð 680.000 kr. m/loki og tröppu. Goddi.is, Auðbrekku 19, 200 Kópavogur, sími 544-5550.



Liprar og léttar fjárgrindur. Hægt að krækja saman án aukahluta. Breidd 180 cm. Hæð 90 cm. Verð pr. stk. 7.900 kr. án vsk. Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð pr. stk. 6.900 kr. án vsk. Aurasel ehf. Þöntunarsímar 899-1776 og 669-1336.



Weckman sturtuvagnar. Lækkað verð. 11 tonn, verð 1.390.000 kr. með vsk (1.121.000 kr. án vsk). 13 tonn, verð 1.590.000 kr. með vsk. (1.283.000 kr. án vsk). H. Hauksson ehf. sími 588-1130.



Flaghefill/snjótönn. Breidd 3,0 m. Verð 696.000 kr. með vsk. (561.000 kr. án vsk). H. Hauksson ehf. sími 588-1130.



Vökvaknúna vatnsdælur fyrir tankbíl og dráttarvél. Sjálfsgandi dælur sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig Centrifugal dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Stuttur afgreiðslutími, hagstætt verð og örugg þjónusta. Hákonarson ehf. s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Pallagafflar, burður 2500 kg. Verð 119.000 kr. með vsk (96.000 kr. án vsk). H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



Byltingarkennd nýjung í dælingu á mykju! Hnífadælur með öflugum hræriskrúfum og sprautustútum. Traktorsdrifnar eða með rafmóturum frá 5,5 kW upp í 30 kW. Brunndælur eða skádælur, 100 mm, 120 mm, 150 mm, 200 mm. Mikil dælugeta. Haughræur í mörgum útfærslum og stærðum. Mykjuskiljur sem framleiða undirburð. Hákonarson ehf. s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Framleiðum og eigum á lager krókheysisgrindur með eða án gámalása, sterkar og ódýrar. Framleiðum einnig flatpalla á krókgrindur til vélaflutninga og alls konar flutninga. Vagnasmiðjan.is - Eldshöfða 21, Rvk. S. 894-6000.



BOGS stígvél eru mjúk og hlý. Þola frost. Renna ekki í hálfu. Sterkur og góður sóli. St. upp í 48. Voru valin bestu kuldastígvél í USA 2014. Actacor, s. 899-6400.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 10,8 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum fyrir magnþvingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir afgjafar: rafmagn, bensín/dísl, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Weckman 17 tonna sturtuvagn. Verð 3.350.000 kr. með vsk. (2.701.000 kr. án vsk.) H. Hauksson ehf. sími 588-1130.



Hlíðasmari 3, 201 Kópavogur
Sími: 544 4210, GSM: 892 9399
info@verkfaeriefh.is
www.verkfaeriefh.is



Eigum fyrirleggjandi á lager nýjar KOBELCO SK18, 1,9 tonna, mini-gröfur. Þrjár skóflur og hraðtengi fylgja með. Leitið uppl. hjá sölumönnum



Eigum fyrirleggjandi á lager nýja KOBELCO SK45SRX-6, 4,5 tonna, mini-gröfu. Fáanleg með hraðtengi eða rótortilti og þremur skóflum. Leitið uppl.



Eigum fyrirleggjandi á lager 2015 og 2016 árgerðir af TEREX TC-37, 3,6 tonna, mini-gröfum. Þrjár skóflur og hraðtengi fylgja með. Leitið uppl. hjá sölumönnum



Eigum fyrirleggjandi á lager engcon aukahluti fyrir gröfur: skóflur, kústar, sléttujárn, þjöppur ofl. Leitið uppl. hjá sölumönnum.



Eigum fyrirleggjandi á lager CANGINI BENNE staurabor: MT 20 fyrir 1,8t. - 4,0t. gröfur. Einnig eru fyrirleggjandi 150mm x 1000mm og 350mm x 1000mm sniglar með grjóttoddi. Getum útvegað aðrar stærðir. Leitið uppl. hjá sölumönnum.

Bændablaðið
Smáauglýsingar.
563 0300



Hattat A110

102 hö perkins mótur
Verð: 4.490.000 án tækja
Verð: 5.700.000 með tækjum.



Solis 90

Verð: 3.820.000 án tækja
Verð: 4.900.000 með tækjum



Solis 26

Væntanlegur í febrúar
Verð: 1.250.000 án tækja
Verð: 1.750.000 með tækjum



Kane vagnar

2-30 tonna vagnar á leiðinni.



GT vagnar

3ja öxla flatvagn 4.800.000
2ja öxla grjótvagn 8mm hardox
Verð 4.900.000
Tilboð: 6% afsl. til áramóta



Belmac haugsuger og keðjudreifarar

9500 L verð frá 1.480.000



Nugent kerrur

Eigum ýmsar gerðir til á lager.
Gripakerra á mynd: 1.250.000
Vélakerrur frá 824.000
Sturtukerrur 1.150.000

Öll verð eru án vsk.

www.vallarbraut.is

www.vallarbraut@vallarbraut.is

S-8411200 & 8417300

Súðarvogi 6 Reykavík



Háprýstipvottadætur fyrir allan iðnað. Öflugur og vandaður dætur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Innihrætur fyrir gripahús. Rafdrifnar: 7,5 kW, 9,2 kW, 11 kW. Glussadrifnar: 8 kW, 60 l / min., 120 bar. Vinnudýpt: 130 cm skráfa: 200 mm. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Rúllugreip fyrir 2 rúllur. Vökvaopnun. Verð 296.000 kr. með vsk (239.000 kr. án vsk). H. Hauksson ehf. sími 588-1130.



Glæsilegur og vel með farinn Jeep Grand Cherokee Limited, árg. 2007, ekinn aðeins 140 þús. km., dísel, ssk. 4x4. Mikið endurnýjaður, 2 dekkjagangar. Verð 2.420.000 kr. Er til sýnis hjá Toyota Selfossi. Uppl. í síma 563-0320.



Fjölplogur. Breidd 2800 mm. Euro festingar. Verð 786.000 kr. með vsk. (634.000 kr. án vsk). H. Hauksson ehf. sími 588-1130.



Weckman rúlluvagn. Stærð palls 2,55 x 9 m. Verð 1.890.000 kr. með vsk. (1.525.000 kr. án vsk.). H. Hauksson ehf. sími 588-1130.



Haugsgubarkar. Eigum til haugsgubarka í helstu stærðum. Lengd allt að 20 m. Vélavál Varmahlíð. Sími: 453-8888.



Hnallar með keðju, 13, 15 og 19 hlekkja, á góðum verðum. Vélavál Varmahlíð. Sími: 453-8888.



Kraftklemmur. Bauer haugsgutengi og festingar. Gæði og góð verð. Vélavál Varmahlíð. Sími: 453-8888.



Til sölu Man 8.136. 4x4. árg. '86. ekinn 50.000 km. skráður fornbiill, engin bifreiðargjöld. Dekk 335/80R20. Skoðaður '19. Það sem fylgir með bílnum: auka er hásingar, ný bretti, grill, 225hp vél, overdrive 6 gíra girkassi og allt sem þarf til að setja þetta í. Uppl. í síma 893-5777, Krissi.




Ódýr Benz 160-A Class til sölu. Lítur vel út og eyðir engu og er reyklaus. Verð aðeins 190.000 kr. af sérstökum ástæðum. Mikið endurnýjaður, árg. '99. Ásett verð 390.000 kr. þar sem hann er á bílasölu en fæst á 190.000 kr. ef samið er strax. Uppl. á netfang jongud@mail.com



Snjótennur, fjölplogar, snjóblásarar frá Póllandi. Fyrir vinnuvélar, vörubíla, fjórhjól, lyftara og jeppa. Salt- og sanddreifarar, sópar. Allar gerðir festinga í boði. Einnig margs konar tæki fyrir landbúnað. Vönduð og sterk framleiðsla á frábærum verðum. Hákonarson ehf. hak@hak.is, s. 892-4163.



WC safnbox með hnifadælum fyrir kjallara. Móturar staðsettir fyrir utan votrymi. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf s. 892-4163, hak@hak.is



Taðkló, breidd, 2 m. Verð 198.000 kr. +vsk. Festingar og slöngur fylgja. Margar breiddir í boði. Mjög vandaður og sterkur búnaður, framleiddur í Póllandi. Við getum skaffað margs konar búnað fyrir landbúnað: Skóflur og klær í mörgum útfærslum, ámoksturstæki, frambúnað, baggagreiðar, rúlluskera, flórsköfur, jarðvinnutæki, snjótennur, salt/sand dreifara, allt á mjög hagstæðum verðum. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Skófla fyrir lyftaratennur með sturtubúnaði. Skóflurnar eru með glussatjökkum. Þrjár stærðir í boði. Hentar vel í margs konar iðnaði. Sköffum einnig lyftaragafla á traktora. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Snjótönn fyrir lyftaragafla. B: 1,4 m, 1,6 m, 1,8 m, 2,0 m, 2,2 m. Hæð á tönn: 48 cm. Skekking: hægri/vinstri. Búnaður sem borgar sig fljótt! Sköffum einnig lyftaragafla á traktora. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Rieju MRT 50cc. Verð í forpöntun 549.000 kr. m/vsk. Allt að 100% lán til 36 mán. hjá Pei. Nánari upplýsingar: JHM Sport, Stórhöfða 35. S. 567-6116.



1. Hitatúpa, 3x3W = 9W frá Rafhitun með þrýstikút. 2. Hitakútur, 200 l. frá Fagor. Hvoru tveggja 10 ára. Verð eftir samkomulagi. Uppl. veitir Sigurbjörn í síma 897-1671.

JÓLAGJÖF BÓNDANS

VERIÐ Í ÖRUGGU SAMBANDI MEÐ MOTOROLA.

TVÆR VANDAÐAR TALSTÖÐVAR Í PAKKA

MOTOROLA T41 PMR
FLOTT Í FRÍÐ OG LEIKINN
KR. 7.500.-

PMR 446 OPÍD KERFI
ALLT AÐ 4 KM DRÆGNI
8 RÁSIR
SKANNAR Á MILLI RÁSA
LCD SKJÁR
BELTISKLEMMA
ALKALINE RAFHLÖÐUR

MOTOROLA T61 PMR
FYRIR ÚTIVISTINA OG SPORTIÐ
KR. 12.600.-

PMR 446 OPÍD KERFI
ALLT AÐ 8 KM DRÆGNI
8 RÁSIR OG 121 UNDIRRÁS
SKANNAR Á MILLI RÁSA
5 HRINGITÓNAR
LCD SKJÁR
TENGI FYRIR HANDFRJÁLSAN BÚNAÐ
ROOM MONITOR (BARNAPÍA)
BELTISKLEMMA
ENDURHLAÐANLEG RAFHLAÐA NIMHL
HLEDSLUSTÖÐ
TEKUR LÍKA ALKALINE RAFHL. (FRAGA 888)

MOTOROLA T80
EXTREME PMR
FYRIR ÞÁ SEM VIJLA FARA LENGRA
KR. 19.800.-

PMR 446 OPÍD KERFI
LED VASALJÓÐ
ALLT AÐ 10 KM DRÆGNI
8 RÁSIR OG 121 UNDIRRÁS
SKANNAR Á MILLI RÁSA
LCD SKJÁR
VEIBURPOLIN
HANDFRJÁLS BÚNAÐUR
10 HRINGITÓNAR OG VIBRINGUR
ROOM MONITOR (BARNAPÍA)
BELTISKLEMMA OG HÁLSÓL
ENDURHLAÐANLEG RAFHLAÐA NIMHL
HLEDSLUSTÖÐ
TEKUR LÍKA ALKALINE RAFHL. (FRAGA 888)

...VIÐ MÆLUM MEÐ ÞVÍ BESTA

ÍSMAR
SÍMUNGLA 26 / 108 REYKJAVÍK
SÍMI 5305200 / ÍSMAR.IS




Snow Blizzard snjóblásari
B&S mótur með rafstarti, 249cc
Dreifing 1 - 10 metrar
69cm vinnslubreidd
Með ljósum og á grófum dekkjum
Frábær í mikinn og erfiðan snjó

Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

VETRARSÓL



Innflutningur og sala á vinnuvélum til Íslands. Við aðstoðum við flutning og kaup á nýjum/notuðum vinnuvélum og tækjum frá Bretlandi til Íslands. Yfir 20 ára reynsla, örugg og snögg þjónusta. www.ice-export.co.uk Erum líka á facebook undir: Suður England. Net-símar: Haukur 499-0588, Hafþór 499-0719, sudurengland@gmail.com

Til sölu

Hyundai Santa Fe II CDRI 2008, ekinn 221.000 km, óskar eftir vist á góðu heimili. Bíllinn hefur fengið gott við- og aðhald og selst á mjög sanngjörnu verði, Magnús Þór, sími 697-3197.

Viltu vita meira um Hornstrandir og Hornstrendinga? Hornstrandabækurnar allar 5 = 7.500 kr. Frítt með póstinum. Upp með Vestfirði! Vestfirska forlagið. jons@snerpa.is sími 456-8181.

Audi a4 árg. '95. Mikið endurnýjaður. Tveir dekkjagangar + ný tímareim. Uppl. gefur Heimir í síma 891-9900.

Til sölu 10t Sóma bátur m. 2x250ha Chummings. Með bátum fylgir línuspil og lagningskall og mögulega 5 tölvurúllur. Báturinn er ný botnmálaður, en er á floti. Einnig fylgir honum kerra, ásamt öllum hefðbundnum tækjum. Báturinn hefur einnig verið notaður með krana á dekkinu. Uppl. í s. 869-3499.

Útsala - Girðingaefni. 5 strengja túnnet 7.000 kr. r.l. Iowa gaddavir 4.600 kr. r.l. Motto gaddavir 2.600 kr. r.l. Þanvir 4.950 kr. r.l. Öll verð með virðisaukaskatti. H. Hauksson ehf, síma 588-1130.

Tveir þriggja vetra folar, vel ættaðir. Einnig óskast grófudekk 18,4 x 26 undir Cat gröfu. Uppl. í síma 846-3552.

Fyrirtæki í ferðapjónustu til sölu. Staðsett á Suðausturlandi Fyrirsurnir og frekari upplýsingar í gegnum tölvupóst: hofncottages@gmail.com

Ford F350 crew Kingsran, keyrður 130.000 km. Árg. '05. Einn eigandi, bíll í góðu lagi, m.a. er búið að fara í heddíð. Uppl. í síma 692-7678.

Massey Ferguson 135. Vel með farinn, árg. '70. Uppl. veitir Guðni í síma 892-3817.

Til sölu notuð Héðins iðnaðarhurð, stærð B 2700 x H 2710. Selst á góðu verði. Uppl. gefur Ingi í síma 617-5022.

27,3 ærgildi í sauðfé til sölu. Tilboð óskast send á netfang, atb@bondi.is fyrir 20. desember 2017.

Ærgildi til sölu. Tilboð óskast í tölvupósti á netfangið gha@rml.is fyrir 23. desember þar sem fram kemur upphæð og fjöldi ærgilda sem boðið er í.

Til sölu olíufylltir rafmagnsöfnar, sem nýir á hálfvirði. Eru 1000-1500 v hver og eru þeir ca. 10 talsins. Einnig 200 lítra hitatúpa á hálfvirði. Nánari uppl. í síma 822-4150.

Til sölu Benz sprinter 312, árg. 1999. Er með góðum mótur og girrkassa, 11 sæta. Ný sumardekk. Fer fyrir lítið, tilboð óskast. Uppl. í síma 895-5300.

316,8 ærgildi til sölu. Tilboð óskast og sendist á netfangið fanneyolof@rml.is fyrir 19. desember.

58,7 ærgildi til sölu. Tilboð óskast og sendist á koe@rml.is fyrir 22. desember. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

229 ærgildi til sölu. Tilboð óskast á netfang hofakur@simnet.is fyrir 21. desember.

Sérsmíðaðir gluggar frá Færeyjum. 10 ára ábyrgð. Tré og álklaðdir trégluggar. PVC gluggar og útidyr. Jóhann Helgi & Co. jh@Johannhelgi.is, 820-8096.

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása og drennottur, útleiktæki, gúmmihellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@Johannhelgi.is, 8208096.

Fjárhúsmottur. Verð 8.500 kr. stk. með vsk. Frír flutningur. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Þanvir/útsala. Verð 4.950 kr. r.l. með vsk. H. Hauksson ehf. sími 588-1130.

Undirburður. Fínkorna og ryklítið sag undir kýr og hross. Mjög rótbótavænt. Ókeypis heimkeyrsla á Þingeyjar- og Eyjafjarðarsvæðinu. Tökum þátt í flutningskostnaði til annarra staða á landinu. Pantanir í síma 864-0290 og á Undirburður.is

Rockwell afréttari, l. 1,60 x 8" 1 fasa. Rockwell þykktarhefill 20h x 30 cm. 1 fasa og afréttari + þykktarhefill af SCM gerð 3 fasa 40 cm x ca. 2 m l. Á sama stað eru til sölu Trima ámoksturæki 1630. Einnig vélsleði Yamaha 600. Uppl. í síma 892-8327 og 456-1570.

Óska eftir

Ég kaupi frímerki, pósthenging umslög, gömul skjöl, póstkort, seðla og mynt. Ef þú lumar á einhverju af þessu og vilt koma því í verð eða fá ókeypis verðmat þá ekki hikaðu við að hafa samband. Magnús, sími 896-1987, rvkauctions@gmail.com

Kaupi gamlar vínplötur, kassetur og aðra tónlist, plötuspilara, gamlar græjur og segulbönd. Staðgreiði stór plötusöfn. S. 822-3710, olisigur@gmail.com.

Vantar varahluti (tímagírshjól) í Case 580 F árg. 1981 (David Brown motor). Vél til niðurriffs kemur líka til greina. Upplýsingar í síma 860-6832 og skuli@snerpa.is

Lítill ritvél óskast frá ca 1960. Þarf að vera með þessu tákni [®]. Verðhugmynd 10.000 kr. Uppl. á netfangið hagbokhald@vortex.is.

Lítill bensín-olíu rafstöð óskast ódyrt eða gefins. Kári, sími 863-6416.

Er ekki einhver sem er með jörð með íbúðarhæfum húsakosti og er að hugsa um að selja? Væri til í skipti á einbýlishúsi á Ólafsfirði. Tveir bílskúrar, nýlega gerður pallur með 14 fm skúr. Fleiri upplýsingar í tölvupósti: gunna56@simnet.is

Atvinna

Ráðskona óskast í sveit. Blandað bú. Nánari upplýsingar í netfangið vikingur1888@gmail.com

Raymond Rajewski, 30 ára, óskar eftir verklegu starfi, t.a.m. á hótelum, við landbúnaðarstörf eða í verksmiðjum. Hann er með meirapróf C og E auk vinnuvélaprófs og hefur starfað sem bílstjóri vinnuvéla hér á landi. Nánari upplýsingar í netfangið raymond.rajewski@gmail.com eða í síma +48 604-280-186.

Átján ára karlmaður með litla reynslu af sveitastörfum óskar eftir starfi á Íslandi. Getur hafið störf mjög fljótlega. Talar ensku og spænsku. Upplýsingar í netfangið cesar27nestor@gmail.com

Ung hjón, menntuð sem dýralæknar (utan EES) óska eftir atvinnu. Margt kemur til greina, til dæmis aðstoð við dýralækningar, aðhlyning og umsjón dýra og fleira. Þau eru enskumælandi. Inga Dóra, í síma 825-6474, svarar fyrirspurnum fyrir þeirra hönd.

Bústjóri óskast á kúabú. Upplýsingar í síma 694-4433.

Húsnæði

Óska eftir leiguhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu, helst í Kópavogi. Hef búið einn síðan ég var 16 ára og fór úr sveitinni til að nema í MK. Starfa nú í byggingaverkavinnu og langar að læra til smíðs en til þess þarf ég að fá íbúð/húsnæði. Er einhver sem á íbúð og getur leigt mér? Íbúðin sem ég hef leigt er seld og ég á að fara úr henni fyrir júl. Er með meðmæli og stuðning foreldra. Freysteinn Halldórsson sími 866-5556.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission Akureyri, einar.g9@gmail.com, Einar G.

Bændablaðið
Pantaðu
smáauglýsingar á
bbl.is
eða í síma
563 0300

Vagnar og stálgrindahús frá WECKMAN Steel



STÁLGRINDAHÚS

Fjöldi stærða og gerða í boði



RÚLLUVAGNAR – LÖNDUNARVAGNAR

Stærð palls 2,55 x 9,0 m



STURTVAGNAR

Burðargeta 6,5 – 17 tonn

Þak og veggstál galvaniserað og litað

- Bárað
- Kantað
- Stallað

Fjöldi lita í boði



H. Hauksson ehf

Vikurhvarfi 5 • Kópavogi • Sími 588 1130
hhauksonehf@simnet.is



Hamm H 13i veltari. Árgerð 2013. 13 tonn. Til leigu eða kaups.



Liebherr R 934 beltagrafa. Árgerð 2007. 9.900 vinnust. Topa 3000 fleygur, tvær skóflur og ripper fylgja. Verð 8,3 mkr. + vsk.



Komastu PW130 hjólagrafa. Árgerð 2005, 11.700 vinnust. Engcon rótortilt og 2 skóflur. Verð: 4.500.000 kr. + vsk.



Yanmar SV 100. Árgerð 2016, 490 vinnust og 10,6 tonn. Steelwrist rótortilt, 3 skóflur, gúmmi- og stálbelti.



Rafstöðvar 3,5 kVA – 85kVA á lager.



Weber jarðvegsþjoppur og hopparar til á lager.



Tsurumi dælur í miklu úrvali.



JCB 8030 ZTS 2014 árgerð. 1.910 vinnust. Smurstöð, 3 skóflur og fleygur. Verð: 4.200.000 kr. + vsk.



Yanmar SV18 smágröfur. 1,95 tonn. Til á lager.

Uppl. í síma 660-6051
MERKÚR
www.merkur.is



Snjótönn fyrir lyftara
2,5 m breið.
Verð: 165.000 kr. + vsk.



Snjótönn, 3000 HD
3 m, með Euro festingu
Verð: 290.000 kr. + vsk.



Sanddreifarar fyrir
traktora
Nokkrar stærðir í boði,
1-2,3 m breiðir
Verð frá: 340.000 kr. + vsk.



Fjölplógur Pronar,
PUV 3300M, 3,3 m
Verð: 890.000 kr. + vsk.



Salt- og sanddreifari
Pronar, EPT15
1,5 m³, rafstýrður, 12V
Verð: 1.190.000 kr. + vsk.

Aflvélar ehf., Vesturhraun 3,
210 Garðabær, S: 480-0000
www.aflvelar.is sala@aflvelar.is

Lausnir á barnagátum Bændablaðsins

Gáta 1:

Bára, álas, Rafn og asni.

Gáta 2:

Raðaðu öllum fimmunum í
kross og láttu hornið á hverri
þeirra leggjast yfir hornið á
þeirri næstu. Þá hylur hvert
spil eitt merki á því næsta.

Gáta 3:

Valur.

TIL LEIGU

Hólaskjól - Hálandismiðstöð við jaðar Vatnajökulsþjóðgarðs

Húsakosturinn samanstendur af 8 byggingum sem geta hýst allt að 70 manns í einu auk vinsæls tjaldsvæðis með snyrtiaðstöðu fyrir fjölda gesta. Staðurinn er einnig áningarstaður hestamanna og þar er hestagerði og önnur aðstaða til að taka á móti hrossum.

Hólaskjól er skilgreint sem hálandismiðstöð í skipulagi Skaftárhrepps og annarra sveitarfélaga sem liggja að þessum hluta hálandisins. Miklir möguleikar eru á stækkun og móttöku fleiri ferðamanna meðal annars með greiðasölu ásamt betri nýtingu yfir sumarið og nýtingu húsanna yfir vetrarmánuðina. Rafstrengur hefur verið lagður í Hólaskjól og öll húsin rafvædd.

Húsin og tjaldstæðið ásamt rekstrinum eru til leigu og verða leigð til allt að 7 ára í senn eða eftir samkomulagi. Staðurinn hefur rekstrarleyfi fyrir gistingu í húsum og tjaldsvæði ásamt greiðasölu.

Þeir sem áhuga hafa sendi inn nöfn og símanúmer í pósthafi: sig.olafs@gmail.com

Veiðifélag Skaftártungumanna.



RÓBÓTAR TIL SÖLU

Til sölu tvö stykki Lely A3 róbótar,
árg. nóvember 2007.

Eru í notkun og afhending eftir
2-3 mánuði.

Hafa ekki verið á þjónustusamningi frá
hruni.

Verðhugmynd 10 milljónir eða tilboð.

Upplýsingar í síma 894-3367



Bændablaðið

Óskum lesendum okkar og auglýsendum til sjávar
og sveita gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári
Þökkum frábær samskipti á árinu 2017



Varahlutir og viðgerðarþjónusta fyrir JCB traktorsgröfur



Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is

**HITA
KÚTAR**
Amerísk gæða
framleiðsla

30-450
lítrar

Umboðs-
menn um
land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Rafstöð til sölu
7,5 kw SDMO dísilrafstöð,
eins fasa, með rafstarti
og 1.140 stunda notkun.
Verð 290 þúsund.
Upplýsingar í síma
893-7967 Baldur.

Við í Automatic óskum lands-
mönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári

BREMSI
BRAKING SYSTEMS
TOP QUALITY

Við bjóðum nú líka upp á há-
gæða bremsudiska & klossa
frá Bremsi

Hafðu samband og fáðu
Sértilboð í 208L & 60L
olíutunnur

Rafgeymar í öllum
stærðum & gerðum í allar
gerðir tækja & bíla

Sjá nánar á www.automatic.is
Automatic ehf
Smíðjuvegi 11, 200 Kóp,
Sími: 512 3030
pantanir@automatic.is

HJARTAÐ Í ÍSLENSKUM LANDBÚNAÐI

Í öllum þeim fjölbreyttu störfum sem tengjast íslenskum landbúnaði, hvort sem það er að yrkja landið, fóðra dýr, girða af land eða framleiða matvæli

- þá er Bústólpi aldrei langt undan.



Bústólpi

FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Bústólpi ehf - fóður og áburður - Oddeyartanga - 600 Akureyri - bustolpi@bustolpi.is - Sími 460 3350 - www.bustolpi.is